MAÐURINN SEM SKAPAÐI LÍSU
MENNING **28**

SÍÐASTA LÍNA MCQUEENS
STÍLL **44**



SEGIR SÖGUR AF FÓLKI
Margrét Örnólfsdóttir semur tónlist, skrifar handrit og bíður komu fimmta barnsins
Viðtal **30**

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGARÚTGÁFA

ÞITT

13. mars 2010 — 61. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

HEIÐRAÐUR 22



Jón Böðvarsson rifjar upp líf sitt með Íslendingasögunum.

AFBROT 24

Fjöldi erlendra glæpamanna hér á landi.

HÖNNUN 40

Hönnun fyrir börn í Hafnarborg.

SÉRBLÖÐ Í DAG

VORIÐ ER KOMIÐ VÍST Á NÝ Síðustu daga hefur verið vorlegt og suðrænir vindar blásið um landið ísa. Þessir spræku piltar gripu tækifærið í gærdag og börðust um knöttinn eins og ljón á körfuboltavellinum við Hagaskóla í Vesturbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðherra vill knýja fram afskriftir lána

Þrýst er á afskriftir bílalána niður í 110 prósent af markaðsverði. Jafnræðis er ekki gætt, segir framkvæmdastjóri Lýsingar. Eignaleigufyrirtæki óttast gjaldþrot. Ráðherra segir óhjákvæmilegt að eitthvað láti undan við afskriftir.

VIÐSKIPTI Eignaleigufyrirtækin fjögur gætu farið í þrot gangi eftir hugmyndir Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra sem þvingar þau til að afskrifa hluta bílalána til einstaklinga.

„Við höfum verið að ræða við banka og eignaleigufyrirtækin um það hvernig þau geti axlað byrðarnar og tekið þátt í þeirri skuldaaðlögun sem þarf að eiga sér stað," segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra.

Hann kallaði forsvarsmenn eignaleigufyrirtækjanna fjögurra á fund sinn á fimmtudag og reifaði þar hugmyndir stjórnvalda um þátttöku fjármálafyrirtækja í skuldaaðlögun samfélagsins. Þær fela meðal annars í sér að knýja fram afskriftir á lánum sem ekki er greiðslugeta fyrir.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að væntanlegt frumvarp ráðherra kveði á um að ábyrgð á bílalánum verði aldrei hærri en 110 prósent af markaðsverði bíls. Fari það óbreytt í gegnum Alþingi getur það þýtt að eignaleigufyrirtæki verði að færa útlán sín niður að samsvarandi prósentutölu.

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Lýsingar, telur hugmyndir ráðherra ekki nógu vel ígrundaðar. Gæta verði jafnræðis enda hætta á að þeir sem tóku mestu áhættuna og skuldi mest hagnist á fyrirhuguðum afskriftum.

Heildarvirði bílalána fyrirtækjanna nemur um hundrað milljörðum króna. Eftir því sem næst verður komist óttast forsvarsmenn eignaleigufyrirtækjanna að afskriftirnar geti reynst þeim þungar í skauti, jafnvel sett þau á hliðina.

Árni Páll deilir ekki áhyggjum þeirra: „Markmið okkar er að ná fram samhengi á milli greiðslugetu fólks og skuldabyrði. Í þeirri aðlögun kann eitthvað undan að láta," segir hann. - jab / pg

Borghildur Guðmundsdóttir:

Kemur heim með synina

FÓLK Borghildur Guðmundsdóttir er á leið heim með börnin sín tvö, eftir að dómari í Kentucky dæmdi henni fullan umgengnisrétt yfir þeim í gær. Borghildur hefur undanfarin misseri deilt við bandarískan barnsföður sinn um forræði barnanna. - kóþ / sjá síðu 2

Súrmjólk á tilboði!
Ávaxta- og karamellusúrmjólk á tilboði í mars.

09-0354 / HVÍTAHÚSIÐ / SÍA

ÍSLENSK GRATÍN
Þú finnur íslensku gratínin í **frystinum** í næstu verslun!

ENNEMM / SÍA / NM41245

SPURNING DAGSINS



Sigurgeir, kemur þetta Landsbjörgu til bjargar?

„Já, það má segja það. Þetta fjárframlag sem annað kemur félaginu og málstað þess til góða.“

Slysavarnafélagið Landsbjörg hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins og milljón í verðlaunafé. Sigurgeir Guðmundsson er formaður Landsbjargar.

Bankarnir báru höfuðábyrgð á falli krónunnar segir í skýrslu gjaldeyrismiðlara:

Eftirlitið brást hjá Seðlabanka

EFNAHAGSMÁL Hrun íslensku krónunnar árið 2008 má rekja beint til íslensku viðskiptabankanna sem gengu allt of langt í kaupum á erlendum gjaldeyri mánuðina fyrir hrun. Seðlabankinn hafði ekkert eftirlit með viðskiptum bankanna, heldur þvert á móti rýmkaði heimildir um kaup á gjaldeyri þegar eðlilegt hefði verið að þrengja þær. Bankinn hefði átt að kaupa gjaldeyri á þessum tíma til að verjast stöðutöku bankanna, en skellti skollaeyrum við varúðarmerkjum.

Þetta er niðurstaða Bjarna Kristjánssonar, hagfræðings og fyrrverandi gjaldeyrismiðlara Landsbankans, í skýrslu um orsök og aðdraganda falls krónunnar sem Kastljósið fjallaði um á fimmtudagskvöld.

KAUPÞING Bjarni segir bankana hafa keypt upp allt sitt eigið fé í gjaldeyri, og gott betur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skýrsluna hefur Bjarni boðið útgerðarfyrirtækjum og lífeyrissjóðum sem standa í málaferlum við skilanefndir bankanna um uppgjör gjaldeyrisskiptasamninga.

Í skýrslu Bjarna segir að bankarnir hafi leikið tveimur skjöldum. Á sama tíma og þeir gerðu framvirka samninga við sjóði og fyrirtæki tóku þeir stöðu gegn krónunni með fyrrgreindum hætti.

Bjarni segir að hagnaður bankanna mánuðina fyrir hrun verði rakinn beint til þessara viðskipta og á aðeins 1000 dögum hafi bankarnir keyrt krónuna í kaf, eins og Bjarni orðar það í skýrslunni. - shá

Rauði krossinn og Slökkviliðið:

Senda mann til starfa á Haíti

HJÁLPARSTARF Rauði kross Íslands og Slökkviliðið senda í dag Sigurjón Valdimarsson, sjúkraflutninga- og slökkviliðsmann, til starfa á Haíti.

Sigurjón verður að störfum við tjaldsjúkrahús norska Rauða krossins, um sjötíu kílómetra fyrir utan höfuðborgina Port-au-Prince, en Rauði krossinn heldur þar úti tveimur skurðlækningateymum. Hann mun starfa við sjúkraflutninga og sem bráðatæknir. - kóþ

HÖFUÐSTÖÐVAR HRUNSINS Bygging Lehman-bræðra í New York. NORDICPHOTOS/AFP

Fall Lehman-bræðra:

Röð mistaka og falsað bókhald

BANDARÍKIN Fall bandaríska stórbankans Lehman Brothers, sem hratt af stað heimskreppunni haustið 2008, stafaði af mistökum bæði stjórnenda og endurskoðenda bankans.

Mistökin eru allt frá röngum ákvörðunum til vísvitandi rangfærslna í reikningum bankans til að fegra stöðu hans skömmu fyrir fallið.

Í nýrri skýrslu sem bandarískur gjaldþrotadómstóll lét gera kemur einnig fram að viðskiptastefnan sem stjórnendur bankans fylgdu hafi hvatt þá til að taka mikla áhættu og þannig átt mikinn þátt í því hvernig fór. - gb

Vísindafélag Íslendinga:

Fjallað um íbúakosningar

SAMFÉLAG Fjallað verður um íbúakosningar og aukin afskipti og áhrif hins almenna borgara í ákvarðanatöku, í fyrirlestri sem Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, heldur í Þjóðmenningarhúsinu í dag.

Ræddar verða tilraunir sem gerðar hafa verið til að efla lýðræði í nágrannalöndunum, einkum íbúakosningar í sveitarfélögum. - kóþ

FURÐUFISKUR Systurnar Eva Dögg og Elín Sif Steinarsdætur Röver. Eva heldur á styrjunni, sem hún fann í móanum við Stekkjarhvamm í Hafnarfirði í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fann lifandi furðufisk á þurru landi

Eva Dögg Steinarsdóttir Röver heyrði eitthvað skella til jarðar þegar hún var að leika sér úti í móa í Hafnarfirði. Henni brá þegar hún sá spriklandi fisk liggja í grasinu. Sérfræðingur hjá Hafró telur að um styrjutegund sé að ræða.

FÓLK „Það er lifandi fiskur úti í móa,“ kallaði Eva Dögg Steinarsdóttur Röver, 10 ára stúlka, í Stekkjarhvammi í Hafnarfirði þegar hún kom hlaupandi inn um dyrnar heima hjá sér í fyrrakvöld. Foreldrar hennar trúðu ekki eigin eyrum og varla eigin augum þegar þeir sáu fiskinn. Allt bendir til að þetta sé styrjutegund.

Eva Dögg segist hafa heyrt eitthvað skella til jarðar fyrir aftan sig þegar hún var að leika sér í móanum, rétt hjá heimili sínu. „Það voru fuglar fyrir ofan mig og ég var að leika mér og heyrði eitthvað fyrir aftan mig,“ segir hún. Þar var spriklandi fiskur. Eva Dögg telur líklegast að hann hafi fallið úr fuglsgoggi niður í móann. Hún hljóp heim til sín og sótti skál með vatni til að reyna að halda fisknum lifandi; „en hann dó á leiðinni,“ segir hún.

Jónbjörn Pálsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, fékk fiskinn í hendur í gær. Hann segir að þetta sé einhvers konar styrja. Hann ætlar að greina tegundina um helgina til að taka af allan vafa. „Það hafa nokkrum sinnum fundist styrjur hér við land,“ segir Jónbjörn. Hingað til hafa þær komið í veiðarfæri skipa.

Hvar fuglinn fann styrjuna sem hann missti ofan í móann þar sem Eva Dögg var að leika sér er ráðgáta, sem óvíst er hvort leysist í bráð. Fjölskylda Evu Daggar hefur velt þessu mikið fyrir sér. Til eru tugir tegunda af styrju. Sumar geta orðið nokkrir metrar að lengd. Þær hrygna í ferskvatni og gefa af sér styrjuhrogn, öðru nafni kavíar.

Hafnfirska styrjan er aðeins um 25 sentimetra löng. Kristín Röver, móðir Evu Daggar, las á Netinu að til eru dvergstyrjutegundir sem eru ræktaðar í tjörnum. Hvort sú staðreynd skiptir máli við lausn þessarar gátu er óljóst, að svo stöddu.

peturg@frettabladid.is

Jóhanna ræðir við Þjóðverja:

Icesave-málið á ekki að smita

EFNAHAGSMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fundaði í gær með sendinefnd frá Evrópunefnd þýska þingsins. Nefndin mun fjalla um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Á fundinum var rætt um stöðu mála gagnvart aðildarumsókn og afgreiðslu hennar, stöðu efnahagsmála og samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Jóhanna áréttaði að staða mála varðandi Icesave-viðræður ætti ekki að hafa áhrif á öðrum vettvangi. - jhh

Notaði falsaða seðla:

Dæmdur fyrir peningafals

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir peningafals. Hann var ákærður fyrir að hafa sett í umferð tvo fimm þúsund króna seðla sem hann vissi að voru falsaðir. Seðlana notaði hann til þess að greiða mat.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði sýknað manninn en sá dómur var kærður til Hæstaréttar, sem vísaði málinu aftur í héað. Að þessu sinni var maðurinn sakfelldur. - jss

JARÐHRÆRINGAR

Skjálfti við Bárðarbungu

Jarðskjálfti sem mældist 3,4 á Richter reið yfir Vatnajökul um kaffileytið í gær. Hann átti upptök sín við Bárðarbungu. Fjöldi smáskjálfta hefur skekið jörð undir Eyjafjallajökli að undanförnu.

Vann forræðismál í Bandaríkjunum í gær og flýgur til Íslands á miðvikudaginn:

Fær að koma heim með börnin

DÓMSMÁL „Við börnin fljúgum heim á miðvikudaginn,“ segir Borghildur Guðmundsdóttir, sem í gær fékk fullan umgengnisrétt yfir sonum sínum tveimur fyrir dómstóli í Kentucky í Bandaríkjunum.

Samkvæmt dómnum deilir Borghildur forræðinu með föður drengjanna, Richard Colby Busching.

Borghildur hefur verið með strákana í Kentucky síðan í ágúst í fyrra, eftir að Hæstiréttur úrskurðaði að hún hefði ekki mátt fara með þá frá Bandaríkjunum til Íslands, í kjölfar lögskilnaðar hennar og mannsins árið áður.

„Ég fékk allt sem ég bað um“, segir Borghildur. Hún telur þetta vera í fyrsta skipti sem íslensk kona fær álíka niðurstöðu í sambærilegu máli. Þetta kunni að hafa fordæmisgildi, að minnsta kosti í Bandaríkjunum.

Dómarinn hafi sérstaklega fært rök fyrir því að hægt væri að leyfa henni að fá börnin í ljósi aðildar Íslands að alþjóðasamningum.

„Þetta er stórmál fyrir íslenskar konur, því það er fullt af konum sem þurfa að vera hér bara út af börnunum sínum,“ segir hún.

Borghildur segir að álagið á fjölskyldunni hafi verið afar mikið. „Og sonur minn sagði áðan: „Mamma, guð hlustar,“ en hann hafði daginn áður beðið til guðs að fá að fara til Íslands. - kóþ

BORGHILDUR OG SYNIRNIR Borghildur telur þetta í fyrsta sinn sem íslensk kona nær slíkri niðurstöðu á erlendri grundu.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • sía

Kringlan

Opið 10–18

Ferming í aðsigi?

Kjólar, kerti og kransakökur,
allt sem þarf fyrir myndatökur.

Gjöf sem hentar öllum!

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 12.03.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,22	125,82
Sterlingspund	189,82	190,74
Evra	172,60	173,56
Dönsk króna	23,192	23,328
Norsk króna	21,537	21,663
Sænsk króna	17,781	17,885
Japanskt jen	1,3868	1,3950
SDR	192,49	193,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 227,5494

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Saksóknari efnahagsbrota segir erfitt að hrekja útskýringar þingmanns:

Brot Ásbjörns ekki rannsakað

STJÓRNMÁL Viðurkennt lögbrot Ásbjörns Óttarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, verður ekki rannsakað af efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, enda gera refsiákvæði kröfu um að ásetningur hafi legið að baki, svo refsa megi fyrir brotið.

Ásbjörn hefur skýrt brotið fyrir sitt leyti og erfitt er að hrekja þær útskýringar, segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

„Það voru gefnar þær skýringar að þetta hefði verið gert í samráði við endurskoðanda félagsins, sem

HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

ÁSBJÖRN ÓTTARSSON

lést síðastliðið haust. Ég vil taka það fram að ég er ekki að leggja neitt mat á þá staðhæfingu eða að segja að látinn endurskoðandi beri ábyrgð á þessu. En í þessu tilfelli verður staðhæfingunni ekki hrundið án þess að ræða við endurskoðandann," segir Helgi.

Um er að ræða ólöglega arðgreiðslu sem Ásbjörn greiddi sjálfum sér úr Nesveri, útgerðarfyrirtæki þingmannsins. Þegar Ásbjörn viðurkenndi þetta opinberlega sagðist hann ekki hafa vitað betur.

Helgi Magnús segir jafnframt að lögin geri ráð fyrir því að hægt sé að leiðrétta slík mistök eftir á með endurgreiðslu að viðlögðum vaxtabótum, sem Ásbjörn mun hafa gert. - kóþ

Sjónvarpið og Stöð 2 Sport:

Fótboltaleikir HM í beinni

FJÖLMIÐLAR Allir leikirnir í heimsmeistarakeppni landsliða í knattspyrnu karla í ár verða sýndir í beinni útsendingu á Stöð 2 og í Sjónvarpinu.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Ríkisútvarpinu, en það hafði áður tryggt sér sýningarréttinn á öllum leikjunum.

Einnig segir þar að með samstarfi stöðvanna sé aðgengi Íslendinga að mótinu í hámarki. Stöð 2 Sport fái góða viðbót við dagskrána og RÚV létti á fjárhagsskuldbindingum. - kóþ

EINN MÓTMÆLENDA Með höfuðbúnað í líkingu minnismerkis um lýðræði í Bangkok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átakahelgi í Taílandi:

Milljón manna mótmælaganga

TAÍLAND, AP Taílendingar búa sig enn á ný undir fjöldamótmæli sem óttast er að geti snúist upp í óeirðir og átök við lögreglu og her. Að þessu sinni eru það hinir rauðklæddu stuðningsmenn Thaksins Shinawatra, fyrrverandi forseta, sem ætla að fjölmenna um helgina til að krefjast þess að núverandi stjórn segi af sér.

Fyrstu mótmælaaðgerðirnar voru í gær en skipuleggjendur stefna á mótmælagöngu milljón manna í höfuðborginni Bangkok á sunnudag. - gb

KJARAMÁL

Viðræður flugvirkja

Samningaviðræðum á milli flugvirkja og Icelandair var slitið í gær. Flugvirkjar felldu samning Icelandair í janúar og boða verkfall 22. mars.

LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins í gær var rætt um peningamarkaðssjóði. Þar er ranghermt, hið rétta er peningamarkaðsreikningar.

Breiðavíkurdrengir eru sáttir og fegnir

Formaður Breiðavíkursamtaka segist sáttur við væntanlegt frumvarp um bætur til Breiðavíkurdrengja og feginn að biðinni sé að ljúka. Hann telur að nánast allir drengirnir reyni að fá bætur. Umboðsmaður barna fagnar einnig.

SAMFÉLAG Það eru góðar fréttir að ríkisstjórnin hefur samþykkt frumvarp um „sanngirnisbætur" til handa þeim sem orðið hafa fyrir misgjörðum á stofnunum fyrir börn. Mikilvægust er þó viðurkenningin sem í þessu felst fyrir fórnarlömbin, á aðstæðum þeirra og misréttinu sem þau máttu þola. Svo segir Bárður Ragnar Jónsson, formaður Breiðavíkursamtakanna.

„Við erum sáttir og finnst að helstu áherslur okkar hafi verið samþykktar," segir hann. Einnig séu fyrrverandi vistmenn á Breiðavík fegnir því að málinu fari nú að ljúka, eftir svo langan tíma.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi í næstu viku, en samkvæmt því geta börn sem hlotið hafa varanlegan skaða, hvort sem það er líkamlegur, andlegur eða félagslegur skaði, fengið allt að sex milljónir króna í bætur. Þá verður hægt að fara fram á bætur vegna „missis tækifæra", að því er segir í tilkynningu frá forsætisráðuneyti.

Sönnunarbyrði í slíku máli verður minni en gengur og gerist í skaðabótamálum.

„Við hefðum kannski viljað sjá hærri bætur en við verðum að horfa til þess að við búum á Íslandi og að þetta er samt betra en það sem hefur viðgengist. Þessar bætur gætu reyndar hækkað í meðförum þingsins," segir Bárður og tekur fram að frumvarpið hafi verið unnið í samvinnu við samtökin, sem sé fagnaðarefni út af fyrir sig.

Lögin gilda um fyrrverandi

ÚR BREIÐAVÍK Breiðavíkurheimilið á Snæfellsnesi var skilgreint sem heimili fyrir afvegaleidda drengi. Það var rekið af ríkinu á árunum 1952 til 1978. Forstöðumenn voru Björn Loftsson, Hallgrímur Sveinsson og Þórhallur Hálfdánarson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BÁRÐUR RAGNAR JÓNSSON

MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

skjólstæðinga ýmissa vistheimila ríkisins. Bárður býst við því að nánast allir sem voru vistaðir á Breiðavík á árunum 1952 til 1978 sækist eftir sanngirnisbótum. Þetta gætu verið 160 manns, en af þeim eru um 35 látnir. Börn látinna vistmanna kunna einnig að eiga rétt á bótum, en Bárður vill ekki giska á hversu mikið verði um að þau reyni það. Hinir látnu hafi margir hverjir svipt sig lífi á unga aldri og ekki skilið eftir afkomendur.

Umboðsmaður barna María Margrét Sigurðardóttir, segir jákvætt að farið sé að takast á við slík mál og að ríkið axli ábyrgð í þeim.

„Þetta er auðvitað hræðilegt mál, en það er gott að umræðan hefur verið tekin. Þetta hefur vonandi þau áhrif að réttarstaða barna verði betri í framtíðinni," segir hún. klemens@frettabladid.is

KANNABIS Lögregla stöðvaði starfsemi í tveimur kannabisverksmiðjum.

Kannabisræktun stöðvuð:

Tóku 150 plöntur, hass og þýfi

LÖGREGLUMÁL Lögreglumenn stöðvuðu kannabisræktun í bílskúr í austurborginni í fyrradag. Lagt var hald á tæplega hundrað kannabisplöntur, 30 grömm af marijúana og lítilræði af hassi. Á sama stað lagði lögregla jafnframt hald á tvölvubúnað og skjávarpa sem grunur leikur á að sé þýfi.

Starfsemi annarrar kannabisverksmiðju var stöðvuð í iðnaðarhúsnæði í Kópavogi í fyrradag. Um fimmtíu kannabisplöntur voru fjarlægðar og nokkrir gróðurhúsalampar. - jss

Urða rusl nærri Þorlákshöfn:

Sorpstöð vill nota land í Nesi

SUÐURLAND Sveitarstjórnarmenn sem standa að Sorpstöð Suðurlands virðast samstíga í því að vilja urða sorp í Nesi, nærri Þorlákshöfn. Frá þessu er greint í Sunnlenska fréttablaðinu.

Sorp af Suðurlandi er nú urðað í Reykjavík með ærnum tilkostnaði eftir að hætt var að nota ruslahaug í Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfusi.

Landið í Nesi er að hluta sagt í eigu Landgræðslunnar, sem hafi tekið hugmyndinni vel. Nú sé beðið svars frá bæjaryfirvöldum í Ölfusi um málið. - óká

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR Það kólnar heldur á landinu nú um helgina og má búast við snjókomu eða slyddu á Norðausturlandi í dag og aftur seinnipartinn á morgun. Sunnanlands verður úrkomulítið í dag en rigning eða slydda á morgun.



HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	12°
Berlín	4°
Billund	6°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	1°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	19°
London	10°
Mallorca	13°
New York	10°
Orlando	23°
Ósló	1°
París	7°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Látum verkin tala!

Alla helgina!

Við erum öll með fimm ára ábyrgð!

Electrolux
5 ára ábyrgð

89.900
~~114.900~~

Þvottavél
Orkunýting A,
þvottahæfni A,
vinduhæfni B,
1200 snúningar
1805455

Þú ert með þetta allt á hreinu!

Electrolux
5 ára ábyrgð

86.900
~~109.900~~

Þurrkari
Barkalaus m/rakaþétti,
tekur 6 kg af blautum
þvotti, krumpuvörn
1805461

Tek að mér uppvask!

Electrolux
5 ára ábyrgð

95.900
~~123.900~~

Uppþvottavél
12 manna, orkunýting A, þvotthæfni A,
þurrkhæfni A
1805331

1.490 kr/m²
~~1.690 kr/m²~~

EGGER

Eikarlíki
3ja stafa plastparket
146956

Eitt mesta úrval landsins af plastparketi

ÚTSALA

30% afsláttur af öllum ljósum!

Keyptu mig!

10 ltr
6.990

Þekur 45m² veggflöt í tveimur umferðum

Veggmálning
gljástig 7, 10 ltr, beinhvítt
7119800

Umhverfisvottuð og nær lyktarlaus

ÚTSALA

Gæðafatnaður
á góðu verði!

ÚTSALA
ÚTIVISTAR-FATNAÐUR
25-40%
AFSLÁTTUR

7.999
~~12.990~~

Látum verkin tala!

Kjúklingaloka & kók 99 kr

Kaffi Garður Skútuvogi

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

KJÖRKASSINN

Myndir þú styðja lagasetningu gegn hugsanlegu verkfalli flugumferðarstjóra?

Já	67,9
Nei	32,1

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hafa hin ýmsu hagsmunasamtök verið sanngjörn í gagnrýni sinni á ríkisstjórnina?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Forseti Maldíveyja segir Íslendinga samherja sína í baráttunni gegn hlýnun jarðar og hækkun sjávarborðs:

Við erum í aðalatriðum sama þjóðin

STJÓRNMÁL „Við verðum að finna lausnir á loftslagsvandanum áður en við lendum í frjálsu falli," segir Mohammed Nasheed, forseti Maldíveyja, sem staddur er í stuttri heimsókn hér á landi.

Baráttan gegn breytingum á loftslagi jarðar er sérlega brýn á Maldíveyjum, sem eru skammt suður af Indlandi, því hæsti staður þeirra er aðeins 2,4 metrum yfir sjávarmáli. Þær myndu því sökkva að stórum hluta ef yfirborð sjávar hækkar verulega.

„Áhrifin yrðu þau sömu og hér á landi," sagði hann á Bessastöðum í gær, og benti á að sjórinn myndi flæða upp að Bessastöðum ef yfirborð hans hækkar. „Það er nákvæmlega sama staðan heima hjá mér, sjórinn myndi ná upp að húsinu mínu," segir hann.

Nasheed hefur ferðast víða um heim til að leggja áherslu á mikilvægi þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, og segist hlakka til að fá Íslendinga í lið með sér. Hann segist í þessari heimsókn hafa áttað sig á því að Íslendingar og íbúar Maldíveyja búa við mjög svipaðar aðstæður.

„Við erum í aðalatriðum sama þjóðin," segir hann. „Við erum 350 þúsund, rétt eins og þið, og dreifumst niður á lítil byggðarlög, þótt hjá okkur séu þau á litlum eyjum. Atvinnuhættirnir eru svipaði, fiskveiðar og ferðaþjónusta."

- gb

MOHAMMED NASHEED OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Hafa ákveðið að ferðast saman um heiminn með þann boðskap til þróunarlanda að þau geti haldið áfram að þróast án þess að eyðileggja jörðina.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðalfundarboð

Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Kópavogi verður haldinn 15. mars næstkomandi, kl. 20.30 í Hamraborg 11 - 3. hæð.

DAGSKRÁ FUNDAR

1. Skýrsla stjórnar
2. Lagðir fram reikningar
3. Kosning formanns
4. Kosning fjögurra aðalmanna í stjórn og tveggja til vara
5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
6. Kosning þriggja manna uppstillingarnefndar
7. Önnur mál

Samfylkingin í Kópavogi

AÐALFUNDUR VM

VERÐUR HALDINN Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK LAUGARDAGINN 20. MARS NK. KL. 13

DAGSKRÁ

- Setning aðalfundar
- Skýrsla stjórnar um starfsemi VM
- Reikningar félagsins og sjóða
- Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- Reglugerðar- og lagabreytingar
- Lýst kjöri stjórnar og varastjórnar VM í stjórnarkjöri 2010
- Kjör í nefndir og stjórnir sjóða
- Kynning á uppbyggingu á orlofssvæði VM á Laugarvatni
- Önnur mál

Boðið verður uppá léttar veitingar eftir fundinn

Félag vélstjóra og málmtæknimanna
- örugg með okkur

VM ▸ Stórhöfða 25 ▸ sími 575 9800 ▸ www.vm.is

Ellefu þúsund störf töpuðust í hruninu

Samtök atvinnulífsins hafa birt ítarlega stefnumörkun í atvinnumálum. Stjórnvöld verða að vinna jafnt með öllum og mega ekki skilgreina einstakar atvinnugreinar sem vandamál, segir framkvæmdastjóri samtakanna.

EFNAHAGSMÁL Hagvöxtur þarf að vera fimm prósent á næstu árum ef uppræta á atvinnuleysi, endurheimta lífskjör og greiða niður skuldir ríkisins, er mat Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins (SA). Fyrirliggjandi spár gera hins vegar ráð fyrir að hagvöxtur verði um tvö prósent. Ef ekki verður gripið til aðgerða stefnir í „áratug hinna glötuðu tækifæra", að hans mati.

VILHJÁLMUR EGILSSON

SA stóðu fyrir fundi um atvinnumál í gær þar sem stefnumörkun samtakanna um endurheimt fyrra atvinnustigs og lífskjara hér á landi var kynnt. Setja verður atvinnusköpun í forgang, sérstaklega með fjárfestingum og vexti í útflutningsgreinum, sagði Vilhjálmur.

„Með þessu sköpum við störf við uppbygginguna sjálfa, aukum eftirspurn í hagkerfinu en ekki síst þá verða til framtíðarstörf sem eru varanleg," sagði Vilhjálmur. Hann nefndi fjárfestingar í ferðamannaiðnaði og „að stórfjárfestingar verði að ná fram að ganga". Þar vísaði hann til stækkunar á álveri í Straumsvík, byggingar álvers í Helguvík og virkjana. Þess utan verði lítil og meðalstór fyrirtæki að byrja fjárfestingar enda séu þau mörg sem standi ósköddud eftir hrunið. Vextir verði í því ljósi að lækka, og það strax.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FJÖLMENNUR FUNDUR SA Vilhjálmur endaði ræðu sína á eindregnum hvatningarorðum um að þjóðin gæti risið úr öskustónni ef samtakamátturinn yrði virkjaður.

> Stjórnvöld verða að vinna með atvinnulífinu. Ekki draga það í dilka. [...]ekki að skilgreina fyrirtæki og atvinnugreinar sem vandamál
>
> **VILHJÁLMUR EGILSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SA

„Stjórnvöld verða að vinna með atvinnulífinu. Ekki draga það í dilka. Þau verða að starfa með stóriðjunni; með sjávarútvegi og litlu fyrirtækjunum, ferðaþjónustu, verslun og þjónustu. Þetta er lykilatriði en ekki að skilgreina fyrirtæki og atvinnugreinar sem vandamál", sagði Vilhjálmur.

Vilhjálmur sagði að markmiðið væri að auka útflutning um sjö til átta prósent á ári. Það gæfi 60 til 70 milljarða á ári í nýjum útflutningi til ársins 2015. Hann sagði að þetta markmið virtist fjarlægt en svo væri ekki. Hann sagði raunhæft að ná sjö milljörðum til viðbótar frá sjávarútvegi, tólf milljarðar frá ferðaþjónustu væru í hendi miðað við spár og bara stækkun í Straumsvík og bygging álvers í Helguvík myndi skila öðru eins í stóriðju. „Á sprotaþingi um daginn kom fram að átján hátæknifyrirtæki ætla að auka útflutning um átta milljarða á næsta ári. Öll önnur fyrirtæki þurfa þá að koma með aðra 22 milljarða. Þá næst takmark okkar."

svavar@frettabladid.is

Fjármálaráðherra hélt eldmessu yfir atvinnurekendum á fundi í gær:

Orðinn leiður á kjaftæðinu

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að hagkerfið sé hundrað milljörðum stærra en menn gerðu ráð fyrir að það yrði á þessum tímapunkti. Hann segir það skipta gríðarlegu máli að hagkerfið sé þetta miklu öflugra þegar horft er til uppbyggingar næstu ára.

Steingrímur var gestur Samtaka atvinnulífsins á fundi þeirra í gær. Hann skýrði stöðu og horfur í efnahagsmálum frá sinni hlið og ræddi horfur í atvinnumálum í því samhengi. Hann sagði stöðuna um margt betri en menn hefðu þorað að vona og hnykkti á þeirri skoðun sinni hversu mjög Icesave-málið hefði tafið fyrir uppbyggingu, og hversu kostnaðarsamt það mál er þegar orðið. Þá fór hann í gegnum niðurskurð á útgjöldum og skattahækkanir

FRÁ FUNDI SA Fundarstjóri kallaði erindi Steingríms J. Sigfússonar „eldmessu". FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„sem við teljum að sé algjörlega í samræmi við ramma stöðugleikasáttmálans", sagði Steingrímur og gaf lítið fyrir gagnrýni úr atvinnulífinu og víðar um aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar með sínum hætti.

„Ég er að verða leiður á þessu kjaftæði að ég eða ríkisstjórnin séum ekkert að gera í þessum efnum," sagði Steingrímur og vísaði meðal annars til umræðu um fjárfestingar í orkugeiranum. Hann bað forstjóra orkufyrirtækjanna, væru þeir í salnum, að standa upp og staðfesta að hann hefði skrifað fjölmörg „ástarbréf" til lánardrottna þeirra í glímunni við að leysa aðsteðjandi vanda og til að liðka fyrir lánum til fjárfestinga.

Þá taldi Steingrímur það tímabært að menn myndu biðja Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra afsökunar á orðum sem féllu um stjórnsýslu í kringum Suðvesturlínu, sem væri afgreidd frá hennar hendi en biði fjármögnunar sem væri ástæða tafa í uppbyggingunni.

- shá

SPILUM SAMAN

Nu hygger vi os på dansk!

DANSKT NAUTA ENTRECOTE
1.998 kr/kg
Verð áður 3.498.-

TILBOÐ
698 kr/kg
Verð áður 998.-

Svínasíða
ribbensteg

TILBOÐ
998 kr/kg
Verð áður 1.798.-

Hamborgarhryggur
með beini

TILBOÐ
1.598 kr/kg
Verð áður 2.598.-

Fylltar svínalundir
með dönskum gráðosti

TILBOÐ
599 kr/kg
Merkt verð 998.-

Sveitakjúklingur
kryddaður að dönskum sið

Asparssúpa | Kartöflusúpa | Kjúklingasúpa | Karrýsúpa | Nautakjötssúpa | Hyldebærsúpa | Gúllassúpa | Kjöt- og mjölbollur | Kjötbollur

Ljúffengar
og matarmiklar danskar súpur

Tulip álegg
í úrvali

Gott verð
798 kr/stk

Jaka Bov skinka

Gott verð
579 kr/stk

Smørrebrød
ekta danskt

Gott verð
399 kr/stk

Original djús
1 líter

Gott verð
99 kr/stk

Carlsberg Light

Gott verð
599 kr/pk

Vitalis múslibar
2 tegundir

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára **HAGKAUP**
fyrir íslendinga í 50 ár

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á fimmtudag?*

2 *Hver titlar sig sem jafnréttishönnuð í símaskránni?*

3 *Hvaða sjónvarpsþáttur gengur í endurnýjun lífdaga á leiksviði?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Breytingar á námsskipan í Menntaskólanum við Sund gerir nemum kleift að stytta framhaldsskólanám:

Bjóða upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs

NÁM Nemendum í Menntaskólanum við Sund verður gert kleift að ljúka námi til stúdentsprófs á þremur árum í stað fjögurra frá og með næsta hausti. Þá verður tekið upp lotubundið bekkjarkerfi í stað hins hefðbundna. Önnum verður fjölgað úr tveimur í fjórar. Það þýðir, að sögn Más Vilhjálmssonar skólastjóra, að nemendur eru í færri námsgreinum á önn en eru í fleiri kennslustundum í greininni á meðan námið stendur yfir.

Breytingin felur jafnframt í sér að duglegum nemendum gefst kostur á að ljúka náminu á þremur árum, meðalnemendum verði auðvelt að ljúka á þremur og hálfu, hinir geti farið hægar yfir.

Með breytingunni fækkar brautum í skólanum, verða tvær, náttúrubraut og samfélagsbraut. Aukið framboð verður hins vegar á tungumálakennslu og nemendum gefist kostur á krefjandi málanámi á hvorri brautinni sem er. Sem fyrr þurfi nemar að ljúka ákveðnum kjarna en svo þurfi þeir að fara dýpra í nokkur fög. Nýbreytni sé að þeir geti valið til að mynda að sérhæfa sig í erlendu tungumáli með stærðfræði og eðlisfræði.

MÁR VILHJÁLMSSON

Nýnemar næsta haust munu hefja nám samkvæmt þessu nýja kerfi en hinir ljúka námi í gamla kerfinu. - sbt

FLEIRI FLÝTA SÉR

Með breytingunum í MS kemst skólinn í hóp framhaldsskóla þar sem nemendum gefst kostur á að taka nám til stúdentsprófs á skemmri tíma en fjórum árum. Í áfangaskólum geta nemendur bætt við sig einingum og stytt þannig námið. Lárus H. Bjarnason, skólastjóri MH, segir það verða æ algengara að nemendur fari þá leið. Í Kvennaskólanum var síðastliðið haust tekið upp kerfi sem gerir nemendum kleift að ljúka námi á þremur árum. Ingibjörg S. Guðmundsdóttir skólastjóri segir að það muni koma í ljós hversu margir muni nýta sér það. Menntaskólinn Hraðbraut býður svo upp á stúdentspróf á tveimur árum.

Óskast í 101 Reykjavík

Einbýlishús

Staðgreiðsla fyrir vandað hús á góðum stað

Svar sendist á hus101reykjavik@gmail.com

„TANAÐUR Í DRASL"

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HÆTTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um **að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.**

Auglýsingasími

512 54 01

Allt sem þú þarft...

Hátt í 40 þúsund hafa nýtt sér úrræði í boði

Milli þrjátíu og fjörutíu prósent lántakenda sögðu sig frá sjálfvirkri greiðslujöfnun íslenskra íbúðalána hjá bönkunum. Í hverjum stóru bankanna þriggja hafa á annað þúsund manns nýtt sér sérstök úrræði. Arion afgreiðir 150 lánabreytingar á viku.

VIÐSKIPTI Af viðskiptavinum Landsbankans og Íslandsbanka hafa 60 prósent nýtt sér sjálfvirka greiðslujöfnun íslenskra íbúðalána, samkvæmt upplýsingum frá bönkunum. Heldur fleiri hafa farið þá leið hjá Arion banka, eða 68 prósent.

Að auki bjóða bankarnir upp á sértækar leiðir fyrir fólk sem lendir í greiðsluvanda, en þær eru misjafnar eftir bönkum. Stóru bankarnir þrír bjóða þó allir upp á höfuðstólslækkun erlendra lána í einhverri mynd og einhverja aðlögun íbúðalána. Þá hafa Landsbankinn og Arion banki jafnframt boðið sérstakar lausnir á borð við tímabundna fasta greiðslu afborgana og vaxtagreiðslur einvörðungu í eitt ár.

Hermann Björnsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, hafnar því að „ekkert sé að gerast" eins og vilji bregða við að heyrist í almennri umræðu um bankana. Á annað þúsund manns hafi nýtt sér sérstakar lausnir bankans þær níu vikur sem þær hafi staðið til boða. Þá sé rangt að lausnirnar henti helst hátekjufólki sem farið hafi offari í neyslu. Meirihluti þeirra sem nýtt hafi sér úrræði bankans sé ungt fólk með sína fyrstu íbúð, eða nálægt 70 prósentum. Þá hafi um 35 prósent viðskiptavina með erlend íbúðalán nýtt sér höfuðstólsleiðréttingu Arion banka. Samtals hafi um 14 þúsund viðskiptavinir bankans nýtt sér lausnir hans eða opinberu úrræðin sem í boði séu.

Í tilkynningu sem Arion banki sendi frá sér í gær er frá því greint að starfsfólk Arion banka hafi að jafnaði afgreitt um 150 lánabreytingar á viku síðustu vikur.

Hermann segir markmiðið að finna fyrir sumarið hentugar lausnir með öllum þeim sem búi við skuldavanda, en lausnir bankans standa viðskiptavinum til boða fram til 1. júlí.

Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að Arion hafi ákveðið að krefjast ekki uppboða vegna vangoldinna húsnæðislána til loka ársins 2010. „Það er óháð því hvort um er að ræða innlend eða erlend lán."

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum hafa um 1.650 manns nýtt sér úrræði bankans, en þá er ekki litið til sjálfvirkrar greiðslujöfnunar innlendra lána.

Hjá Íslandsbanka fengust þær upplýsingar að í lok janúar hafi 1.100 viðskiptavinir nýtt sér höfuðstólslækkun íbúðalána og 10.000 greiðslujöfnun. 810 manns hafi nýtt sér sérstaka niðurgreiðslu yfirdráttar. Hjá ISB Fjármögnun hafi hins vegar 2.900 einstaklingar nýtt sér höfuðstólslækkun bílalána og bílasamninga og 1.110 greiðslujöfnun. Þá hafi 520 rekstraraðilar fengið höfuðstólslækkun. Samtals hafi því rúmlega 16 þúsund nýtt sér einhver af þeim almennu úrræðum sem í boði séu hjá bankanum.

olikr@frettabladid.is

BANKAVIÐSKIPTI Bankarnir bjóða upp á sértækar leiðir fyrir fólk sem glímir við greiðsluvanda en þær eru mismunandi eftir bönkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NÝTA SÉR ÚRRÆÐI BANKA

Fjöldi þeirra sem nýtt hefur sér greiðslujöfnun og sérstakar lausnir sem stóru bankarnir þrír bjóða.

Banki	*Fjöldi lána*
Íslandsbanki	16.000
Arion	14.000
Landsbankinn	8.000
Alls:	38.000

ATH: Fjöldi og gerð lánasamninga er misjafn eftir bönkum. Fjölda þeirra sem nýtt hafa sér úrræði stóru bankanna ber því að skoða í því ljósi að Arion (áður Kaupþing) og Íslandsbanki (áður Glitnir) voru stórtækari en Landsbankinn á sviði íbúðalána. Þá eru inni í tölum Íslandsbanka fjöldi bílalánasamninga ISB Fjármögnunar.

Þeir sem kunna að meta stuttar boðleiðir og skjóta ákvarðanatöku

...eru fljótastir að flytja sig til okkar.

Ágústa Finnbogadóttir, viðskiptastjóri Ármúla

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

Þannig á banki að vera.

- Kreditkort
- Ávöxtun innlána
- Veltureikningur
- Fjármögnun
- Ábyrgðir
- Gjaldeyrisreikningar
- Erlend viðskipti
- Innheimtuþjónusta
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Netbanki & þjónustuver

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.

Kynntu þér málið á mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.

MP BANKI

Borgartúni 26 · Ármúla 13a

Aukinn hraði
í netlyklaáskrift

Nánar á siminn.is

SPILUM SAMAN

Stærsta 3G dreifikerfið
frá landnámi

Nú kemstu í háhraðanetsamband víðar en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni.

Kynntu þér 3G og 3G^{L} dreifikerfið á siminn.is og sjáðu hvar þú kemst á netið í símanum og tölvunni.

Sími

Netið

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM41350

Fréttablaðið bætir þjónustu sína við atvinnuauglýsendur:

Birtar ókeypis í viku á Vísi.is

FJÖLMIÐLAR Settur hefur verið upp atvinnuvefur á Vísi.is sem verður gjaldfrjáls viðauki við allar atvinnu- og raðauglýsingar sem birtast í Fréttablaðinu.

Hver keypt atvinnuauglýsing í blaðinu birtist hér eftir í eina viku á atvinnuvefnum.

Auglýsingar í helgarútgáfu ALLT-atvinnuauglýsinganna koma til með að uppfærast og verða aðgengilegar á vefnum frá og með hverju föstudagskvöldi.

„Þetta er hreinn virðisauki fyrir þá sem kaupa atvinnuauglýsingu í Fréttablaðinu," segir Hrannar Helgason, verkefnastjóri atvinnu- og raðauglýsinga á Fréttablaðinu. Hann segir þetta lið í því að samþætta miðla 365.

ATVINNUVEFURINN Auðvelt er að komast á vefinn af forsíðu Vísis.

„Þetta er hluti af því sem við höfum verið að gera síðustu mánuði, að tengja miðlana betur og styrkja þá innanhúss," segir Hrannar og minnir á fasteignir.is, sem er vefur í samstarfi Vísis, Fréttablaðsins og Félags fasteignasala.

Leitast var við að hafa atvinnuvefinn eins notendavænan og hægt er, segir Hrannar. Fyrir utan flokkaða skráningu birtast allar auglýsingar í hnappaformi sem má svo stækka upp í góðum skjágæðum, eða prenta út.

Bauð Önnu bensín á bílinn eða barnapíu

Magnús Scheving hringdi í móður sem hætti við ferð á Latabæjarhátíð því hún þurfti að borga inn fyrir níu mánaða dóttur sem hún gat ekki komið í pössun til ömmu og afa á Akranesi. Magnús vill borga fyrir hana bensín eða barnapíu.

FÓLK „Ég fékk hringingu frá honum Magnúsi Scheving, takk," segir Anna Vallý Baldursdóttir, sem hætti við að fara á fyrirhugaða Latabæjarhátíð vegna þess að borga þarf fullt aðgöngumiðaverð fyrir alla, líka níu mánaða börn.

Anna Vallý hugðist fara með níu mánaða dóttur sína í fanginu á Latabæjarhátíðina til þess að eldri dóttir hennar, sem er fjögurra ára, kæmist á sýninguna. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær sagðist Anna eiga erfitt með að fá pössun fyrir þá yngri því foreldrar hennar búa á Akranesi.

Að sögn Önnu hringdi Magnús Scheving, stofnandi Latabæjar og Íþróttaálfurinn sjálfur, í hana eftir að Fréttablaðið sagði frá máli hennar í gær. Hún segir Magnús hafi sagst lítið geta gert varðandi aðgöngumiðana þar sem það væri ekki hans fyrirtæki sem skipulegði Latabæjarhátíðina.

„Magnús sagðist skilja mig en þótt hann myndi alveg vilja hleypa mér ókeypis inn með alla fjölskylduna þá hefði hann engan rétt til þess. Hins vegar bauðst hann til borga bensín á bílinn til að koma barninu upp á Akranes í pössun eða þá að borga barnapíu því hann vildi endilega að ég kæmi með þessa fjögurra ára til sín á sýninguna. Svo bauð hann mér að koma með báðar stelpurnar í heimsókn í Latabæjarstúdíóið því þar væru ekki eins mikil læti og á sýningunni," segir Anna sem er hikandi við að þiggja boð Magnúsar.

„Hann sagði að það yrði gaman fyrir þessa fjögurra ára að koma en af því að ég fór svona langt með málið þá situr það aðeins í mér svo ég er ekki viss. En ég þakkaði honum æðislega vel fyrir og sagði að hann væri yndislegur að bjóða mér þetta."

Hjá Latabæ vildu menn ekki tjá sig um þetta mál í gær.

gar@frettabladid.is

Níu mánaða borgi sig inn á Latabæjarhátíð

Tveggja barna móðir sem ætlaði á Latabæjarhátíðina í Höllinni segir fáránlegt að þurfa að greiða fullt verð fyrir níu mánaða dóttur. Gefum ekki vörur, segir framkvæmdastjóri Bravó og ráðleggur fólki að koma ekki með svo ung börn.

MAGNÚS SCHEVING

FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR „Það kostar allt í þessum heimi," hafði Fréttablaðið í gær eftir framkvæmdastjóra Bravó, sem skipuleggur Latabæjarhátíðina í Laugardalshöll.

NÝSKÖPUNARÞING

SAMVINNA Í NÝSKÖPUN

Nýsköpunarþing Rannís, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Útflutningsráðs verður haldið miðvikudaginn 24. mars nk. kl. 8.15–10.00 á Grand Hótel Reykjavík. Á Nýsköpunarþinginu verður kastljósinu beint að samvinnu í nýsköpun.

Á þinginu verða veitt Nýsköpunarverðlaun fyrir árið 2010.

NÝSKÖPUNAR-VERÐLAUN
RANNÍS, NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐVAR OG ÚTFLUTNINGSRÁÐS
2010

Fundarstjóri
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs Íslands.

DAGSKRÁ

Léttur morgunverður

Fundarsetning

Ávarp
Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra

Nýsköpun til vaxtar
Ari Kristinn Jónsson, Háskólinn í Reykjavík

Gerum það saman
– Íslensk leikjafyrirtæki sækja fram í sameiningu
Erla Bjarney Árnadóttir, Samtök tölvuleikjaframleiðenda

Vatnavinir - Vatnavextir
Anna G. Sverrisdóttir, Vatnavinir

Frá lækni til lausnar
Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical

Tónlistaratriði
Útidúr

Nýsköpunarverðlaunin fyrir árið 2010 afhent
Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra

Fundarslit

Vinsamlega tilkynnið þátttöku:
Rannís, s. 515 5800, rannis@rannis.is
Nýsköpunarmiðstöð, s. 522 9000, nmi@nmi.is
Útflutningsráð, s. 511 4000
utflutningsrad@utflutningsrad.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
rannís
ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

PLANETAN

Fíton/SÍA

Allsherjar-atkvæðagreiðsla

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa í VR, skv. 20. gr. laga félagsins.

Allsherjaratkvæðagreiðslan mun hefjast **15. mars** nk. og henni lýkur **kl. 12:00 á hádegi** þann **29. mars 2010**.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á **www.vr.is** eða með því að hringja á skrifstofu félagsins í síma **510 1700**.

Kjörstjórn

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR

LUKKUPOTTUR ÚRVALS ÚTSÝNAR

FER FJÖLSKYLDAN ÞÍN FRÍTT TIL PORTÚGALS Í SUMAR?

MÆTTU Í KRINGLUNA Í DAG OG TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIK!

Það verður sól og sumarfjör í Kringlunni í dag!
Úrval Útsýn verður á staðnum með skemmtilegan sumarleik þar sem þú gætir unnið ferð fyrir fjölskylduna þína til Portúgals í sumar. Mættu í Kringluna í dag (laugardaginn 13. mars) og taktu þátt í þessum skemmtilega sumarleik þar sem þú gætir dottið í lukkupottinn!

Nýr sumarbæklingur
Nældu þér í eintak í Kringlunni í dag!

ÚRVAL·ÚTSÝN

Meira á
urvalutsyn.is

FRÉTTAVIÐTAL: Bjarni Benediktsson um stöðuna í Icesave-málinu

Myndum ekki tapa dómsmáli um Icesave

Formaður Sjálfstæðisflokksins segir breska og hollenska ráðamenn sýna Íslendingum hroka og yfirlæti. Samninganefndir ríkjanna gangi einnig fram af mikilli hörku. Hann gagnrýnir íslensku ríkisstjórnina fyrir að ganga í öðrum takti en þjóðin. Mat hans er að það sé að losna um stífnina hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gagnvart Íslandi.

HAGSMUNAMAT Bjarni Benediktsson segir að á sínum tíma hafi hagsmunirnir verið metnir þannig að betra væri að semja um Icesave heldur en að vísa málinu í dóm. Áfram beri að reyna að semja en reynist það ómögulegt hljóti Íslendingar að hverfa aftur til lagalegrar stöðu málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bjarni Benediktsson telur að ný staða sé í Icesave-málinu eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna fyrir viku. Þjóðin hafi í henni gefið ríkisstjórninni skýrt merki um að ekki að sé sama hver efnisleg niðurstaða nýrra Icesave-samninga verður. „Það er kominn tími til að ríkisstjórnin reyni að vera í betri takti við þjóðina um lausn þessa máls. Það getur vel verið að Steingrímur og Jóhanna vilji láta sem svo að hér hafi engin þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram en hún fór fram og meirihluti kosningabærra manna mætti á kjörstað. Fólk sagði nei við þeirri niðurstöðu sem þau höfðu leitt fram og það hefur þýðingu, hvað sem þau segja. Það er ekki hægt að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist, skilaboðin eru skýr; fólki er ekki sama hvernig málið er leitt til lykta. Flestir eru sammála um að það þurfi að fást niðurstaða en það skiptir máli hvernig sú niðurstaða er fengin og hvað hún felur í sér."

Bjarni átelur málflutning forystumanna ríkisstjórnarinnar og telur hann spilla fyrir. „Það er stöðugt talað um í hve slæmum málum við erum ef samningar nást ekki. Ég held að það sé afskaplega óskynsamleg framganga þegar verið er að reyna að leysa málið á sem farsælastan hátt fyrir þjóðina. Tönnlast er á því að við séum að verða fyrir gríðarlegu tjóni, án þess reyndar að hægt sé að reikna það. Auðvitað fær fólk hnút í magann þegar það heyrir forystumenn ríkisstjórnarinnar tala um stöðuna á þjóðarbúinu eins og okkur sé öllum að blæða út."

Hann segir enn fremur að svo virðist sem ríkisstjórnin leggi allt kapp á að klára málið, fremur en að ná hagstæðri niðurstöðu. „Máli mínu til stuðnings bendi ég á að ríkisstjórnin er í tvígang búin að ljúka málinu og í bæði skiptin var það mikilvægara að fá niðurstöðu heldur en sjálf efnisatriði málsins."

Sýnist að losna sé um stífnina

Ráðherrarnir hafa vissulega lagt áherslu á nauðsyn þess að ljúka málinu. Rökstuðningurinn fyrir þeirri nauðsyn hefur verið efnahagslegur; áætlunin með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sé í frosti sem og lánin frá Norðurlöndunum. Þá hangi gjaldeyrishöft og stýrivaxtastigið á spýtunni. Bjarni segist sammála því að tafir á endurskoðun efnahagsáætlunarinnar og veitingu Norðurlandalánanna megi rekja til Icesave. Engu að síður sé fráleitt að tengja málin saman. „Hins vegar sýnist mér á öllu að nú sé að losna um allt hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum alveg óháð Icesave. Það les ég úr yfirlýsingum framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og utanríkisráðherra Noregs.

Ég á mjög erfitt með að skilja hvers vegna önnur ríki sem ekki eiga aðild að þessari deilu láta það gerast að lánsbeiðni okkar hjá AGS sé tafin. Þar horfi ég fyrst og fremst til Norðurlandanna því lánsloforð frá þeim er forsenda þess að sjóðurinn afgreiði málið. Norðurlöndin eru í raun og veru lykillinn að lausn og um leið og þau segja að þau ætli að standa við sín loforð óháð Icesave-deilunni getum við fengið fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum."

Samningsmarkmiðin þau sömu

Ekki er ástæða, að mati Bjarna, til að endurskoða samningsmarkmið Íslands í viðræðunum við Breta og Hollendinga. Lagt hafi verið upp með skynsamlega nálgun þegar viðræðulotan hófst. Hann vill ekki útlista samningsmarkmið Íslands enda viðræðurnar á viðkvæmu stigi. Þó segir hann að lagt hafi verið af stað með mjög háleit markmið um niðurstöðu en þau hafi verið aðlöguð þróun viðræðnanna. Fyrir liggi að eigur þrotabús Landsbankans muni duga fyrir að minnsta kosti 90 prósentum af lágmarkstryggingu EES-samningsins sem hljóðar upp á 20.887 evrur á reikning og ekki sé útilokað að eigur bankans dugi fyrir allri skuldinni. „Nú hefur komið í ljós hve hátt hlutfall af kröfum Breta og Hollendinga hefur legið í vaxtaliðnum. Okkar upphaflega upplegg var að við myndum veita þeim tryggingu fyrir því sem út af stæði en engin lán yrðu tekin og engir vextir greiddir. Þessu höfnuðu þeir og komu með sitt útspil um vaxtaleysi framan af tímanum og svo einhverja vexti."

Þjóðirnar greinir á um hve háan kostnað Bretar og Hollendingar bera af lántökum og útgreiðslu lágmarkstryggingarinnar til reikningseigenda. Ber mikið í milli. Bjarni telur ekki koma til greina að semja um grundvallaratriði málsins en vísa kostnaðarágreiningnum í gerðardóm.

„Ég held að annaðhvort semji menn eða þetta fari allt fyrir dómstóla. Spurningin sem þá fer til dómstóla verður sú hvort ríkinu beri skylda til að veita ábyrgð á innstæðutryggingasjóðnum. Ég hef enga trú á að við getum tapað því dómsmáli."

Áfram reynt en annars í dóm

Bjarni segir hagsmunamat hafa ráðið því á sínum tíma að íslensk stjórnvöld ákváðu að fara í viðræður um lausn málsins fremur en að vísa því til dómstóla. „Við mátum hagsmuni okkar þannig að þeim væri betur borgið með að leiða fram sanngjarna niðurstöðu í málinu frekar en að standa stíf á okkar ítrasta rétti. Það hefur hins vegar komið í ljós að okkur er ekki mætt af neinni sanngirni en við erum ennþá að reyna að knýja fram niðurstöðu sem hægt er að fella sig við. Reynist það ómögulegt hljótum við að hverfa aftur til okkar lagalegu stöðu." Spurður hvort hann telji að sú geti orðið raunin á næstu dögum eða vikum segist Bjarni ekki ætla að spá því að samningaviðræðurnar renni út í sandinn. Hann gerir þó athugasemdir við framkomu stjórnvalda í Bretlandi og Hollandi í garð Íslendinga. „Ýmis ummæli ráðherra í þessum tveimur löndum hafa ekki farið fram hjá okkur. Þeir tala til okkar af ótrúlegum hroka og sýna okkur mikið yfirlæti. Þeir gera meira að segja lítið úr formanni íslensku samninganefndarinnar á opinberum vettvangi. Þetta er engin framkoma gagnvart okkur." Mikillar hörku gæti einnig innan samninganefnda ríkjanna.

Bjarni segist bera fullt traust til íslensku samninganefndarinnar. Formaður hennar, Lee Buchheit, hafi haldið vel á málinu og nefndin í heild staðið sig vel. Kveðst hann ekki búast við öðru, og ekki heyra annað, en að samstaða sé í stjórnarandstöðunni um að halda samstarfi stjórnmálaflokkanna um lausn Icesave-málsins áfram.

FRÉTTAVIÐTAL
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

5.000 umslög

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

skattur.is

Skilafrestur **skattframtals** einstaklinga er til föstudagsins **26. mars**

Talið fram á skattur.is

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda og þeirra sem töldu fram á vefnum í fyrra og eiga ekki varanlega veflykla frá fyrri árum. Veflykill veitir aðgang að þjónustusíðu á skattur.is þar sem hægt er að fylla út skattframtalið á einfaldan hátt.

Glatist veflykill má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

Framtal á pappír

Pappírsframtöl eru aðeins send þeim sem töldu fram á pappír í fyrra. Hægt er að panta áritað pappírsframtal og sundurliðunarblað á skattur.is eða í síma 442-1414 og fá það sent í pósti. Jafnframt er hægt að prenta út auð framtalsform á skattur.is.

Þeir sem hafa haldið sig við pappírinn eru hvattir til að prófa framtalið á vefnum hafi þeir möguleika á því.

Áritun upplýsinga á framtal

Laun, hlunnindi, starfstengdar greiðslur, styrkir o.fl., eru árituð á framtalið samkvæmt innsendum launamiðum. Einnig greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, Fæðingarorlofssjóði og lífeyrissjóðum. Jafnframt eru flestallar eignir og skuldir áritaðar á framtalið.

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á skattur.is á aðgengilegu formi. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í veframtali.

Prentaðar leiðbeiningar má fá hjá skattstofum.

Símaþjónusta 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð frá kl. 10 til 15:30 alla virka daga í síma 442-1414.

Dagana 26. mars, 6. og 7. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19.

Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **26. mars.**

Hægt er að sækja um viðbótarfrest á skattur.is, lengst til 7. apríl.

Fljótlegt, öruggt og einfalt að telja fram

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

☆ SÓL OG SUMARFJÖR

ÞAÐ VERÐUR SANNKALLAÐ SUMARFJÖR Í KRINGLUNNI Í DAG (13. MARS) ÞAR SEM HELSTU FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR ÍSLANDS MUNU MÆTA. SUMARFERÐIR MUNU EKKI LÁTA SIG VANTA OG VERÐA MEÐ SKEMMTILEGAN SUMARLEIK. SKELLTU ÞÉR Í KRINGLUNA, TAKTU ÞÁTT Í LEIKNUM OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Nældu þér í eintak í Kringlunni!

SUMARLEIKUR SUMARFERÐA

Mættu í Kringluna, taktu þátt og þú gætir unnið!

☆ Tenerife

Tenerife sker sig úr eyjunum á Kanarí fyrir einstaka veðursæld og stórkostlegt náttúrufar, hreinleika og góðan aðbúnað. Tenerife er ótæmandi brunnur afþreyingar og afslöppunar.

frá 109.470 kr.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Hotel Parque Santiago (20-27. júní).

☆ Portúgal

Strandbærinn Praia da Rocha stendur við eina af fallegustu ströndum Algarve-héraðsins á suðurströnd Portúgals. Bærinn er einn vinsælasti ferðamannastaður á svæðinu.

frá 84.578 kr.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Apartmentos Pesidente (10 - 17. júní).

☆ Bodrum

ALLT INNIFALIÐ

Bodrum er vinsæll ferðamanna-bær í suðvesturhluta Tyrklands sem geymir úrval af afþreyingu fyrir alla. Glæsilegar lúxus gistingar í boði og allt innifalið

frá 176.191 kr.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli á Hótel Ayaz Aqua og allt innifalið (29. maí - 8. júní).

☆ Benidorm

HÁLFT FÆÐI

Benidorm sameinar notalegt strandlíf og fjörugt næturlíf. Fólk flykkist þangað til að njóta tilverunnar, hvílast og skemmta sér.

frá 93.501 kr.*

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli á Gran Hotel Bali með hálfu fæði (12 - 19. júní).

* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

sumarferdir.is

Í KRINGLUNNI Í DAG!

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

skoðun

greinar@frettabladid.is

Tilhneiging stjórnmálamanna til að kaupa sér skammtímavinsældir er alþjóðlegt vandamál.

Grikklandsfárið

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Grikkland er á hausnum. Það eru ekki nýjar fréttir. Grikkland hefur oft áður verið á hausnum. Hins vegar er látið í það skína í umræðum hér á Íslandi að í þetta sinn séu örlög Grikkja því að kenna að þeir tóku upp evruna. Ef þeir væru svo heppnir að hafa sinn gamla gjaldmiðil, drökmuna, væru þeir á leið út úr kreppunni, svona eins og Íslendingar, sem eru svo heppnir að hafa krónuna. Þess í stað verði þeir nú að sæta því að Evrópusambandið kúgi þá til að skera niður ríkisútgjöld og lækka laun opinberra starfsmanna. Þannig sé Grikkland Íslandi víti til varnaðar.

Kreppa Grikklands er hins vegar ekki evrunni að kenna, nema þá að einu leyti. Aðild að Efnahags- og myntbandalaginu lækkaði fjármagnskostnað grískra stjórnvalda, sem fyrir vikið leyfðu sér enn meiri lántökur fyrir hönd ríkissjóðs en ella.

Kreppa Grikklands orsakast fyrst og fremst af agaleysi við stjórn ríkisfjármála, sem hefði haft alvarlegar afleiðingar hvort sem Grikkland notaði evru eða drökmu. Fjármálakreppan kom illa við ríkissjóð Grikklands eins og annarra ríkja, en Grikkir stóðu verr að vígi en margir aðrir vegna þess að þeir höfðu þanið út ríkisútgjöldin langt umfram efni.

Vandi Grikklands fær meiri athygli nú en oft áður, vegna þess að nú er hann vandi alls evrusvæðisins. Myntbandalagið byggist ekki sízt á því að öll ríkin, sem eiga aðild að því, sýni aga og ábyrgð við efnahagsstjórn. Grikkir vissu að hverju þeir gengu þegar þeir sóttust eftir aðild að myntbandalaginu – jafnvel þótt stjórnvöld hafi hagrætt hagtölunum til að komast inn í það. Sáttmálar Evrópusambandsins kveða á um að aðildarríkin taki sjálf á heimatilbúnum vanda. Annars gætu stjórnmálamennirnir, sem vilja kaupa sér vinsældir til skamms tíma með hallarekstri á ríkissjóði og lántökum, alltaf treyst á að önnur ríki ESB kæmu þeim til bjargar. Tilhneiging stjórnmálamanna til atkvæðakaupa er alþjóðlegt vandamál og rökrétt að reyna að finna á því alþjóðlegar lausnir.

Mótmælin á götum Aþenu eru að mörgu leyti skiljanleg, því að fólk hefur vanizt því að stjórnvöld láti undan kröfum um ríkisútgjöld. En kröfurnar um að horfið verði frá niðurskurði og launalækkunum eru í raun kröfur um að gömlu óráðsíunni verði haldið áfram.

Einn af þeim kostum sem margir sjá við að Ísland gangi í Evrópusambandið og taki upp evruna er meiri agi við hagstjórnina. Stjórnvöld ættu þá ekki lengur þann kost að fella gengið til að bregðast við efnahagsvanda. Þeir sem nú vorkenna Grikkjum, Írum og fleiri evruríkjum að geta ekki fellt gengið og neyðast til að skera niður ríkisútgjöld og lækka laun, gleyma því að gengisfelling er bara önnur og ekki alveg jafnaugljós aðferð til að skerða lífskjör fólks.

Þrátt fyrir að hafa eigin gjaldmiðil, sem hefur hrapað í verði og þannig valdið harkalegri lífskjaraskerðingu, hafa Íslendingar neyðzt til að grípa líka til beinna launalækkana, skattahækkana og niðurskurðar á ríkisútgjöldum, sem raunar sér ekki fyrir endann á. Erum við þá betur sett en Grikkir?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Sjálfstyrkingarnámskeið

- Viltu öðlast aukið sjálfsöryggi?
- Þora að gera það sem þig langar í lífinu?
- Ná að njóta lífsins betur?

Átta vikna sjálfstyrkingarnámskeið er að hefjast 18. mars n.k. við Kvíðameðferðarstöðina undir stjórn Sóleyjar D. Davíðsdóttur sálfræðings og Charlotte Bøving leikkonu sem jafnframt hefur mastersþróf í leik- og dramakennslufræði. Áhersla lögð á að aðstoða þátttakendur við að takast á við innri hindranir til að hæfileikar þeirra fáið notið sín sem best í lífinu. Verður unnið með hugarfar, styrkleika, líkamstjáningu, framsögn og tjáningu í hóp.

Skráning fer fram á kms@kms.is eða í síma 822-0043 og lýkur 16. mars. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Kvíðameðferðarstöðvarinnar: www.kms.is.

KMS Kvíðameðferðarstöðin

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hver stingur hausnum út?

Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave velta menn því helst fyrir sér hvenær Ögmundur Jónasson verður ráðherra að nýju. Hitt sýnist þó vera brýnna að finna þann flöt sem nota má til að leysa það viðfangsefni sem þjóðaratkvæðagreiðslan gerði ekki.

Spurningin er: Hvar liggur samningsflöturinn? Í raun er tiltölulega einfalt að finna það út. Þjóðaratkvæðagreiðslan setti í gildi lög um ríkisábyrgð sem Alþingi samþykkti í byrjun ágúst. Að þeirri niðurstöðu stóðu þingmenn stjórnarflokkanna og forsetinn. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sátu hjá. Framsóknarflokkurinn og Hreyfingin voru á móti.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Bretar og Hollendingar féllust ekki á þessa niðurstöðu. Ríkisstjórnin samdi að nýju um lakari kost. Þingmenn stjórnarflokkanna samþykktu þá niðurstöðu í desember gegn atkvæðum stjórnarandstöðunnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan snerist því um þennan mismun á ágúst- og desemberlögunum. Ríkisstjórnin taldi hann óverulegan. Stjórnarandstaðan og forsetinn sögðu að hann væri of mikill. Þjóðin var sammála því.

Samningsflöturinn liggur þarna á milli. Málið er einfaldlega komið á það stig að einhver verður að stinga hausnum út um gluggann og kveða upp úr um flöt sem líklegt er að viðsemjendurnir geti líka fallist á. Sá sem gerir það hirðir heiðurinn eða skömmina af niðurstöðunni. Spurningin er bara þessi: Hver á að stinga hausnum út?

Samstaða um hvað?

Bretar og Hollendingar gerðu kröfu um aðild stjórnarandstöðunnar að samningunum. Fyrir vikið er sú óvanalega staða uppi að formaður Sjálfstæðisflokksins getur í stjórnarandstöðu tekið frumkvæðið og mælt fyrir um málamiðlun.

Ríkisstjórnarflokkarnir gætu ekki annað en kyngt henni. Fáir yrðu til að andmæla. Að vísu er líklegt að Framsóknarflokkurinn og Hreyfingin leggist á þá sveif. Tillaga þeirra um að slíta samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn bendir til þess.

Þegar hér er komið sögu er óhjákvæmilegt að horfa á viðfangsefnið í stærra samhengi. Icesave er aðeins einn af fleiri lyklum sem þarf að snúa rétt til að ljúka upp dyrum að endurreisninni. Taka þarf tillit til þess að ríkisstjórnin er ekki tilbúin til samstarfs um það hvernig hinum lyklunum verður snúið.

Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna áttu forystumenn hennar tveggja kosta völ. Annar var sá að færa sig nær miðjunni og leita breiðara samkomulags við Sjálfstæðisflokkinn um það hvernig öðrum helstu lyklum yrði snúið. Hinn var sá að leita sátta til vinstri við minnihlutann í þingflokki VG. Sá kostur var valinn. Hann kostar málefnalegar fórnir í þá veru.

Þær felast í slaka í ríkisfjármálum, skrefi til baka í orkunýtingarmálum og viðurkenningu á stefnu VG í sjávarútvegsmálum. Hún snýst um að víkja þjóðhagslegri hagkvæmni til hliðar fyrir félagsleg úrræði. Samstaða um raunhæfa framtíðarlausn í peningamálum er fjarlægari svo og aðild að Evrópusambandinu. Með öðrum orðum: Sáttin innan VG er keypt mjög dýru verði á mælikvarða almannahagsmuna.

Að þessu virtu er ljóst að vilji forystumanna stjórnarflokkanna til samstöðu lýtur ekki að lausn á vanda samfélagsins. Hann snýr einvörðungu að því að finna hjáleið um innri vanda VG. Ákall um samstöðu á þessum forsendum er meir í ætt við málfundaæfingu en alvöru stjórnmál.

Lykillinn að sátt er á miðjunni

VG hefur verið veiki hlekkurinn í stjórnarsamstarfinu vegna sundrungar. Sáttin sem Samfylkingin hefur gengið að mun snúa þessu við. Þegar upp verður staðið mun VG hafa styrkt stöðu sína verulega og vinstri armurinn náð málefnalegum undirtökum í stjórnarsamstarfinu.

Að sama skapi er ljóst að Samfylkingin gefur málefnalega eftir og tapar trúverðugleika. Sérstaklega á það við í ríkisfjármálum og peningamálum og þar með Evrópumálum.

Fjármálaráðherrann boðar að samkeppnisstöðu Íslands eigi að tryggja með launaskerðingum í gegnum reglubundnar gengislækkanir krónunnar. Hann fær nú sterkari stöðu með þetta viðhorf. Vonlaust er hins vegar að við náum sambærilegum lífskjörum á við hin velferðarhagkerfi Norðurlandanna ef þessari fátæktarstefnu VG í peningamálum verður ekki hrundið.

Framsóknarflokkurinn virðist í vaxandi mæli hafa hallað sér að sjónarmiðum vinstri arms VG í peningamálum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur hins vegar ekki mótað framtíðarstefnu í þessum efnum. Flest bendir til að núverandi ríkisstjórn muni sitja þangað til Sjálfstæðisflokkurinn tekur af skarið gegn fátæktarstefnu VG í peningamálum. Þá fyrst getur hann sett gaffal á Samfylkinguna og losað um þá pólitísku bóndabeygju sem þjóðin er í.

Endurreisn efnahagslífsins snýst um málefnalegt samstarf á miðju stjórnmálanna um lykilatriði eins og ríkisfjármál og peningastefnu. Mannabreytingar í ríkisstjórn eru sjónhverfingar en ekki lausn á þeirri pólitísku kreppu sem landið er í.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

GLERÁR-TORG

TAX FREE HELGI

KORPU-TORG

Í ÖLLUM VERSLUNUM RÚMFATALAGERSINS!

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF **ÖLLUM** VÖRUM UM HELGINA!

SKEIFAN

GILDIR HELGINA
13.-14. MARS

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

SMÁRA-TORG

Afsláttur inn er á kostnað Rúmfatalagersins. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.

Rúmfatalagerinn er á 4 stöðum : Korputorgi - Smáratorgi - Skeifunni - Akureyri

Fæðubót: Böl eða blessun?

UMRÆÐAN
Jón Óttar Ragnarsson skrifar um fæðubótarefni

JÓN ÓTTAR RAGNARSSON

Faðir minn kenndi mér ungum að gleðjast aldrei yfir óförum annarra. Ég verð þó að játa að ég átti erfitt er ég las grein dr. Magnúsar Jóhannssonar um fæðubótarefni í Læknablaðinu í fyrri viku!

Fjöregg þjóðar

Allt frá landnámstíð héldu fæðubótarefni lífinu í Íslendingum. Ástæðan var sú að kalt loftslag er óhagstætt fyrir matjurtarækt og innflutt korn var dýrt og oft skemmt. Fyrir bragðið kom fæðið að mestu úr dýraríkinu. Af þessum sökum áttu Íslendingar um aldaraðir heimsmet í prótínneyslu. Á hinn bóginn er slíkt fæði snautt af andoxurum á borð við C-vítamín, sem er helsta afeitrunarefni („detox“) lifrarinnar, yngingarbrunnur líkamans og margt fleira. Yfir sumartímann lögðu Íslendingar því allt kapp á að safna vetrarforða af fæðubótarefnum á borð við fjallagrös, blóðberg, ætihvönn, ber og söl sem gáfu þeim gnægð af C-vítamíni og öðrum mögnuðum andoxunarefnum. Mikilvægast var lýsið sem gaf þrjú dýrmæt fjörefni: ómega-3, D- og A-víta-mín. Skýrir þessi einstæða blanda dýrafæðis og villijurta annálaða fegurð íslenskra kvenna og ótrúlega lífsgleði og hreysti Íslendinga í aldanna rás þrátt fyrir hallæri og faraldra.

Náttúruperla og heilsuparadís

Fæðubótarefni og krydd voru löngum eftirsóttasta auðlind jarðar. Í dag eru fæðubótarefni, ásamt líkamsrækt og óhefðbundnum lækningaaðferðum, kjölfesta hollustubyltingarinnar sem nú breiðist út um heiminn. Þessi bylting hefur nú þegar byggt nýtt heilbrigðiskerfi við hlið þess gamla. Spáir þekktasti heilsuhagfræðingur heims, Paul Zane Pilzer prófessor, að auðsköpun á þessu sviði á næstu árum verði eins hröð og gerðist í tölvugeiranum í lok 20. aldar!

Þetta er okkar tækifæri! Íslendingar eiga fegursta landið, bestu fiskimiðin og lýsið, ómengaðasta vatnið, loftið og jarðveginn auk urmul villijurta, en umfram allt heitar laugar og jarðhita sem undirstöðu stóriðju á ylræktuðum kryddum og lækningajurtum.

Andspyrnan

Þrátt fyrir áratugarannsóknir okkar fremstu vísindamanna og lækna á íslenskum fæðubótarefnum – með dr. Sigmund Guðbjarnason prófessor í fararbroddi – hefur harðsnúinn hópur afturhaldsseggja unnið markvisst gegn útbreiðslu þeirra. Þótt ótrúlegt sé hefur æðsti presturinn, dr. Magnús Jóhannsson, varðgæslumaður hins alþjóðlega lyfjaiðnaðar, einkum ráðist á það næringarfyrirtæki sem stendur fremst vísindalega og er eitt örfárra sem setur allar vörur í strönguslu skoðun yfirvalda. Er ofstækið slíkt að í meira en áratug hélt hann úti svæsnu níði um Herbalife á vefsíðu Háskóla Íslands! Er þetta þeim mun furðulegra í ljósi þess að inn í landið flæða nú fæðubótarefni af geysi misjöfnum gæðum nær eftirlits-laust!

Um árabil kenndi hann heilli kynslóð íslenskra lækna lyfjafræði og ól á andúð og þar með fáfræði þeirra á fæðubótarefnum, náttúrulækningum og öllu öðru sem gat dreift huga þeirra frá „kjarna málsins“: gervilyfjunum. Áhrifin létu ekki á sér standa og árið 2002 var svo komið að yfir 75% ungra manna og 85% ungra kvenna á Íslandi voru hætt að taka lýsi með skelfilegum afleiðingum fyrir lífslíkur þeirra og lýðheilsu þjóðarinnar!

Sem betur fer sjá æ fleiri í gegnum hræðsluáróður afturhaldsaft lanna. Breiðist hollustubyltingin nú hratt út, ekki síst meðal ungs fólks, á sama tíma og æ fleiri ungir læknar losa sig undan kverkataki fulltrúa gamla tímans.

„Stóra bomban!“

Eftir að hafa margtilkynnt að brátt sjái rannsóknir hans á skaðsemi fæðubótarefna dagsins ljós birtust þær loks í Læknablaðinu í síðustu viku. Er ekki ofsögum sagt að margir hafi orðið þrumu lostnir. Í fyrsta lagi reyndist sjúklingafjöldinn ótrúlegur: 5 manns á tíu árum (af yfir 10.000 manns sem neyttu vörunnar)! Þar sem flestar Herbalife-vörur innihalda öfluga náttúrulega andoxara bendir þetta til einstaklega lágrar skaðsemisvirkni.

Fæðubótarefni og krydd voru löngum eftirsóttasta auðlind jarðar. Í dag eru fæðubótarefni, ásamt líkamsrækt og óhefðbundnum lækningaaðferðum, kjölfesta hollustubyltingarinnar sem nú breiðist út um heiminn. Þessi bylting hefur nú þegar byggt nýtt heilbrigðiskerfi við hlið þess gamla.

Staðfestir það sem áður var vitað að andoxarar eru ekki skaðvaldur, heldur besta vörn lifrarinnar gegn eitrun og bólgum af öllu tagi. Þar við bætist að Herbalife leiðir nú heimsátak gegn illvígasta lifrar-bólgufaraldri allra tíma, offitulifrarbólgunni.

Strax næsta morgun viðurkenndi dr. Magnús að af 5 sjúklingum hefðu allir nema 1 (!) líka tekið inn gervilyf eða verið með undirliggjandi sjúkdóm og fullyrti um leið að langflestar vörur Herbalife væru vitameinlausar, enda „bara matur“.

Í öðru lagi: Enda þótt grein hans sé tileinkuð Herbalife reyndust fimm af þeim átta jurtum sem tilgreindar eru aldrei hafa verið í vörum Herbalife á Íslandi! Og hverjar voru hinar þrjár sem voru það og hljóta því að vera sökudólgarnir!

Þær voru (haldið ykkur!): (a) ein þekktasta lækningajurt heims, aloe vera, (b) eitt algengasta krydd jarðar, negull, og loks (c) þjóðardrykkur ¼ mannkyns, grænt te, sem WHO* hvetur alla fullorðna jarðarbúa til að drekka daglega í heilsuskyni!

Til að kóróna skrípaleikinn er aðalorsök lifrareitrunar vel þekkt, en það eru einmitt skjólstæðingar hans, gervilyfin (sjá t.d. grein í sama Læknablaði), en það er þeim að þakka að a.m.k. 100 Íslendingar deyja árlega (og a.m.k. tífalt fleiri fárveikjast)!

Hygg ég, eftir öll þessi endemi, að ekki sé of djúpt tekið í árinni þegar sagt er að ef dr. Magnús á sér enn þá einhverja fylgismenn á Íslandi er ólíklegt að þeir láti mikið sér kræla næstu áratugina, hvað þá árin!

Á meðan getum við hin aftur einbeitt okkur að því að stemma stigu við offitufárinu, bæta næringar-ástand þjóðarinnar, afeitra í okkur lifrina og á sama tíma að hjálpa dr. Sigmundi og félögum að endurreisa fjárhag íslensku þjóðarinnar!

Höfundur er doktor í næringarfræði og fyrrverandi yfirmaður matvæla- og næringarbrautar Háskóla Íslands.

Aukin offita hjá börnum

UMRÆÐAN
Viðar Örn Eðvarsson skrifar um tengsl offitu við nýrna- og hjartasjúkdóma

Alþjóðleg samtök nýrnalækna og nýrnasjúklinga hafa frá árinu 2006 valið annan fimmtudag í mars (http://www.worldkidneyday.org/) ár hvert til þess að vekja athygli á nýrnasjúkdómum, þjónustu við nýrnasjúklinga og aðgerðum til að fyrirbyggja nýrnabilun. Mikil fjölgun hefur orðið á fjölda þeirra sem þurfa meðferð vegna nýrnabilunar á lokastigi síðustu áratugina sem skýrist meðal annars af hækkandi meðalaldri, auknum lífslíkum sjúklinga og bættu aðgengi að meðferð við lokastigsnýrnabilun, bæði skilun (blóðhreinsun) og ígræðslu nýra. Árlega hefja um 20-25 Íslendingar blóðhreinsunarmeðferð við nýrnabilun á lokastigi og um það bil 10 einstaklingar gangast undir ígræðslu nýra en algengustu orsakir nýrnabilunar hjá fullorðnum eru háþrýstingur og sykursýki.

Á Íslandi er tíðni lokastigsnýrnabilunar í börnum undir 18 ára svipuð og gerist meðal annarra vestrænna þjóða en á árunum 1997-2006 greindust 6 börn á aldrinum 0-17 ára (óbirtar niðurstöður: H. M. Jónsson). Algengustu orsakir lokastigsnýrnabilunar hjá börnum og unglingum eru meðfæddir sjúkdómar í nýrum og þvagfærum en ólíkt því sem við á um fullorðna þá greinast börn sjaldnast það ung með háþrýsting og sykursýki að þeir sjúkdómar leiði til nýrnabilunar í æsku. Landspítalinn (Barnaspítali Hringsins) er eina heilbrigðisstofnunin á Íslandi sem býður upp á sérhæfða þjónustu fyrir börn með nýrnasjúkdóma. Þar fer fram greining og meðferð nýrnabilunar og margvíslegra nýrnasjúkdóma, bæði meðfæddra og áunninna, svo sem bólgusjúkdóma í nýrum, meðfæddra galla á þvagfærum, nýrnasteina, þvagfærasýkinga, og háþrýstings.

Offita og yfirþyngd eru mikilvægir áhættuþættir langvinnara sjúkdóma svo sem háþrýstings, sykursýki 2, hjarta- og æðasjúkdóma og nýrnasjúkdóma hjá bæði börnum og fullorðnum en áætlað er að 2-6% útgjalda til heilbrigðismála í vestrænum löndum fari til meðferðar á sjúkdómum tengdum offitu (http://www.who.int/hpr/NPH/docs/gs_obesity.pdf).

Á undanförnum árum og áratugum hefur yfirþyngd og offita barna og unglinga aukist að því marki að talað er um faraldur. Í Bandaríkjunum hefur algengi offitu 6-11 ára barna rúmlega tvöfaldast frá sjöunda áratugnum og samkvæmt niðurstöðum úr rannsókn Erlings Jóhannssonar og félaga frá árinu 2006 gætir sömu tilhneigingar hérlendis. Athyglisvert er að tíðni háþrýstings í börnum og unglingum hefur farið vaxandi undanfarna tvo áratugi, að því er virðist í beinum tengslum við aukna yfirþyngd og offitu. Fyrstu niðurstöður íslenskrar rannsóknar sem nú er í gangi á blóðþrýstingi 1000 níu til tíu ára barna (S. Steinþórsdóttir, S. B. Elíasdóttir) sýna algengi háþrýstings 2,6% og umtalsverð tengsl við yfirþyngd og offitu. Byrjandi skemmdir á hjarta- og æðakerfi og nýrum voru til staðar hjá nokkrum þeirra barna sem voru með staðfestan háþrýsting.

Líklegt er að vaxandi algengi yfirþyngdar, offitu og háþrýstings hjá börnum og unglingum muni valda alvarlegum æðaskemmdum og fylgikvillum eins og hjarta- og nýrnasjúkdómum hjá yngra fólki en áður hefur þekkst. Er það umhugsunarefni að lífslíkur ungs fólks í dag gætu í fyrsta skipti í sögunni orðið lakari en næstu kynslóðar á undan.

Vaxandi algengi offitu og háþrýstings hjá börnum og unglingum er alvarlegur lýðheilsuvandi sem mikilvægt er bregðast við. Með því að draga úr algengi yfirþyngdar og meðhöndla háþrýsting hjá börnum og unglingum snemma á ævinni má koma í veg fyrir umtalsverða aukningu á algengi alvarlegs æðasjúkdóms í hjarta, nýrum og heila á næstu áratugum. Nauðsynlegt er að yfirvöld heilbrigðis- og menntamála í samvinnu við Landlæknisembættið, Lýðheilsustöð og aðrar stofnanir sem koma að stefnumörkun lýðheilsumála komi sér saman um leiðir til þess að sporna við þessum alvarlega lýðheilsuvanda svo fyrirbyggja megi ótímabæran heilsubrest hjá komandi kynslóðum, þar á meðal nýrnabilun.

Höfundur er sérfræðingur í nýrnalækningum barna og umsjónarmaður líffæraígræðslu barna á Barnaspítala Hringsins, Landspítala.

Uppstokkun hjá ríkisstjórninni

UMRÆÐAN
Magnús Orri Schram skrifar um ríkisstjórnina

MAGNÚS ORRI SCHRAM

Fjölmiðlar ræða nú „uppstokkun“ í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna og eitthvað er rætt um breytingu í ráðherraliði.

En gætum að. Víða leynast óróleg deildir í þingflokkum.

Brýnustu verkefni ríkisstjórnar á Íslandi í dag eru skýr og skiptir þá engu hverjir skipa þá ríkisstjórn.

1. Ljúka þarf Icesave-málinu sem allra fyrst. Það er hægt að gera í anda þeirrar stefnu sem ný samninganefnd undir stjórn Lee Buchheit er að marka en nú er mál að linni. Icesave-samningum þarf að loka.

2. Halda þarf áfram endurreisn efnahagslífsins í samstarfi við AGS. Samstarfið er lykilatriðið til að hingað leiti erlent fjármagn, vextir lækki, höft verði afnumin og króna styrkist.

3. Gera þarf enn betur til að aðstoða heimili í skuldavanda.

4. Koma þarf atvinnulífinu í gang með öllum tiltækum ráðum og minnka þannig atvinnuleysi.

5. Halda skal áfram á þeirri leið að laga útgjöld ríkisins að tekjum þess. Næstu stóru skref í þeim efnum verða útgjaldamegin en ekki í gegnum hækkun skatta á fyrirtæki eða einstaklinga.

Fleira mætti nefna en ofangreind atriði þurfa að sæta forgangi. Um leið verða til staðar réttar forsendur til að styðja ríkisstjórn.

Höfundur er alþingismaður.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

35% *viðskiptavina* okkar með erlend íbúðalán hafa nýtt sér *höfuðstólslækkun*.

ÍSLENSKA SÍA.IS ARI 49545 03/10

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Hefur þú *kynnt* þér lausnir Arion banka?

Við hjá **Arion banka** höfum lagt mikla vinnu og metnað í að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar með íbúðalán. Á annað þúsund viðskiptavinir hafa þegar nýtt sér lausnir bankans til höfuðstólslækkunar. Þar af er ungt fjölskyldufólk með sína fyrstu íbúð í miklum meirihluta.

Við *hvetjum* viðskiptavini að koma til okkar og skoða hvaða lausnir standa þeim til boða. Arion banki vill árétta að fái greiðendur erlendra lána sér dæmdan betri rétt í Hæstarétti, missa þeir ekki þann rétt þó að þeir nýti sér lausnir bankans.

Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum **Arion banka** eða á **arionbanki.is**.

Arion banki

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Allt fyrir helgina á betra verði í Bónus

Opnum kl.10 í dag

498 KR.KG

KJARNAFÆÐI REYKTUR GRÍSABÓGUR

998 KR.KG

BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR

698 KR.KG

G.V FERSKAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR M.BEINI

479 KR.KG

KF KOFAREYKT FOLALD M/BEINI

MERKT VERÐ 798 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR

898 KR.KG

GRÍSAVEISLA FERSKUR GRÍSAKÓTILETTUR

298 KR.STK

BÓNUS KLEINUR 15 STK

381 KR.KG

KF FROSIN ÓSOÐIN LIFRARPYLSA

MERKT VERÐ 634 KR.KG.

40% AFSLÁTTUR

598 KR.PK

N.V FERSKIR NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI

198 KR.STK

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG

179 KR.STK

BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G

459 KR.KG

RAUÐ VÍNBER STEINALAUS

SPILUM SAMAN

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Allt fyrir helgina
á betra verði í Bónus

Opnum kl.10 í dag

298 KR.PK

BÓNUS ÍS 2 LTR. *JARÐARBERJA - VANILLU - SÚKKULAÐI*

398 KR.PK

BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 2 LTR.

898 KR.KG

N.V FERSKT NAUTAHAKK

479 KR.KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR

1698 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR

111 KR.STK

BÓNUS SMYRILL 300g

20% afsláttur

Alltaf mjúkur úr ísskápnum

698 KR.KG

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

972 KR.KG

OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%

Merkt verð 1296 kr.kg.

25% afsláttur

COKE KIPPA 4 FLÖSKUR x 2 LTR. 798 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

Skoðanir mínar á sögunum haggast ekki þó tíminn líði

Jón Böðvarsson, íslenskufræðingur og fyrrverandi skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, hlaut heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins að þessu sinni. Viðurkenninguna hlýtur hann fyrir að miðla Íslendingasögunum á lifandi hátt til samtíðarmanna sinna á fornsagnanámskeiðum og í skólum. Jón rifjaði upp líf sitt með sögunum fyrir *Gunnþóru Gunnarsdóttur.*



SAGNAÞULURINN „Ég veit ekkert hver hefur skrifað Njálu og vona meira að segja að það komist aldrei upp," segir Jón Böðvarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Hann pabbi minn byrjaði á því að láta mig lesa barnabækur eftir hans vali þegar ég var átta ára en um ellefu ára aldurinn vildi hann að ég færi að lesa Íslendingasögurnar og valdi Finnboga sögu ramma. Ég las hana með miklum spenningi enda er hún vel sögð og ævintýraleg. Svo hélt ég áfram að lesa sögurnar, hverja af annarri og var búinn með þær næstum allar þegar ég fermdist." Þannig lýsir Jón Böðvarsson fyrstu kynnum sínum af Íslendingasögunum. Hann kveðst strax hafa fengið dálæti á Brennu-Njálssögu og það hafi ætíð varað. „Allt það besta í Íslendingasögunum er í Njálssögu," segir hann og brosir sínu hógværa og geðþekka brosi. „Svo eru hasarsögur eins og Egilssaga, Laxdæla og fleiri. Þær eru afskaplega vel skrifaðar en eru svona léttari á metunum. Njála tekur margt úr öðrum Íslendingasögum en hún segir það alltaf betur. Þess vegna er eðlilegt að fræðimenn, ekki síður útlendir en innlendir, hafi sett Njálssögu á stall enda er sagan, frá bókmenntalegu sjónarmiði og eiginlega þjóðfræðilegu líka, breiðust og áreiðanlegust sagna um lífið á þessum tíma."

Óðar kominn austur að Rangá

Jón er staddur á gamla Borgarspítalanum vegna slæmra beinbrota en orðsins list og sagnakunnátta bregst honum ekki. Með blik í auga fer hann með Finnboga sögu ramma í stuttu máli fyrir blaðamann og frásagnarmátinn er þannig að sagan gleymist ekki í bráð. Persónur Njálu og atburðir lifna líka í meðförum Jóns og þó viðtalið eigi fremur að snúast um hans eigið líf þá er hugurinn óðar kominn austur að Rangá að fylgjast með viðureign bræðranna Gunnars og Kolskeggs við átta menn sem þar sitja fyrir þeim. „Þegar bardaginn hefst þá koma þessir átta, þar af helmingurinn bræður og sá kemur fremst sem hafði reynt allt sem hann gat til að koma á sáttum. Þegar hann kemur segir Gunnar honum að fara frá en hann segir „Þú munt ætla að drepa bróður minn" og fer hvergi og verður því fyrsta fórnarlambið. Þannig er það oft með þá sem reyna að koma á sáttum, þeir eru fyrstir til að falla. Þetta er um drengskapinn. Það er svo margt af þessu tagi í Njálu."

Ekki er að furða þó fólk hafi flykkst á fornsagnanámskeiðin hjá Jóni meðan boðið var upp á þau, fyrst af Mími árið 1987. Áður var hann búinn að kenna Njálu í öllum deildum Hamrahlíðarskóla. Honum telst til að 7.500 þátttakendur hafi sótt námskeiðin hjá Mími og Endurmenntun Háskóla Íslands, sumir hverjir mörg. Ástæðuna fyrir vinsældunum telur hann þá að hann hafi ávallt lagt áherslu á persónulýsingar. Því hafi nútímafólk átt auðvelt með að komast í samband við sögupersónurnar og mynda sér skoðanir á þeim. „Á fyrsta Njálunámskeiðinu voru ellefu nemendur en á því síðasta byrjuðu 499. Það var haustið 2002 í aðalsal Borgarleikhússins," rifjar hann upp.

Aðspurður kveðst Jón aldrei hafa hugleitt að verða leikari. „Nei, leikarastarfið heillaði mig ekki. Það er nóg af góðum leikurum," svarar hann en viðurkennir að hann hafi alltaf átt auðvelt með að ná til fólks. „Já, ég fann það vel í kennslunni. Ég náði öllum bekkjum undir eins."

Endaði í fræðunum

Æskustöðvar Jóns eru í Skerjafirðinum og Þingholtunum en nokkur kynni kveðst hann líka hafa haft af sveitalífi í Gerði í Innri-Akraneshreppi er hann dvaldi þar barn á sumrin hjá Bjarna afa sínum. Stúdentsprófi lauk hann við Menntaskólann í Reykjavík og síðan hófst íslenskunám við Háskóla Íslands. Því lauk með cand.mag.-prófi með íslensk fornrit sem sérsvið. Jón kenndi um tíma við Gagnfræðaskólann í Kópavogi og eitt sinn bauðst nemendum þar frí til að fara á skauta en þeir vildu ekki missa af sögutímanum hjá Jóni og báðu um að fríinu yrði frestað fram yfir hann.

Jón varð fyrsti íslenskukennari Menntaskólans við Hamrahlíð og kenndi þar í tíu ár, meðal annars bókmenntir. Þáttaskil urðu svo 1976 er hann gerðist skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja og flutti þangað suður eftir með fjölskylduna. Því starfi sinnti hann í átta ár.

Fararstjórn er eitt af því sem Jón hefur fengist við um ævina og hún lét honum vel. Í yfir fjörutíu ár ferðaðist hann um með hópa, bæði hérlendis og erlendis, og fræddi farþegana óspart. Einnig var hann skálavörður í Þórsmörk í sex sumur á sjöunda áratugnum. Annars kveðst hann vera af smiðsætt en handlagnina hafi skort hjá honum og því hafi hann endað í fræðunum.

Alltaf að hlaupa út

Þótt Íslendingasögurnar hafi skipað stóran sess í lífi Jóns frá barnæsku segir hann efni þeirra ekki leita á hann dags daglega. „Ekki lengur. Ég er búinn að mynda mér fastar skoðanir á hverri og einni og þær haggast ekki þó tíminn líði. Ég fór í annað skiptið vandlega yfir Njálu þegar ég var átján eða nítján ára. Þá staðfestist það sem ég hafði upplifað í fyrri yfirferðinni. Síðan hefur mér fundist allt styrkja það að þeir þrír menn sem þar eru mestir friðflytjendur, Hrútur Herjólfsson, Kolskeggur og Runólfur, goðorðsmaður í Dal, séu þær persónur sem höfundinum sjálfum hafi þótt vænst um." Þá er komið að hinni sígildu spurningu sem svo margir hafa velt fyrir sér, hver höfundur Njálu sé. „Mér finnst Brandur ábóti í Þykkvabæjarklaustri og síðar biskup líklegastur þeirra sem nefndir hafa verið," svarar Jón og bætir svo við eftir dálitla þögn. „En ég veit ekkert hver hefur skrifað Njálu og vona meira að segja að það komist aldrei upp."

Eiginkona Jóns, Guðrún Erla Björgvinsdóttir, fyrrverandi aðstoðarskólastjóri í Engjaskóla, hefur setið hjá manni sínum meðan á viðtalinu hefur staðið. Hún er að lokum spurð hvort fornsögurnar hafi verið mikið til umræðu á heimilinu. „Nei, sögurnar eru fyrst og fremst áhugasvið Jóns og hann gat lokað sig dálítið mikið af með þær. Það var helst þegar við vorum að ferðast saman og komum á söguslóðir sem hann fór á flug í frásögnum og var alltaf að hlaupa út úr bílnum. Ég var dálítið hissa á þessu til að byrja með og þótti ferðalögin ganga hægt. Honum fannst til dæmis að það þyrfti eiginlega þrjá daga til að fara fyrir Hvalfjörð, þar væri svo margt að skoða!"

JÓN BÖÐVARSSON

Jón gekk í Skildinganesskóla, Grimsby á Grímsstaðaholti, Miðbæjarskóla, Ingimarsskóla, Ágústarskóla þegar hann var barn og unglingur. Þá tók við Menntaskólinn í Reykjavík og síðan Háskóli Íslands þaðan sem hann lauk cand.mag. prófi í íslenskum fræðum með íslensk fornrit sem sérsvið.

Rit sem eftir hann liggja eru:

- Skólaútgáfa af Brennu-Njálssögu í tveimur bindum
- Kvæði eftir Snorra Hjartarson í Lesarkasafni Iðunnar
- Rímur (brot frá 14. til 20. aldar)
- Hnoðrar - Smáljóðasafn
- Skólaútgáfa af Kjalnesingasögu
- Suður með sjó - leiðsögubók Akranes. Frá landnámi til 1885
- Einnig var hann ritstjóri 12 binda útgáfu Safns til Iðnsögu Íslendinga

Auk Heiðursverðlauna Fréttablaðsins nú hafa Jóni hlotnast þessar viðurkenningar:

- Riddarakross fálkaorðunnar
- Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar
- Hann er fyrsti heiðursfélagi Skólameistarafélags Íslands og Poul Harris-félagi í Rotarýklúbbnum í Breiðholti

Út kom bók um Jón á síðasta ári hjá Bókaútgáfunni Hólum. Það er viðtalsbók eftir Guðrúnu Guðlaugsdóttur blaðamann og ber heitið Sá á skjöld hvítan.

SÓL & sumarfjör

í Kringlunni í dag!

Það ríkir sannkölluð sumarstemning í Kringlunni í dag. Þar kynnum við 25 spennandi áfangastaði okkar, dreifum nýju og glæsilegu ferðablaði, gefum 1.000 fyrstu gestum okkar sumargjöf og spjöllum við gesti og gangandi um komandi ferðasumar.

Hlökkum til að sjá þig!

Iceland Express
með ánægju

Fyrstu 1.000 gestirnir fá
SUMARGJÖF!
5.000 kr.
afsláttur af flugi
Mætið tímanlega!

Þú getur líka skoðað ferðablaðið okkar á www.icelandexpress.is

INGÓ
Veðurguð

Ingó Veðurguð mætir og tekur nokkur vel valin ferðalög kl. 13.30 í dag!

www.icelandexpress.is

Fjöldi harðsvíraðra erlendra glæpamanna heldur til hér

Austur-evrópskir glæpahópar flytja menn hingað til lands gagngert til þess að fremja afbrot. Sumir þeirra hika ekki við að beita grófu ofbeldi telji þeir stöðu sinni eða hagsmunum ógnað. *Fréttablaðið* skoðaði skipulagða glæpastarfsemi hér á landi.

Dómurinn yfir fimm mönnum, sem fyrr í vikunni voru dæmdir í fimm ára fangelsi hver fyrir mansal, varpar nokkru ljósi á harðan heim, sem er orðinn til hér á landi en er framandi í augum flestra landsmanna. Framganga mannanna, sem hafa ekki einu sinni reynt að hylja andlit sín eins og flestir sem leiddir eru fyrir dómara, heldur glotta framan í myndavélarnar, er hugsanlega ekki til marks um sakleysi þeirra, heldur forherðingu.

Samkvæmt hættumati greiningardeildar ríkislögreglustjóra sem lagt var fram í mansalsmálinu og Fréttablaðið hefur undir höndum útdrátt úr, heldur fjöldi harðsvíraðra glæpamanna frá Litháen til hér á landi. Þessir menn hika ekki við að beita grófu ofbeldi telji þeir stöðu sinni eða hagsmunum ógnað. Þeir halda uppi skipulagðri glæpastarfsemi og tengjast glæpagengjum í Litháen, sem einnig láta til sín taka erlendis. Mansalsdómurinn staðfestir að glæpamenn halda fólki í ánauð á Íslandi. Austur-evrópskir glæpahópar flytja menn hingað til lands gagngert til þess að fremja afbrot.

Fréttablaðið hefur rætt við ýmsa aðila innan löggæslunnar sem fylgst hafa með þessari þróun starfa sinna vegna og lýsa verulegum áhyggjum af stöðunni.

Það er samdóma álit þeirra sem Fréttablaðið hefur rætt við að alþjóðleg glæpastarfsemi hér sé ekki eins alvarleg og á hinum Norðurlöndunum, sér í lagi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Hins vegar koma alþjóðlegir glæpahringir við sögu í fíkniefnamálum, bæði varðandi innflutning og framleiðslu, skipulögðu vændi, handrukkunum, mansali og kúgunum ýmiss konar.

Bent er á að mansal er ekki einvörðungu fólgið í kynlífsþrælkun, heldur einnig að fólk sé flutt hingað til lands til að stunda atvinnu og svo er skuldin „endalaus“. Viðkomandi nýtur einungis lítils hluta af launatekjum sínum og þarf árum saman að greiða ferðakostnað og þóknun fyrir starfið. Einstaklingurinn er í raun ekki frjáls ferða sinna.

Ljóst er talið að íslenskir brotamenn hafa aukið samstarf sitt við erlenda aðila varðandi fíkniefnainnflutning, eins og sjá má af þeim stóru málum sem upp hafa komið. Flest burðardýr eru af erlendum uppruna og eiga að vera í samskiptum við einhverja hér.

MANSALSMENN FYRIR DÓMI Það vakti sérstaka athygli þegar mansalsmennirnir fimm voru leiddir til þingfestingar á mansalsmálinu. Ekki var að sjá að þeir kviðu niðurstöðu dómsins, sem varð fimm ára fangelsi á hvern þeirra.

Mikill ótti hindrun

Þegar mansalsmálið á Suðurnesjum kom upp var áætlun fyrir fórnarlömb mansals, sem hafði verið samþykkt af ríkisstjórn, í fyrsta sinn hrint í framkvæmd. Meiri áhersla var lögð á að vernda meint fórnarlamb en almennt gerist og krafðist það bæði mannafla og fjármuna. Málið var umfangsmikið í rannsókn og mikill ótti vitna og meints fórnarlambs var nokkur hindrun.

Hin nýja áætlun reyndi fyrst og fremst á stuðning við meint fórnarlamb og að tryggður væri dvalarréttur konunnar hérlendis.

Önnur nýjung sem til kom vegna mansalsmálsins var hættumat sem greiningardeild Ríkislögreglustjóra vann. Matið laut meðal annars að öryggi meints fórnarlambs og tveggja vitna og var lagt fram í framsalsmálinu. Það náði einnig til annarra landa. Hættumat hefur einnig verið notað í tengslum við frávísanir og brottvísanir Vítisengla frá Íslandi.

Tengsl við skipulagða glæpahópa

Lögregla hefur vitneskju um að Litháarnir sem eru í brotastarfsemi hér á landi séu með tengsl við Íslendinga, en ekki hefur tekist að sanna að þeir Íslendingar sem um ræðir séu brotamenn.

Þá eru fyrir hendi nokkuð áreiðanlegar ábendingar um tengsl mansalsmannanna við litháískar deildir mafíunnar.

Hins vegar eru svo til að mynda pólsk gengi sem hafa komið hingað til lands gagngert til þess að brjóta af sér, einkum með innbrotum og þjófnuðum. Hvað varðar tengsl þessara manna við heimalandið virðist ekki hægt að tala um þaulskipulagða mafíu, heldur er sagt að þar séu margar sjálfstæðar glæpaklíkur. Það virðist þó almennt viðurkennt að starfseminni sé stjórnað af tveimur meginhópum þar í landi.

Sögusagnir hafa verið um að erlendar glæpaklíkur sendi menn hingað til lands til hefnda, en ekkert hefur verið staðfest um það í rannsóknum lögreglu.

Fórnarlömb send milli landa

Algengt er að fórnarlömb mansals séu send á milli staða innanlands og milli landa þar sem tími þeirra á hverjum stað er takmarkaður. Fyrir vikið verður lögregla oft að hafa skjótar hendur ef takast á að hafa hendur í hári glæpamannanna, sem versla með fólk. Lögreglulið í Evrópulöndum hafa með sér mikla samvinnu í málum sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi en þau mál eru yfirleitt erfið í sönnun vegna hræðslu fórnarlamba og mögulegra vitna.

Litháísk yfirvöld höfðu hafið rannsókn á mansali í heimalandinu. Aukinn kraftur er boðaður í þeirri rannsókn eftir að mansalsmálið með litháíska fórnarlambinu kom upp hér á landi. Enn hefur þó enginn verið handtekinn ytra vegna rannsóknarinnar svo vitað sé.

Viðbúnaður lögreglu hefur verið aukinn vegna vísbendinga um vaxandi skipulagða glæpastarfsemi hér á landi. Verið er að herða eftirlit með landamærum, starfsmenn lögreglu hafa verið sendir á námskeið erlendis og meiri viðbúnaður er gagnvart mögulegu mansali í kjölfar mansalsmálsins á Suðurnesjum. Ekki fæst uppgefið í hverju sá viðbúnaður er fólginn.

Ásókn Hells Angels

Meðlimir glæpasamtakanna Hells Angels hafa sótt mjög hingað til lands, eins og kunnugt er.

Yfirvöld óttast nú að samtökin reyni meðal annars að fjárfesta hér í löglegum fyrirtækjum til að þvætta fjármuni. Bent er á þróun af þessu tagi sem orðið hefur í nágrannalöndunum. Talið er að samtökin reyni að koma ár sinni fyrir borð með sama hætti hér. Aðferðir Vítisenglanna eru sagðar mjög mismunandi eftir því hvort þeir eru á handrukkaramarkaði eða í fíkniefna- eða vændisstarfsemi. Innlendir klúbbar, sem fyrir eru í viðkomandi löndum, hafa sóst eftir að gerast meðlimir í Hells Angels. Klúbbur í viðkomandi landi, sem kominn er í samtökin, starfar sem eining í þeim í viðkomandi landi og þá í ofangreindum brotaflokkum.

AÐGERÐAPAKKI GEGN GLÆPASTARFSEMI

„Ég myndi kannski ekki orða það þannig að hér væri skeytingarleysi eða umburðarlyndi gagnvart skipulagðri glæpastarfsemi,“ segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra um ástæður stöðunnar hér.

„Lögregluyfirvöld eru mjög vel meðvituð um að berjast þurfi gegn slíkri vá hér á landi, og hafa verið það um nokkra hríð. En það þarf að fræða bæði stjórnmálamenn og almenning betur um það sem er að gerast því að fæstir verða sem betur fer varir við þessa hluti í sínu daglega lífi. Dómsmálaráðuneytið og lögreglan geta ekki verið ein í þessari baráttu. Ég tel að hér þurfi að ríkja almennur skilningur á því að þetta sé raunveruleg ógn í okkar samfélagi en það gerist ekki án þess að veittar séu upplýsingar um það sem er hér að gerast, að því marki sem löggæsluyfirvöldum er það unnt.“

Ráðherra segir lögreglu hafa af miklum metnaði ráðið við þau atvik sem upp hafa komið hingað til en biðji um frekari heimildir til að geta betur tekist á við málin. Ráði þar ekki síst sú þróun sem óttast sé að verði hér á landi.

„ Forvirkar rannsóknarheimildir hafa verið nefndar. Einnig bann við því að Vítisenglar stofni samtök á Íslandi. Það er til athugunar í ráðuneytinu hvað þurfi til svo beita megi stjórnarskrárákvæðinu um að leysa megi upp félög með ólögmætan tilgang,“ útskýrir Ragna sem undirstrikar að vitaskuld þurfi að vanda til verka því að félagafrelsið sé eitt þeim grundvallarréttindum sem stjórnskipun okkar verndi.

RAGNA ÁRNADÓTTIR
Dómsmálaráðherra

„Ég lít svo á að við Íslendingar séum í annarri stöðu en nágrannalönd okkar þar sem slík samtök hafa fest rætur og starfað um hríð; þau hafa ekki náð að slá sér niður hér og því hljótum við að hafa betri möguleika til að berjast gegn þeim en aðrir. Við bara verðum að gera það, við megum ekki gefast upp. Hér á umburðarlyndi ekki við.

Ég hef hins vegar varað við því að menn einblíni á bann sem einu lausnina við vandanum. Við verðum að huga að fleiri aðgerðum og því hef ég lagt upp með að sett verði upp aðgerðaáætlun þar sem fram kemur heildstæður pakki með aðgerðum gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Vonast ég til að slíkur pakki verði tilbúinn með vorinu.“

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, formaður Lögreglustjórafélags Íslands, bendir á að lögreglan, eins og allir aðrir í ríkisgeiranum, sé með minna fjármagn til ráðstöfunar í kjölfar kreppunnar.

SIGRÍÐUR BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR
Formaður Lögreglustjórafélags Íslands

„ Þrátt fyrir það tel ég að lögreglan sé ágætlega í stakk búin til að takast á við þessa nýju stöðu,“ segir hún. „Við erum nú með alla lögreglumenn fullmenntaða úr Lögregluskóla ríkisins, mikið hefur verið um erlent samstarf og tengslamyndun lögreglu landa á milli, sér í lagi auðvitað við Norðurlöndin og búum við að því. Þá höfum við fengið mikinn styrk af því að hafa fulltrúa Íslands hjá Europol, þar sem við erum nú þátttakendur í evrópskum vinnuhópum um skipulagða glæpastarfsemi og allar boðleiðir eru mun styttri.

Styrkur er að kortlagningu greiningardeildar á skipulagðri glæpastarfsemi og alþjóðadeild og sérsveit hafa veitt mikla aðstoð. Samstarf hefur einnig gengið mjög vel á milli lögregluumdæma og upplýsingamiðlun hefur aukist verulega. Almennt má segja að bæði almennir lögreglumenn og rannsóknarlögreglumenn alls staðar á landinu séu vel í stakk búnir til að sinna verkefnum í breyttu umhverfi.

RISA

TAX FREE

helgi á Korputorgi um helgina

the PIER

TOYS "R" US

Office1*

KRAKKAHÖLLIN 2-12 ára

Art2b Listsmiðja

Europris

RÚMFATALAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

MERKJA OUTLET

ILVA

*Gildir ekki fyrir blekhylki eða tónera.
Tax free gildir ekki í verslun Bónus.
Allar verslanir greiða virðisaukaskatt, en bjóða afslátt sem því nemur.

KORPUTORG

PIPAR\TBWA • SÍA • 100605

Kynntu þér ævintýralegar ferðir og glæsilega gistimöguleika
bókaðu beint á heimsferdir.is

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR VIÐ FERÐABÆKLINGNUM OKKAR!
- MARGAR BROTTFARIR AÐ SELJAST UPP!

OPIÐ Í DAG
í Skógarhlíðinni frá
kl. 11-15
Kíktu til okkar og spjallaðu við ferðaráðgjafa okkar um alla möguleikana sem eru í boði!
Heitt á könnunni!

Ferðaævintýri

Heimsferða vor, sumar og haust

Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu lægsta verðið á www.heimsferdir.is.

15.000 kr. afsláttur
Við bjóðum sérstakan bókunarafslátt, 15.000 kr. á mann, að hámarki 75.000 kr. fyrir fjölskyldu.
Ath. Gildir aðeins á völdum brottförum til Bodrum og Costa del Sol.
Gildir til 19. mars

Bodrum
í Tyrklandi

frá 102.950 kr. – 10 nætur
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1svefnherbergi á Queen 19. júní í 10 nætur.

Costa del Sol

frá 69.900 kr.
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Fargjald A.

ENNEMM / SIA • NM41145 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Tenerife í haust

frá 79.900 kr.

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Fargjald A.

Borgarveisla

í vor og haust

- Barcelona
- Prag
- Budapest
- Sevilla
- Madrid
- Montreal
- Ljubljana
- Helsinki
- Róm

frá kr. 54.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Fargjald A.

Króatía

Einstök ferð!

30. júní - 7. júlí

frá kr. 69.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir til og frá Trieste, með sköttum. Fargjald A.

Helsinki

Frábær ferð!

30. júní - 7. júlí

frá kr. 54.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Fargjald A.

Glæsilegt úrval

sérferða

- Perlur Slóveníu og Króatíu
- Portoroz í Slóveníu
- Töfrar Andalúsíu
- Náttúruperla í Austurríki
- Töfrandi Tyrkland
- Helsinki - Tallinn

Golfferðir í vor frá kr. 124.900



2 frábærar aukaferðir vegna mikilla vinsælda!

29. apríl – 14 nætur
13. maí – 4 nætur/5 dagar

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Litla stúlkan í Undralandi

Hver var maðurinn á bak við bókina heimsfrægu um Lísu í Undralandi og hver var uppspretta sögunnar? *Anna Margrét Björnsson* rifjar upp ævi og hugarheim stærðfræðiprófessorsins **Charles Dodgsons** sem betur er þekktur undir nafninu **Lewis Carroll**.

Sagan um Lísu í Undralandi byrjaði einn indælan eftirmiðdag 4. júlí árið 1862 þegar ungur maður að nafni Charles Dodgson reri þremur litlum stúlkum niður ána Thames frá borginni Oxford til Godstow. „Segðu okkur sögu," sagði hin litla Alice Liddell og úr þessu spannst ein frægasta saga allra tíma. Lísa féll ofan í kanínuholu, rétt eins og holurnar sem stúlkurnar sáu á árbakkanum þennan sumardag með manninum sem síðar varð þekktur sem Lewis Carroll. Alice Liddell minntist þess þegar hún var orðin eldri að Dodgson hefði ferðast með þær til ævintýraheima þennan dag. Hún bað hann þráfaldlega um að skrifa niður söguna um nöfnu hennar í Undralandi og tveimur og hálfu ári eftir að sagan fæddist þá færði hann henni skáldsöguna Lísu í Undralandi innbundna í grænu leðri.

Feiminn stærðfræðingur

Dodgson var hávaxinn, grannvaxinn og fölur með næstum kvenlega andlitsdrætti. Hann stamaði, var heyrnarlaus á öðru eyra og þjáðist af mígreni og flogaveiki. Stamið átti eftir að birtast í líki dódófuglsins í sögunni um Undraland en Dodgson stamaði einmitt do-do þegar hann reyndi að segja nafnið sitt. Hann klæddist aðeins svörtum fötum, nema þegar hann fór út að róa og þótti alvörugefinn og sérvitur. Dodgson, sem hafði vakið nokkra athygli fyrir limruskrif sín sem unglingur, var fyrst og fremst framúrskarandi stærðfræðingur og fékk hæstu einkunnir í faginu bæði í skóla og háskóla og endaði sem stærðfræðiprófessor við Christ Church í Oxford-háskóla. Dodgson skrifaði verk um algebru fyrir Viktoríu Englandsdrottningu, bók um tennisreglur og fann upp vélina Nyctograph sem gerði honum kleift að skrifa í myrkri án þess að tendra ljós.

Dodgson verður Carroll

Vinir Dodgsons sannfærðu hann um að fara með handritið að Lísu í Undralandi til útgefanda og bókin kom út árið 1865. Lewis Carroll var nafnið sem Dodgson hafði notað sem höfundarnafn á nokkur ljóð og fylgdi honum alla tíð eftir útgáfu Lísu. Hann kaus hins vegar að opna aldrei eitt einasta bréf sem var stílað á Lewis Carroll. Sagan um Lísu var myndskreytt á fagurlegan hátt af teiknaranum John Tenniell og bókin fékk lofsamlega dóma og seldist í himinháum upplögum. Hún var ein fyrsta skemmtisagan skrifuð fyrir börn og var uppfull af húmor og skringilegheitum sem þau kunnu að meta. Lísa í Undralandi sameinar hetjusögu og fantasíur og er uppfull af skopstælingum, barnavísum og söngvum. Margir fræðimenn sjá uppruna Lísu í stærðfræðilegum pælingum ýmis konar og aðrir bera hana til dæmis saman við miðaldaljóð þar sem dýr eru gædd mennskum eiginleikum. Bókin þykir uppfull af duldum táknum og leyndum meiningum sem eru enn óendanleg uppspretta bókmennta og fræðigreina um heim allan.

Barnaást eða barnagirnd?

Charles Dodgson naut sín best í félagsskap lítilla stúlkna. Liddell-systurnar þrjár voru dætur yfirprófessorsins við Christ Church í Oxford og vinskapur Charles við þær var mikill, sérstaklega við Alice og hann virtist heillaður, jafnvel ástfanginn af henni. Kannski varð hann aðeins of hrifinn af henni því að á tímabili þegar hún var ellefu ára hélt hann sig fjarri Liddell-fjölskyldunni líkt og eitthvað hefði mögulega þótt óviður-kvæmilegt í ást hans á stúlkunni. Ekkert þykir sannað um að Dodgson hafi haft neitt nema eðlilegan áhuga á börnum þrátt fyrir að ýmsir haldi öðru uppi. Þessi feimni maður naut sín best meðal barna, hann hætti að stama í návist þeirra og hafði í heiðri hina rómantísku hugmynd um hreinleika barna sem birtist hjá fleiri skáldum þessa tíma.

Það þykir líklegt að Dodgson hafi sjálfur lent í einhvers konar áreiti sem barn í heimavistarskóla því í skrifum sínum talar hann um að þau þrjú ár hafi verið óbærileg vegna „næturtruflana". Dodgson hafði mikinn áhuga á ljósmyndun og myndaði oft naktar litlar stúlkur sem mörgum hefur þótt rökstyðja sögur um barnagirnd hans. Myndirnar voru þó allar teknar með leyfi foreldra barnanna sem voru viðstaddir myndatökurnar.

LÍSA TIMS BURTON Kvikmynd leikstjórans Tim Burton er nú í kvikmyndahúsum og skartar leikkonunni Miu Wasikowu í hlutverki Lísu. Í kvikmyndinni blandar Burton saman bókunum Lísu í Undralandi og framhaldi hennar, Gegnum spegilinn, og útkoman verður nokkuð ólík hinum upprunalegu verkum.

→ FRÆG VERK EFTIR LEWIS CARROLL

- Lísa í Undralandi (e. Alice's Adventures in Wonderland)
- Gegnum spegilinn (e. Through the Looking Glass)
- The Hunting of the Snark
- Jabberwocky
- Phantasmagoria
- Symbolic Logic
- Euclid and his Modern Rivals
- The Alphabet Cipher
- What the Tortoise Said to Achilles
- Hiawatha's Photographing

MAÐURINN Á BAK VIÐ LÍSU Charles Lutwidge Dodgson, betur þekktur sem Lewis Carroll. Sjálfsmynd tekin árið 1865, sama ár og bókin um Lísu kom út.

Tengingar við eiturlyfjaneyslu?

„Guð gefi mér heilagan anda til að hreinsa mig og gera mig góðan," skrifaði Dodgson í dagbækur sínar og hver svo sem uppspretta angistar hans var þá þykir ljóst að einhvers konar sálarkreppa og sorg sé undirliggjandi í sögunni um Lísu sem af mörgum bókmenntafræðingum þykir uppfull af vísunum í þroska barns yfir í heim hins fullorðna.

Sumir þykjast sjá mikið af vísunum í kynferðislega óra í bókinni með hinum sífelldu lýsingum af stækkunum og minnkun, hnerrum og barsmíðum, ostrum og flamengó-fuglum. Þrautir, púsluspil og alls kyns heilabrot voru Dodgson hugleikin og mynda stóran hluta af sögunni um Lísu.

Deilt hefur verið um hvað flöskurnar sem Lísa drekkur úr og kökurnar sem hún borðar til að stækka og minnka tákna. Þetta, ásamt pípureykjandi lirfu á sveppi og síbrosandi ketti, þykir mörgum vera vísun í eiturlyfjaneyslu og sannarlega var skáldsagan Lísa í Undralandi í hávegum höfð af hippum sjöunda áratugarins sem tengdu hana við sýrutripp og hassreykingar.

Ekkert er sannað um hvort Dodgson hafi sjálfur neytt skynörvandi lyfja eða reykt ópíum eða hass þó að það sé ekki ólíklegt. Margir samtímarithöfundar hans neyttu ópíums og sumir vilja meina að hin reykjandi lirfa sé háð á þá og hinar ópíumreykjandi hefðarstéttir. Skynörvandi lyf voru sannarlega til á þessum tíma og getgátur hafa verið uppi um að Carroll hafi mögulega neytt sveppa eða jurtarinnar Belladonna sem var notuð í lækningaskyni og svipar að mörgu leyti til efnisins LSD. Morfín hefur Carroll líklega tekið við mígreniverkjum og öðrum kvillum líkt og margir á þessum tímum.

Carroll-mýtan hrakin

Umdeildar hugmyndir hafa einnig verið uppi um að Dodgson hafi ekki verið strangkristinn eins og áður var talið heldur hafi hann verið á kafi í dulspeki, guðspeki og spíritisma og tengst endurvakningu nýplatónismans á nítjándu öld og þetta geti útskýrt táknfræði í sögum hans. Rithöfundurinn Karoline Leach skrifaði bókina In the Shadow of the Dream Child: The Myth and the Reality of Lewis Carroll og hrekur með henni ýmislegt sem áður var talið víst um rithöfundinn eða „The Carroll Myth", og þá sér í lagi að hann hafi verið barnaníðingur.

Dodgson hélt áfram ljósmyndun sinni og hóf að umgangast listamennina sem aðhylltust Pre-Rafaelita-stefnuna eins og málarana Dante Gabriel Rossetti og John Everett Millais og varð góður vinur Johns Ruskin. Þau tuttugu árum sem hann átti ólifuð eftir sigurgöngu Lísu í Undralandi breyttist daglegt líf hans lítið. Hann hélt áfram að kenna við Christ Church þar til ársins 1881 og gaf út síðustu skáldsögur sínar, Sylvie og Bruno, árin 1889 og 1893. Eina skiptið sem hann ferðaðist til útlanda var til Rússlands árið 1867.

Dodgson lést 65 ára gamall af lungnabólgu heima hjá systur sinni í Guildford sunnan höfuðborgarinnar. Lísa í Undralandi hefur verið þýdd á um 120 tungumál og sagan endurgerð í sjónvarpi, kvikmyndum og leikhúsi.

Ný ævisaga um Lewis Carroll, The Mystery of Lewis Carroll eftir Jenny Woolfe, rekur bankareikninga hans og telur sannað að hann hafi gefið óspart af eigum sínum til yfir 30 góðgerðafélaga sem hjálpuðu börnum sem höfðu orðið fyrir kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi.

TEIKNING AF LÍSU Charles Dodgson rissaði upp Lísu í Undralandi þegar hann sat við skriftir á bókinni. Í efra vinstra horni má sjá teikningu af hinni raunverulegu Lísu, stúlkunni Alice Liddell sem var honum innblástur að sögunni.

LJÓSMYND AF ALICE Stúlkan Alice Liddell (1852 - 1934) en hér er ljósmynd af henni í hlutverki betlarastúlku sem Dodgson tók. NORDICPHOTOS/GETTY

HVÍTA KANÍNAN Hljómsveitin Jefferson Airplane samdi lagið White Rabbit innblásið af Lísu í Undralandi og tengdi söguna við neyslu LSD.

TEIKNING ÚR BÓKINNI John Tenniell myndskreytti upprunalegu útgáfuna með fallegum og skringilegum teikningum sem áttu vel við efnið.

LÍSA Í ÓTAL MYNDUM Þessi teikning úr Lísu í Undralandi var gerð af Charles Folkard.

Aðeins í BYKO Breidd

Mikill afsláttur

LAGER-HREINSUN

Hreinlætistæki - Blöndunartæki - Stór heimilistæki

25-80% afsláttur

Gæðavörur á frábæru verði!

SPILUM SAMAN

- DURAVIT og VILLEROY & BOCH handlaugar.
- DURAVIT og VILLEROY & BOCH vegghengd salerni.
- Glass hornbaðkör með og án nudds.
- KABI og SVEDBERG sturtuhorn og sturtuhurðir.
- ATMO baðþil.
- KABI sturtubotnar.
- ARISTON gashelluborð, innbyggðar kaffivélar, vegghafar, innbyggðir ísskápar, gufuofnar og fjölkerfaofnar.
- BOSCH uppþvottavélar, bakarofnar, ísskápar, spanhelluborð, vínkælar, eldavélar og háfar.
- Afgangasala af flísum og flísaskrautlistum, ótrúlegt verð.
- Viðarrimlagardínur 2 verð, 1500 og 2500 kr.

Fyrstir koma, fyrstir fá!

Aðeins í 2 vikur!

BYKO

EXPO · www.expo.is

Fyrst og fremst sögur af fólki

Þetta er mikil helgi hjá **Margréti Örnólfsdóttur**. Önnur serían af lögfræðidramanu Rétti, sem hún skrifar með Sigurjóni Kjartanssyni, hefst á Stöð 2 annað kvöld og hún kynnir Íslensku tónlistarverðlaunin ásamt Sigtryggi Baldurssyni í beinni í kvöld. Svo styttist í að hún fæði fimmta barnið sitt. Margrét spjallaði við *Dr. Gunna*.

Önnur serían af Rétti hefst annað kvöld á Stöð 2. Þetta verða sex þættir eins og í fyrri seríunni. Margréti minnir að hugmyndin um að búa til íslenskt lögfræðidrama hafi upphaflega komið frá Sigurjóni Kjartanssyni. „Mér fannst þetta frábær hugmynd," segir hún. „Maður er náttúrulega búinn að sjá endalaus lögfræðidrömu frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Danmörku og þó þetta sé fyrirsjáanleg formúla að ýmsu leyti er gaman að setja svona inn í íslenskt samhengi. Það á alveg eftir að gera íslenska læknadramað til dæmis. Þótt þetta séu allt þekkt snið, þá eru þetta fyrst og fremst rammar til að skrifa um fólk. Það er hægt að skipta um ramma, setja inn réttarsal, rannsóknarlögregludeild eða bensínstöð, en fyrst og fremst er maður alltaf að segja sögur af fólki. Í lögfræðidrama eru margir möguleikar á að segja stórar sögur."

Allir byrja á því að ljúga

Margrét segir að hugmyndavinnan að fyrstu seríunni hafi verið byrjuð nokkru fyrir bankahrun. „Tökurnar fóru svo í gang fljótlega eftir hrunið og það þurfti að endurskoða ýmislegt. Sena sem gerðist í einkaþotu til dæmis var ekki alveg málið lengur. En við tókum hrunið í sjálfu sér ekkert inn í fyrstu seríuna. Við gerum það meira núna. Það er samt ekkert Icesave. Ég held að mesti munurinn á seríunum sé að sú nýja er betri af því við erum einfaldlega orðin betri höfundar. Maður lærir á leiðinni hvað virkar og hvað ekki. Það er meiri spenna og aksjón."

Maður hefur á tilfinningunni að heimur lögfræðinga sé frekar þurr og leiðinlegur. Hvernig gíraðir þú þig upp í að skrifa um þennan heim?

„Það er ekkert erfitt ef maður tekur mannlega vinkilinn á þetta. Þá er þetta spennandi heimur. Þetta okkur skáldaleyfi og kryddum þetta á alla kanta. Þú lest ekki bókmenntir til að kynnast raunveruleikanum heldur til að fá einhverja skekkju sem kveikir á einhverju hjá þér. Þú færð raunveruleikann meira og minna í æð allan sólarhringinn en svo áttu þennan möguleika að annaðhvort drekka þig fullan eða horfa á eina góða bíómynd! Það er greinilega eitthvað sem manneskjan þarf á að halda. Að fara út úr líkamanum."

Lítið komist í kast við lögin

Hvernig undirbjugguð Þið ykkur? Sökktuð þið ykkur djúpt ofan í lögfræðina, sátuð við réttarhöld og svoleiðis?

„Við kynntum okkur þetta eftir bestu getu, já. Ég fann að þegar við byrjuðum skorti okkur oft bakgrunnsupplýsingar til að hreinlega fatta margt. Maður er nú bara svo heppinn að hafa lítið komist í kast við lögin. Við hittum nokkra ólíka lögfræðinga og lærðum margt af þeim. Meðal annars fyrirtækjalögfræðing, einn harðkjarna verjanda og einn sem hefur sérhæft sig í félags- og fjölskyldurétti. Við létum lögfræðing lesa yfir handritið svo við værum ekki alveg úti að aka. Við þurftum ekki að breyta voðalega miklu því við leituðum okkur oft upplýsinga á meðan við vorum að skrifa þetta. Það voru aðallega breytingar varðandi orðalag, enda er það ekki á færi venjulegs fólks að temja sér lögfræðilegt málfar."

Var lélegur poppari

Hverjum hefði dottið árið 1990 að Magga í Sykurmolunum og Sigurjón í Ham myndu 20 árum síðar vera að skrifa lögfræðidrama fyrir Stöð 2?

„Ég hefði allavega ekki trúað því!" segir Margrét. „Ég var samt alltaf frekar lélegur poppari. Ég varð poppari fyrir tilviljun. Svo var ég aldrei dæmigerður poppari vinum sínum í Risaeðlunni um tíma. „Ég var í klassíkinni sem unglingur og var að læra á píanó þangað til ég byrjaði í Sykurmolunum. Ég var alltaf á leiðinni í kvikmyndagerð en Sykurmolarnir eyðilögðu það fyrir mér. Ég byrjaði í bandinu sumarið eftir að ég varð stúdent og svo fóru fjögur ár í popprugliið. Þegar Sykurmolarnir hættu vissi ég í rauninni ekkert hvað tæki við. Ég var tilbúin með möppu og ætlaði að sækja um í Myndlistarskólanum. Sá jafnvel fyrir mér að fara í leikmyndagerð."

Margrét fór krókaleið að handritsskrifunum. „Ég var með barnatíma á Stöð 2 og var að gera útvarpsþætti. Þá kviknaði áhuginn á að skrifa. Ég skrifaði handritið að kvikmyndinni Regínu með Sjón. Hún var frumsýnd árið 2000 og þá var boltinn farinn að rúlla. Síðan þá hef ég skrifað nokkur kvikmyndahandrit sem hafa aldrei litið dagsins ljós. Ég hef verið að vinna með Sigurjóni í nokkur ár. Skrifaði handrit að Stelpunum og Svörtum englum með honum og fleirum. Þannig að síðustu 4-5 árin hef ég skrifað talsvert af sjónvarpsefni. Það er munurinn á sjónvarpi og bíói að það er yfirleitt ekki farið af stað með sjónvarpsefni fyrr en það er búið að tryggja að það verði klárað. Kvikmyndabransinn er rosalega erfiður og það þarf mikið úthald í því. Handritshöfundar finna kannski minnst fyrir því, en það hlýtur að vera rosalega pirrandi að vera framleiðandi og leikstjóri. Þetta er svo þungur róður."

MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR SKRIFAÐI HANDRITIÐ AÐ RÉTTI MEÐ SIGURJÓNI KJARTANSSYNI „Þú færð raunveruleikann meira og minna í æð allan sólarhringinn en svo áttu þennan möguleika að annað hvort drekka þig fullan eða horfa á eina góða bíómynd."
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég er heimiliskona

Magga er komin átta mánuði á leið með fimmta barnið sitt. Fimm börn! Hvaða rugl er nú það á atómöld?

„Ég lít á það sem heilaga skyldu mínu að bæta mannkynið. Það er aldrei of mikið af góðu fólki. Ég er svo ánægð með útkomuna hingað til að þetta er bara til bóta," segir Margrét og strýkur kúluna.

Hún á stelpu og strák með Þór Eldon, sem eru orðin 21 og 17 ára. Margrét á svo sjö og fimm ára börn auk bumbubúans með Oddi Ingólfssyni, sem er prófessor í efnafræði við Háskóla Íslands. Er hægt að draga þá ályktun út frá barnafjöldanum að Magga sé ekki framakona – að hún sé alltaf að „fórna sér" fyrir börnin?

„Nei, alls ekki. Ég hef aldrei stoppað þótt ég eigi öll þessi börn. Þú sérð það: Ég er komin 36 vikur á leið og er að fara að kynna Íslensku tónlistarverðlaunin í kvöld, er að skrifa barnabók og þú veist… Ég hef aldrei litið á börnin sem hindrun. Ég slaka auðvitað á og sinni hlutunum eftir því sem ég get og ég hagræði tímanum. Ég er bara heimiliskona. Ég vinn heima, svo koma börnin, þá hætti ég að vinna og sinni þeim. Ég læt þetta bara ganga upp. Ég er heldur ekki í neinu öðru. Spila til dæmis ekki golf. Fara ekki alveg hálfu og heilu dagarnir í það?"

> Síðast þegar ég var virkilega hrædd á djamminu var þegar ég villtist einhvern tímann inn á Thorvaldsen. Þar var ekkert nema miðaldra bankafólk og manndrápsstemming í loftinu. Ég forðaði mér út í snatri."

væri náttúrlega hundleiðinlegt ef lögfræðin væri yfirgnæfandi. Hún er nú bara eins og útlína. Þegar við kynntum okkur þetta komu ýmsar hliðar upp sem maður hafði aldrei spáð í. Til dæmis hvað það er rosalegt áfall fyrir „venjulegt fólk" að lenda í því að gera eitthvað af sér, vera ákært eða að sitja í gæsluvarðhaldi. Einn lögfræðingurinn sagði okkur frá því að það væri eins og eðlisviðbragð hjá öllum að byrja á því að ljúga. Forvinna lögfræðinga er oft bara sú að fá fólk til að horfast í augu við hlutina."

Margrét segir að eitt helsta markmiðið með þáttagerð sé að búa til sannfærandi heim. „Auðvitað væri þetta ekkert gaman ef sjónvarpsefni væri bara hrár veruleikinn. Það myndi enginn nenna að horfa á beina útsendingu frá lögfræðiskrifstofu eða réttarsal. Við tökum því ég var alltaf annað hvort ólétt eða með lítið börn. Sykurmolarnir var mikið ævintýri og allt það, en ég sá þetta aldrei fyrir mér sem ævistarf."

Var mikið rugl á ykkur?

„Tja, maður var ungur og fjörugur og var eðlilega slakari yfir alls konar vitleysu en núna. Það þurfti að vera ansi mikið rugl í gangi til að manni færi að ofbjóða. Ég hef nú séð meira rugl hjá öðrum starfsstéttum en poppurum. Ég get ímyndað mér að árshátíð lögfræðinga sé skrautleg. Síðast þegar ég var virkilega hrædd á djamminu var þegar ég villtist svona 2006 inn á Thorvaldsen. Þar var ekkert nema miðaldra bankafólk og manndrápsstemming í loftinu. Ég forðaði mér út í snatri."

Margréti var kippt inn í Sykurmolana eftir að hafa spilað með

→ SÍÐAST (EN EKKI SÍST)

Síðasta sundlaugin: „Garðabæjarlaug. Gömul, rosa kósí og þægilega heit. Oftast fáir á ferli þarna."

Síðasta út-á-landið: „Fór með japanskri fjölskyldu sem var í heimsókn í Ensku húsin í Borgarfirði. Þetta var um jólin og það var æðislegt. Japanarnir voru vakandi alla nóttina til að reyna að sjá norðurljósin. Það voru engin norðurljós, en allir voru samt ánægðir."

Síðast í bíó: „Ég skemmti mér vel yfir The Good Heart."

Síðasta bókin: „Ég er að lesa Hjá brúnni eftir Kristínu Ómarsdóttur."

Síðasta bókin fyrir börnin: Það eru tvær í gangi, Mollí Moon og týndi tvíburinn og Blái hnötturinn."

Síðasti matsölustaðurinn: „Metro. Fékk dánasta hamborgara sem ég hef nokkurn tímann smakkað. Fer aldrei þangað aftur."

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

mars 2010

Gaman að kenna börnum jóga

Ágústa og Drífa segja börn hafa ánægju af jóga

SÍÐA 2

Símtal af hafsbotni

Ásgeir Einarsson kafari og synir hans hafa það orð á sér að vera mikið neðansjávar

SÍÐA 2

Fetað í fótspor pabba Eva með föður sínum, Jörgen Albrechtsen á læknastofu hans í Domus Medica.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fetað í fótspor foreldranna

Hvað ætlarðu að verða? eru börn stundum spurð. Strákar svara þá gjarnan með hetjustarfi og stelpur öllu kvenlegri starfa, en þegar aldur hækkar kjósa fleiri starfsvettvang pabba eða mömmu.

Gramsað í læknatösku pabba

„Ég var lengi í uppreisn gagnvart því að verða læknir því allir í fjölskyldunni bjuggust við að ég fetaði í fótspor föður míns og föðurafa. En svo þegar ég stóð frammi fyrir námsvali í háskólanum fannst mér ekkert nema læknisfræðin áhugaverð og sé ekki eftir því námsvali í dag," segir Eva Albrechtsen sem útskrifaðist sem læknir úr Háskóla Íslands vorið 2007. Faðir hennar er Jörgen Albrechtsen röntgenlæknir.

„Eins og önnur læknabörn þótti mér súrt í broti að fá ekki að vera eins oft veik heima og hinir krakkarnir. Ég var alltaf send í skólann um leið og ég varð hitalaus, en læknar hafa eðlilega umframvitneskju um veikindi og sparka í rassinn á sínum börnum þótt kvartað sé undan einhverjum krankleika. Hins vegar er ekki mælt með að læknar meðhöndli sín börn eða sína nánustu," segir pabbastelpan Eva sem ávallt hefur litið upp til föður síns í starfi og leik.

„Pabba hefur alltaf fundist mjög gaman í vinnunni og það skín af honum enn þann dag í dag. Ég varð snemma spennt fyrir læknatöskunni og fékk iðulega að gramsa í henni. Seinna, þegar pabbi hafði sérhæft sig, þótti mér gaman að fara með honum til að sjá hvað hann aðhafðist í vinnunni," segir Eva sem nýlega byrjaði sérhæf-

FRAMHALD Á SÍÐU 4

FRÁBÆR TILBOÐ EINGÖNGU ÞESSA HELGI

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Opið laugardag og sunnudag

Sigríður Tómasdóttir skrifar

Bíllausar vikur

Fjölskyldubíllinn bilaði um daginn. Vegna þess hversu oft hann hefur bilað síðan hann var keyptur notaður hér um árið þá hélt ég jafnvel að nú væri hann búinn að vera, annaðhvort væri ekki hægt að gera við gripinn eða það myndi vera of dýrt til að að hægt væri að réttlæta þá eyðslu. Ég taldi varasjóðinn, það tók 10 sekúndur, og komst að þeirri niðurstöðu að hinn bíllausi lífstíll væri ákjósanlegur á þessum síðustu og verstu tímum.

Ég átti aldrei bíl áður en börn komu til sögunnar og því alls ekki eins og það sé mér framandi að ferðast með strætó eða gangandi. En ég verð að játa að vikurnar án bíls voru erfiðar. Tökum morgnana sem dæmi, ef það kom í minn hlut að fara með börnin þá tók ferðalagið í vinnuna ansi langan tíma. Leiðin í leikskólann 20 mínútur, gangur á stoppistöð annað eins eða meira. Svo var snjór og vond færð sem gerði ferðalagið erfiðara. Að ýta barnavagni með systkinapalli eftir gangstéttum sem rutt hefur verið upp á er ekkert sérstaklega auðvelt. Ég reyndi náttúrulega að líta á björtu hliðarnar, morgungöngurnar voru mjög fersk byrjun á deginum og jöfnuðust á við leikfimitíma. Sem var gott því að leikfimitímar voru ekki á dagskrá, til þeirra vannst ekki tími, ekki nennti ég upp í strætó að kvöldlagi til að ástunda leikfimi.

Hliðaráhrif bílleysis urðu að matarkostnaður heimilisins rauk upp því ferðir í lágverðsverslanir liðu út úr skipulaginu, en göngutúrar í dýrari verslanir í nágrenninu tóku við. En að mörgu leyti kunni ég ágætlega við bílleysi, það var ágætt að þurfa að sleppa ferðalögum í fjarlæg hverfi, kannski verslunarferðum með tilheyrandi peningaeyðslu. Fyrir nú utan hvað það er ánægjulegt að losna við að fylla bensíntank þegar lítrinn kostar yfir 200 krónur.

Svo gerðist það að loftnetið bilaði og fjölskyldan var þá komin í bæði bíllausan og sjónvarpslausan lífsstíl. Merkilegt hvað það var lítið mál miðað við það hversu oft er kveikt á sjónvarpinu á mínu heimili. Fréttir fengu bara að hljóma í útvarpi, og voru ósköp notaleg kvöldin sem voru sjónvarpslaus. Ég fór að sjá fyrir mér að næst hlyti þvottavélin að bila og þvotturinn yrði þveginn í bala. Ég er ekki svo geggjuð að finnast það vera eftirsóknarvert. Og sem betur fer er þvottavélin enn í lagi, sjö níu þrettán.

En síðan mætti viðgerðarmaður og gerði við loftnetið. Skömmu síðar kom hringing frá verkstæði og bíllinn var kominn í lag. Þá var allt aftur venjulegt, nema að börnin biðja oftar um að fá að fara labbandi í leikskólann, það er nefnilega nokkuð skemmtilegt að fá göngutúr með mömmu eða pabba á morgnana og síðdegis, rekast á kisur og fara krókaleiðir í hverfinu, kannski ætti maður að hafa bíllausa daga í viku hverri í framtíðinni?

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Vilhelm Gunnarsson Pennar: Þórdís Lilja Gunnarsson, Kjartan Guðmunds. Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*

Feðgar í ævintýraleit Hér má sjá feðgana Gísla, Ásgeir, Martein og Guðbjart við gömlu herstöðina í Hvalfirði, þangað sem þeir hafa farið reglulega til að kafa, skoða og taka myndir ofan í sjónum. MYND/ÚR EINKASAFNI

Símtal af hafsbotni

Um áttatíu prósent jarðar eru hulin vatni. Undir leynist undraheimur engum líkur, með framandi skepnum, gróðri og landslagi. Ásgeir Einarsson atvinnukafari nýtur samveru með sonum sínum í djúpinu.

Blessaður, Ásgeir. Hvað syngur í þér? Hvaðan hringirðu?"

„Ég er að hringja neðan af hafsbotni. Við feðgar höfum orð á okkur fyrir að vera mikið neðansjávar," segir Ásgeir þar sem hann mundar símtól á grængolandi dýpi með þremur sonum sínum. Á bryggju bíður móðurstöð tengd í síma, en þeir feðgar eru búnir fágætum tækjakosti þegar þeir kafa í frítíma sínum eða með köfunarsveit Björgunarfélags Akraness. „Í sjónum finnast engar áhyggjur, vandamál né kreppa. Þar endurnærist maður á líkama og sál," segir Ásgeir sem staðhæfir að köfunarbakterían hverfi aldrei úr þeim sem smitast.

„Undir yfirborði vatns blasir við annar heimur; stórbrotið landslag með hólum og hæðum, klettum og hryggjum, litskrúðugum gróðri og lífríki. Þar erum við með líf hvers annars í höndum og förum alltaf niður tveir og tveir saman, eftir að hafa skoðað vel búnað hvor annars, því ekki er hlaupið heim ef eitthvað bjátar á."

Synir Ásgeirs voru um fermingu þegar þeir fyrst byrjuðu að aðstoða föður sinn á bryggjunni og seinna tók köfunin við. Saman sinna þeir ýmsum áhugaverkefnum, eins og könnun skipsflaka á Mýrum, þar sem franska skipið Pourquoi Pas? liggur í votri gröf. Ásgeir er einn fárra sem kafa má niður á 50 metra dýpi og hefur margsinnis kafað í flakið.

„Sjórinn í kringum Ísland er sneisafullur af skipsflökum og á Mýrum liggur skip við skip. Eðlilega finnast í sumum mannabein en maður umgengst þau af virðingu, líkt og í kirkjugarði. Þá verða þeir dánu vinir manns og sækja mann ekki heim. Fólk er ekki tekið úr skipum nema ættingjar biðji um það, en ári eftir sjóskaða er slíkt yfirleitt látið eiga sig og flakið þá orðið að gröf," segir Ásgeir sem í þrjátíu ár hefur unnið við að sækja látna í sjó, ásamt daglegri vinnu í sjó við lagningu símakapla, rafmagns- og olíuleiðslna, og losun neta úr skrúfum skipa.

„Köfun er hættulaus fari menn eftir settum reglum, en hræðslan kennir manni hvað ber að varast. Háhyrningurinn er hættulegasta skepnan í sjónum og hefur drepið fólk. Kafarar eru því snöggir upp ef til þeirra sést."

Að sögn Ásgeirs fer áhugi ungmenna á köfun vaxandi, sem sjá megi á miklum fjölda þeirra í Sportkafarafélaginu.

„Tækni í kringum köfun er orðin svo gífurleg. Nú er ekki lengur við kulda að glíma og nú hafa menn þrjú öryggisúrræði fari eitthvað úrskeiðis við öndun," segir Ásgeir sem fer iðulega í sjávarréttaleit með sonum sínum þar sem þeir finna sér ígulker, humar og skeljar sem þeir grilla og skola niður með hvítvíni.

„Ísland er draumaland kafarans og öruggt að Breiðafjörður á eftir að uppgötvast sem fallegasti köfunarstaður heims; svo tær er hann og fullur af lífi og landslagi skerja og eyja. Þar er draumur fyrir fjölskyldur að kafa, enda frábært fjölskyldusport sem er ekki eins dýrt og menn halda."

thordis@frettabladid.is

KANADAFERÐIR
WINNIPEG – BEINT FLUG

Vesturheimur SF
býður ódýrar ferðir
til Winnipeg í Kanada
í sumar.

Nánari upplýsingar á
www.vesturheimur.com
eða í síma 861-1046

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

NÁMSKEIÐ

Jóga fyrir börn frá tveggja ára Börn eru svo opin og móttækileg að það er gaman að kenna þeim jóga, þau eru liðug, í formi og full af orku og þeim þykir ekkert skrítið við að hugleiða og læra öndun," segir Ágústa Kolbrún Jónsdóttir sem ásamt Drífu Atladóttur stendur fyrir jóganámskeiði fyrir börn sem hefst í næstu viku í jógastöðinni Jógastúdió. Hópnum verður aldursskipt, námskeið fyrir tveggja til fimm ára börn verða haldin á mánudögum klukkan 16.20 en námskeið fyrir sex til tíu ára verður á miðvikudögum. Verðinu er mjög stillt í hóf, en fjögurra vikna námskeið kostar fimm þúsund krónur.

„Okkur langaði frekar að fá fólk inn í stað þess að setja upp dýrt námskeið sem bara fáir hafa ráð á, jóga er svo gott fyrir alla," segir Ágústa sem er jógakennari og hefur mikla reynslu í að kenna börnum jóga, kenndi til að mynda jóga í tvö ár á leikskólanum Rauðhóli. Ágústa segir jógað mikið kennt í gegnum leik, sérstaklega í yngri hópnum. „Tíminn verður eins og skemmtileg sögustund," segir Ágústa sem segir foreldra velkomna á námskeiðið líka, þeir taki þá þátt í námskeiðinu með börnum sínum. Nánari upplýsingar www.jogastudio.is.

ego dekor

HETTHI
stækkanleg eikarborð
160(248)x100
Verð: 159.900,-
200(288)x110
Verð: 179.900,-

HETTHI
Vegghilla m/ljósi
Verð: 39.500,-
TV skenkur 240cm
Verð: 109.900,-

COMO
Hnota/svart háglans
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:
139.900,-
Borð 220x100
Verð:
119.000,-



COMO
Wengi/hvítt matt
ERIC TV skenkur br: 210cm
Verð:
129.900,-
ERIC skenkur br: 170cm
Verð:
139.900,-

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

OPAL leðurstóll
Verð:
16.900,-

SABINE
leðurstóll
Verð:
16.900,-

SARINA stóll
Verð:
14.800,-

JAZZ stóll
Verð:
18.900,-

TRENT leðurstóll
Verð: 12.800,-



DELTA
leðurtungusófi
Stærð: 276X176
TILBOÐSVERÐ:
269.100,-



COOL
leðurtungusófi
Stærð: 324X170
Verð:
339.000,-

NEW ENGLAND
tungusófi
Stærð: 252x165
Færanleg tunga
Tilboðsverð:
169.200,-

SICILY tungusófi
Stærð: 267x165
Færanleg tunga
Verð:
209.000,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

Kæru þið! Upp með gleði og kjark
Hin vinsælu byrjendanámskeið halda áfram í
Yogastöðinni Heilsubót
Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is
Nýtt námskeið hefst 23. mars Innritun hafin.
Vanir yogaiðkendur hjartanlega velkomnir
Í morguntíma, hádegis, síðdegis og kvöldtíma.

SOS! Hjálp fyrir foreldra

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, í samstarfi við sálfræðideild HÍ, stendur fyrir uppeldisnámskeiðinu SOS! Hjálp fyrir foreldra. Námskeiðið er ætlað foreldrum og starfsfólki sem vinnur með börnum og/eða foreldrum. Kennt er í 6 skipti, einu sinni í viku, 2,5 klst í senn, samtals 15 klst.

Á námskeiðinu er meðal annars fjallað um hvernig skýr skilaboð efla foreldrahlutverkið, aðferðir til að styrkja æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun. Fjöldi þátta í tækni til hegðunarstjórnunar eru kynntir. Aðferðirnar sem eru kenndar nýtast við uppeldi barna til að minnsta kosti tólf ára aldurs. Leiðbeinendur eru starfandi sálfræðingar.

Verð aðeins kr. 18.000 fyrir einn og kr. 25.000 fyrir tvo (par). Athugið að mörg stéttarfélög endurgreiða námskeiðsgjaldið.

Takmarkaður þátttakendafjöldi. Skráning er hjá soleyl@hi.is. Nánari upplýsingar eru í síma 525 4545 og 525 4544 eða á www.felagsvisindastofnun.is.

vinnan
göfgar manninn...

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ VERÐA? Klassískur texti Hrekkjusvín áhuga margra foreldra á framtíðarplönum barna sinna. Hann hef Stundum stendur á svörum: „Almáttugur en sú mæða ég get ekk ferðalangur, fuglahræða, flibbanaut í sumarfrí“ eins og segir í la

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Samrýndar og barnelskar mæðgur Garðurinn hjá dagmæðrunum Láru Dan og Stellu Ósk ómar af glaðværð og krúttlegu fótataki litla fólksins sem spreytir sig á rennibrautum og upplifir ævintýri í litríkum kofa þar sem sandur er uppistaðan í kökugerð og rjóðar kinnar kíkja út um glugga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ingu sína í háls-, nef- og eyrnalækningum.

„Það kom á óvart hversu læknastarfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Vakta- og vinnuálag er auðvitað þungt, en vissulega þess virði því það er svo gaman í vinnunni. Samt getur verið erfitt að láta vinnu og fjölskyldulíf hanga saman og tek ég ofan fyrir öllum kvenlæknum sem tekist hefur að sameina það að vera móðir, eiginkona, húsmóðir og útivinnandi unglæknir í 140 prósent vinnu á spítala. Mér skilst þó að maður komist í gegnum þetta,“ segir Eva brosmild, en hún eignaðist frumburð sinn fyrir tæpu ári og hefur í nógu að snúast við barnauppeldi samfara læknastörfum.

„Samband okkar pabba hefur alltaf verið náið en hefur nú breyst á þann veg að við getum nú talað dýpra um hlutina og gaman að geta borið tilfelli undir pabba sem ég kynnist á spítalanum. Hann er afar áhugasamur um kennslu og kenndi mér röntgenkúrs í læknadeildinni. Þá var óneitanlega sérstakt að mæta í tíma til pabba,“ segir Eva sem er umvafin heilbrigðisstarfsfólki í sinni fjölskyldu; móðir hennar og yngri systir eru báðar hjúkrunarfræðingar.

„Maðurinn minn er flugumferðarstjóri og segist núorðið bara getað klappað hundinum til að vera á umræðugrundvelli við einhvern í fjölskyldunni,“ segir hún hlæjandi.

Draumastarf með dýrmætum krílum

„Sem unglingur hafði ég engan skilning á því hvernig mamma nennti að passa annarra manna börn alla daga og hefði hrist hausinn hefði einhver sagt að ég mundi sjálf velja mér dagmömmustarfið síðar á lífsleiðinni. Í dag hef ég aftur á móti allan skilning á því hvers vegna mamma hefur staðið vaktina svona lengi, ber ómælda virðingu fyrir ævistarfi hennar og ekki síst henni sjálfri, því dagmömmustarfið er langt í frá fyrir alla og aðeins gæðasálir og barnelskar sem endast þetta lengi,“ segir Stella Ósk Sigurðardóttir, sem um þessar mundir hefur unnið sem dagmamma við hlið móður sinnar, Láru Dan Daníelsdóttur, í áratug.

„Ég eignaðist mitt fyrsta barn átján ára og fannst kostur að þurfa ekki strax út á vinnumarkaðinn frá litla barninu. Ég fór því að vinna með mömmu og er skemmst frá því að segja að starfið kom ánægjulega á óvart. Ég fílaði mig strax á réttri hillu og síðan hafa árin liðið hratt og ég alltaf jafn sátt. Dagmömmustarfið er í senn spennandi og skemmtilegt og ég get ekki hugsað mér aðra vinnu, auk þess sem mér finnst dýrmætt að fá tækifæri til að starfa við hlið mömmu.“

Lára Dan hefur starfað sem dagmóðir á þriðja áratug. Frá því Stella man eftir sér þekkir hún því ekki annað en að heimilið hafi verið fullt af litlum börnum.

„Í dag erum við heppnar ef börn eru hjá okkur til tveggja ára aldurs, en á meðan ég ólst upp voru börn hjá dagmömmum þar til skólaganga hófst. Mér fannst því eðlilegasti hlutur í heimi að alast upp samhliða hópi lítilla barna,“ segir Stella.

Hún segist hlakka til hvers dags í starfinu. „Það skiptir auðvitað miklu að vera tvær saman; ég er ekki viss um að geta verið í þessu ein. Mamma er svo yndisleg manneskja, það er hrein skemmtun að vinna með henni og við náum einstaklega vel saman. Það merkilega er að við verðum aldrei leiðar hvor á annarri og erum reyndar svo miklar vinkonur að við verðum hálf vængbrotnar þegar við höfum ekki sést í langan tíma, eins og kemur fyrir í sumarfríum,“ segir Stella um leið og hún kjáir framan í kríli sem kemur glatt niður úr rennibrautinni.

„Það er einfaldlega frábært að vera dagmamma; starfið er svo gefandi og alveg yndislegt njóta samvista við lítil börn. Ég sé ekki fyrir mér að ég hætti nokkurn tímann því hér er ég í draumastarfinu og í því líður mér vel. Það eru forréttindi að geta veitt börnum heimilislega tilveru meðan foreldrarnir

„Sem hnáta læddist ég stundum í kústinn á verkstæði pabba og fékk smáaura fyrir að sópa, en sá ekki möguleikana í starfinu fyrr en ég fór að snuddast þar og fikta á menntaskólaárunum“

Samtaka feðgin Vandvirkni og áhugi skín úr fasi feðginanna Berglindar og Hafsteins þar sem þau nostra hvort við sína bólstrunina; Berglind við antíkstól og Hafsteinn við bílstól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍSLENSKT HANDVERK Á HÁTÍÐINNI Í KVÖLD



JÓN NORDAL ER HEIÐURSVERÐLAUNAHAFI ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNANNA 2010

NÓTAN – UPPSKERUHÁTÍÐ TÓNLISTARSKÓLA HALDIN Í FYRSTA SINN

HLJÓMGRUNNUR
FYLGSTU MEÐ ÍSLENSKRI TÓNLIST
13. MARS 2010

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN Í ÓPERUNNI 13. MARS 2010

BEIN ÚTSENDING Á STÖÐ 2 Í OPINNI DAGSKRÁ HEFST KLUKKAN 20.05.

Bryndís Halla Gylfadóttir

Sykur

Steinunn Birna Ragnarsdóttir

Víkingur Heiðar Ólafsson

Feldberg

Auk verðlauna í tíu flokkum eru veitt heiðursverðlaun ÍTV. Einnig verða veitt netverðlaun og vinsældaverðlaun áhorfenda og gesta á tónlistarverðlaunavef tónlist.is.
Miðaverð 2.000 krónur. Takmarkaður miðafjöldi í almennri sölu. Miðasala Óperunnar er opin milli 14 og 18. Síminn er 511 2400.
Gestum verður boðið upp á veitingar að lokinni athöfn.

SÉRSTAKIR GESTIR HUNDUR Í ÓSKILUM

Kynnar verða Sigtryggur Baldursson og Margrét Örnólfsdóttir

Dikta

Daníel Bjarnason

Hjaltalín

TÓNLIST SKIPAR STÓRAN SESS

Í desember síðastliðnum, á Degi íslenskrar tónlistar, fögnuðum við Tónlistarhúsinu og í dag vörpum við sviðsljósinu á margt af því sem þykir standa upp úr á liðnu ári.

Íslensk tónlist á stóran þátt í að skapa þjóðinni jákvæða ímynd. Ljóst er samkvæmt ýmsum könnunum að íslensk tónlist er ofarlega í huga ferðamanna þegar þeir ákveða að koma til Íslands. Að margra mati hefur íslensk tónlist ákveðna sérstöðu sem ef til vill má rekja til góðrar undirstöðu í tónlistarmenntun. Það er mikilvægt að hlúa að þessari sérstöðu.

Framlag tónlistar til landsframleiðslu er nú áætlað um 1,4 prósent, sem þýðir að hagrænt gildi tónlistarmenningar er nokkuð meira en landbúnaðarins.

Þetta er því ein af mörgum stoðum í íslensku hagkerfi.

Það hefur sýnt sig að stuðningur við nýsköpun í menningargreinunum hefur skilað sér margfalt til baka inn í þjóðarbúið. Þessi stuðningur hefur jafnframt margföldunaráhrif yfir í aðrar tengdar greinar eins og ferðamannaiðnaðinn, verslun og þjónustu. Skýr dæmi um þetta eru tónlistarhátíðir á borð við Iceland Airwaves, Aldrei fór ég suður, Djasshátíð Reykjavíkur og Myrka músíkdaga svo aðeins fjórar af þrjátíu árlegum tónlistarhátíðum séu nefndar.

Mikilvægt er að auka verulega framlög í Tónlistarsjóð svo betur megi vinna að markaðssetningu á íslenskri tónlist. Slík fjárfesting stuðlar að efnahagslegri fjölbreytni, styrkir menningarlega innviði og er tvímælalaust ein áhugaverðasta fjárfesting sem völ er á nú á tímum.

Tónlistargeirinn hefur á undanförnum árum tekist á við stórfelldar breytingar í gegnum stafræna byltingu. Þetta hefur breytt neyslumynstri og miðlun tónlistar og felur bæði í sér ögrun og tækifæri. Ögrunin felst í að standa vörð um að greiðslur fyrir notkun á tónlist skili sér til tónlistarmanna. Þeirri baráttu miðar vel enda hafa rétthafar í tónlist og kvikmyndum snúið bökum saman til að sporna við ólöglegu niðurhali. Tækifærin felast í því að internetið skapar markað án landamæra. Það ber að skoða hvernig styrkja má frekari sókn á þessu sviði.

Skapandi atvinnugreinar og menningariðnaður geta orðið stóriðja 21. aldarinnar eins og haft hefur verið eftir Ágústi Einarssyni, doktor í hagfræði og rektor Háskólans á Bifröst. Þessi fullyrðing fellur vel að sjónarmiðum og trú stjórnarmanna Samtóns, samstarfsvettvangs tónlistarrétthafa á Íslandi. Góða skemmtun á Íslensku tónlistarverðlaunum 2010.

Ásmundur Jónsson, formaður Samtóns

Poppplata ársins

● Umsagnir dómnefndar

Amanita Muscaria

Lights on the Highway. Útgefandi: **Lights on the Highway.** Með Amanita Muscaria sannar hljómsveitin, að hún hefur frá útkomu fyrri plötu sinnar (2005) þroskast frá því að vera efnileg og upp í efsta gæðaflokk í íslenskri dægurlagatónlist. Tónlistin er einhvers konar blanda af hippatónlist 6. og 7. áratugarins og gruggtónlist Seattle-sveitanna frá þeim 9. og 10.; lagasmíðar og útsetningar eru fjölbreyttar, hljóðfæraleikur til fyrirmyndar og söngur einstaklega góður.

Get it together

Dikta. Útgefandi: **Kölski.** Dikta fetar sig áfram upp á við í einkennandi lagasmíðum, þéttri spilamennsku og firnagóðri framsetningu á Get it together. Hljómurinn er til stakrar fyrirmyndar og allt yfirbragð plötunnar mjög sannfærandi.



Don't be a stranger

Feldberg. Útgefandi: **Cod Music.** Samstarf Einars „Eberg" Tönsberg og Rósu Ísfeld úr Sometime skilaði einni af bestu poppplötum ársins. Grípandi lagasmíðar, flottur hljómur og karakterríkur söngur. Þau eru líka tilnefnd fyrir lag ársins og Einar sem höfundur ársins.

Sing along to songs you don't know

Múm. Útgefandi: **Borgin.** Sing along to songs you don't know sýnir að Múm er hljómsveit í stöðugri þróun. Tónlistin er mun fjölbreyttari en áður, en jafn framsækin. Hugmyndaauðgi Múm-liða kemur fram í hljóðfæraskipaninni, útsetningunum og sjálfum lagasmíðunum.

Dry land

Bloodgroup. Útgefandi: **Record Records.** Með Dry Land hætti Bloodgroup að vera efnileg og varð góð. Þau hafa ekki glatað smekknum fyrir stuðmiklu raffoppi, en á Dry Land er hljóðheimurinn ríkari og lagasmíðarnar þróaðri.

Terminal

Hjaltalín. Útgefandi: **Borgin.** Á Terminal heldur Hjaltalín áfram að vinna með kammerpoppið sem þau kynntu til sögunnar á Sleepdrunk Seasons. Á Terminal eru lögin fágaðri og meira unnin auk þess sem á plötunni má greina áhrif frá söngleikjatónlist og eðalpoppi sjöunda áratugarins. Sérstaklega heilsteypt og öflug plata.

Easy music for difficult people

Kimono. Útgefandi: **Kimi.** Eins og áður eru sérkenni Kimono á Easy music for difficult people góðar lagasmíðar og flottar pælingar í hljóðfæraleik og útsetningum. Hljómsveit með sterk karaktereinkenni, en samt í þróun.

IV

Hjálmar. Útgefandi: **Borgin.** Eftir þrjár vel heppnaðar alíslenskar reggíplötur fóru Hjálmar til höfuðborgar reggítónlistarinnar, Kingston á Jamaíka til að vinna plötu númer fjögur. Það heyrist á IV. Lagasmíðarnar eru jafn traustar og áður, en nú er hljóðheimurinn litaður af ósviknum hljóðversgöldrum frá Kingston.

SAMTÓNN
SAMTÖK TÓNLISTARRÉTTHAFA

Hljómgrunnur *3. tölublað, mars 2010* ***Útgefandi:*** *Samtónn* ***Ritstjórn****: Pétur Grétarsson og Þorgeir Tryggvason* ***Ábyrgðarmaður:*** *Ásmundur Jónsson* ***Ljósmyndir:*** *Fréttablaðið*
Hljómgrunnur er umræðuvettvangur um íslenska tónlist og tónlistarlíf. Hugmyndir, efni og athugasemdir sendist á ***hljomgrunnur@gmail.com.***

Höfundur ársins

● Umsagnir dómnefndar

Örvar Þóreyjarson Smárason og **Gunnar Örn Tynes**, fyrir tónverkin á plötunni *Sing along to songs you don't know* með múm. Grípandi, tilraunakennd, framsækin og full af lífsgleði.

Daníel Bjarnason, fyrir tónverkin á plötunni *Processions*. Tónlist Daníels er kraftmikil, dansar á ótal landamærum og er afar persónuleg.

Einar Tönsberg, fyrir tónverkin á plötunum *Antidote* með Eberg og *Don't be a stranger* með Feldberg. Einar kann betur en flestir þá list að setja saman popplög sem virka. Hann er mjög melódískur, en líka frjór og leitandi þegar það kemur að hljómi og útsetningum.

Hafdís Bjarnadóttir, fyrir tónverkin á plötunni Jæja. Þó að tónsmíðar Hafdísar á Jæja fari út um víðan völl og greina megi í þeim áhrif jafnt frá djassi, þjóðlegri tónlist og poppi þá eiga þær það sameiginlegt að vera góð blanda af smekkvísi og tilraunamennsku.

Hildur Guðnadóttir, fyrir tónverkin á plötunni Without sinking. Djörf, heildstæð og afar persónuleg plata.

Högni Egilsson og **Hjaltalín** með aðstoð Róberts Reynissonar og Örvars Þóreyjarsonar Smárasonar, fyrir tónverkin á plötunni Terminal með Hjaltalín. Fjölbreytt úrvinnsla á hinu hefðbundna í bland við kraftmikla nýsköpun.

Rödd ársins

● Umsagnir dómnefndar

Ágúst Ólafsson, fyrir frábæra frammistöðu á óperusviði og á ýmsum tónleikum. Ágúst býr yfir mikilli dýpt og breidd sem túlkandi.

Haukur Heiðar Hauksson, fyrir tilfinningaríkan og vel útfærðan söng. Haukur Heiðar syngur áreynslulaust og lyftir tónlistinni með góðri túlkun sinni.

Jóhann G. Jóhannsson, fyrir magnaða endurkomu. Jóhann G. var forsprakki Óðmanna og stóð upp úr sem einn besti poppsöngvari landsins. Þrátt fyrir langt hlé sýnir Jóhann G. að hann er enn í fremstu röð.

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, fyrir glæsilega frammistöðu í Eurovision. Jóhanna Guðrún er búin að vera góð lengi og sýndi það þegar hún fékk stóra tækifærið að hún er fyrsta flokks.

Sigríður Thorlacius, fyrir söng sinn með Hjaltalín og á plötunni Á Ljúflingshól með Heiðurspiltum. Sigríður hefur fallega rödd og skýra og áreynslulausa framsetningu.

Sigurlaug Gísladóttir (Mr. Silla), fyrir söng sinn með hljómsveitinni Múm. Afar persónuleg og spennandi söngkona sem er sífellt að bæta sig.

Þóra Einarsdóttir, fyrir hlutverk sín í Íslensku óperunni og í titilhlutverkinu í óratoríunni Cecilia. Þóra Einarsdóttir er söngkona á heimsmælikvarða.

● **TÓNLISTARFLYTJANDI ÁRSINS**

Davíð Þór Jónsson, fyrir fjölþreifni til hljóðfæra, fjölhæfni í stíltegundum tónlistarinnar og eiginleikann að virðast geta komið fram á mörgum stöðum í einu.
Ghostigital, fyrir tónleika á Iceland Airwaves.
Hjaltalín, fyrir tónleika á Listahátíð í Reykjavík og í Fríkirkjunni á Iceland Airwaves.
Retro Belfast (Retro Stefson og FM Belfast), fyrir frumlega samræmingu og samruna á tónleikum.
Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrir eftirminnilega tónleika með Gennady Rozhdestvensky á Listahátíð og Daníel Bjarnasyni og Víkingi Heiðari á Myrkum músíkdögum.
Vikingur Heiðar Ólafsson, fyrir magnaðan píanóleik á tónleikum sínum á árinu, bæði einn síns liðs og með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

● **MENNINGIN SKARAR FRAM ÚR** Hljómgrunnur hvetur alla til að kynna sér skýrslu Félagsvísindastofnunar um menningarneyslu Íslendinga. Þar kemur meðal annars fram að fleiri sækja menningarviðburði en íþróttaviðburði og að 58,6 prósent þjóðarinnar sóttu tónleika á síðasta ári. Skýrsluna er að finna á vef menntamálaráðuneytisins.

NÓTAN

uppskeruhátíð tónlistarskóla

Laugardaginn 13. mars halda tónlistarskólar um allt land svæðisbundna tónleika á fjórum stöðum

ALLIR VELKOMNIR - AÐGANGUR ÓKEYPIS

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Tónlistarskólar á höfuðborgarsvæðinu halda saman tónleika í sal FÍH Rauðagerði 27, 108 Reykjavík.
Kynnir á tónleikunum er Guðrún Gunnarsdóttir, söngkona.

12:30 Tónleikar I
14:00 Tónleikar II
15:30 Tónleikar III
16:45 Lokaathöfn - afhending viðurkenninga

VESTURLAND OG VESTFIRÐIR

Tónlistarskólar á Vesturlandi og Vestfjörðum halda saman tónleika í Hólmavíkurkirkju, Hólmavík.
Kynnir á tónleikunum er Sigurður Jónsson (Diddi fiðla).

14:00 Fyrri hluti tónleika
14:50 Hlé (kaffisala)
15:20 Seinni hluti tónleika
16:10 Stutt hlé
16:30 Lokaathöfn - afhending viðurkenninga

NORÐUR- OG AUSTURLAND

Tónlistarskólar á Norður- og Austurlandi halda saman tónleika í Ketilhúsinu á Akureyri. Kynnir á tónleikunum er Gunnar Gíslason, fræðslustjóri á Akureyri.

14:00 Fyrri hluti tónleika
15:00 Hlé (kaffisala)
15:30 Seinni hluti tónleika
16:30 Stutt hlé
17:00 Lokaathöfn - afhending viðurkenninga

SUÐURLAND OG SUÐURNES

Tónlistarskólar á Suðurlandi og Suðurnesjum halda saman tónleika í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn.
Kynnir á tónleikunum er Barbara Guðnadóttir, menningarfulltrúi í Ölfusi.

13:00 Fyrri hluti tónleika
13:50 Hlé (kaffisala í ráðhúsinu)
14:20 Seinni hluti tónleika
15:10 Stutt hlé
15:30 Lokaathöfn - afhending viðurkenninga

Lokatónleikar uppskeruhátíðar tónlistarskóla fara fram í Langholtskirkju laugardaginn 27. mars þar sem flutt verða valin tónlistaratriði af svæðisbundnu tónleikum hátíðarinnar.

NÓTAN byggir á því að þátttakendur séu frá öllu landinu, á öllum aldri og að efnisskráin endurspegli ólík viðfangsefni á öllum stigum tónlistarnáms.

Félag tónlistarskólakennara - Félag íslenskra hljómlistarmanna - Samtök tónlistarskólastjóra

Blómlegt starf skilar árangri

● Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskólanna haldin í fyrsta sinn.

PISTILL

Samtök tónlistarskólastjóra, Félag íslenskra hljómlistarmanna og Félag tónlistarskólakennara hafa á yfirstandandi skólaári ýtt úr vör uppskeruhátíð tónlistarskóla sem hefur hlotið nafngiftina „NÓTAN“.

Uppskeruhátíðin er hugsuð sem ný vídd í starfsemi tónlistarskóla og standa vonir til að hátíðin verði í senn faglega hvetjandi og skemmtilegt innlegg í starfsemi tónlistarskóla fyrir aðstandendur skólanna jafnt innan veggja þeirra sem utan.

Tónlistarskólar landsins eru um níutíu talsins. Þar fer fram gríðarlega fjölbreytt og öflugt starf og með hátíðinni beinum við kastljósinu að þessum samfélögum og veitum tónlistarnemendum viðurkenningar fyrir afrakstur vinnu þeirra. Markmiðið er að auka sýnileika og styrkja tengsl tónlistarskóla við umhverfi sitt.

Uppskeruhátíðin er þrískipt og skipulögð þannig að allir geti tekið þátt. Þátttakendur eru frá öllu landinu, á öllum aldri og efnisskráin endurspeglar ólík viðfangsefni tónlistarnemenda á öllum stigum tónlistarnáms.

Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrsti hluti hátíðarinnar fer fram innan hvers skóla og fyrirkomulagið er margbreytilegt. Áherslur og aðstæður skóla ráða þar för en á þessu fyrsta ári hátíðarinnar eru dæmi um viðamikið tónleikahald, sérstaka valtónleika, keppnir og fleira. Í þessum fyrsta hluta velja tónlistarskólar atriði á svæðisbundna tónleika hátíðarinnar.

Annar hluti felst í svæðisbundnum tónleikum sem haldnir eru á fjórum stöðum um landið þann 13. mars og efnisskrárnar spanna mjög vítt svið. Veittar eru viðurkenningar að tónleikum loknum í fyrirfram ákveðnum viðurkenningar- og þátttökuflokkum: Einleiks-/einsöngsatriði, samleiks-/samsöngsatriði og frumsamin verk eða frumleg atriði í öllum námsáföngum.

Þriðji og síðasti hluti uppskeruhátíðar tónlistarskóla eru tónleikar á landsvísu þar sem flutt verða valin tónlistaratriði frá öllum fjórum svæðisbundnu tónleikunum. Lokatónleikarnir verða haldnir í Langholtskirkju laugardaginn 27. mars og munu mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík taka þátt í sérstakri lokaathöfn þann dag.

Íslenskir tónlistarskólar lofa góðri uppskeru í ár og bjóða alla velkomna á tónleika með vaxtarsprotum í lista- og menningarlífi þjóðarinnar.

Upplýsingar um tónleika hátíðarinnar eru á baksíðu.

F.h. yfirstjórnar uppskeruhátíðar tónlistarskóla
Sigrún Grendal formaður
Félags tónlistarskólakennara.

Hér er Andrés með tvo gítara sem eru íslensk smíði; sá dekkri er eftir Eggert Má Marinósson og hinn eftir Björn Má Bollason. Andrés segir gítarana ágætan vitnisburð um hversu mikla natni íslenskir hljóðfærasmiðir leggja í vinnu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hver gripur hefur einstakan karakter

● Aldrei hafa fleiri íslensk hljóðfæri verið á sviði og á Íslensku tónlistarverðlaunum sem verða haldin með pomp og prakt í kvöld.

VIÐTAL

„Við vorum beðnir um að útvega magnara og hljóðfæri fyrir hátíðina í kvöld og þá datt okkur í hug hvort það gæti ekki verið sniðugt að leggja áherslu á íslenskt handverk,“ segir Andrés Helgason, eigandi Tónastöðvarinnar í Skipholti 50d, spurður hvers vegna hafi verið ákveðið að leggja áherslu á íslensk hljóðfæri á verðlaunaafhendingunni í kvöld.

Andrés hefur ekki tölu á þeim íslensku hljóðfærum sem leikið verður á í bland við önnur en fullvissar blaðamann um að aldrei hafi þau verið jafn mörg á einu sviði og í kvöld. „Við erum komin með íslenskan bassa, rafmagnsgítara, trommusett og magnara og svo verður kassagítar sem hljóðfæraleikarar geta gripið í.“

Hann bætir við að hljóðfærin endurspegli þá fjölbreytni, grósku og vönduðu vinnubrögð sem einkenna íslenska hljóðfærasmíði. „Hljóðfærasmíði verður alltof oft undir í umræðunni um íslenskt handverk. Það vill gleymast að hér starfa fiðlusmiðir á borð við Hans Jóhannsson og Jón Marinó Jónsson sem hafa sótt menntun erlendis og standa framarlega á sínu sviði. Gítarsmiðirnir Eggert Már og Gunnar Örn eru einnig að gera góða gítara og Gunnar hefur haldið vinsæl námskeið í Tækniskólanum, þar sem nemendur smíða sér rafmagnsgítara. Við eigum líka fagmenn í gerð magnara eins og Flemming Madsen og Þröst Víði Ingólfsson. Það mætti alveg gefa þessum mönnum meiri gaum.“

Spurður hvort og þá hver sé helsti munurinn á íslenskri og erlendri hljóðfærasmíði, segir Andrés hann helst fólginn í vinnslunni. „Það er þó ekki hægt að tala um íslenska uppfinningu, það eru alltaf sömu reglur hafðar að leiðarljósi í hljóðfærasmíði. Það er alls ekki verið að finna upp hjólið. Helsti munurinn er hins vegar sá að íslensku hljóðfærin eru handsmíðuð og gæðin betri. Handsmíðað hljóðfæri hefur sinn einstaka karakter og þú getur verið viss um að það hefur verið nostrað við alla smíðina. Fjöldaframleidd hljóðfæri geta auðvitað verið vönduð en þar er fólk líka stundum að borga fyrir merkið eins og sagt er. Íslenskir hljóðfæraleikarar hafa tekið íslensku hljóðfærunum fagnandi og í kvöld munu áheyrendur sjá og heyra og geta dæmt hver fyrir sig. Við erum ákaflega stolt af þessu framtaki og vonum að þjóðin njóti kvöldsins.“



Hér er tromma eftir Þorleif Jóhannesson, sem er kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri en hann hefur smíðað trommur í frístundum sínum.

ÁHUGAVERÐAR FORNLEIFAR frá fornleifarannsókn á landnámsskála í Höfnum verða til sýnis í Víkingaheimum í Reykjanesbæ á Safnahelgi á Suðurnesjum sem fram fer um helgina. www.reykjanesbaer.is

Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig • Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Patti húsgögn

Landsins mesta úrval af sófasettum

Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

Arna Guðrún ætlar að snæða ásamt afmælisbarninu, eiginmanni sínum, og vinafólki á Jómfrúnni og í Perlunni í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fögnuður og fótbolti

Hárgreiðslukonan Arna Guðrún Þorsteinsdóttir hefur í nægu að snúast um helgina, ekki síst vegna þess að eiginmaður hennar á afmæli í dag. Góður matur, KR og fertugsafmæli Páls Óskars eru á dagskránni.

„Við erum að taka íbúðina í gegn og breyta ýmsu, meðal annars að færa eldhúsið inn í stofu. Framkvæmdirnar taka dálítinn tíma frá okkur þessa dagana en við ætlum þó að taka okkur frí frá þeim í dag," segir Arna Guðrún Þorsteinsdóttir, hárgreiðslukona og einn eigenda hárgreiðslustofunnar Soho við Laugaveg.

Ástæðan fyrir framkvæmdapásunni hjá Örnu er að stórum hluta sú að Guðni, eiginmaður hennar, fagnar 41 árs afmæli sínu í dag. Hjónin ætla að byrja á að fara saman í ræktina og þaðan yfir á veitingastaðinn Jómfrúna við Lækjargötu, þar sem þau munu gæða sér á smurbrauði upp á danska mátann með vinafólki sínu. „Það er alltaf gaman að kíkja á Jómfrúna í danska stemningu. Svo tilheyrir auðvitað að fá sér einn öl með," segir Arna og hlær.

Að smurbrauðsáti loknu hyggjast Arna og Guðni heimsækja KR-völlinn í Frostaskjóli einu sinni sem oftar, en allir fjölskyldumeðlimirnir eru gallharðir stuðningsmenn Vesturbæjarliðsins og æfa synir þeirra hjóna, Grétar Hrafn sem er ellefu ára og Arnar Hrafn sem er fimm ára, báðir knattspyrnu með KR. „Arnar Hrafn æfir með sjöunda flokki, sem leikur við erkifjendurna í Val í dag á gervigrasinu hjá KR. Svo spilar fimmti flokkur, sem Grétar Hrafn æfir með, við Þrótt á morgun. Við látum okkur ekki vanta á svona stórleiki," segir Arna.

Eftir leikinn tekur við kaffihúsarölt í miðbænum. Í kvöld ætlar Arna svo að bjóða Guðna út að borða í Perlunni ásamt góðum hópi vina og vandamanna í tilefni afmælisins. „Eftir matinn kíkjum við örugglega í miðbæinn og hver veit nema við lítum við í fertugsafmæli Páls Óskars á Nasa," segir Arna.

Sunnudagurinn verður í rólegri kantinum hjá fjölskyldunni að sögn Örnu. „Ætli við reynum ekki að stússast smá í íbúðinni og skellum okkur kannski í bíó um kvöldið. Hér á heimilinu ríkir mikill áhugi á nýju myndinni um Lísu í Undralandi," segir Arna Guðrún Þorsteinsdóttir.

kjartan@frettabladid.is

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið • Laugavegi 176 • Sími 533 2220 • www.lindesign.is

Fermingartilboð

hjá Lín Design. 25% afsláttur

Gleym mér ei og blóðberg rúmfatnaður

Stærð 140x200
Verð áður 9.280
Fermingartilboð 6.960 kr
300 þráða pima bómull.

Draumadúnsængin

Stærð 140x200
Verð áður 29.990 kr
Fermingartilboð 22.490 kr
100% dúnfylling

Lín DESIGN

FERMINGAR

MYNDIR af fermingarbarninu í ramma eru skemmtilegt skraut á fermingar- eða gjafaborðið. Þá geta þær einnig vakið skemmtilegar umræður um liðna tíma.



Fermingartilboð

15% afsláttur af sængum og koddum

DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • sími: 511-2004



Séra Arna Grétarsdóttir flutti til Noregs haustið 2007 og segir gott að búa þar. „Hér er notalegt og stresslaust andrúmsloft og Norðmenn eru almennilegt fólk," segir hún.

Sér um fermingarfræðslu íslenskra barna í Noregi

Séra Arna Grétarsdóttir er prestur Íslendinga í Noregi. Hún er nú með 22 íslensk börn í fermingarfræðslu en misjafnt er hvort þau fermist í Noregi í sumar eða ferðist til Íslands fyrir athöfnina.

„Fermingarfræðslan er byggð þannig upp að ég hitti þau tvær langar helgar, einu sinni í september og einu sinni í maí. Svo hitti ég þau einu sinni í mánuði hér á Óslóarsvæðinu og aðeins sjaldnar þau börn sem eru úti á landi," segir séra Arna Grétarsdóttir prestur Íslendinga í Noregi.

Arna flutti til Noregs fyrir rúmum tveimur árum og hefur því séð um fermingarfræðsluna í Noregi einu sinni áður. „Í fyrra var ég með tíu börn en í ár er ég með 22," upplýsir hún og telur líklegt að aukinn fjöldi Íslendinga í Noregi geti að sumu leyti skýrt þessa fjölgun milli ára.

Þótt börnin hljóti fermingarfræðsluna hjá Örnu er misjafnt hvar þau eru síðan fermd. „Það er allur gangur á því. Hluti af þeim fermist hérna úti, önnur fermi ég í sumar eftir að skóla lýkur og svo eru önnur sem fermast með frændsystkinum hjá öðrum prestum um páskana á Íslandi," útskýrir Arna.

En eru krakkarnir trúaðir? „Það er æði misjafnt. Þau eru allt frá því að vera mjög mótuð trúarlega og til þess að vera leitandi og með margar spurningar. Ég hvet þau til að koma inn í fermingarfræðsluna hvort sem þau eru viss um að þau ætli að fermast eða ekki því ákvörðunina þurfa þau ekki að taka strax."

Séra Arna var áður prestur á Seltjarnarnesi og segir fermingarfræðsluna þar með allt öðru sniði. Þar sáu tveir prestar um áttatíu börn og því mun minna um persónulegt samband við börnin.

„Hér er það meira eins og að vera í sveitinni þó við séum í stórborginni Ósló. Ég fæ þau heim og við horfum á myndir og spáum í trúarstöðu í kvikmyndum. Við höfum það hugguleg með skúffuköku og foreldrarnir koma í kaffi. Maður getur nálgast þetta á allt annan hátt," segir hún glaðlega.

„Og skipta gjafirnar jafn miklu máli í Noregi og á Íslandi? „Já, og mér finnst það bara allt í lagi. Mér þætti óeðlilegt að hitta fermingarbarn sem væri ekki spennt yfir að fá gjafir. Við hin fullorðnu erum eins, okkur þykir gaman að fá gjafir," segir hún og hlær.

solveig@frettabladid.is

Fermingarkjólarnir

Ermar 2.600 kr
Hvítur kjóll 7.500 kr
Fjólublár kjóll 7.900 kr

Eik

sími: 568-4410

Kringlunni - Reykjanesbæ

ALLT Á FERÐINNI

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Miðvikudaga

OKKAR BAKARÍ

GOTT Í FERMINGUNA

Mikið úrval af fallegum fermingartertum.

Kynntu þér úrvalið á
www.okkarbakari.is
og á facebook.com/okkarbakarí

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 8070

Verndarengill

GULLSMIÐJAN

Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður

LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453

GULLSMIÐJAN.IS

MÖGULEIKHÚSIÐ sýnir barnaleikritið Langafi prakkari, sem byggt er á sögum Sigrúnar Eldjárn, í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag klukkan 14. Í aðalhlutverkum eru Pétur Eggerz og Aino Feyja Järvelä.

HELGIN

Kristín Helga Gunnarsdóttir, Lára Sveinsdóttir og Vigdís Jakobsdóttir eru meðal þeirra sem koma að leiksýningunni um Fíusól sem frumsýnd er í Kúlunni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fíasól fer í eigið ferðalag

Kúlan, barnaleikhús Þjóðleikhússins, frumsýnir í dag nýtt leikrit eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur um hinn átta ára ærslabelg Fíusól. Höfundurinn segir leikritið ekki síður höfða til drengja en stúlkna.

„Það er ofboðslega gleðilegt að sjá þessa persónu öðlast nýtt líf og hverfa úr minni umsjá, ef svo mætti segja. Fíasól er farin í sitt eigið ferðalag," segir Kristín Helga Gunnarsdóttir, höfundur bókanna vinsælu og nýrrar leikgerðar um hina glaðværu Fíusól, sem frumsýnd er í dag í Kúlunni, barnaleikhúsi Þjóðleikhússins.

Kristín Helga vann leikgerðina að verkinu ásamt Vigdísi Jakobsdóttur, sem einnig er leikstjóri sýningarinnar. Þær hafa unnið að sýningunni frá því í haust. „Ég er að taka þátt í leikhúsi í fyrsta sinn og það þýðir heilmikinn aukahjartslátt hjá mér," segir Kristín Helga og hlær. „En ég er svo heppin að hafa fengið að vinna með svona miklu atvinnufólki sem leiðir mig áfram. Starfið sem fram fer í leikhúsinu er ævintýralega skemmtilegt og frábært að kynnast því."

Bækurnar um Fíusól eru orðnar fjórar talsins og hafa notið mikilla vinsælda. Í leikritinu fá áhorfendur að kynnast fjölskyldu Fíusólar, bláum skrímslum í gluggakistu, draugum undir rúmi og síðast en ekki síst Ingólfi Gauki, besta vini Fíusólar, sem leikinn er af Sindra Birgissyni. Kristín Helga segir Ingólf Gauk vera sterkan málsvara ungra drengja í sýningunni. „Upphaflega settist ég niður og skrifaði bækurnar ekki síður fyrir stráka en stelpur, í og með til að sýna hvað stelpur eru skemmtilegar og hversu gaman við getum haft hvert af öðru hvort sem við erum strákar eða stelpur," segir Kristín. Lára Sveinsdóttir fer með hlutverk Fíusólar í sýningunni og gerir það afbragðsvel að sögn Kristínar. „Lára er hin eina og sanna Fíasól, alveg eins og persónan var í höfðinu á mér. Um daginn komu nokkrar litlar manneskjur á æfingu og fengu að hitta Láru í gervi Fíusólar og sögðu að hún væri alveg eins og í bókunum. Þá er tilganginum náð."

Það er enginn annar en Ingó í Veðurguðunum sem semur lögin í sýningunni. Kristín Helga segir hann vera sannkallað náttúrutalent. „Það flæða upp úr honum grípandi smellir og allir eru þeir þannig að mann langar til að dansa með. Það er voðalega mikið Ingó," segir Kristín.

kjartan@frettabladid.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

HOLI-hátíð
gleði, dans
og litríkur matur

Á Austur-Indíafjelaginu geturðu nú kitlað bragðlaukana með veislu í tilefni Holi-hátíðarinnar á Indlandi. Risarækjur í forrétt, í aðalrétt eru kjúklingalundir, lambafillet og grænmetisréttur. Með þessu er síðan úrval Naan-brauða, Raitha, hrísgrjón og að síðustu ljúffengur eftirréttur. Þessi ríkulegi veislukostur býðst nú í mars á aðeins **4.990 kr.** sun-fim og **5.990 kr.** fös og lau.

Á föstudags- og laugardagskvöldum svífur dansfuglinn Mínerva inn í veitingasal okkar með sínum yndisþokka og dansi.

Borðapantanir í síma 552 1630.

Hverfisgata 56, 101 Reykjavík
Sími: 552 1630
austurindia@austurindia.is

Opið: sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00

Austur India fjelagid
www.austurindia.is

ALLT HEILSA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Þriðjudaga

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Full búð af nýjum vörum
Bíbí & Blaka
Þönglabakka 6, Mjóddinni, Reykjavík
www.bibiogblaka.is

Bíladagar

FORD TRANSIT CONNECT 220 L VAN 75 HÖ. Árgerð 2005, ekinn 57 þ.km, DÍSEL,KRÓKUR 5 gírar. Verð 1.550.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is ALLT AÐ 500 TIL 1.000.000 DÝRARI

RENAULT MEGANE SCENIC. Árgerð 2005, ekinn 70 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 865-7539

FORD MUSTANG GT. Árgerð 2000, ekinn 112 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.170.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 865-7539

NISSAN TERRANO. Árgerð 2005, ekinn 132 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 1.790.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 865-7539

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

HAGSTÆTT LÁN

SUZUKI GRAND VITARA XL-7. Árgerð 2005, ekinn 106 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur, 7 MANNA Verð 2.190.000. Áhvílandi hagstætt lán kr.1.800.000. afb. ca 28.þ pr mán. Rnr.113309.Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.WWW.BÍLALÍF.IS

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

Renault Kangoo 1600 árg. 2006 ek. 45þús. Ný skoðaður og 45.000 tékk. Verð 1,190,000 ath. skipti eða góðan staðgrafslátt. Bílás Bílasala Akranes 431-26222/893-2621/bilas.is

Bílasalan Bílás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas

BMW 545IA 19" FELGUR 10/2003 Ek.173þkm, sjálfsk., álfelgur, akst.tölva, dr.kúla, filmur, glertopplúga, kastarar, hraðast., leður, heilsársdekk. Tilboð: 2990þús stgr.

SKODA OCTAVIA 7/1999 Ek.137þkm. Dráttarbeisli, cd/útv., rafdr. speglar/rúður, vetrardekk. Beinsk., 5gíra, Skoðun ,11 Verð 590þús. Stgr. Flott eintak!

NISSAN TERRANO II 3/1999 Ek.211þkm. Álfelgur, rafdr.speglar/rúður, heilsársdekk. Beinsk., 5gíra Verð 750þús. Stgr.

DODGE RAM 3500 QUAD 46" 3/2004 Ek.56þkm. akst.tölva, dr.kúla, leður, kastarar, loftpúðar, 9500 lips spil, heilsársdekk. Sjálfsk., Verð 7950þús. Stgr.

TOYOTA AURIS TERRA 5/2008 Ek.18þkm, cd/útv., rafdr.speglar/rúður, vetrar- og sumardekk, þjónustubók, beinsk. 5gírar. Helgartilboð: 2190þús. Stgr.

FORD EXPLORER XLT 2002 Ek. 130þ. mílur, sjálfsk., álfelgur, dr.beisli, cd/útv., hraðast., vetrar- sumardekk. Verð 980þús stgr.

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
http://www.diesel.is

Chevrolet Silverado LTZ K1500 07/2007 ek 67 þ.km 5,4 L bensin, Flottur Pickup vel búinn aukabúnaði, leður, 20" felgur ofl verð 4,5 ákv frá SP 2,4 mil, ath skipti

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

PÁSKAEGG RISAPÁSKAEGG FRÁ NÓA. Allir sem skrá bíl, mótorhjól eða ferðavagn í mars fara í pott og við drögum út 3 risapáskaegg frá NÓA 31. mars. www.bilalind.is

VW TOUAREG V8. 12/2003, ekinn 66 þ.km, 8 cyl. sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Áhvílandi 100% lán #281262 - Bílinn er á staðnum og er stórglæsilegur!

RENAULT MEGANE RS TURBO. 09/2007, ekinn 35 þ.km, 221 hö, 6 gíra, leður ofl. Verð 3.990.000. #192073 Bíllinn er á staðnum og eigandinn skiptir á dýrari!

OPEL ANTARA ELEGANCE TDI. 06/2009, ekinn 98 km, diesel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. #280888 Bíllinn er á staðnum en verður það varla lengi!

NISSAN NAVARA 4WD DOUBLE CAB AT LE. 12/2005, ekinn 66 þ.km, diesel, sjálfskiptur, palllok. Ásett verð aðeins 2.990.000, listaverð talsvert hærra! #300258 Bíllinn er á staðnum og er geysilega fallegur!

BMW 320I S/D E90. 01/2006, ekinn 62 þ.km, sjálfskiptur, ljóst leður. Umboðsbíll. Ásett verð 3.380.000. Áhvílandi ca. 2mkr. #300232 Bíllinn er í salnum

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

Toyota Corolla 1,4 VVTi Árgerð 05/2006, ekinn 61þ.km, bsk, 100% þjónustaður af Toyota, ásett 1.890.000kr, tilboð 1.490.000kr!, rnr 150173. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

Ford Escape XLT 4WD Árgerð 09/2007, ekinn 17þ.km, ssk, Toppeintak!, ásett 3.700.000kr, tilboð 3.350.000kr, rnr 130492. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

BMW 5 530D DÍSEL. Árgerð 2004, ekinn 119 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.151580

DODGE RAM VAN SKOÐAR ÖLL SKIPTI ekinn aðeins 39 þ.mílur .Bíllinn er mjög snyrtilegur 4 captein stólar, rafmagn í aftasta bekknum = breytist í rúm . Verð 2.290.000. Rnr.132167

VOLVO XC90 T6 AWD. Árgerð 2004, ekinn 98 þ.km, lán 2200Flottur bíll . Verð 3.690.000. Rnr.191070

M.BENZ G GL450 4MATIC. Árgerð 2007, ekinn 66 þ.km, Mjög snyrtilegur og vel búinn eiðsla ca 13-15 l , Sjálfskiptur. Verð 9.990.000. Rnr.151428

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

LAND ROVER RANGE ROVER SPORT HSE DÍSEL V8. Árgerð 2008, ekinn 9 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 10.500.000. Umboðsbíll!

Toppbílar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is

DODGE RAM 2500 POWER WAGON 4X4, 2008, ek. 35þús.km, 100% driflæs fr& aft, spil, slepp á ballanstöngum, leður, lúga, hús á palli, Stórglæsilegur, Ásett verð aðeins 4500þús.kr, er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Legacy LUX 2008, ek.20 þ.km.leður,lúga, perluhvítur, xenon, svunta, saml. aurkubbar ofl.Ásett 4.2m.fæst á yfirt. 3.5m uppl. í 896 6615.

Mazda 3 Sport 2008, ek 42þ.km., perluhvítur, 6 gíra bsk., Xenon, lækkaður, 17" álf., sérpantaður með BOSE og leðri, eini sinni tegundar, einn eigandi. Verð 3.190.000 Uppl í síma 896 6615

Ódýr góður!!

Opel Astra 3d., 5g., 2.0 árg. ,00. Toppl., mikið yfirfarinn. Ek. 127þ. Ath skipti. Sími 821 9887.

Skoda Octavia RS 2006 Ek 60 þús til sölu. 6 gír bsk,leður,lúga,kit sumar og vetrardekk, viðhaldið er frú Hekla topp eintak 100% lán skoða allt s. 862-8400

VANTAR ÞIG SPARNEYTINN

YARIS 2008. Skoðaður og í TOPP ástandi sem NÝR. Verð: 1,670,000. Sími 898 8076.

Toyota Landcr. ,05 dísel, 35" breyttur. V. 5490þ. Ath skipti á Landcr 120 árg. ,07-'09. S. 898 2869.

Suzuki Swift 4x4 árg. 2007. Ekin 49 þús. km verð 1.950 þús. kr . Sími 694 1122.



Til sölu almera árg. ,00-'01.Ek.300þ. Tilboð eða skipti á dýrari bíl.Uppl í S. 869 7286.

Ford sport track limetic,árg'07,ek 36þ. Ákvílandi 3,1 ísl.Tilboð óskast.S.869 3869 & 869 4643

Nissan Micra ,98, 5g. 1300, ek. 119þ., nýsk. ný kúpl. Verð 290þ. Frekari uppl. 897 8005 & 863 7736.

Volvo S60 árg 01. Sjsk, leður, ek. 168þús. Verð 1390. Uppl í síma 862 8343.

VW Golf GTI árg 2002 ekinn 130Þús 5 dyra.Leður,Topplúga og Recaro.Góður bíll. Verð 1280.S: 898-2811

Suzuki Grand Vitara 4x4 árg. 2007 ekinn 67Þús. Sjálfskiptur.ATH skipti á ódýrari. Verð 2.780 S: 898 2811.

VW Polo 1.4 árg. ,07, beinsk. ek. 36þ. km. Sk. ,12. Auka dekk á felgum fylgja. Ásett verð 1650þ. Tilboð 1450þ. stgr. S. 565 6988.

Subaru Legacy árg. ,99 ek. 150þ.km Ssk. Vetrar og sumardekk. Bensín. Mjög góður bíll. V. 350þ. S. 616 2597.

MMC Montero ,03, ek 94þ.mílur. Nýsk. Skr. ,05. Ásett verð 2,4milj. Skipti mögul. á ódýrari. Góður afsl. við stgr. S. 899 8986.

Tilboð 339þús

Til sölu Toyota Corolla station nýskráð 28.05.1998 nýskoðaður 2011 án ath. SJÁLFSKIPTUR með krók, ekinn 189 þúsund. Tilboð 339 þúsund staðgreitt. Uppl. í síma 693-5053.

Nissan Almera árg. ,05 ek. 62þ. ssk. Verð 1 miljón. Uppl. í s. 616 6609.

Netuppsetningar og símkerfi

Svar tækni óskar eftir að bæta við sig starfsmanni í fullt starf

Starfið felur í sér:
Uppsetning á netkerfum ásamt uppsetningu og þjónustu við IP símkerfi.
Viðkomandi mun í starfi sínu eiga samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins og mun mestur hluti af vinnu fara fram utan vinnustaðar.

Hæfniskröfur:
Þekking á Windows server umhverfi og þeirri netþjónustu sem því fylgir er æskileg. Áhugi á uppsetningu og rekstri IP símkerfalausna er kostur.

Rík þjónustulund, lipurð og vilji til að læra og þroskast í starfi eru eiginleikar sem við leitumst eftir.

Svar tækni er framsækið fyrirtæki með 15 starfsmenn í fullu starfi. Hjá fyrirtækinu er öflug söludeild á fyrirtækjamarkaði ásamt því að reka verslun. Einnig er öflug þjónustudeild og þjónustuverkstæði hjá fyrirtækinu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í mars/apríl eða eftir nánara samkomulagi. **Umsóknarfrestur er til 22. mars 2010.**

Umsóknum skal skila til:
Svar tækni ehf., Síðumúli 37, 108 Reykjavík
eða á *umsokn@svar.is*

svar tækni

Félagsráðgjafi

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs óskar eftir að ráða Félagsráðgjafa eða einstakling með menntun og reynslu sem nýtist í neðangreindu starfi.

Hjá félagsþjónustunni vinnur samhentur hópur fagmanna sem fæst við fjölbreytt verkefni á sviði fjölskyldu- og barnaverndar, heimaþjónustu, almennrar félagsþjónustu, málefna aldraðra, fatlaðra og nýrra íbúa. Unnið er að innleiðingu PMT í sveitarfélagið.
Starfssvæði félagsþjónustunnar nær yfir sex sveitarfélög frá Djúpavogi í Suðri til Vopnafjarðar í norðri.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- *Skipulagning og þróun „ráðgjafarinnar heim" sem er endurhæfingamiðað þjónustutilboð til einstaklinga sem glíma við t.d. kvíða eða þunglyndi og vilja stuðning og hvatningu við að setja sér markmið, skipuleggja daginn og sigrast á þeim verkefnum sem þeir hafa sett sér fyrir.*
- *Barna- og fjölskylduvernd*
- *Málefni nýrra íbúa*

Um er að ræða 100% stöðu. Laun eru skv. kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Umsóknum skal skila ásamt ferilskrá merkt Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs – atvinnuumsókn, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum eða á netfangið kristinth@egilsstadir.is.
Einnig má sækja um stöðuna á www.job.is

Umsóknarfrestur er til 23. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Þ. Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri kristinth@egilsstadir.is, sími 470 0705.

Fljótsdalshérað

VIÐSKIPTAGREIND OG VÖRUHÚS

Ertu snillingur?

Skýrr óskar eftir sérfræðingi til starfa í viðskiptagreindarteymi Skýrr (Business Intelligence). Í boði eru fjölbreytt og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi. Leitað er að orkumiklum og jákvæðum einstaklingum, sem geta axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni í öflugum og skemmtilegum hóp, þar sem frumkvæði og samstaða er í fyrirrúmi.

Skýrr er leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptagreindar og býður vandaða ráðgjöf og viðskiptagreindarlausnir frá SAP BusinessObjects, Targit, Microsoft og Oracle, sem og í opnum hugbúnaði (Open Source). Viðskiptavinir í viðskiptagreind eru meðal annars fjármálafyrirtæki, fjarskiptafyrirtæki, flutningsfyrirtæki, heilbrigðisstofnanir og opinber fyrirtæki.

Gagna- og upplýsingastjórnun (Information Management)

Starfslýsing

- Greining á þörfum viðskiptavina á sviði gagna- og upplýsingastjórnunar
- Hönnun, uppbygging og smíði vöruhúsa gagna
- Hönnun gagnaflutnings og hreinsunarferla (ETL/DQ)
- Meðhöndlun og uppbygging stofngagna (MDM)
- Greining og ráðgjöf á þörfum viðskiptavina með tilliti til viðskiptagreindar
- Umsjón með innleiðingu og uppsetningu viðskiptagreindarumhverfa
- Þjónusta, kennsla, leiðbeiningar og kynningar um notkun lausnanna

Viðskiptagreind (Business Intelligence)

Starfslýsing

- Greining á þörfum viðskiptavina með tilliti til viðskiptagreindar og árangursmælinga
- Hönnun, uppbygging og smíði viðskiptagreindarumhverfa
- Hönnun og smíði skýrslna og mælaborða (Dashboards)
- Þarfagreining og ráðgjöf til viðskiptavina með tilliti til viðskiptagreindar
- Umsjón með innleiðingu og uppsetningu viðskiptagreindarumhverfa
- Þjónusta, kennsla, leiðbeiningar og kynningar um notkun lausnanna

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, viðskiptafræði eða sambærilegs sviðs
- Reynsla af vinnu við hönnun og smíði vöruhúss gagna og/eða viðskiptagreind
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnu
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Hæfileikar til að fylgja verkefnum eftir
- Reynsla af hópvinnu og verkefnastjórn

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri Skýrr í 569 5100 eða ingibjorg.odinsdottir@skyrr.is.
Umsóknarfrestur er til og með 29. mars næstkomandi. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum svarað.



- ***Ennisblað*** *Umsækjandi þarf að búa yfir mikilli framkvæmdafærni, vera með góða rökhugsun og eiga auðvelt með að skipuleggja sig, tjá sig og leysa vandamál viðskiptavina.*
- ***Hvirfilblað*** *Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með að skynja og bregðast við áreiti, hvort sem það er frá viðskiptavinum eða samstarfsfólki.*
- ***Hnakkablað*** *Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með að skilja og lesa skriflegar óskir viðskiptavina.*
- ***Gagnaugablað*** *Umsækjandi þarf að haga gott minni til að viðhalda góðri viðskiptagreind.*

Skýrr í hnotskurn

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Starfsfólk fyrirtækisins er yfir 330 talsins og viðskiptavinir eru um 3.000. Skýrr býður atvinnulífinu samþættar heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, rekstrar og fjölbreyttrar ráðgjafar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við Ármúla í Reykjavík.

Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og tekur tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Starfsfólkið er samhentur hópur sérfræðinga með jákvætt viðmót og liðsandann í öndvegi. Sveigjanlegur vinnutími er í boði og vinnuaðstaðan er nútímaleg, opin og þægileg.

Skýrr rekur frábært mötuneyti, með bæði heilsufæði og heimilismat. Fyrsta flokks kaffivélar með sérmöluðum eðalbaunum og sódavatn þykja sjálfsögð lífsgæði. Félagslíf innan Skýrr er kraftmikið og líflegt. Óvæntar uppákomur eru tíðar. Aðstaða fyrir börn er góð. Pool-borð, pílukast og tölvuleikjahorn.

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

VINNA - VINNA - VINNA.....fyrir þig?

Vinna.is á 10 ára afmæli um þessar mundir, stofnuð í mars 2000. Vinna.is var brautryðjandi í rekstri rafrænna ráðningastofa á Íslandi og hefur haldið forystu á því sviði í gegnum árin.

Vinna.is sérhæfir sig í ráðningum framlínufólks, iðnverkafólks, starfsfólks í sölu, sölustjórn, lager, lagerstjórn, útkeyrslu, bókhald, almenn skrifstofustörf og í önnur störf þar sem ekki er krafist háskólamenntunar.

Á 10 árum hefur Vinna.is byggt upp öflugt og traust viðskiptasamband við fjöldann allan af fyrirtækjum, bæði hérlendis sem og erlendis. Þessum fyrirtækjum kunnum við okkar bestu þakkir fyrir frábært samstarf og hlökkum til áframhaldandi samvinnu. Þeir umsækjendur sem fengið hafa vinnu í gegnum Vinna.is skipta þúsundum og hafa þeir ekki hvað síst átt þátt í velgengni Vinna.is.

Við horfum full tilhlökkunar til framtíðarinnar.

Aðstoð í mötuneyti - tímabundið **565704**

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til starfa aðstoðarmanneskju í mötuneyti - tímabundið starf í 6 mánuði. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 11:00-16:15. Í starfinu felst öll almenn aðstoð í eldhúsi, umsjón með kaffivélum, salatbar, mjólkurvörum, kaffiþjónusta vegna funda, uppvask og frágangur. Viðkomandi þarf í afleysingum að geta annast mötuneytið að öllu leyti, þ.m.t. að sjá um matseld og unnið allan daginn, ef þörf krefur. Leitað er að röskum, snyrtilegum og dugmiklum einstaklingi. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur. Jákvætt viðmót og þjónustulund skilyrði.

Gjaldkeri - 75% **565708**

Sjóflutningafyrirtæki óskar eftir að ráða til sín gjaldkera í 75% starf. Í starfinu felast almenn gjaldkerastörf, innheimta, greiðsla reikninga, launaútreikningur, sjá um skilagreinar til lífeyrissjóða, skattayfirvalda, stéttarfélaga ofl. Einnig felast í starfinu mikil samskipti við viðskiptavini sem og aðra starfsmenn fyrirtækisins. Leitað er að starfsmanni sem er eldri en 30 ára, hefur reynslu af gjaldkerastörfum og launaútreikningi auk þess að búa yfir mjög góðri enskukunnáttu. Viðkomandi þarf að hefja störf um mánaðarmótin apríl/maí.

Varahlutaafgreiðsla **565698**

Traust og leiðandi fyrirtæki í sölu bílavarahluta óskar eftir starfsmanni tímabundið í afgreiðslu. Starfið felur í sér þjónustu og sölu til viðskiptavina, einnig upplýsingagjöf og ráðgjöf. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og einhverja laugardaga. Leitað er að einstaklingi sem er sjálfstæður, þjónustulundaður og með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af sölu bílavarahluta eða menntun í bifvélavirkjun skilyrði.

Laghentur starfsmaður - hlutastarf **565706**

Debenhams óskar eftir að ráða til síns starfsmann í hlutastarf. Um er að ræða lagerstarf 4 daga vikunnar u.þ.b. 4-5 tíma í senn. Í starfinu felst að sjá um lagerinn, halda honum hreinum og skipulegum, taka á móti birgjum, taka upp vörur og annað sem tilheyrir starfinu. Starfið hentar heilsuhraustum og laghentum einstaklingi, sem er með jákvætt viðmót, á auðvelt með samskipti og með gott auga fyrir því sem þarf að breyta og bæta í starfsumhverfi sínu. Viðkomandi þarf að hefja störf strax.

Stílisti **565705**

Debenhams óskar eftir að ráða til sín stílista.
Í starfi stílista felst að ráðleggja fólki með fataval og stíl, kynna þjónustuna fyrir viðskiptavinum auk þess að starfa sem almennur sölumaður í versluninni. Stílisti þarf að hafa frumkvæði, geta starfað sjálfstætt, vera vel máli farinn og haldið kynningar. Viðkomandi þarf að hafa gott viðmót, ríka þjónustulund og mikla hæfni í mannlegum samskiptum, auk áhuga og þekkingu á öllu sem viðkemur fatnaði, straumum og stefnum í tísku. Um 100% starf er að ræða.

Rafvélavirki / rafvirki / rafeindavirki **565676**

Framleiðslufyrirtæki í matvælaiðnaði óskar eftir að ráða rafvélavirkja, rafvirkja eða rafeindavirkja til starfa sem fyrst. Í starfinu felst m.a. viðhald á rafbúnaði og tækjum fyrirtækisins. Leitað er að traustum, ábyrgum og reglusömum einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera löggiltur rafvélavirki, rafvirki eða rafeindavirki með reynslu úr iðnaði og góða haldbæra þekkingu á vélbúnaði. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:30-16:20.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

FLEIRI STÖRF Í BOÐI Á WWW.VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

LÖGFRÆÐINGUR

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög SFF eru viðskiptabankar, fjárfestingarbankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, eignaleigur og kortafélög. Aðildarfélög SFF eru 33 talsins.

Samtök fjármálafyrirtækja óska eftir að ráða lögfræðing til starfa í fjölbreytt og krefjandi starf á vátryggingasviði. Í boði eru tækifæri til að taka þátt í mótun samtakanna og því umhverfi sem samtökin starfa í. Töluverð alþjóðleg samskipti fylgja starfinu.

Starfssvið
- Lögfræðileg verkefni fyrir samtökin
- Samskipti við aðildarfélög
- Samskipti við stjórnvöld
- Ráðgjöf til samstarfsaðlila
- Erlend samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði lögfræði
- Þekking á vátryggingarétti kostur
- Starfsreynsla af fjármála- og/eða vátryggingamarkaði
- Áhugi á efnahagsmálum
- Mikil hæfni í samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

STÖÐVARGÆSLA
Í FLJÓTSDALSSTÖÐ

Landsvirkjun er leiðandi í raforkuvinnslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur mikilvæga sérstöðu meðal raforkufyrirtækja í Evrópu þar sem það nýtir eingöngu endurnýjanlega orkugjafa. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann til stöðvargæslu við Fljótsdalsstöð og veitumannvirki hennar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst. Fljótsdalsstöð heyrir undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Starfsstöð viðkomandi starfsmanns verður í þjónustubyggingu í Fljótsdal undir Valþjófsstaðafjalli.

Æskileg starfsreynsla:
- Störf við aflstöðvar og raforkuvirki
- Uppsetning og forritun iðntölva og/eða skjámyndakerfa
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af verkefnum þar sem gæða- og öryggisstjórnunar hefur verið krafist

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Iðn- og/eða tæknifræðimenntun á rafmagnssviði
- Staðgóð tölvukunnátta
- Aðlögunarhæfni og hæfni til þess að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til kynningar á starfi og starfsumhverfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er:
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Orkuríkasti vinnustaður landsins

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Stöð 2 óskar eftir sölumönnum til að selja skemmtilega vöru



Við óskum eftir fólki, 25 ára og eldra til að selja áskriftir að Stöð 2. Um er að ræða framtíðarstarf á skemmtilegum og lifandi vinnustað með góðum tekjumöguleikum fyrir rétta aðila. Unnið er á vöktum frá 14.00 – 22.00 eða 17.00 – 22.00. Eingöngu aðilar með reynslu í símasölu eða almennri sölumennsku koma til greina.

Áhugasamir vinsamlegast sækið um á www.365.is. Störf hjá 365, merkt áskriftarsala.
Nánari upplýsingar veitir María Dungal, maria@365.is.

365

VINNUMÁLA STOFNUN HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Störf í Noregi

www.eures.is

EURES EURopean Employment Services www.eures.is

KÓPAVOGSBÆR

Sumarstörf

- **Opnað verður fyrir umsóknir um sumarstörf hjá Kópavogsbæ mánudaginn 15. mars.**

Umsóknir og upplýsingar um störfin eru á heimasíðu Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is*

Umsóknarfrestur er til 5. apríl 2010

www.kopavogur.is

Radisson BLU

Leitar eftir öflugum starfsmanni í bókunardeild

Um er að ræða 100% starf tímabilið 1 maí - 30 sept. Frá 1 okt - 30 apr minnkar starfshlutfall niður í 50 % (vinnutími samkvæmt samkomulagi). Æskilegt er að nýr starfsmaður geti hafið starf í 50 % starfi í apríl 2010.

Hæfniskröfur
- Góð reynsla og þekking á bókunarkerfi hótela (þekking á bókunarkerfinu Opera er kostur).
- Nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð tungumálakunnátta er skilyrði (íslenska og enska).
- Stundvís og vilji til að vaxa í starfi.

Senda skal inn ferilskrá á Radisson Blu 1919 Hótel Pósthússtræti 2, 101 Reykjavik eða í tölvupósti á sigridur.valdimarsdottir@radissonblu.com fyrir 22. mars 2010

PHP Forritari óskast!

Fjárfestingafyrirtæki óskar eftir PHP forritara til starfa.
Um er að ræða spennandi verkefni fyrir réttan aðila.
Reynsla í CMS forritun er kostur.

Umsóknir sendist á umsoknir@panda.is ásamt mynd.

HÚSVÖRÐUR – ÍBÚÐIR ALDRAÐRA

Meðalstórt húsfélag íbúða aldraðra á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða ábyrgan einstakling eða hjón til að annast störf húsvarðar í húsum félagsins. Um er að ræða hutastarf. Búseta í húsvarðaríbúð félagsins skoðast að mestu leiti sem endurgjald fyrir húsvarðarstörfin.

Áhugasamir sendi inn upplýsingar sem innihalda ferilskrá og meðmælendur til fréttablaðsins á netfangið box@frett.Is merkt „húvörður2010" fyrir 26. Mars n.K.

Sérkennari / þroskaþjálfi

Skóli Ísaks Jónssonar auglýsir eftir sérkennara/þroskaþjálfa með reynslu af atferlisþjálfun. Fyrirspurnir og umsóknir sendist á siganna@isaksskoli.is fyrir 1. apríl 2010.

Skóli Ísaks Jónssonar var stofnaður 1926 og er sjálfseignarstofnun. Skólinn er kenndur við stofnanda sinn, Ísak Jónsson, sem var frumkvöðull á sviði uppeldis og menntunar yngri barna á Íslandi. Arfleifð hans hefur í gegnum tíðina markað kennsluaðferðir skólans.

Skólinn leggur ríka áherslu á virðingu fyrir nemendum, aðstæðum þeirra og möguleikum. Sérstaða Skóla Ísaks Jónssonar er m.a. sú að skólinn er lítill og sinnir eingöngu kennslu á yngsta skólastiginu. Við skóla Ísaks Jónssonar hefur í áratugi farið fram markviss kennsla 5 ára barna ásamt kennslu 6–9 ára barna.

Einkunnarorð skólans eru:
Starf, háttvísi, þroski, hamingja.

Störf í boði hjá Creditinfo

Creditinfo er leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og fjölmiðlaupplýsinga. Fyrirtækið starfrækir stærsta gagnabanka landsins í opinni þjónustu og leggur áherslu á ráðgjöf sem hámarkar nýtingu upplýsinga við ákvörðun og eftirlit viðskipta. Creditinfo byggir á grunni tveggja fyrirtækja, Lánstrausts sem stofnað var árið 1997 og Fjölmiðlavaktarinnar sem stofnað var árið 1980.

Viðskiptastjóri Fjölmiðlavaktar

Menntunarkröfur:
Háskólapróf sem nýtist í starfi t.d. í stjórnmálafræði, fjölmiðlafræði, markaðs- eða viðskiptafræðum.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af sölu, ráðgjöf og samningagerð
- Þekking á íslenskum fyrirtækjamarkaði
- Áhugi og þekking á þjóðmálaumræðu og fjölmiðlum
- Eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Stutt lýsing á starfi:
Starfið felur í sér að kynna og markaðssetja nýja þjónustu Fjölmiðlavaktarinnar. Áhersla er lögð á að efla viðskiptatengsl og veita ráðgjöf um hvernig hámarka megi nýtingu fjölmiðlaupplýsinga.

Greiningasérfræðingur á sviði vöruþróunar og viðskiptalausna

Menntunarkröfur:
Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærilegu.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af tölfræðivinnslu og greiningarvinnu (draga fram upplýsingar úr fjölþættum gögnum)
- Mikil þekking á Excel og skýrslugerðartólum sem varpa gögnum yfir á myndrænt form (Christal reports, Xcelsius eða sambærilegt)
- Reynsla af vinnu með OLAP teninga
- Eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Gott vald á íslensku og ensku, frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum ásamt öguðum og skipulögðum vinnubrögðum

Stutt lýsing á starfi:
Starfið felst m.a. í greiningum á viðskipta- og fjárhagstengdum upplýsingum, þátttöku í vöruþróun og verkefnastjórnun.

Gagnagrunnssérfræðingur

Menntunarkröfur:
Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.

Hæfniskröfur:
- Mikil þekking á Microsoft SQL, SQL málinu og TSQL málinu sérstaklega
- Reynsla og þekking á OLAP æskileg
- Eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Stutt lýsing á starfi:
Starfið felst í því að koma gögnum og grunnum á skipulegt form fyrir frekari úrvinnslu.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á **atvinna@creditinfo.is**
Heiti pósts skal vísa til starfs sem sótt er um: Viðskiptastjóri – Greiningasérfræðingur - Gagnagrunnssérfræðingur
Umsóknarfrestur er til og með **23. mars**

Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Sími: 550 9600
Fax: 550 9601
creditinfo@creditinfo.is
www.creditinfo.is

CREDITINFO

ENNEMM / SÍA / NM41331

SELTJARNARNES

Aðstoðarleikskólastjóri

Leikskóli Seltjarnarness

Skólaskrifstofa Seltjarnarness auglýsir lausa nýja stöðu aðstoðarleikskólastjóra við Leikskóla Seltjarnarness. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að leiða kraftmikið leikskólastarf til móts við nýjar áskoranir.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun
- Farsæl reynsla í skólastjórnun
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og kraftur
- Víðsýni, jákvæðni og brennandi áhugi á skólastarfi
- Góð tölvukunnátta og reynsla af starfsmannamálum

Umsókn skal fylgja greinargerð um störf umsækjanda og stjórnunarreynslu ásamt upplýsingum um verkefni sem varpað geta ljósi á hæfni í starfi.

Umsóknarfrestur er til 29. mars 2010. Umsóknir er hægt að senda í tölvupósti á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða skila á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um stöðuna.

Leikskóli Seltjarnarness verður heildstæður leikskóli með um 190 börn. Leikskólinn verður starfræktur í tveimur starfstöðvum á sömu lóð. Skólinn er ný starfseining mynduð á grundvelli sameiningar leikskóla Seltjarnarness og tekur til starfa 1. júlí 2010. Aðstoðarleikskólastjóri þarf að vera reiðubúinn til að koma að stefnumótunarvinnu fyrir þann tíma.

Fræðslu-, menningar- og þróunarsvið Seltjarnarnesbæjar
www.seltjarnarnes.is

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir að ráða starfsmann til starfa í Brussel. Um tímabundið starf er að ræða til tveggja ára. Upplýsingar um starfsemi ráðuneytisins má finna á heimasíðunni www.samgonguraduneyti.is

Æskilegar menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð færni í íslensku og ensku. Önnur tungumálakunnátta s.s. í frönsku og norðurlandamálum kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að miðla upplýsingum.

Helstu verkefni:
- Tengiliður ráðuneytisins við starfsemi EFTA og ESB í Brussel.
- Yfirsýn yfir og vöktun á málefni ráðuneytisins á þeim vettvangi.
- Samskipti við fulltrúa aðildarríkja ESB á málasviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.
- Upplýsingagjöf til ráðuneytisins um áherslumál ESB, minnisblöð, fundargerðir, innlegg í bréf, skýrslur o.fl.
- Sækja fundi EFTA skrifstofunnar og sérfræðingafundi hjá framkvæmdastjórn ESB.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Miðað er við að starfsmaðurinn verði staðarráðinn. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, s. 545 8200. Umsóknir berist í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á tölvupóstfang ráðuneytisins postur@sam.stjr.is.

Umsóknarfrestur er til 28. mars nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

ERT ÞÚ VERKFRÆÐINGUR?

ÖSSUR
Life Without Limitations®

Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins?

Össur leitar að hugmyndaríkum, metnaðargjörnum og skapandi verkfræðingum til starfa.

Störfin fela í sér afar fjölbreytt verkefni og mikil samskipti við starfsmenn annarra sviða og starfsstöðva víða um heim. Krafist er mjög góðrar enskukunnáttu, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum, auk nokkurra ára starfsreynslu.

Um nokkur störf er að ræða, bæði á þróunarsviði og framleiðslusviði og er hægt að lesa nánar um hvert starf á www.ossur.is

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast job@ossur.com fyrir 19.mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1550 manns í 14 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.

Össur hf.
Grjóthálsi 5
110 Reykjavík
515 1300
www.ossur.com

NETSÉRFRÆÐINGUR

Skýrr óskar eftir að ráða netsérfræðing, sem mun starfa í teymi er annast hönnun, uppsetningu, viðhald og rekstur net- og fjarskiptakerfis Skýrr.

Framundan eru spennandi verkefni í þróun og uppbyggingu netkerfisins.

Um er að ræða skemmtilegt og krefjandi starf í faglegu vinnuumhverfi.

Í boði eru góð laun og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki í sóknarhug.

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Umfangsmikil þekking og reynsla í hönnun, uppsetningu og rekstri Cisco netkerfa
- Cisco CCNP-gráða og þekking á MPLS æskileg.
- Háskólamenntun, til dæmis á sviði kerfisfræði, tölvunarfræði eða verkfræði
- Vilji til að læra og tileinka sér nýja tækni og hugsun
- Dugnaður, frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri Skýrr í 569 5100 eða ingibjorg.odinsdottir@skyrr.is. Umsóknarfrestur er til og með 23. mars næstkomandi. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum svarað.

Skýrr í hnotskurn

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Starfsfólk fyrirtækisins er yfir 330 talsins og viðskiptavinir eru um 3.000. Skýrr býður atvinnulífinu samþættar heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, rekstrar og fjölbreyttrar ráðgjafar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við Ármúla í Reykjavík.

Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og tekur tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Starfsfólkið er samhentur hópur sérfræðinga með jákvætt viðmót og liðsandann í öndvegi. Sveigjanlegur vinnutími er í boði og vinnuaðstaðan er nútímaleg, opin og þægileg.

Skýrr rekur frábært mötuneyti, með bæði heilsufæði og heimilismat. Fyrsta flokks kaffivélar með sérmöluðum eðalbaunum og sódavatn þykja sjálfsögð lífsgæði. Félagslíf innan Skýrr er kraftmikið og líflegt. Óvæntar uppákomur eru tíðar. Aðstaða fyrir börn er góð. Pool-borð, pílukast og tölvuleikjahorn.

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

Veðurstofa Íslands

Veðurfræðingur

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða veðurfræðing í vaktavinnu á Eftirlits- og spásviði.

Starfssvið
Hlutverk veðurfræðings er m.a. að gera almennar veðurspár ásamt flug- og sjóveðurspám. Einnig sinnir hann vöktun og útgáfu viðvarana vegna veðurvár og almennri upplýsinga-þjónustu.

Menntun og hæfniskröfur
- M.S. próf í veðurfræði eða sambærileg menntun
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu talna og gagna
- Góð tölvuþekking og –færni
- Færni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni til að miðla upplýsingum

Á Eftirlits- og spásviði starfa 36 manns og þar af eru 25 manns sem sinna vöktun á veðri. Veðurstofa Íslands sinnir vöktun á náttúruvá á breiðum grundvelli. Náin tengls eru við aðrar stofnanir sem sinna hlutverkum er tengjast náttúruvá og veðri, hvort sem er á láði, í legi eða á lofti. Því er um að ræða spennandi, fjölbreytt og krefjandi starf.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Theodór Freyr Hervarsson, framvæmdastjóri Eftirlits- og spásviðs (teddi@vedur.is , s. 5226000), Kristín Hermannsdóttir, verkefnastjóri veður-þjónustu (kristin@vedur.is s. 5226000) og Borgar Æ. Axelsson mannauðsstjóri (borgar@vedur.is, s. 5226000).

Umsóknarfrestur er til og með 28. mars 2010.

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Ævari Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt „Veðurfræðingur“.

Drífa ehf Icewear
MARGMIÐLUNARHÖNNUÐUR

Óskum eftir að ráðar hugmyndaríkan, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til að sinna vefumsjón á heimasíðum fyrirtækis-ins ásamt auglýsingagerð , hönnun bæklinga, umbúða og fleirra.

Kunnátta við vefsíðugerð og umsjón nauðsynleg. Færni til að hanna auglýsingar á helstu margmiðlunarforritum. Færni til að tjá sig á rituðu máli og mjög góð íslensku kunnátta nauðsynleg.

Þau forrit sem ætlast er að umsækjandi kunni á eru m.a. Vefsíðugerðaforrit(t.d. Adobe Dreamweaver), Adobe Photoshop, Adobe Illustrator, Adobe Indesign og Adobe Flash.

Vinnutími alla daga frá kl. 8:00-16:00

Áhugasamnir sendi ferilskrá á netfang : agust@icewear.is merkt Margmiðlunarhönnuður, einnig veitir Ágúst Eiríksson nánari upplýsingar í síma: 555 7400

Fasteignasala

Fasteignasala leitar eftir samstarfi við fasteignasala eða fólk sem hefur reynslu af fasteignasölu eða hefur brennandi áhuga á að starfa við fasteignasölu.

Höfum góða vinnuaðstöðu fyrir áhugasamt fólk sem við getum boðið frábært húsnæði í póstnúmeri 108 með góðri og notalegri vinnuaðstöðu ásamt aðgangi að nýjasta og öflugasta fasteigna-sölukerfinu á markaðnum.

Við leitum að fólki sem er tilbúið að leggja sig fram við uppbygg-ingu og þróun fasteignaviðskipta og þjónustu við markaðinn á erfiðum tímum hvort sem viðkomandi kemur úr sama eða hliðstæðu viðskiptaumhverfi.

Áhugasamir sendið upplýsingar á sala.fasteigna@gmail.com

Sumarvinna

Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma leitar að rösku fólki til starfa sumarið 2010

Um er að ræða störf í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði. Tímabil vinnu er frá 26. maí til 20. ágúst 2010.

Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Varahlutir s. 772 6777
Renault Megane árg. ,96-'09. Peugeot 307, Peugeot 406, Skoda Fabia, Mazda 626 og 323.

ÞJÓNUSTA

Veislusalir

Veislusalur til leigu með eða án veitinga. Uppl. s. 696 2242.

Hreingerningar

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Tek að mér hreingerningar í heimahúsum er vön og vandvirk. S. 894 2891, Eva.

Garðyrkja

ALLT FYRIR GARÐINN!
- HELLULAGNIR
- SNJÓBRÆÐSLUR
- MALBIKSVIÐGERÐIR
- DRENLAGNIR
- SKÓLPLAGNIR

HRINGIÐ Í SÍMA 661 2288
WWW.EDALVERK.IS
EDALVERK

Trjáklippingar
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Trjáklippingar Trjáklippingar
Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar, ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar Best ehf s. 698 9334 garðarbest.is

Bókhald

FRAMTAL 2010
Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Opið einnig um helgar. Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.

Skattframtal 2010
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila frá 5.000 kr. Ég er viðskiptafræðingur Cant.Oecon. Með mikla reynslu. Ódýr og góð þjónusta. Kíktu á www.skatt.is S:661-3703 S. 661 3703. www.skatt.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald og Fjármál ehf. Ársreikningur, framtal, bókhald, S 568 7400 / 842 5500 bfm@simnet.is

Skattframtöl - bókhald. Áratuga reynsla. Vönduð vinna hagstætt verð. s. 892 5784

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Skattaframtal 2010
Bókhald,framtöl,stofnun fél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl.HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

Fjármál

REGIS

Fjármálaráðgjöf, útreikningar og gagnaöflun vegna greiðsluaðlögunar, yfir 20 ára reynsla, sími: 577-7796, 770-7796, www.regis.is

Skattframtal 2010. Einfalt framtal kr. 3.000. Framtalsþjónusta HR s. 663 4141.

Málarar

Málari óskar eftir verkefnum. Vönduð vinnubrögð og hagstæð kjör. S. 849 4406.

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Málarameistari Úlfar Ragnarsson málarameistari tilboð eða tímavinna, vönduð vinnubrögð s. 616 2270.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tilboð óskast í fluttning á lítilli búslóð frá Rvk. til Ísafjarðar. Uppl. í s. 616 1216.

Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

VIÐHALDSTAK
Sími: 534- 3117 GSM: 697- 4650

Málarameistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
www.vidhaldstak.is
tak@vidhaldstak.is

Viðhalds Verk ehf

Húsaviðgerðir
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Fúgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk - Smiðavinna - Flísalagnir
Kristján Rúnar Sveinsson 898 4990
kristjan@flisaverk.is

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315

Eldri iðnaðarmaður
Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, ýmsar viðgerðir, hlaða veggi og pússa, einnig flísalögn. Tilboð eða tímavinna S. 866 3175. Geymið auglýsinguna.

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Vanur allri smíðavinnu. Uppl. í s. 869 1698.

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Tölvur

tölvuhjálp!
Eitt ódýrasta tölvuverkstæði bæjarins
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr!
Windows lagfæringar, vírushreinsanir, Mac/iPod viðgerðir
Ókeypis vírusvörn
Sími 588-9590/860-9970
www.tolvuhjalp.is
Vesturvör 32a Kópavogi
- Yfir 40 alþjóðlegar vottanir Frá Microsoft, Cisco, VMware, EMC, Dell ofl.
Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Hljóðfæri

Laust æfingarhúsnæði í Rvk,öryggis- og myndav. kerfi, aðgang 24/7,hagstæð leiga, s: 772 3853.

Nudd

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 4850.

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

Whole body massage. S. 849 5247

NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Nudd Nudd Nudd. Exclusive whole body massage. S.841 1837.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 5015.

Spádómar

Spásími Láru
S. 908 5050
Opið frá kl. 13:00 - 00:00 um helgar, 15:00-23:00 virka daga.

Steinunn 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árasspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Þjónusta

HRADPENINGAR.IS
Vantar þig lán strax?
SMS 1917
10.000-40.000 kr. beint á bankareikning þinn.
Skráðu þig núna á www.hradpeningar.is s.511 1917.

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Esjumelur 7 · 116 Reykjavík · Sími 566 6620 · btm@btm.is

Rafvirkjun

Get bætt við raflagnavinnu, einnig heimilistækjaviðgerðir uppl. s. 696 4819.

Trésmíði

Bergiðjan ehf
www.bustadur.is
9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Smíðum og gerum við sumarhús og útileiktæki og almenn trésmíðavinna, smíðum borð með áföstum bekkjum og varmareiti. Uppl. í s. 867 3245 & 869 1690 Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, pukinn@simnet.is

Önnur þjónusta

Tanka og pallaviðgerðir - Viðgerðir á ál-vélahlutum - Kerru viðgerðir - Öll almenn ál og ryðfrí smíði - 5 met. innkeyrsluhurðir - Áratuga reynsla.

GreenHouse
vor -sumarvaran er komin. Verið velkomin að sækja frían bækling. Eldri vara seld með miklum afslætti. Opið í dag þriðjudag 13-19 GreenHouse Rauðagerði 26.

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send samdægurs beint heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

STUBBASTANDAR
Bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535.

Til sölu ískápur 146cmx60x60, einbreitt rúm, sjónvarpsskeinkur og sófaborð. Uppl í S. 615 4588 & 445 4586

VILTU SKAPA ÚR GLERI?
40% afsláttur 100 litir í mosaic, tiffanys og bræðslugleri. Handverkshúsið Bolholti R.vík og Kaupangi Akureyri. S:555 1212 P.s. ýmis handverksnámskeið í gangi.

Til sölu innréttingar fyrir fataverslun. Fataslár, gínur og skrifborð. Uppl. í s. 698 0385.

Gefins

50l fiskabúr með 20 seyðum, hreinsari og loftdæla v. 8þ. Hægindastóll v. 5þ. Á sama sama stað gefins tölvuskjár. S. 864 8918.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaupi notuð reiðhjól
Mega þarfnast lagfæringa, kem og sæki ykkur að kostnaðarlausu.
Upplýsingar í síma 659 8138.

Kaupum ýmislegt gamalt dót
30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl. (óskum einnig eftir dánarbúum)
Fríða frænka, Vesturgata 3,

Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.
S. 551 4730 & 864 2223.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Kaupi gamla mynt og seðla. Frá stórum í smá söfn. Gullmynt og minnispeningar. Geri verðtilboð Siggi 825 1016.

Óska eftir að kaupa Dewalt veltisög. S. 894 5573.

Óska eftir hornsófa eða 2+3 sófum. Uppl. í s. 869 3678.

Fjölklippur fyrir járn í minni kantinum óskast keyptar. Sími 660 4420.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. Kassagítar Tilboð kr. 49.900.- m/pikup, innbyggður tuner, 10W magnari, poki, snúra, ól, auka strengjasett og e Media kennsluforrit í tölvu. Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 44.900.- Þjóðlagagítar frá 17.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

4 t. hjólavél vantar vinnu. Einnig til sölu þjappa og steinsög. S. 8921813.

Til bygginga

Óska eftir notuðu mótatimbri öllum stærðum. sími 434 77 74 895 77 74 netfang kletturr@simnet.is

10f gámur ,07 einangr.m. rafm.töflu, innt. f.heitt&kalt vatn 600þ. S 896 4511.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

Verslun



HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

HERBALIFE veitir þér orku og hjálpar við þyngdarstjórnun, UPPL: Svavar 618 3909.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Gott nudd - good massage. S. 846 1397.

NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

NÝTT SPA - DREAM OASIS
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

TILBOÐ Í DETOX OG SVÆÐANUDD
fyrir 2 kr. 9000
Skrúbb, heitur pottur og nudd. Tilboð í DETOX fyrir 2 kr.9000. Margar tegundir af nuddi, slökun, snyrting, veitingar, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Ekkert sex nudd, NO sex massage. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantanir 445 5000. J. B. Heilsulind.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

ICELANDIC - ANGIELSKI dla POLAKÓW NORSKA - ENSKA fyrir BÖRN
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30/18-19:30, start 29/3, 26/4. Level II: 4 w. Md to Fr; st. 19:45-21:15, st 29/3. Level III: 4w. 13-14:30 st:29/3. Level IV 4w. Mnd-Fri 8-9:30/16-17:30; st.29/3. Level V: 4w. Mnd-Fri 8:00-9:30, st 12/4. ANGIELSKI dla POLAKÓW: 5 weeks: Level I: 5 weeks; Md to-Thu; 10:30-12 or 17:30-19:00 st. 26/4. Level II: 7 w; 9-10:30 or 19:15-20:45 Md, We, Fri, st. 26/4. NORSKA;4 vikur, mán til fös kl 19:45-21:15, stig I: 26/4 og stig II:/3. ENSKA f. BÖRN 5-8 ára, 8 vikur; þri/fim kl 16:30-17:30: 30/3. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

Ökukennsla

okukennari.is
Kenni á nýl. Toyota Avensis. Allar uppl. á okukennari.is & Krisján s. 892 9171.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. ,07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

HEIMILIÐ

Dýrahald

West Highland Terrier rakkar til sölu. http://westie.123.is/ og westie@visir.is

Til sölu langhunda hvolpar síðhærðir, með ættbók. Uppl. i s. 845 2321.

Get tekið 1-2 hunda í pössun. S: 821 2969/ www.hundagisting.com

Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 892 2934.

Til sölu

Tré Inn ehf
Íslensk framleiðsla - vönduð vara.
Innréttingar - Innihurðir
Eldhús - Bað - Fataskápar - Þvottahús - Stofa - Afgreiðsla - Skrifsstofur - Borðplötur - Skápar - Hillur
Lager eða sérsmíði. Verkstæði Vesturvör 22, 200 Kóp. S. 860 0811

Skemmtanir

Útsala

ÚTSALA – ÚTSALA

Postulín, postulínslitir og transfer
Keramik, acryllitir og glerjungur

Fyrirtækið mun hætta starfsemi föstudaginn 19. mars

Keramikgallery, Dalbrekka 14, s: 544-5504
Opið virka daga frá kl. 10-18

8 vikna sætir kettlingar fást gefins. Kassavanir. S. 561 4724 & 692 8796.

KK Rat Terrier hvolpur til sölu, uppl. á ratterrier87@gmail.com eða http://mjolniskennels.123.is/page/27161/

Til sölu púðlu blendings strákur Uppl. í s. 849 6700.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

- SPÁNN -
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860. Geymið auglýsinguna!

Hestamennska

Vandaðar hestaklippur. Verð aðeins 37.800. Frí heimsending. www.isbu.is. Símar: 4347702 / 8637702

Söðlasmiðurinn í mosó. Tökum að okkur viðgerðir á reiðtímum og fleira. S. 661 8864. Opnunartími 13-18.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu efri hæð í einbýlishúsi, ca. 130 ferm. 4ra herb, íbúð, stór garður, dýr engin fyrirstaða. Uppl. í síma 867 3724.

Til leigu 130 fm 5 herbergja björt og vel skipulögð íbúð í nýju parhúsi í Hveragerði, myndir og fleiri upplýsingar á www.stikluibudir.is sjón er sögu ríkari. Nánari upplýsingar í síma 824 5050.

101 miðbær
Stór 4-5 herb. íbúð. Leigist með ísskáp, uppþv.vél, þvottavél og gluggatj. Húsgögn geta fylgt. Leiga 145Þ. Laus. S. 692.1568.

Herbergi í Vesturbæ, með öllu. 45Þ. ROOM FOR RENT all incl. 694 5987.

2ja herb, íbúð til leigu á svæði 108. Laus nú þegar. Húsgögn geta fylgt. Uppl. í síma 892 2013 eða 898 9767.

2 herb. nýuppgerð íbúð í 101 til leigu. Uppl. í s. 896 0524.

Góð 4. herb. 114m2 Íbúð til leigu í norðurbæ Hafnarfjarðar. Frábært staðsetning, stutt í alla þjónustu. 120þús. með hússjóði og hita.Langtímaleiga, laus 1. apríl. Uppl. í síma 899 2616 eða 893 5370.

Gott herb. í 105, að̃g. að eldhúsi, sturtu og sérinng. Leigst reglusömum og rólegum manni. S. 552 0893

Falleg 2 herb. íbúð til leigu í Hlíðunum. V. 90þ. á mán. Uppl Þóra í S. 692 6859

30-40m2 íbúð til leigu. Upplýsingar í síma 869 9197.

Herbergi í Kópavogi til leigu með eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu. S. 564 2563 & 554 5051.

Laus núna! 2-3ja herb. Vallarbarð Hfj. 74 fm á jarðh. Sólpallur í suður. V. 105þ. Allt innif. Uppl. í s. 861 7667.

2 herb. íbúð til leigu, er á sv. 108 í einbýli með sérinngangi. S. 897 9397 & 897 4229.

Herbergi til leigu á Laugavegi 143, frá 30 þús. til 45 þús. S. 895 2138.

2 herb. til leigu á svæði 104. Verð 80 þús pr.mán. 2 room apartment for rent. Price 80 thous pr.month. contact number 698 3211.

Laus í Mosó 150fm kjallaraíbúð 5 herb. í einbýlishúsi Sérinngangur allt innifalið kr.139.000mán. 8405408

108 Espigerdi 165 fm 3 herb. lúxusíbúð með miklu útsýni, leiga 165þús uppl. 868 5860.

Góð 2ja herbergja 63 fm. íbúð i lyftublokk til leigu í efra-Breiðholti. Íbúðin er nýmáluð með yfirbyggðum svölum og frábæru útsýni. Uppl. í síma 8998475

Húsnæði óskast

Óska eftir 2 herb íbúð til leigu í 107 eða 101 frá 1. maí eða 1. júní. Meðmæli ef óskað er. S. 867 6848

Reglusöm, reyklaus 33 ára kvk. óskar eftir 2 herb. íbúð í 101 eða 105. Langtímal. hef meðmæli. Greiðslug. 80-90þ. S. 690 9614 og eygloski@hotmail.com

Háskólamenntað par óskar eftir >70fm íbúð til langtímaleigu í 101/107/170 frá 1.apríl. Hámark 120þ. Uppl:8666803

Verslunarhúsnæði óskast til kaups eða leigu. Leitum að 50-100m2 verslunarhúsnæði á Skólavörðustíg eða í Bankastræti. Nánari upplýsingar í síma: 898-8920

Vantar 3-4 herb. íbúð
Er að leita af 3-4 herb. íbúð. Langtímaleiga. Á höfuðborgarsv. Skilvísum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er. Uppl. ornog@landsbankinn.is eða í s. 820 6726.

Óskum eftir 3-4 herb íb til langtíma leigu í 101,107 í vor eða sumar. s772 5700.

Óska eftir einstaklingsíbúð/stúdíó.Verð á bili 50þ.Er reglusamur flísalagningarmaður.Uppl í S. 694 3036

Atvinnuhúsnæði 600-800fm óskast
600-800fm, ráðstefnu/fundarhúsnæði til langtímaleigu. Uppl. í s. 698 2298 Eiður.

Sumarbústaðir

Óskum eftir að kaupa sumahús til flutnings, helst á vesturlandi. (Má vera í smíðum) Sími 896-0028, 555-4351 og thordis@lognet.is

Atvinnuhúsnæði

Til leigu, 90, 180, 360 og 1000 fm iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. 660 1060.

Til leigu 210 fm. iðnaðarhús í Hafnarf. Uppl. í síma 892 9260.

320 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Möguleiki á að skipta í tvö bil. Uppl. í síma 896 0551.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Skammtímaleiga í 101
íbúðir fullbúnar húsgögnum og húsbúnaði á vikutilboði og helgartilboði. Sjá nánar á mimis4rent.com.

ATVINNA

Atvinna í boði

Snyrtifræðingur/nemi óskast á Gallerí útlit. Verktakav,prósentur,leiga kemur til greina. Áhugasamir hafi samband s.820 4706 eða gudrun@galleriutlit.is

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 25 ára eða eldri, hafa hreint sakavottorð og íslenskumælandi.
Sendið inn umsókn á nings.is

SECURITY
ÖRYGGISFÉLAGIÐ
www.115.is

Öryggisfélagið
óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund,hreint sakarvottorð og íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Túlkur ehf. Vegna mikilla anna þurfum við að bæta við okkur pólskumælandi túlkum. Mjög góð íslenskukunnátta og stúdentsprót/háskólapróf skilyrði. Reynsla vel metin. Regluleg þjálfun í boði. Áhugasamir eru beðnir um að senda ferilskrá á tulkur@tulkur.is. Nánari upplýsingar veitir Joanna, s. 7734030 eða joanna@tulkur.is

Leitum að umsjónarmanni véla og tækja með reynslu af viðhaldi á vélum. Einnig vanan garðyrkjumann. Um framtíðarstörf er að ræða. Umsóknir á gardlist.is

Erum að leita að hressum fagmönnum í 100% og 50% stólaleigu á smart hársnyrtistofu í 101. Áhugasamir hafi samband á mojo@mojo.is eða í síma 562-6161

Vantar konu sem er komin yfir fimmtugt til umönnunarstarfa í 1-2 mán., jafnvel lengur. Þarf að hafa bíl til umráða. Umsóknir ásamt meðmælum sendist til FBL á smaar@frett.is merkt „umönnun“

Hársnyrting
Sveinn eða meistari óskast í 70-80% starf. Stólaleiga kemur til greina. Hárgreiðslustofa Hrafnhildar, Hraunbæ 119 S. 567 1544 og hh12@internet.is

Óskum eftir gæslu fyrir 8 ára dreng eftir skóla og létt heimilisstörf í Seljahverfi. Viðkomandi þarf að vera reglusöm, hraust og geta sótt drenginn í skóla. Vinnutími kl 14-17, 4 eða 5 daga í viku. Uppl. í síma 824-5379 og sunnag@simnet.is

Bakaranemi eða aðstoðarmaður óskast sem fyrst í metnaðarfullt bakarí á Selfossi Upplýsingar Sturla 663 2664 netf. sturlabe@simnet.is

Kaffi Roma á Rauðarvatnsstíg vantar ábyrgðafullann starfsmann í fullt starf í afgreiðslu. Verður að geta talað íslensku. S. 866 0576.

Hefur þú verið að bíða eftir stóra tækifærinu? Vantar öflugt sölufólk. Árangurstengd laun. Lágmarksaldur 22 ára. Kristján í s. 770 0800.

Óskum eftir að ráða starfskraft í málningaverslun. Bæði er um að ræða hálfsdags starf og fullt starf. Vinsamlegast sendið umsóknir á TEKNOS@INTERNET.IS

TRÉSMIÐIR. Vantar trésmiði í almenna trésmíðavinnu Upplýsingar í síma 660 3533

Atvinna óskast

HÁSETI ÓSKAR EFTIR FÖSTU PLÁSSI
30 ára, vanur á trolli, netum og humri. Skoða allt. Sigurður í s. 841 8540.

Viðskiptatækifæri

Kaupi og/eða yfirtek hlutafélög sem eiga yfirveðsettar eignir. Skoða allt.
Uppl. í s. 849 7665

Til sölu skermagerð í fullum rekstri ,um er að ræða efnislager,snið og tilbúnar vörur . Verið starfandi í 37 ár. Upplýsingar í síma 897 4090.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

TILKYNNINGAR

Fundir

Aðalfundur Skákdeildar KR fer fram 29. mars nk. kl. 19:30 í starfsstöð deildarinnar að Frostaskjóli 2, KR heimilinu. Stjórnin.

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Spjalldömur 908 1616

Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar.

908 1616.

Samkynhn. KK ath:
Nú er allt vaðandi í nýjum auglýsingum samk.hn. KK og það bætast sífellt nýjar við! Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa/Mastercard). Ertu búinn að heyra nýjustu auglýsingarnar í dag?

Flott stelpa leitar spennu! 21 árs dama vill kynnast karlmanni með allskonar skemmtilegheit í huga, bæði í síma en líka við nánari kynni. Auglýsingu hennar má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa/Mastercard), augl.nr. 8875.

Ný upptaka: Hún og þú! Ung og bráðfalleg kona ímyndar sér að hún sé með þér, fyrir framan þig, og hún lýsir því í smáatriðum sem er að gerast. Frábærlega heit og lifandi upptaka! Þú heyrir hana hjá Sögum Rauða Torgsins, sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (Visa/Mastercard), uppt.nr. 8327.

Fasteignir

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 14. MARS Á MILLI KL. 13-14
VÖRÐUBERG 16, HAFNARJÖRÐUR

Fallegt tveggja hæða raðhús m. bílskúr í austurhluta Setberghverfis. Hellulögð innkeyrsla með hita undir, stór pallur í bakgarði með áhaldaskúr, tjörn og kvöldlýsingu. Fallegt Jatoba parket er á gólfum bæði neðri og efri hæðar utan blautrýma. Vönduð eldhúsinnrétting og tæki. Þrjú rúmgóð svefnherbergi á efri hæð ásamt sjónvarpsherbergi sem hægt væri að breyta í svefnherbergi. Stórt baðherbergi með hornbaðkari og sér þvottahús einnig á efri hæð. **Óskað er eftir tilboði í eignina. Uppl. veitir Jón Rafn hjá Valhöll í síma 695-5520**

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

fasteignasalan
GARÐUR
S. 562 1200 862 3311
Skipholti 5

Kári Fanndal Guð Brandsson
Sigrún Sigurpálsdóttir lögg. fasteignasali

Skipalón 16-20 • Hafnarfirði
- Glæsiíbúðir fyrir 50 ára og eldri -

Opið hús í dag frá 14-16

Nýtt í sölu • Mjög hagstætt verð • Vandaður frágangur.

Full innréttuð sýningaríbúð. Hagstæð 70 til 90% lán frá Íbúðalánasjóði geta fylgt með.

- 2ja herb. íbúðir frá 71 m²
- 3ja herb. íbúðir frá 92,2 til 122,2 m²
- 4ja herb. íbúðir frá 127,4 fm
- Tvö baðherbergi í stærri íbúðum, annað inn af hjónaherbergi.
- Þvottaherbergi íi öllum íbúðum.
- Innréttingar í hæsta gæðaflokki frá Brúnási.
- Heimilistæki frá AEG.
- Uppþvottavél og ísskápur fylgja.
- Hreinlætistæki frá Tengi.
- Ljóst graníт á borðum og sólbekkjum frá S. Helgasyni.
- Sérbílastæði í lokaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðunum.
- Innangengt úr bílgeymslu í 3 lyftur.

Verð á 2ja. herb. íbúð frá	kr. 17.100.000.-
Verð á 3ja. herb. íbúð frá	kr. 20.800.000.-
Verð á 4ja. herb. íbúð frá	kr. 26.800.000.-

Sígild og samtímaplata ársins

● Umsagnir dómnefndar

By the throat

Ben Frost. Útgefandi: **Bedroom Community.** Tónlist Bens Frost er kraftmikil og djúphugsuð án nokkurra málamiðlana. Höfundareinkennin eru skýr; áhugaverður samruni lífrænna og ólífrænna hljóða, hávaðatónlistar, sígildrar tónlistar, rafrænu. Hljóð- og eftirvinnsla eins og best verður á kosið, sem og myndræn umgjörð plötunnar.

Guiliani, Sor, Aguado, Carcassi

Kristinn Árnason. Útgefandi: **12 Tónar.** Kristinn H. Árnason leikur af miklu listfengi og næmi fyrir blæbrigðum í stíl. Hann sýnir hér enn og aftur með tæknilegri færni og persónulegri túlkun sinni á klassískum gítarverkum að hann er í fremstu röð íslenskra tónlistarmanna.

Processions

Daníel Bjarnason. Útgefandi: **Bedroom Community.** Daníel hefur markað sér sess sem eitt af áhugaverðustu tónskáldum af yngri kynslóðinni. Tónlist hans dansar á ótal landamærum og er illflokkanleg.

Verkin þrjú eru ekki tengd innbyrðis en mynda áhugaverða og fallega heild. Flutningur einleikara og Sinfóníuhljómsveitar Íslands er í hæsta gæðaflokki, sem og hljóðvinnsla og umgjörð plötunnar.

Debut

Víkingur Heiðar Ólafsson. Útgefandi: **Hands On Music.** Verkefnaval Víkings Heiðars á þessari plötu er metnaðarfullt og hann tekst á við verk Beethovens og Brahms af mikilli dýpt og þokka. Eins og heiti plötunnar ber með sér er þetta fyrsta plata Víkings en hann hefur fyrir nokkru markað sér sess sem einn af færustu og áhugaverðustu tónlistarmönnum þjóðarinnar, þrátt fyrir ungan aldur.

Haydn-píanókonsertar

Edda Erlendsdóttir píanóleikari og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Útgefandi: **Erma.** Edda Erlendsdóttir túlkar fjóra píanókonserta Haydns af mikilli fágun og innlifun en hún hefur áður sýnt næman skilning á höfundarverki hans. Túlkun Sinfóníuhljómsveitar Íslands er sömuleiðis leikandi létt og býr yfir smitandi leikgleði. Hljóðritun afbragðs góð.

Without sinking

Hildur Guðnadóttir. Útgefandi: **Touch.** Þetta er önnur breiðskífa Hildar en áður sendi hún frá sér plötuna Lost in Hildurness árið 2006. Hljóðheimurinn á nýju plötunni er heillandi og ákaflega sterkur og verkin á plötunni mynda samfellda og sannfærandi heild þar sem selló tónlistarkonunnar er í lykilhlutverki. Hildur skapar sér sérstöðu með þessu djarfa verki og stígur fram sem þroskaður listamaður. Umgjörð og hljóðvinnsla ákaflega vel úr garði gerð.

Veldu vinsælasta flytjandann

● Íslensku tónlistarverðlaunin ásamt Tónlist.is standa eins og undanfarin ár fyrir vali á Vinsælasta flytjandanum.

Til að velja þinn eftirlætistónlistarflytjanda þarftu að senda SMS eða hringja í eitthvert eftirtalinna símanúmera:

Baggalútur- 900-3301
Dikta - 900-3302
Haffi Haff - 900-3303
Hvanndalsbræður - 900-3304
Ljótu hálfvitarnir - 900-3305

Athugið að símtalið kostar 99 krónur.

BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009. Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

Jón Nordal með Einari Vigfússyni í Hljómskálanum, þá húsnæði Tónlistarskólans í Reykjavík.

MYND/ÚR EINKASAFNI JÓNS NORDAL OG SOLVEIGAR JÓNSDÓTTUR

Jón með nýstofnuðum Musica Nova-hóp í Tónlistarskólanum í Skipholti.

Á æfingu á Choralis ásamt Rostropovich í Kennedy Center.

Skyggnst inn í betri heim

● Jón Nordal er heiðursverðlaunahafi Íslensku tónlistarverðlaunanna 2010.

PISTILL

Það er gömul saga og ný að orð eru vanbúin að lýsa þeirri reynslu sem við njótum í tónlistinni. Orð eins og „dýpt“ eða „breidd“ hljóma fáránlega þegar fjallað er um tónlist því hún hefur sínar eigin víddir sem eru lítt skyldar öllum öðrum víddum. Sömuleiðis þarf að teygja sig langt til að samþykkja að tónlist geti sagt ákveðna sögu hjálparlaust. Samt er það svo að í réttu hlutfalli við fáránleika þess að tengja tónlist hinu sértæka er sú tilfinning ósvikin sem sannfærir okkur um að hún sé annaðhvort innihaldsrík eða rýr. Og þótt fallist sé á að tónlist geti ekki sagt ákveðna sögu er hitt jafn öruggt að okkur finnst hún segja sögu þegar best lætur.

Að hlusta á tónlist Jóns Nordals er eins og að skyggnast inn í annan og betri heim en þann sem við okkur blasir dagsdaglega. Það er hátíð. Á hátíðum rifjast það upp að auk hins hversdaglega yfirborðs er til það sem kalla mætti innihald. Þetta ætti ekki að þurfa að nefna sérstaklega en því er oft haldið fram, beint og óbeint, að innihald tónlistar felist í yfirborði hennar og því er ekki úr vegi að nefna hið augljósa: innihald og yfirborð eru ekki eitt og hið sama. Það er ekki þar með sagt að annað skuli rækta á kostnað hins. Í tónlist Jóns er einmitt jafnvægi milli yfirborðs og innihalds. Hún er mjög áferðarfalleg, en ekki vegna þess að hún sé að eltast við það sem talið er vera fallegt í heimi hverfullar tísku, heldur vegna hins, að það er eins og hún komi innan frá eftir einarða glímu við fjölbreyttan efnivið. Sú spurning vaknar hvort til sé eitthvað sem nefna mætti innsta kjarna í okkur mönnunum og hvort þar sé allt sem okkur viðkemur og meira að segja allt hvað með öðru í einum og sama punktinum. Reyndar hvarflar ekki að mér að reyna að sanna með orðum að svo sé. Þegar ég hlusta á tónlist Jóns Nordals finnst mér ég heldur ekki þurfa þess. Hún er ríkuleg og það fer ekki á milli mála að hún kemur úr innsta kjarna. Sömuleiðis er auðheyrt að allt tekur mið hvað af öðru í tónlist Jóns. Og sagan sem okkur finnst hún segja hefur alltaf verið til.

Snorri Sigfús Birgisson

Jón Nordal er fæddur í **Reykjavík** árið 1926. Hann hóf píanónám hjá Friedu Briem ellefu ára gamall og aðeins tveimur árum síðar lék hann nokkur smálög eftir sjálfan sig í útvarpið, án þess að láta höfundar getið. Hann lærði síðan við **Tónlistarskólann í Reykjavík**, meðal annars undir handleiðslu **Árna Kristjánssonar** píanóleikara og **Jóns Þórarinssonar** tónskálds. Að loknu burtfararprófi í píanóleik og tónsmíðum hélt hann áfram tónsmíðanámi hjá **Willy Burkhard** og **Walter Frey** í **Zürich** á árunum 1949-51 auk þess sem hann sótti hin víðfrægu sumarnámskeið í **Darmstadt** 1957, þar sem helstu framúrstefnutónskáld álfunnar komu saman. Jón var skólastjóri **Tónlistarskólans í Reykjavík** 1959-92 auk þess sem hann var einn af stofnendum **Musica Nova** árið 1959 og fyrsti formaður þess.

Jón yfirgefur skrifstofu sína eftir 33 ár í starfi skólastjóra Tónlistarskólans í Reykjavík. Með Jóni á mynd er eftirmaður hans, Halldór Haraldsson píanóleikari.

Tveir snillingar. Jón Nordal og Jón Leifs spjalla saman í ráðhúsinu í Ósló árið 1953 eða 1954.

MYND/ÚR EINKASAFNI JÓNS NORDAL OG EIGINKONU HANS SOLVEIGAR JÓNSDÓTTUR

Helstu verk

Smávinir fagrir, 1940
Systur í Garðshorni, 1944
Konsert fyrir hljómsveit, 1949
Fiðlusónata, 1952
Hvert örstutt spor, 1954
Píanókonsert, 1956
Adagio, 1966
Leiðsla, 1973
Kveðið í bjargi, 1978
Tvísöngur, 1979
Choralis, 1982
Sellókonsert, 1983
Óttusöngvar á vori, 1993
Requiem, 1995
Haustvísa, 2000

Jazzplata ársins

● Umsagnir dómnefndar

ADHD
ADHD. Útgefandi **ADHD**. Lágstemmd og spennuþrungin í senn. Ákaflega vel spilandi kvartett sem galdrar fram stemningar í hróplegu ósamræmi við nafn hljómsveitarinnar.

Jæja
Hafdís Bjarndóttir. Útgefandi: **Hafdís Bjarnadóttir**. Hafdís hikar ekki við að leika sér á landamærum sam-innar og spunninnar tónlistar. Nýstárlegar hljóðfærasamsetningar og spennandi hljóðheimur.

Mæri
Árni Heiðar Karlsson. Útgefandi: **Dimma**. Melódískur jazz, framandi og kunnuglegur í senn. Píanótríóið er einn af hornsteinum jazzins og Árni Heiðar tekst á við þetta krefjandi form af næmni og smekkvísi.

Spirit of Iceland

Stórsveit Reykjavikur ásamt Bob Mintzer. Útgefandi: **Stórsveit Reykjavíkur**. Stórsveitin festir sig í sessi sem ein mikilvægasta hljómsveit landsins. Með aðkomu Mintzers að íslenskum þjóðararfi sannast að glöggt er gests augað. Framúrskarandi flutningur og sérlega áhugavert hvernig þjóðlegt efni getur tekið alþjóðlegum stakkaskiptum.

Tónverk ársins

● Umsagnir dómnefndar

Bow to string
Eftir **Daníel Bjarnason**. Verk Daníels er geysifallegt og um leið nútímalegt og persónulegt. Verkið verður án efa einn af hornsteinum verkasafns Daníels og er um leið þýðingarmikil viðbót í safn íslenskrar sellótónlistar. Verkið er rómantík á nútímavísu.

Bæn

Eftir **Gunnar Þórðarson**. Í verkinu sýnir Gunnar Þórðarson sannarlega hvers af honum má vænta á sviði klassískrar tónlistar. Bæn er íhugult verk, melódískt og ljóðrænt.

Cecilia
Eftir **Áskel Másson**. Óratoría Áskels um heilaga Sesselju, verndardýrling tónlistarinnar er áhrifamikið verk markað ljóðrænni litadýrð og dulrænni dýpt. Í verkinu skapar Áskell heillandi hljóðheim og þaulhugsuð form – nútímalegan stíl, þótt efniviðurinn sé byggður á fornum minnum.

Processions
Eftir **Daníel Bjarnason**. Glæsilegur píanókonsert þar sem Daníel teflir fram andstæðum blæbrigðum þess næma og kyrrláta gegn krafti og ofsa og hríf-andi blæbrigðum í samspili einleikara og hljómsveitar.

● LAG ÁRSINS

Crazy like a bee
Lag og texti: Egill Sæbjörnsson, flytjandi: Egill Sæbjörnsson.
Digging up a tree
Lag og texti: Helgi Hrafn Jónsson, flytjandi: Helgi Hrafn Jónsson.
Dreamin'
Lag og texti: Rósa Birgitta Ísfeld og Einar Tönsberg, flytjendur: Feldberg.
Suitcase man
Lag: Hjaltalín, texti: Örvar Þóreyjarson Smárason, flytjendur: Hjaltalín.
This heart
Lag og texti: Bloodgroup, flytjandi: Bloodgroup.
Taktu þessa trommu
Lag og texti: Þorsteinn Einarsson, flytjendur: Hjálmar.

● UMSLAG ÁRSINS

ADHD - ADHD Ísak Winther hannaði.
Stop! Hand Grenade in the Name of Crib Death 'nderstand - Sudden Weather Change Oddur Guðmundsson, Logi Höskuldsson, Benjamin Mark Stacey, Klængur Gunnarsson, Bergur Andersen, Dagur Sævarsson og Hörður Sveinsson hönnuðu.
IV - Hjálmar Davíð Örn Halldórsson hannaði.
Einn heima með Prins Póló Svavar Pétur Eysteinsson (Prins Póló) hannaði.
Swordplay and guitarslay - Retrön Arnar Ingi Viðarsson, Kári Halldórsson og Kolbeinn Hugi Höskuldsson hönnuðu.
Riceboy Sleeps - Jónsi og Alex Jón Þór Birgisson og Alex Somers hönnuðu.

60 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR SÍ

Fim. 18.03.10 » 19:30

- **Hafliði Hallgrímsson:** *Norðurdjúp (frumflutningur)*
- **Gustav Mahler:** *Sinfónía nr. 2*

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri
Hillevi Martinpelto einsöngvari
Sarah Connolly einsöngvari
Mótettukór Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson kórstjóri

Á hátíðartónleikunum verður Sinfónía nr. 2 eftir Gustav Mahler, einnig kölluð „Upprisusinfónían", flutt af rúmlega tvö hundruð flytjendum, þar á meðal tveimur heimsfrægum söngkonum. Þá verður flutt stórglæsilegt nýtt verk eftir Hafliða Hallgrímsson.

Tryggðu þér miða á þessa einstöku tónleika á www.sinfonia.is eða í síma 545 2500.

„Sinfónía þarf að vera eins og heimurinn. Hún þarf að innihalda allt."
Gustav Mahler



AÐALSTYRKTARAÐILAR
BORGUN Morgunblaðið

Leggjum eyrun við

● Heiða Eiríksdóttir tónlistarkona.

BAKNAG

Þegar ég var lítil hékk ég alltaf með pabba og mömmu og hlustaði þar af leiðandi á tónlistina sem þau voru að hlusta á: Bítlamúsík innlenda og erlenda.

Síðar tóku við unglingsárin með sínum yndislegu uppgötvunum á spennandi tónlist og löngum göngutúrum um allt með vasadiskó. Þá var ég að hlusta á tónlist á mínum forsendum og uppgötvaði Boy George, David Bowie og allt þar á milli. Þarna hékk ég með félögunum og hlustaði á kassettur og vínil.

Svo varð ég stærri og hélt auðvitað áfram að hanga með vinum mínum og hlusta á tónlist. Og þótt líf mitt og heimurinn allur hafi umturnast síðan þá, hefur það þó aldrei breytt því hversu gaman mér þykir að hanga með einhverjum og hlusta á tónlist.

Það má segja að tónlistaráhugi minn hafi byrjað með því að hlusta á Bítlana og vilja syngja raddanirnar í lögum þeirra. Þaðan þróast þetta út í að vilja eiga plaköt og barmmerki með uppáhaldspönkinu og nýbylgjunni. Síðan kom tímabilið þegar ég vildi læra gítarinn í góðu lögunum. Ég æfði mig og æfði þangað til ég náði að spila lagið.

Núna syng ég sjaldan raddanir, á afskaplega fá plaköt og þarf alls ekki að kunna öll lög sem ég fíla á gítar. En að öllum líkindum hlusta ég alveg jafnmikið á tónlist í dag, 39 ára, og ég gerði þegar ég var 7 ára, 15 ára eða 28 ára.

Það er bara eitthvað svo æðislegt að sitja og aðhafast ekkert sérstakt annað en að hlusta á tónlist, tala kannski smá um hana, pæla í áhrifavöldunum, velta fyrir sér (ef tónlistin er gömul) hvað annað kom út sama ár, fara kannski á Wikipediu og fletta upp hljóðfæraleikurum og sjá hvaða öðrum sveitum þeir voru í. Hlusta kannski í framhaldinu á eitthvað með viðkomandi. Fara á Youtube og skoða lævupptökur með bandinu. Hækka aðeins. Er þetta ekki alveg örugglega það sem flestir gera á kvöldin?

Bjartasta vonin

● Umsagnir dómnefndar

Pascal Pinon Þrátt fyrir að hæverska og jafnvel feimni hafi verið áberandi í fari hljómsveitarinnar Pascal Pinon hefur hún skyggt á marga háværari tónlistarmenn. Tónlistin er lágstemmd og yfirlætislaus, dálítið „skólastofuleg", en skemmtilega útsett og krydduð launfyndnum, skemmtilegum og oftast íslenskum textum.

Sudden Weather Change Kraftmikil gítarsveit undir áhrifum frá amerísku jaðarrokki. Fyrsta platan þeirra er ekkert slor en jafnast þó ekki á við kraftinn og spilagleðina sem einkennir þá fimmmenninga á tónleikum.

Sudden Weather Change

Sykur sýndi það bæði á sinni fyrstu plötu, Frábært eða frábært og á tónleikum að hún er ein af skemmtilegri poppsveitum landsins. Flottir taktar, frísklegur hljómur og lífleg sviðsframkoma eru aðalsmerki Sykurs.

Hljómsveitin Sykur

Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari hefur sýnt það og sannað á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því að hún lauk námi við Juilliard-tónlistarskólann í New York að hún er glæsilegur flytjandi. Sæunn hefur vald á víðfeðmri efnisskrá og býr yfir næmi og skilningi á viðfangsefnum sínum.

Þorvaldur Þór Þorvaldsson trommuleikari snýr aftur úr framhaldsnámi í músík og stimplar sig inn með öflugu tónleikahaldi og plötu með eigin tónlist.

hanna lýsir vel
fst svona.
ki svarað því
ginu.

LÆKNIR EÐA LISTASKÁLD? Börn leika sér gjarnan í hlutverkaleikjum, eru bardagahetjur, læknar, smiðir eða prinsessur eftir áhuga og umhverfi. Búningar eru skemmtileg leikföng fyrir stóra og litla krakka, hvort sem er heimatilbúnir eða aðkeyptir.

eru í vinnunni og við viljum ekki of mikla rútínu. Börn eiga að fá að njóta bernsku sinnar sem lengst og nægur tími seinna til að lifa og hrærast í fastmótaðri dagskrá skólastofnana.“

Kossar að launum

„Sem hnáta læddist ég stundum í kústinn á verkstæði pabba og fékk smáaura fyrir að sópa, en sá ekki möguleikana í starfinu fyrr en ég fór að snuddast þar og fikta á menntaskólaárunum, þegar ég var enn óráðin í hvað ég ætlaði að verða,“ segir húsgagnabólstrarinn Berglind Hafsteinsdóttir sem fetaði í fótspor föður síns, Hafsteins Sigurbjarnasonar í H.S. Bólstrun, og rekur nú Bólsturlist á Selfossi.

„Ég fór á samning hjá formanni Meistarafélags bólstrara, sem þá var pabbi, og ekki skemmdi fyrir hversu ánægður hann var með þá ákvörðun, blessaður karlinn. Hafþór bróðir minn í Formbólstrun lærði einnig þessa iðn, svo þetta er orðinn viðamikill fjölskyldubisness, þótt við rekum hvert sína bólsturgerðina.“

Það var óhægt um vik í Iðnskólanum í Reykjavík þegar Berglind ákvað að hefja nám í húsgagnabólstrun því ekki hafði útskrifast nemi úr því fagi við skólann í yfir tvo áratugi.

„Það þurfti því að búa til námið upp á nýtt. Ekki fannst lengur kennari til að kenna fagteikningu í bólstrun og hélt ég því utan til Danmerkur til að ljúka sveinsprófi frá Skive Tekniske Skole, sem er sá virtasti á Norðurlöndum,“ segir Berglind, sem líkt og faðir hennar og bróðir er jafnvíg á allar tegundir bólstrunar, en lagði mesta áherslu á antíkbólstrun, meðan þeir feðgar eru meira í almennri bólstrun og bílsætabólstrun.

„Bólstrun er allt eins kvennastarf en við erum þó bara þrjár af mörgum sem hafa útskrifast sem störfum við þetta í dag. Starfinu fylgir mikið álag á hendur því í antíkbólstrun er allt handsaumað og handbundið eftir kúnstarinnar reglum,“ segir Berglind sem lærði antíkbólstrun af meistaranum Halldóri Jónssyni, en faðir hennar sá til þess að dóttirin lærði af sem flestum meisturum svo hún fengi sem mest út úr náminu.

„Það leynir sér ekki hvað pabbi er stoltur. Hann á enn erfitt með að sleppa takinu af mér, en ég er dugleg að skjótast í bæinn og starfa með honum þegar stærri verkefni kalla. Eftir hrunið hættu Íslendingar að henda húsgögnum, en láta í staðinn gera við þau eða gera þau upp, sem er alltaf ódýrari og betri kostur.“

Berglind segir töfra bólstrunar felast í þakklæti húsgagnaeigenda sem trúi vart eigin augum þegar þeir sjá illa farin húsgögn sín öðlast nýtt líf í höndum bólstrarans.

„Handverkið er líka dásamlegt að vinna, en ómæld ánægja viðskiptavinarins setur punkt yfir i-ið og þá fæ ég stundum kossa að launum líka,“ segir Berglind hlæjandi. „Ég á heima í bólstrun og er ánægð með að hafa farið sömu leið og pabbi. Við erum samrýnd fjölskylda. Barnungur sonur minn fæddist á páskadag, en pabba þótti mun merkilegra að fæðingu hans skyldi bera upp á afmælisdag Meistarafélags bólstrara. Þar með þótti honum framtíð hans ráðin, en við sjáum hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Á facebook.com/bolsturlist má sjá forvitnilegt vinnsluferli og handverk Berglindar. *-þlg*

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

menning

leikum og lesum ...



MENNGARFRAMBOÐ GOTT Framboð af menningarviðburðum fyrir börn er nægilega gott að mati meirihluta svarenda í nýrri könnun á menningarneyslu Íslendinga, eða um 63 prósent. Leikritið um Sindra silfurfisk er meðal þess sem hefur verið í boði fyrir börn í vetur.

NÁM

Ánægja með grunnskóla

Mikill meirihluti foreldra í Reykjavík, eða 84 prósent, eru ánægðir með skólann sem barnið þeirra er í og er það aukning um sex prósentustig frá árinu 2008 þegar síðast var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra. Um 90 prósent telja að börnum þeirra líði oftast vel í skólanum, hvort heldur er í kennslustundum eða frímínútum.

Ánægja með aðbúnað og aðstöðu í grunnskólum er svipuð milli ára, en eykst þó töluvert þegar spurt er um leikaðstöðu á skólalóð og möguleika barnsins á tómstundaiðkun að loknum skóladegi. Þá eru foreldrar ánægðari nú en fyrir tveimur árum með aðstæður barna sinna til að matast í skólanum svo og með þann mat sem boðið er upp á í mötuneytum skólanna, eða tæp sjötíu af hundraði. 84 prósent grunnskólabarna í borginni nýta sér daglega heita máltíð í skólanum í hádeginu og telja 90 prósent foreldra verð á skólamáltíðum sanngjarnt.

Hæfilegar námskröfur Í könnuninni var afstaða til heimanáms og kennslu einnig könnuð. Í ljós kom að meira en áttatíu af hundraði foreldra eru ánægðir með kennslu í lestri og íslensku, 74 prósent með stærðfræðikennsluna og 70 prósent með kennslu í erlendum tungumálum. 11 prósent foreldra eru alfarið á móti heimanámi í grunnskólum, en 84 prósent foreldra vilja heimanám í öllum greinum og er stuðningur þeirra mestur við heimavinnu nemenda á unglingastigi.

computer.is

10 ár í fararbroddi

Tíu ár að baki

Netverslunin Computer.is hefur nú verið starfrækt í 10 ár.

Okkur langar að fagna afmælinu með viðskiptavinum okkar en hugmyndir um rafræna skúffuköku voru fljótt slegnar út af borðinu. Í staðinn bjóðum við frábær afmælistilboð á nokkrum vinsælum vörum.

Asus EeePC 1005PE
250 GB diskur
1 GB minni
10" skjár
Kortalesari
Vefmyndavél
Windows 7 Starter
Afmælistilboð: 75.990

Samsung S2 Portable
Eitursvalur flakkari frá Samsung
320 GB: 16.490
500 GB: 19.990

Genius LuxeMate T810
Þeir sem eru með tölvuna tengda við sjónvarp þurfa á þessari græju að halda
Afmælistilboð: 12.890

SuperTalent Pico
Minnislykill
2 GB 1.850
4 GB 2.850

HP ScanJet G3110
Skanni
Lok fyrir 35mm filmu og slides fylgir
Afmælistilboð: 18.990

Case Logic VLS-110
Til að verja 7-10" netbook tölvur í skólatöskum fyrir hnjaski
Afmælistilboð: 2.990

Sjáðu öll afmælistilboðin á www.computer.is

Hver á að ráða? Nýmælin í þeim þætti fólust í því að í honum var sagt frá karlmanni sem var ráðsmaður hjá útivinnandi konu.

Óvenjulegar fjölskyldur

Sjónvarpsfjölskyldur níunda áratugarins voru af ýmsum toga en eins og venja er í skemmtanaiðnaðinum voru fæstar þeirra lýsandi fyrir venjulegar fjölskyldur.

Kalda stríðið lognaðist hægt og bítandi út af á níunda áratugnum, en á svipuðum tíma varð sprenging í fjölda og vinsældum sápuópera og gamanþátta í sjónvarpi í Bandaríkjunum. Eðli málsins samkvæmt voru fjölskyldur vinsæl viðfangsefni margra þessara þáttaraða, en eins og skemmtanaiðnaðurinn á vanda til þóttu fæstar þeirra lýsa daglegu lífi og vandamálum „venjulegra“ fjölskyldna á sannfærandi hátt.

Vinsælasti sjónvarpsþátturinn vestanhafs á níunda áratugnum var The Cosby Show, eða Fyrirmyndarfaðir eins og hann kallaðist í Ríkissjónvarpinu, sem fjallaði um þeldökku hjónin Heathcliff og Claire Huxtable og afkvæmi þeirra. Hann var kvensjúkdómalæknir, hún lögfræðingur og virtust þyngstu þrautir fjölskyldunnar snúast um grafalvarleg mál á borð við þegar sonurinn Theo kom of seint heim af skólaskemmtun með vini sínum „Kakkalakka“ og tánningsdóttirin Vanessa fyllti brjóstahöld sín með bréfaþurrkum á leiðinni á enn aðra skólaskemmtun. Þegar aðkallandi vandamál bar á góma, eins og ótímabærar þungunir unglingstelpna, kom það undantekningarlítið í hlut aukapersóna að kljást við þau.

Þrátt fyrir að margir hafi gagnrýnt Fyrirmyndarföðurinn fyrir skort á raunsæi var þáttaröðin sú vinsælasta í Bandaríkjunum frá árinu 1986 til 1990, en síðasta árið deildi The Cosby Show efsta sætinu með þáttunum um Roseanne, sem hófu göngu sína einu sjónvarpsári fyrr.

Roseanne-þáttunum var hrósað fyrir raunsæisstefnu sína, enda aðalpersónurnar fátæk hjón af verkamannastétt, sem voru í ofanálag offitusjúklingar og höfðu getið af sér sérlega ódæl börn. Eitt af aðalsmerkjum þáttanna um Roseanne var að í þeim var ótt og tátt fjallað um og jafnvel gert grín að málefnum sem aðrir viðlíka vinsælir þættir forðuðust eins og heitan eldinn, mál á borð við áfengissýki, kynlíf, sjálfsfróun, heimilisofbeldi og samkynhneigð. .

Who‘s the Boss, sem varð að Hver á ráða? í snörun þýðenda RÚV, þóttu óvenjulegir þættir árið 1984. Nýmælin fólust fyrst og fremst í því að í þeim var því sem enn þann dag í dag er nefnt „hefðbundin kynjahlutverk“ snúið á haus. Ekkillinn og fyrrverandi hafnaboltaleikmaðurinn Tony gerðist ráðsmaður hjá framkvæmdastjóranum Angelu, sem bjó ásamt syni sínum í Connecticut og með í kaupunum var Samantha, ung dóttir Tonys. Auk þess var Mona, vergjörn móðir Angelu, áberandi og þótti ekki minna djörf ákvörðun að sýna eldri konu sem lifði virku kynlífi á besta útsendingartíma. Tony og Angela eyddu sjö árum í að daðra hvort við annað áður en þau játuðu loks ást sína fyrir hvort öðru. Dvínandi vinsældir þáttanna gerðu þó að verkum að framleiðslu hennar var hætt áður en skötuhjúin fengu tækifæri til að láta pússa sig saman, sumum vafalaust til mikillar gremju. *- kg*

Cosby-fjölskyldan Var fastagestur á íslenskum heimilum á 9. áratugnum.

skemmtilegri

SANNLEIKURINN MEÐ PÉTRI JÓHANNI

UM PÁSKANA

FRÁBÆRIR ÞÆTTIR OG VEGLEG PÁSKADAGSKRÁ

SLUMDOG MILLIONAIRE

AUSTRALIA

ALVIN AND THE CHIPMUNKS

HIGH SCHOOL MUSICAL 3

LIVE FREE OR DIE HARD

EVAN ALMIGHTY

how i met your mother · 24 · American Idol · BONES · GREY'S ANATOMY · WIPEOUT · COLD CASE · NCIS

FRINGE · GHOST WHISPERER · Spaðstæð fólk · AUDDI & SVEPPI · THE AMAZING RACE · modern family

ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA Í STÖÐ 2 VILD:

• LÆGRA ÁSKRIFTARVERÐ • MINNI FYRIRHÖFN • TILBOÐ Á VÖRUM OG ÞJÓNUSTU • FLEIRI STÖÐVAR

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

GAGN&GAMAN

Flottir fylgihlutir Fylgihlutalína fyrir börn er það nýjasta frá fatahönnuðinum Hlín Reykdal. Vörur Hlínar eru seldar í verslun-inni Belleville og hjá danska fatahönnuðinum Henrik Vibskov en hingað til hefur hún hannað fylgihluti fyrir fullorðna. Hægt verður að festa kaup á vörum Hlínar í Popup-markaði í Saltfé-lagshúsinu næsta laugardag, 20. mars. Í fylgihlutalínunni fyrir börn er að finna slaufur, klúta, hárbönd og húfur.

Þjóðbúningadagur Gestir Þjóðminjasafns Íslands eru hvattir til að mæta í þjóðbúningi á safnið á morgun. Þá er þjóðbúningadag-ur safnsins og verða fjölbreyttir íslenskir búningar til sýnis. Einnig verða þjóðbúningabrúður Sigríðar Kjaran til sýnis á torgi við Safnabúðina en hún færði safninu þær að gjöf árið 2001.

Innritunarreglur skýrðar Nýjar innritunarreglur í fram-haldsskóla eru viðfangsefni málþings Heimilis og skóla sem haldið verður 18. mars í Verzlunar-skóla Íslands. Fulltrúi mennta-málaráðuneytisins kynnir reglurnar og Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskólans, flytur erindi ásamt fleiri fulltrúum þeirra hópa er reglurnar varða. Allir eru velkomnir.

512 54 01
Auglýsingasími

Allt sem þú þarft...

ÓDÝRT

MELISSA

Melissa 643200
Tveggja sneiða BRAUÐRIST með 6 stillingum og Cancel takka. 680w.

TILBOÐ 2.995
FULLT VERÐ 4.995

MELISSA

Melissa 635110
2000w HÁRBLÁSARI með 2 hraða og 3 hitastillingum, köldum blæstri og yfirhitavari.

VERÐ 3.995
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD

Kenwood JK770
1,5 lítra HRAÐSUÐUKANNA. 3000w. Hvít.

TILBOÐ 4.995
FULLT VERÐ 6.995

KENWOOD

Kenwood MW939
800w og 20 lítra ÖRBYLGJUOFN með stafrænum skjá afþýðingu og barnalæsingu. Festa má aðgerðir í minni. Silfur/stál litaður.

VERÐ 16.995
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD

Kenwood VC2790
Lítil og nett ryksuga 1800w RYKSUGA með Hepa síu.

VERÐ 9.995
FRÁBÆRT VERÐ

FÆST Í 2 LITUM

Nikon

Nikon L21
8.0 milljón punkta uppl. með 2,5" LCD skjá, NIKKOR 3,6x linsu, 3x skerpu, EXPEED myndvinnslu,brosstillingu, blikkvörn, ISO-1600, 16 umhverfisstillingar, hreyfimyndatöku, 19MB minni, rauf fyrir SD kort, íslenskum leiðarvísi ofl.

TILBOÐ 17.995
FULLT VERÐ 19.995

PHILIPS

Blu-ray Disc

Philips BDP3000
Full HD Blu-Ray SPILARI með Deep Color (yfir milljarður lita), x.v. Colour, mynd í mynd, Progressive Scan, USB 2.0 afspilun á videó og hljóði, DivX afspilun, Audio L/R, Component & Composite tengi, Digital Coaxial, USB og HDMI út. Spilar DVD myndir með 1080p uppskölun. Dolby True HD hljóðkerfi, DTS 2.0 + Digital out ofl.

TILBOÐ 39.995
FULLT VERÐ 57.995



Philips 42PFL3604H
42" Full-HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 30000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB með JPEG/MP3, 2x HDMI, 2x Scart, CI, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

TILBOÐ 184.995
FULLT VERÐ 249.995

scan domestic

Scancool SFS205
144sm og 183 lítra FRYSTISKÁPUR með 4 skúffum og 10kg frystigetu á sólarhring. Orkunýting A. Mál (hxbxd): 144x55x57sm.

TILBOÐ 79.995
FULLT VERÐ 89.995

INDESIT

Indesit IS70C
Tvíátta barkalaus ÞURRKARI með 2 hitastigum og Orkunýtingu C. Tekur 7kg í þurrkun. Stærð (bxhxd): 59.5x85x59.5sm

TILBOÐ 79.995
FULLT VERÐ 99.995

BEKO

Beko WML15100P
1000 snúninga og 5kg ÞVOTTAVÉL með 30-90° hita, 30sm hurð, ullarkerfi, skolstoppi, hraðkerfi, þvotthæfni A, orkunýtni A, vinduhæfni C. Stærð (bxhxd): 60x85x60sm.

TILBOÐ 79.995
FULLT VERÐ 87.995

INDESIT

Indesit IDL6049
60sm og 12 manna UPPÞVOTTAVÉL með 6 kerfum, forþvotti, vatnsflæðivörn og 25 mín. Rapid kerfi. Lætur vita ef gljáefni vantar. Þvottahæfni A, Orkunýtni A, Þurrkgeta A. Stærð (bxhxd): 60x85x60sm.

TILBOÐ 99.995
FULLT VERÐ 109.995

Whirlpool

Whirlpool heimilistæki frá stærsta framleiðanda í heimi - Mikið úrval!

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

EGILL KAKTUS ÞORKELSSON WILD Hann býr í Englandi þar sem enginn kippir sér upp við nafnið Kaktus. Flestum þykir hins vegar nafnið Egill furðulegt og erfitt að bera fram. MYND/ÚR EINKASAFNI

Tók sér nafnið Kaktus

„Þegar ég var um fimmtán ára var ég í hljómsveitinni Fake Disorder. Fyrsta lagið sem ég samdi kallaði ég kaktus, kaktus, kaktus, kaktus, kaktus ég er kaktus, kaktus! Þetta er jafnframt eini textinn í þessu fimmtán sekúndna lagi sem við spiluðum allaf þrisvar á tónleikum - hægt, hraðar og svo aftur á bak. Eftir eina tónleikana kallaði einhver gaur á mig: Hey, Kaktus! Ég svaraði því. Hann kynnti mig fyrir sínum vinum sem Kaktus og svo vatt þetta upp á sig. Áður en ég vissi af var ég sjálfur farinn að kynna mig sem Kaktus. Þetta byrjaði eiginlega bara sem kúl hljómsveitar-„nickname“ og þar sem margir þekktu mig orðið sem Kaktus ákvað ég að bæta því bara við nafnið mitt.“

Þannig lýsir Egill Kaktus Þorkelsson Wild aðdraganda þess að hann eignaðist sitt annað og sérstaka eiginnafn. Hann beið samt þar til hann var orðinn tvítugur með að sækja um til Mannanafnanefndar, þannig að ekki var um neina skyndiákvörðun að ræða. Nefndin samþykkti nafnið strax, sem kom Agli Kaktusi ekkert á óvart. „Kaktus er bara þykkblöðungur, þetta er ekkert öðruvísi en Rós eða Lilja. Og nafnið samræmist íslenskum beygingarreglum, svo ég átti ekki beinlínis von á neitun. Ég sótti reyndar um að hafa z í enda nafnsins en fékk neitun með það. En ég skrifa það samt með z, nema á opinberum pappírum.“

Egill Kaktus er nú við nám í leiklistarskólanum East 15 sem er í Southend-on-Sea á Englandi. Þar þykir engum neitt undarlegt að hann skuli bera nafnið Kaktus. „Þeim finnst nú eiginlega skrítnara að ég heiti Egill, sem er mjög erfitt að bera fram. Kaktuz Wild er ekki flókið fyrir Bretann,“ segir Egill Kaktus, sem er svo ánægður með nafnið sitt að hann er með stóran kaktus húðflúraðan á annan kálfann.

FYRSTA MISTIN Mist Barbara Þorkelsdóttir var lengi vel eina manneskjan sem bar nafnið Mist. Í dag heita á þriðja hundrað íslenskra stúlkna og kvenna Mist að fyrra eða seinna nafni. MYND/HEIÐA.IS

Sjaldgæfa nafnið Mist sem komst svo í tísku

Mist Barbara Þorkelsdóttir er elsta íslenska konan sem ber nafnið Mist. Hún er fædd í Bandaríkjunum árið 1960 og á bandaríska móður. „Foreldrar mínir vildu velja íslenskt nafn sem væri auðsegjanlegt á ensku. Í Bandaríkjunum þarf að nefna börn strax á fæðingardeildinni. Það eina sem pabbi hafði í fórum sínum var Snorra-Edda. Hann fór með hana upp á fæðingardeild, las upp nöfnin úr nafnaskránni og þau stöldruðu við Mist.“

Þegar Mist var aðeins nokkurra mánaða flutti fjölskyldan til Íslands. Lengi vel átti Mist enga nöfnu en á unglingsárum frétti hún af því að önnur stelpa hefði fengið nafnið Mist. Sjálf skírði hún svo dóttur sína, sem fæddist árið 1986, Guðrúnu Mist. Fljótlega eftir fæðingu hennar flutti fjölskyldan til Bandaríkjanna og dvaldi þar í nokkur ár. Í millitíðinni varð sprenging í vinsældum nafnsins Mist á Íslandi, sem mæðgurnar og nöfnurnar í Bandaríkjunum höfðu ekki minnstu hugmynd um. Í dag heita á þriðja hundrað íslenskar stúlkur eða konur Mist að fyrra eða seinna nafni. „Við komum heim eitt sumarið sem oftar og dóttir mín fékk að fara í sumarbúðir í Vindáshlíð. Þá lenti hún í herbergi með tveimur öðrum stelpum sem hétu Mist að seinna nafni. Þannig að eitthvað gerðist þarna á árunum 1986 og 1987, ég veit bara ekkert hvað það var.“

Mist heitir því nafni sem eitt sinn var mjög sérstakt en í dag er afar algengt, nokkuð sem fæstir upplifa. Þótt henni hafi sjálfri alltaf þótt gaman að heita sérstöku nafni þykir henni ekkert verra hvað nafnið er orðið algengt í dag. „Ég varð rosalega hissa þegar ég uppgötvaði á fertugsaldri að ég ætti gommu af nöfnum heima á Íslandi. En mér finnst það voða gaman og ég elska allar konur sem heita Mist, held ég,“ segir hún og hlær.

María var tísku-nafn ársins 2007

Í dag heldur **Guðrún Kvaran** fyrirlestur Í Háskóla Íslands í tilefni af nýrri útgáfa af Nöfnum Íslendinga. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* bankaði upp á hjá Guðrúnu og fékk að vita eitt og annað nafnaheðir Íslendinga.

Mesta breytingin á nýrri útgáfu af Nöfnum Íslendinga, sem kemur út með haustinu, er að sú nýja hefur rúmlega sex þúsund flettur en fyrri bókin hafði um fjögur þúsund. Guðrún Kvaran prófessor, sem sá um nýju útgáfuna, segir það að mestu koma til vegna þeirra mörgu nafna sem Mannanafnanefnd hefur samþykkt frá því fyrri útgáfa kom út árið 1991.

Í fyrirlestri sínum í dag ætlar Guðrún meðal annars að skoða eitt ár í starfi Mannanafnanefndar, árið 2008. Það ár afgreiddi nefndin 95 beiðnir um nöfn. Af þeim voru 25 karlmannsnöfn, 32 kvenmannsnöfn og 5 millinöfn samþykkt en 33 nöfnum var hafnað. Sjálf hefur Guðrún setið í Mannanafnanefnd og þekkir vel hversu snúið starf nefndarinnar getur verið. „Menn býsnast stöðugt yfir því að þessi eða hin nöfnin séu leyfð en önnur ekki. En nafn verður einfaldlega að uppfylla ákveðin skilyrði til að verða samþykkt. Það verður að vera skrifað með íslenskum bókstöfum og beygjast samkvæmt íslenskum reglum. Geri það það ekki er einn möguleiki enn í stöðunni – að nafnið fari inn á hefð. Ef erlent nafn uppfyllir hefðarskilyrði er ekki hægt að hafna því.“

GUÐRÚN KVARAN PRÓFESSOR Hefur að undanförnu unnið að nýrri útgáfu af Nöfnum Íslendinga. Í fyrri útgáfu, sem kom út árið 1991, voru flettur 4.000 en í nýju útgáfunni verða þær 6.000. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lúna og Lokbrá

Flest nafnanna sem Mannanafnanefnd hafnaði árið 2008 féllu ekki að skilyrðum laga. Tveimur var hins vegar hafnað vegna hugsanlegs ama sem börn gætu haft af því að bera þau, Íslandssól og Kona. Slík ákvæði er erfiðara að nota ef fólk sem orðið er sjálfráða óskar eftir að taka upp nafn. Dæmi um nöfn sem fullorðnir menn hafa fengið samþykkt eru Tarfur, Uxi og Kaktus. Þau nöfn hefðu hugsanlega fallið undir ama-ákvæðið, ef um börn hefði verið að ræða. Þó eru til dæmi um að fullorðnum einstaklingi hafi verið synjað um nafn vegna hugsanlegs ama sem barn gæti haft af nafninu. Á þeim grundvelli fékk til að mynda kona ekki að taka upp nafnið Kona.

NOKKUR SAMÞYKKT NÖFN ÁRIÐ 2008

Kvenmannsnöfn	Karlmannsnöfn
Idda	Asael
Lúna	Tonni
Lokbrá	Rúbar
Asirí	Þróttur
Elsí	Eiðar
Bláey	Uxi
Eldlilja	Borgúlfur
Vetrarrós	Tarfur
Snjóka	Amor
Drauma	Tími

María og Þór

Á fyrirlestrinum í dag ætlar Guðrún einnig að sýna fram á hvernig tíðni algengustu nafna breytist hægt á milli ára, en þau eru í dag, rétt eins og fyrir 20 árum, til að mynda Guðrún, Anna, Sigríður og Kristín. Vinsælustu nöfnin á hverju ári sveiflast þó töluvert. Þannig var Ingi langvinsælasta karlmannsnafnið sem gefið var árið 1997, en var komið töluvert neðar á listann árið 2007. Nafnið María var ótvíræður sigurvegari ársins 2007, þegar 111 stúlkum var gefið það nafn, sem fyrsta eða annað nafn. Þór virðist hins vegar nokkuð stöðugt í vinsældum sínum. 101 strákur fékk nafnið Þór árið 1997 og nákvæmlega jafn margir árið 2007.

Tvínefni eru líka stöðugt að sækja í sig veðrið og hafa gert í heilar þrjár aldir. „Árið 1703 var fyrsta manntalið tekið á Íslandi. Þá hétu systkin tveimur nöfnum en þau áttu danska móður. Í manntali 1801 hafði örlítið bæst við af tvínefnum. Eftir það hefur þeim jafnt og þétt farið fjölgandi sem bera tvö nöfn og heldur sú þróun áfram. Í dag fá yfir 80 prósent barna tvö nöfn,“ segir Guðrún.

Ýmislegt fleira kemur fram í fyrirlestri Guðrúnar í dag sem varpar ljósi á þróunina í nafnaheðum Íslendinga á undanförnum árum. Áhugasamir ættu ekki að láta fyrirlesturinn fram hjá sér fara. Hann verður í dag, laugardaginn 13. mars, í stofu N130 í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, klukkan 13.15.

Stóri bróðir valdi nafnið Sónata

Þegar Jóhanna Svala Rafnsdóttir og Ísak Winther áttu von á sínu þriðja barni spurðu þau frumburðinn, Rafn, hvað honum þætti barnið eiga að heita ef það yrði stelpa. Þeim til undrunar svaraði hann um hæl: „Hún á að heita Sónata!“ „Okkur fannst þetta ótrúlega fyndin uppástunga en um leið mjög fallegt nafn. Svo við byrjuðum að nota þetta sem vinnuheiti á ófædda barnið,“ útskýrir Jóhanna Svala. Tillaga Rafns ef nýja barnið yrði drengur var ekki alveg jafn falleg. „Hann stakk upp á nafninu Stungmanos fyrir strák, þannig að við vorum mjög fegin að þetta skyldi vera stelpa,“ segir Jóhanna Svala hlæjandi.

Vinnuheitið hélst þétt við bumbuna alla meðgönguna. Þegar dóttirin var fædd fór Jóhanna hins vegar að ræða við mann sinn, hvort þau ættu ekki að fara að leita að nafni á barnið. „Hvað meinarðu? Á hún ekki að heita Sónata?“ sagði eiginmaðurinn þá hissa og fannst ekki annað nafn koma til greina á dótturina.

Úr varð að þau lögðu fram umsókn til mannanafnanefndar, nafnið var samþykkt og stúlkan varð fyrsta íslenska Sónatan. Nafnið fer henni einstaklega vel. „Hún er rosalega söngelsk, syngur út í eitt allan daginn, svo ég held

RAFN, SÓNATA OG JÓHANNA SVALA Ekki fá allir stórir bræður að velja nöfn á ófædd systkini sín eins og Rafn Ísaksson, sem ákvað fyrir fjölskyldunnar hönd að ófædd systir hans skyldi heita Sónata. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að hún hafi bara átt að heita þessu nafni,“ segir Jóhanna. Og bróðirinn er stoltur yfir því að hafa valið nafnið á systur sína. „Hann er voðalega ánægður með það og okkur þykir gaman að hann hafi átt hlut að þessu.“

Jóhanna segir alla í kringum þau hafa tekið nafninu vel, krökkum þyki það jafn eðlilegt og hvað annað. Fullorðnir hafi hið mesta verið hissa en aldrei annað en jákvæðir.

Foreldrarnir komust svo að því mörgum mánuðum seinna hvaðan sonurinn hafði fengið hugmyndina að nafninu. „Ég komst að því seinna að á leikskólanum höfðu krakkarnir verið að hlusta á ævintýri sem fjallaði um stúlkuna Sónötu. Þannig að hann hefur sennilega fengið þetta þaðan.“

Bragðgóð ráð

Fermingarundirbúningur í IKEA

í dag, laugardag og á morgun, sunnudag á milli kl. 12 og 17

Kokkur og bakari úr íslenska kokkalandsliðinu verða hjá okkur og útbúa veitingar fyrir fermingarveislurnar. Þeir sýna hvernig þú getur boðið upp á dýrindis köku- eða matarboð á verði sem kemur þér skemmtilega á óvart.
Þú getur fengið frábærar hugmyndir að mat fyrir veisluna og góð ráð til að gera undirbúninginn einfaldari og skemmtilegri.

Víðs vegar um verslunina finnur þú líka góðar hugmyndir að því hvernig hægt er að bera matinn fram og skreyta veisluborð.

Að sjálfsögðu finnur þú líka fallegar og nytsamlegar gjafir handa fermingarbörnunum hjá okkur.

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

Heillast af tregafullri tónlist

Hera Ólafsdóttir gaf nýverið út plötuna Vinaljóð sem inniheldur sænskar vísur og þjóðlög og sækir innblástur í þjóðlagadjass. *Anna Margrét Björnsson* fékk að heyra meira við þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Hera Ólafsdóttir

FÆÐINGARÁR: 1969

HVAÐ GERÐIST MARKVERT Á ÞVÍ ÁRI: John Lennon og Yoko Ono giftu sig og lögðust í rúmið fyrir opnum tjöldum, maðurinn fékk sér göngutúr á tunglinu í fyrsta sinn, hin víðfræga Woodstock tónlistarhátíð var haldin og stærstu mótmælafundirnir gegn Vietnamstríðinu voru haldnir víðs vegar um Bandaríkin og um heim allan. Sem sagt, mikið hippa-ár með dass af sci-fi.

HLÁTURMILD AÐ EÐLISFARI Hera Ólafsdóttir elskar Ísland, er hrifin af Hjaltalín og sefur eins og ungbarn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvenær heillaðist þú fyrst af þjóðlagatónlist? Ég held að ég hafi verið heilluð af þjóðlagatónlist frá því að ég man eftir mér. Ég var alltaf heilluð af fiðluleik og tregafullri tónlist í moll. Ég söng mikið af þjóðlögum í skóla- og kirkjukórum í Svíþjóð sem barn og var í þjóðdönsum.

Hvers vegna sænskar vísur? Eins og áður sagði er ég alin upp í Svíþjóð og hef sungið þær síðan ég var krakki. Það er einhver hljómur í þeim sem minnir mig á sænska náttúru, með fegurð, mýkt, trega og söknuði og von – allt í bland, eins og lífið sjálft.

Hvar er óvenjulegasti staður sem þú hefur spilað á? Úti í guðs grænni náttúrunni, við gamla kirkjustæðið á Hesteyri í Jökulfirði á Vestfjörðum, þegar vinkona mín gifti sig.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur nokkurn tímann gert? Að gera eitthvað sem ég er ekki búin að undirbúa nógu vel og er ekki nógu ánægð með, það er hreinlega kvöl og pína. Og að vinna með leiðinlegu fólki.

Uppáhaldsstaðurinn á jörðinni? Ísland.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig? Ég er alæta á tónlist, en það sem þarf að einkenna hana er melódían, að hún snerti mig á einhvern hátt. Tónlist í moll hefur sérstaklega mikil áhrif á mig, og það eru ákveðin tónbil og hljómar sem hafa beinlínis líkamleg áhrif, það smýgur inn í merg og bein – á jákvæðan hátt.

Hvað heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Það er fátt sem heldur fyrir mér vöku á nóttinni, ég sef oftast eins og ungbarn. En það væri þá helst ef það læddist upp í til mín fallegur maður …

Hvert er uppáhaldsorðið þitt? SPÚNK. Ég hef verið heilluð af þessu orði síðan ég man eftir mér, það er bæði skemmtilegt í sjálfu sér og hefur svo skemmtilega merkingu. Orðið þýðir hugrekki, ákveðni, að það séu töggur í einhverjum eða það sé eitthvað við einhvern eða eitthvað sem erfitt sé að útskýra.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Vigdísar Finnbogadóttur. Sú kona er svo mikill frumkvöðull, svo mikil kona, svo mikil manneskja.

Hvaða lag á að spila í jarðarförinni þinni? Ég á erfitt með að velja eitt lag, en hér eru nokkur: Ég lít í anda liðna tíð, Söknuður, Draumalandið og Allt eins og blómstrið eina. Og auðvitað sænska þjóðlagið Mér er sama hvar ég enda er ég dey.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Söngkona, arkitekt og læknir.

Hvað fær þig til að veltast um af hlátri? Ég er frekar hláturmild að eðlisfari, en eitt af því sem fær mig til að grenja úr hlátri er þegar ég er við míkrofón í upptökuveri og upptökustjórinn breytir röddinni minni þannig að ég hljóma eins og teiknimyndafígúra. Ég veit ekki hvað það er, en ég tryllist af hlátri og get ekki hætt og þá hljóma ég enn fáránlegri og svo bara stigmagnast það. Við urðum að fresta upptökum síðast eftir svona hláturskast þar sem ég gat engan veginn sungið eftir það. En mikið svakalega er gott að hlæja svona!

Uppáhalds íslensku hljómsveitirnar þínar? Ég er ekki mikið fyrir að skilgreina eitthvað sem uppáhalds, en ég er voða hrifin af hljómsveitunum Árstíðir og Hraun, því þeir eru með svo dásamleg lög og radda svo fallega. Svo eru reyndar Hjaltalín, Hjálmar og Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar í uppáhaldi hjá mér líka.

Hvað er næst á dagskrá hjá þér? Að hlúa vel að nemendum mínum í Kvikmyndaskólanum, að gera upp baðherbergið mitt sem er að hrynja og síðast en ekki síst að fylgja eftir plötunni minni, Vinaljóð, og skipuleggja fleiri tónleika, bæði hér í bænum og úti á landi og jafnvel á Norðurlöndunum og í Evrópu. Ég er einnig að vinna í fleiri lögum til að stækka prógrammið og skipuleggja önnur tónlistar- og kvikmyndartengd verkefni. Það er svo margt sem ég vil gera!

MÆLISTIKAN

Á uppleið

Barnaland er á uppleið. Sjónvarpsdagskráin á RÚV lætur hjal um taubleyjur og gratínuppskriftir á barnalandi.is hljóma skemmtilega og svo eru þar líka frábær heimagerð olíumálverk til sölu.

Garðverkin. Garðálfar og aðrir hobbitar eru á uppleið með hækkandi sól og eru strax farnir að plana aspasræktun vorsins.

Yfirvaraskegg. Mottu-mars hefur haft þau áhrif að myndarmenn um allt land eru komnir með yfirvaraskegg og lífið farið að minna á franska bíómynd frá stríðsárunum.

Á niðurleið

Sushi og hvítvínslönsar. Þegar skinkurnar eru farnar að neyta þessa með einhvers konar tilvísunum í Beðmál í borginni hlýtur þetta gamla tískufyrirbæri að vera dautt.



Sjálfsmyndir á Facebook. Stúlkur sem setja á sig froskalegan stút að mála á sér varirnar eða geifla sig í undirfötum fyrir prófílmyndir eru virkilega ekki töff.



Smábörn á samkomum. Íslenski siðurinn um að taka grenjandi ungbörn með í kirkjur, á tónleika eða jafnvel á hátíðir ætlaðar stærri börnum gæti verið fyrir bí. Ofurtjillaðir foreldrar eru úti.

nettó

ódýrt fyrir heimilið!

32% afsláttur

LAMBASTEIK
KRYDDUÐ

1.597 kr/kg
áður 2.349 kr/kg

SPILUM SAMAN

Verið velkomin í Nettó

KJÚKLINGALÆRI
KRYDDUÐ

39% afsláttur

499 kr/kg
áður 820 kr/kg

KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAR, 900 gr

1.198 kr/pk.

998 kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR
FROSNAR, 700 gr

BAYONNESKINKA

45% afsláttur

1.098 kr/kg
áður 1.989 kr/kg

PÁSKAEGG
250 gr

598 kr/stk.

VATNSMELÓNUR

50% afsláttur

99 kr/kg
áður 198 kr/kg

KINDEREGG
3 stk.

59% afsláttur

199 kr/pk
áður 489 kr/pk.

ASTONISH HREINSIVÖRUR
Á FRÁBÆRU VERÐI

AÐEINS 198 kr/stk.

FANTA
2 ltr.

119 kr/stk.

markhonnun.is

Tilboðin gilda 11. - 14. mars eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Fríða Hjaltested

Droplaugarstöðum, Snorrabraut 58, áður Rauðagerði 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum miðvikudaginn 10. mars. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. mars kl. 11.00.

Stefán Hjaltested
Sigríður Hjaltested
Grétar Mar Hjaltested
Margrét H. Hjaltested
Lárus Hjaltested
Davíð Hjaltested
Anna R. Möller
Elmar Geirsson
Sigrún Gróa Kærnested
Halldór Ó. Sigurðsson
Dóra Björk Scott
Sigrún Ingvarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

Magneu Huldu Magnúsdóttur Wilhelmsen

frá Klængsseli í Gaulverjabæ, Árskógum 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færir fjölskyldan starfsfólki Skógarbæjar, fyrir góða og kærleiksríka umönnun.

Alf Wilhelmsen
Bjarni F. Einarsson
Halldór E. Faust
Ólöf Jónsdóttir
Elín Elísabet Halldórsdóttir
Hrafnhildur Dia Jack
Olga Vatle, systkini og ömmubörn.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Halldór Ólafsson

frá Hvallátrum við Látrabjarg, til heimilis að Sæbólsbraut 28, Kópavogi,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 9. mars. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 18. mars kl. 13.00.

Anna María Halldórsdóttir
Ólafur Halldórsson
Logi Halldórsson
Hartmann Páll Halldórsson
Ásdís Halldórsdóttir
Auður Halldórsdóttir
Anna Sigríður Pálmadóttir
Guðfinna Brynjólfsdóttir
Magnús Þór Hrafnkelsson
Jens Letager
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Sigríður Hildur Þórðardóttir

vélritunarkennari, áður til heimilis Sporðagrunni 3, Reykjavík,

sem andaðist á Hjúkrunardeild Hrafnistu laugardaginn 6. mars, verður jarðsungin frá Áskirkju mánudaginn 15. mars kl. 15.

Guðlaug Ingunn Jóhannsdóttir, Mats Hjelte, Johan Petter, Elin Ingunn, Emma Mathilda,
Jóhann G. Jóhannsson, Bryndís Pálsdóttir, Jóhann Páll, Hildur Margrét, Ragnheiður Ingunn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

NÍNA TRYGGVADÓTTIR LISTMÁLARI (1913-1968) VAR FÆDD ÞENNAN DAG.

„Það sem gildir er að þora, fara allar leiðir, líka ófærur."

Nína var myndlistarkona og ljóðskáld og málaði aðallega abstraktverk. Skírnarnafn hennar var Jónína en hún bjó erlendis hluta ævi sinnar og tók upp nafnið Nína.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. MARS 1977

Hreinn Evrópumeistari

Hinn 28 ára gamli Hreinn Halldórsson frá Hróbergi í Strandasýslu varð Evrópumeistari í kúluvarpi innanhúss þennan dag árið 1977, í San Sebastian á Spáni. Hann kastaði kúlunni 20,59 metra. Þetta var eitt mesta íþróttafrek sem Íslendingur hafði þá unnið um langt skeið enda gekk hann undir heitinu Strandamaðurinn sterki.
Hreinn varð þriðji Íslendingurinn sem hlaut Evrópumeistaratitil í frjálsum íþróttum.

KRISTJÁN JÓHANNSSON: ER MEÐ NÁMSKEIÐ OG ÆTLAR MEÐ SÖNG UM LANDIÐ

Með góða krafta og hlakkar til að upplifa viðtökur Íslendinga

Tilkomumiklar óperuaríur hljóma nú um helgina í Söngskóla Sigurðar Demetz á Grandagarði. Þar eru tenórinn góðkunni Kristján Jóhannsson og leikstjórinn Sveinn Einarsson með námskeið í söng, raddtækni, sviðsframkomu og túlkun. Í framhaldi af því er Kristján með söngferðir á prjónunum. Sú fyrsta er á Suðurnesin 27. mars þar sem söngtónleikar verða í nýju Hljómahöllinni.

„Ég er sú manngerð að ég get ekki bara setið án þess að hafa mikið fyrir stafni, enda búinn að vera í fullri aksjón í þrjátíu og fimm ár," segir Kristján. „Mér er ekki nóg að kenna unga fólkinu söng heldur finnst mér líka skylda mín að leyfa þjóðinni að njóta söngsins. Það er hvatinn að þessum tónleikaferðum. Ég er með nokkra af fínustu og vinsælustu söngvurum landsins með mér, svo sem vinkonu mína Diddú, fyrrverandi nemanda minn, Gissur Pál Gissurarson, Akureyringinn Huldu Björk Garðarsdóttur, Þóru Einarsdóttur og eiginmann hennar, Björn Jónsson. Ég tel mig lukkunnar pamfíl að vera í sambandi við allt þetta fólk og fá notið krafta þess. Auk þess ætla ég að kynna unga fólkið sem ég er að kenna. Það er nú bara svoleiðis í tilverunni að það getur liðið langur tími án þess að nokkur maður viti af hæfileikafólki í söng og fái tækifæri til að hlýða á það."

Kristján kveðst vera með kippu af efnilegum söngvurum tiltæka. Þeir koma ekki allir fram á sömu tónleikunum heldur verða breytingar í liðinu frá einum stað til annars. Nokkur leynd hvílir enn yfir sumum nöfnunum en öðrum má ljóstra upp. „Hann syngur örugglega með okkur hann Rúnar Þór Guðmundsson sem er Keflvíkingur því við byrjum í Reykjanesbæ 27. mars klukkan 17. Þar brjótum við einhvers konar blað í sögunni því við verðum í nýju Hljómahöllinni," segir Kristján og er greinilega spenntur. Nefnir líka annan Keflvíking, Jóhann Smára Sævarsson bassa. „Þeir tveir eru fastir punktar. Svo eru aðrir yngri, þar á meðal einn bassi, aðeins sautján ára gamall. Hann nýtur þess að koma upp á svið og minnir að því leyti svolítið á mig. Það er nefnilega ekki nóg með að hann hafi röddina heldur líka þessa áráttu að vilja syngja fyrir fólk. Tveir tenórar eiga líka eftir að ryðjast upp á svið og síðan verður væntanlega ung kona með okkur sem syngur eins og engill. Ég á von á að hún komist fljótlega í fremstu raðir sópransöngkvenna á Íslandi. En ég ætla að kynna allt þetta fólk á staðnum og nú er ég eiginlega búinn að opinbera allt of mikið. Get bara bætt því við að þarna er fólk sem á erindi á svið. Það er ekki spurning."

Í SÖNGTÍMA Kristján tekur lagið með nemendunum Birgi Karli Óskarssyni og Aðalsteini Má Ólafssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftir Hljómahallarsönginn ætlar Kristján með sitt harðsnúna lið til Akureyrar því laugardaginn fyrir páska verða tónleikar í KA-heimilinu. „Ég hef sungið í íþróttahúsum á Akureyri í þrjátíu ár en hlakka til að opna tónleikasalinn í nýja menningarhúsinu í ágúst. Það hús verður himnasending fyrir listabæ eins og Akureyri er," segir hann.

Ísafjörður, Húsavík og jafnvel Egilsstaðir eru á skrá yfir væntanlega söngstaði hjá Kristjáni og hópnum hans. Auk þess er hann að skipuleggja tvenna tónleika í Reykjavík í sumar og þá í Háskólabíói. „Þetta er allt dálítið ævintýri," segir hann brosandi. „Ég tel mig vera með góða krafta og hlakka til að upplifa viðtökur Íslendinga," segir hann og tekur fram að miðar verði aðeins seldir á vefnum www.midi.is.

gun@frettabladid.is

†

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug í okkar garð vegna andláts föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar B. Sigurðssonar

Dvalarheimilinu Höfða Akranesi.

Einnig þökkum við margvíslega virðingu sýnda minningu hans. Sérstakar þakkir færum við skátum á Akranesi og starfsfólki Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi.

Svavar Sigurðsson
Bogi Sigurðsson
Enrique Llorens Izaguirre
Gunnar Sigurðsson
Sigrún Sigurðdóttir
Sigurður Rúnar Sigurðsson
Ómar Sigurðsson
Auður Finnbogadóttir
Sigríður Guðmundsdóttir
Hörður Ó. Helgason
Rósa Finnbogadóttir
Una Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

AFMÆLI

ADAM CLAYTON, bassaleikari U2, er fertugur.

EMILE HIRSCH leikari er 25 ára.

90 ára afmæli

Aðalbjörg Guðmundsdóttir

kennari, frá Harðbak á Melrakkasléttu, verður níræð mánudaginn 15. mars. Á afmælisdaginn verður opið hús hjá henni frá kl. 14.00 í Lindarseli 7, Reykjavík. Aðalbjörg afþakkar blóm og gjafir en vonast til að sjá sem flesta af ættingjum og vinum í tilefni dagsins.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, styrk og hlýhug við andlát og útför okkar yndislega sonar, bróður, stjúpsonar og ömmubarns,

Böðvars Oddssonar

Ölduslóð 11, Hafnarfirði.

Við viljum sérstaklega þakka Sr. Sigfinni Þorleifssyni ómetanlegan styrk, falleg orð og ótrúlega visku sem hann sýndi fjölskyldu okkar á erfiðum tímum. Megi Guð og allir englarnir vaka yfir okkur öllum.

Oddur Halldórsson
Elísabet Böðvarsdóttir
Ásta Sigríður Oddsdóttir
Sigríður Þorleifsdóttir
Ásta Margrét Gunnarsdóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir og tengdadóttir,

Elísabet Sigurðardóttir

Asparási 4, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, fimmtudaginn 11. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Gestur Páll Júlíusson
Júlíus
Tara Mist
Mikael
Guðríður Einarsdóttir
Svala Rún Sigurðardóttir
Egill Ragnar Sigurðsson
Rannveig Guðnadóttir
Sigurður Sigurðsson
Ármann Höskuldsson
Júlíus Gestsson
og aðrir aðstandendur.

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Halla Eiríksdóttir

frá Eskifirði, til heimilis að Hraunbæ 86, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 10. mars.

Eiríkur Steingrímsson
Þórður Steingrímsson
Elsa Albína Steingrímsdóttir
Sigríður Sigurjónsdóttir
Guðbjörg Eysteinsdóttir
Hans Guttormur Þormar
og barnabörn.

Okkar ástkæra,

Magnea Rannveig Þorgeirsdóttir

Laugavegi 133, Reykjavík, frá Lambastöðum í Garði,

andaðist á líknardeildinni Landakoti 22. febrúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ásta Salvör Þórðardóttir.

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Upplýsingar um stærðir og verð, hafið samband í síma 512 5490 - 512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðlaug Sigurjónsdóttir

áður Ásvegi 16, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 17. mars kl. 13.00.

Ólöf Einarsdóttir
Sigurlaug Einarsdóttir
Erna Einarsdóttir
Einar Örn Einarsson
Bogi Þórðarson
Bergþór Einarsson
Hulda Sólborg Haraldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiginmaður minn,

Jóhannes Magnús Guðmundsson

bóndi, Ánabrekku,

lést á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi fimmtudaginn 11. mars.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Ása Ólafsdóttir.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

Haraldur Haraldsson

Eyktarhæð 7, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 9. mars. Útför fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 19. mars kl. 15.

Ingibjörg Tómasdóttir
Haraldur Óskar, Inga Margrét, Anna Ragnheiður og Alda Kolbrún Haraldar börn.
Erla Björg, Pétur, Orri Karl, Hólmar Freyr, Jóhann, Birgir, Andri, Liv og Eydís.

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Hinriks S. Vídalín Jónssonar

Suðurvangi 15, Hafnarfirði.

Hulda Magnúsdóttir
Jón V. Hinriksson
Magnús J. Hinriksson
Margrét Steingrímsdóttir
Guðrún Júlíusdóttir
Guðríður Aadnegard
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs bróður okkar, mágs og frænda,

Stefáns Veigars Steinssonar

Arnarhvoli, Dalvík.

Símon Páll Steinsson
Sigurlína Steinsdóttir
Sigurlaug Stefánsdóttir
Samúel M. Karlsson
og systkinabörn.

Ástkæri eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Breiðfjörð Guðmundsson

húsasmíðameistari, Árskógum 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi að morgni föstudagsins 12. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Aðalheiður Magnúsdóttir
Magnús Einarsson
Sesselja Einarsdóttir
Guðmundur Einarsson
Gunnlaugur Einarsson
Guðrún Einarsdóttir
Lilja Rós Einarsdóttir
Kristín Einarsdóttir
Katrín Bárðardóttir
Óli Ólafsson
Elísabet Þorvaldsdóttir
Esther Gísladóttir
Þorsteinn Garðarsson
Finnur Hreinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar yndislegi eiginmaður, faðir, sonur, bróðir, mágur og frændi,

Konráð Davíð Þorvaldsson

hagfræðingur,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 15. mars kl.15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning sonar hans 0101-15-382218 kt. 111208-2390.

Arna Björk Þorkelsdóttir
Konráð Pétur Konráðsson
Halldóra Konráðsdóttir
Tómas Páll Þorvaldsson
Rakel Elísabet Tómasdóttir
Þorvaldur Þ. Sigurbjörnsson
Edda Þuríður Hauksdóttir

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Torfi Guðlaugsson

áður til heimilis að Einilundi 6 d, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 4. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 15. mars kl. 13.30.

Bergþóra Bjarnadóttir
Stefán Svanur Torfason
Ragnheiður Emilía Torfadóttir
Bjarni Torfason
Orri Torfason
Gunnar Torfason
Eva Grete Torfason
Sigrún Gunnarsdóttir
Jean Vivien Cambray
Þórey Friðriksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Fanney Sigurgeirsdóttir

Laufrima 1, áður til heimilis að Grýtubakka 26,

er andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík þriðjudaginn 2. mars sl., verður jarðsungin frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 16. mars kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vilja minnast hennar er bent á Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma.

Fyrir hönd aðstandenda,
Magnús Albertsson
Ásdís Margrét Magnúsdóttir
Ágúst Magnússon
Magnús Kr. Þórsson
Solveig Margrét Þórsdóttir
Fanney B. Þórsdóttir
Þór Kristjánsson
Ólína Kr. Jónsdóttir
Ásþór Breki.

Framtíð pungsins

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar

Á takið karlmenn og krabbamein stendur nú yfir og hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum. Landsfrægir grínistar hafa kerfisbundið hvatt okkur karlmenn til að þukla á pungunum okkar í forvarnaskyni og ekki að ástæðulausu; haldbær pungþekking getur bjargað lífi okkar.

PUNGAUMRÆÐA síðustu vikna varð til þess að ég fór að velta fyrir mér framtíð pungsins. Pungurinn hefur ávallt verið ljóti bróðirinn í kynfærafjölskyldu karlmanna – bróðirinn sem fær ekki að ferðast jafn víða og stóri bróðir og nýtur ekki nærri því jafn mikillar aðdáunar. Hann hangir þarna eins og einmana tepoki.

EN TÍMARNIR breytast og fegurðarskyn manna með. Forsíðustúlkurnar árið 1960 voru öðruvísi í laginu en þær sem við sjáum í dag. Samfélagið metur fegurð á allt annan hátt en áður, sem kristallast í fjölgun á alls konar fegrunar-aðgerðum ár eftir ár. Brjóst stækka og minnka ásamt því að lögun þeirra breytist, varir tútna út og húð verður sífellt sléttari. Fólk er alltaf finna nýjar og snarsturlaðar aðferðir til að bæta útlit sitt; rassgatið er ekki lengur óhult fyrir lýtalæknum með bleikingarefni og meira að segja píkan hefur látið undan þrýstingi samfélagsins.

ÉG VELTI því fyrir mér hvenær samfélagið byrjar að krefjast þess að karlmenn láti fegra og jafnvel stækka á sér punginn. Hvenær byrja karlmenn með tvær heilbrigðar kúlur í sekknum að panta tíma hjá lýtalækni og biðja um silíkon í punginn?

EF ÞESSAR hugmyndir verða að veruleika má búast við að tískubransinn verði fljótur að taka við sér. Sérstakar buxur sem lyfta pungnum upp og láta hann líta út fyrir að vera stærri en hann er í raun og veru verða markaðssettar og karlmenn finna þörfina til að *sýna smá pung* þegar þeir fara út á meðal fólks. Push-up sundskýlan slær í gegn og Hollywood-stjörnur mæta á rauða dregilinn í gegnsæjum buxum eða hreinlega með punginn hálfan úti.

ÁÐUR en langt um líður heyrum við um öfgamennina úti í heimi sem kunna ekki að segja stopp. Baráttan um stærsta barm heims hefur verið hörð síðustu ár og það má búast við að baráttan um stærsta pung heims verði jafnvel harðari. Þrátt fyrir auglýst álag á mjóbakið trilla öfgamennirnir silíkonfylltum pungunum fyrir framan sig í hjólbörum og gera hvað sem er fyrir fimmtán yndislegar mínútur af athygli.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÉG ER AÐ KOMA

VÆNTANLEG 19. MARS

ÉG ER NIKON COOLPIX S3000. Nett, flott og fáanleg í mörgum litum. Með innbyggðri NIKKOR gleiðhornsaðdráttarlinsu, titringsjöfnun og snjallandlitskerfi sem tryggir skarpari myndir. Ég er fullkominn félagi.

www.iamnikon.is

At the heart of the image

Nikon

Heimilistæki, Suðurlandsbraut 26 – **Sjónvarpsmiðstöðin**, Síðumúla 2 – **Beco**, Langholtsvegi 84 – **Fotoval**, Skipholti 50b – **MAX**, Kauptúni 1 – **Hagkaup**, Smáralind – **Tölvulistinn**, Nóatúni 17 – **Tölvulistinn**, Reykjavíkurvegi 66 – **Samkaup**, Hyrnutorgi – **Omnis**, Brúartorgi 4 – **Hljómsýn**, Stillholti 23 **Omnis**, Dalbraut 1 – **Blómsturvellir**, Munaðarhóli 25-27 – **Skipavík**, Nesvegi 20 – **Samkaup**, Nesvegi 8 – **Samkaup**, Hafnarstræti 9 – **Kaupfélag V-Húnvetninga**, Strandgötu 1 – **Smárabær**, Melabraut 21 – **Samkaup**, Húnabraut 4 – **Skagfirðingabúð**, Ártorgi 1 – **Heimilistæki**, Glerárgötu 34 **Tölvulistinn**, Strandgötu 9 – **Heimilistæki**, Garðarsbraut 18A – **Samkaup**, Kaupvangi 6 – **Tölvulistinn**, Miðvangi 2-4 – **Samkaup**, Vesturvegi 1 – **Samkaup**, Skólavegi 59 – **Verslunin Pan**, Egilsbraut 6 – **Mosfell**, Þrúðvangi 5 – **Heimilistæki**, Eyrarvegi 21 – **Tölvulistinn**, Austurvegi 34 **Geisli**, Flötum 29 – **Foto**, Bárustíg 8 – **Heimilistæki**, Hafnargötu 90 – **Omnis**, Tjarnargötu 7

Salurinn kl. 17

Lög unga fólksins kallar Kristján Karl Bragason píanóleikari efnisskrá sína sem hann flytur í Salnum í dag. Verk eftir Beethoven, Jón Leifs, Prokofiev og Chopin munu hljóma þar. Kristján hóf píanónám hjá Lydiu Koloszowska í Tónlistarskólanum á Dalvík en hefur síðan stundað nám í Reykjavík, Frakklandi, Þýskalandi og víðar.

menning

menning@frettabladid.is

Blæbrigði litarins í vatni

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum viðamikil sýning sem Aðalsteinn Ingólfsson dró saman af vatnslitaverkum íslenskra myndlistarmanna frá upphafi til okkar daga. Samfara sýningarhaldinu var á dögunum gefin út vönduð bók um íslenska hefð í vatnslitamálun sem hann ritstýrir og nú um helgina er efnt til þinghalds um þessa merkilegu og vinsælu hefð. Þrjú erindi verða flutt á málþingi sem helgað er vatnslitasýningunni og fer fram á morgun kl. 15. Fyrirlesarar eru Aðalsteinn Ingólfsson, JBK Ransu og Harpa Björnsdóttir. Að loknu hverju erindi verður boðið upp á fyrirspurnir.

Aðalsteinn Ingólfsson sýningarstjóri fjallar um abstraktmyndir Skarphéðins Haraldssonar frá öndverðum sjötta áratugnum, bæði vatnslitamyndir og gvassmyndir, en þær eru nánast óþekktar. Aðalsteinn fjallar um og skoðar myndirnar í tengslum við myndir „þekktari“ listamanna frá sama tíma.

Í erindi sínu mun myndlistarmaðurinn JBK Ransu leggja út frá staðhæfingunni að ekki séu allar myndir listaverk. Listgildi mynda er metið út frá listheimskerfi síns tíma.

Þriðja erindið ber yfirskriftina Skilgreiningin drepur fegurðina. Þar gengur Harpa Björnsdóttir myndlistarmaður út frá þeirri fullyrðingu að skilgreiningin drepi fegurðina og eyði upplifuninni.

MYNDLIST Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur kynnir áður óþekktar myndir eftir Skarphéðin Haraldsson á þingi um vatnsliti á morgun á Kjarvalsstöðum.

> Ekki missa af

Purcell tónleikum sem verða í Grindavíkurkirkju á morgun kl. 17 og eru liður í Menningarviku Grindavíkurbæjar. Þar koma fram Anna Jónsdóttir sópran, Sophie Schoonjans harpa og Örnólfur Kristjánsson selló. Aðgangur er ókeypis, en frjáls framlög velkomin.

Á síðasta ári voru liðin 350 ár frá fæðingu Henry Purcell. Af því tilefni er dagskráin sett saman úr sönglögum hans, þar sem leitast er við að sýna fjölbreytni í lagavali, allt frá sálmum til óperuaría.

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

Laugardagur 13. mars kl. 10.30 –13.15
Úr grárri forneskju í glansandi bók
Ráðstefna um barna- og unglingabókmenntir
Fyrirlesarar: Iðunn Steinsdóttir, Ármann Jakobsson, Friðrik Erlingsson og Brynhildur Þórarinsdóttir.

Laugardagur 13. mars kl. 14 –15
Langafi prakkari
Möguleikhúsið sýnir leikrit byggt á sögum Sigrúnar Eldjárn.
Miðaverð kr. 1.500. Pantanir í síma 562-2669
moguleikhusid@moguleikhusid.is

Ísland Hjaltlandseyjar Færeyjar Írland

Sunnudagur 14. mars kl. 14 – 16
Syngjum og kveðum... söngva frá Írlandi Bretlandseyjum, Hjaltlandseyjum, Íslandi, Færeyjum og Búlgaríu. Söngstund á kaffihúsinu í umsjón Báru Grímsdóttur og Chris Foster.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Gerðubergi 3-5 ı 111 Reykjavík ı Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is ı www.gerduberg.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Úrval verka í Nýlistasafni

Á fimmtudag var opnuð sýning í nýjum húsakynnum Nýlistasafnsins að Skúlagötu 28 á úrvali verka úr safninu og mun hún standa til 2. maí. Safneign Nýlistasafnsins á upphaf sitt í rúmlega sjötíu hlutum sem tengdust SÚM 1965-1972.

Nýlistasafnið er sjálfseignarstofnun, stofnað af hópi listamanna árið 1978, með það að markmiði að safna samtímamyndlist og vera vettvangur fyrir sýningar og listviðburði. Var stofnun þess til að tryggja varðveislu samtímalistar sem bæði stóru söfnin í Reykjavík, Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands, höfðu þá ekki sinnt.

Í upphafi skyldu félagsmenn gefa tvö verk og síðan eitt á ári en ákvæðinu var síðar breytt í eitt verk á fimm ára fresti vegna geymsluvanda. Lát varð á söfnun verka til safnsins sem lengi átti við geymsluskort að stríða. Þegar ný safnstjórn kom til starfa var ráðist í að skrá safnið. Safneign Nýlistasafnsins telur í dag um 2.000 verk, um þriðjungi fleiri verk en skráð voru í byrjun árs 2008 þegar stjórn safnsins hóf það viðamikla verkefni að fullskrá safneignina og heimildasafn safnsins.

MYNDLIST Eitt verka á sýningunni: fræg mynd eftir Sigurð Guðmundsson sem kallaðist á við aðra frægari mynd af Frank Zappa.

MYND NÝLISTASAFNIÐ

Ný stjórn kom upp nýju safnrými á Skúlagötu 28 fyrir margháttaða starfsemi safnsins, sem er í senn söfnunar-, rannsóknar- og sýningarými, og lifandi vettvangur.

Verkin á sýningunni eru eftir íslenska og erlenda listamenn og eru allt gjafir listamanna til safnsins, þótt aðdragandi þess að safninu áskotnist þau sé mismunandi.

Safneigninni tilheyrir mikill fjöldi verka sem tíminn hefur leitt í ljós að eru afar merkileg verk eftir helstu listamenn landsins og erlenda listamenn, sem sumir hverjir eru meðal þekktari listamanna 20. aldarinnar.

pbb@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍSLENSK HÖNNUN Traktor Manfreðs Vilhjálmssonar er meðal þeirra gripa sem eru til sýnis á sýningunni, Hann var upphaflega gerður fyrir son arkitektsins en var svo framleiddur í 80 eintökum í tilefni áttræðisafmælis Manfreðs árið 2008.

Í augnhæð barna

„Á þessari sýningu er verið að vinna með hugarheim barna, ímyndunarafl og þroska,“ segir Tinna Gunnarsdóttir, vöruhönnuður og sýningarstjóri sýningarinnar Í barnastærð sem opnuð verður í Hafnarborg í dag. Á henni gefur að líta leikföng og húsgögn sem sérstaklega eru hönnuð fyrir börn og sækja innblástur í leiki þeirra og hugmyndaheim. Sýningin er þó ekki bara hugsuð fyrir fullorðna heldur gefst börnum tækifæri á að leika sér, prófa kassabíla sem hafa verið smíðaðir fyrir tilefnið og byggja sér hús úr teppum og stólum svo dæmi séu tekin.

„Hægt verður að dansa í einu herbergja safnsins, í sérstökum dansskóm sem eru þannig úr garði gerðir að ofan á þeim eru fastir barnaskór, þannig geta krakkar dansað ofan á ristinni á pabba eða mömmu. Svo verður listasmiðja starfrækt fyrir börnin,“ segir Tinna.

Í aðalsal safnsins verður hönnun fyrir börn til sýnis, húsgögn og munir íslenskir sem erlendir. Og þó að þann hluta sýningarinnar megi bara skoða, ekki snerta, þá er gripunum stillt upp í augnhæð barna og þeim þannig gert auðvelt að njóta sýningarinnar. Megináhersla er á íslenska hönnun en mikill hluti sýningargripa er húsgögn og leikföng sem hönnuðir, arkitektar og listamenn hafa unnið fyrir sín eigin börn og ekki hafa farið í framleiðslu.

Viðamikil dagskrá verður í boði fyrir gesti safnsins á öllum aldri en einnig er boðið upp á fræðslu fyrir skólahópa sem bæði geta tekið þátt í leiðsögnum og listsmiðjum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu safnsins, www.hafnarborg.is. *- sbt*

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 13. mars 2010

Sýningar

Ókeypis verður á öll söfn á suðurnesjum í tilefni af safnahelgi. Fjölbreytt dagskrá í boði. Nánari upplýsingar á www.reykjanesbaer.is.

Tónleikar

17.00 Í Hveragerðiskirkju við Hverahlíð verða haldnir óperutónleikar þar sem Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir sópran, Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzósópran og Julian M. Hewlett Píanóleikari flytja aríur og dúettar úr nokkrum óperuperlum.

20.00 Hljómsveitakeppnin **Wacken Metal Battle** fer fram á Sódómu Reykjavík við Tryggagötu. Nánari upplýsinar á www.midi.is. Húsið verður opnað kl. 20.00.

22.00 Hljómsveitin **Bacon Live** Support Unit heldur útgáfutónleika á **Cafe Cultura** við Hverfisgötu. Enginn aðgangseyrir.

22.00 Hljómsveitin Hjálmar heldur tónleika á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.00

Opnanir

14.00 Leirlistafélag Íslands opnar sýningu á duftkerum í **BOXinu** við Kaupvangsstræti á Akureyri. **Opið lau. og sun. kl. 14-17.**

15.00 Hallur Karl Hinriksson og Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir opna sýningar í **Gallerí Fold við Rauðarárstíg**. Opið mán.-fös. kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun kl. 14-16.

15.00 Huginn Þór Arason og Unnar Örn Auðarson opna sýningu á veggsjöldum hjá Gallerí Havarí við Austurstræti 6. **Opið mán.-fös. kl. 12-18 og lau kl. 12-16.**

16.00 Nemendur við Myndlistaskólann í Reykjavík opna sýningu í Gallerí Tukt í Hinu Húsinu við Pósthússtræti. **Opið virka daga kl. 9-18.**

17.00 Milli klukkan 17 og 19 ætla nemendur myndlistardeildar Listaháskóla Íslands fremja gerninga og sýna video í nýjum húsakynnum Nýlistasafnsins að Skúlagötu 28.

Fyrirlestrar

15.00 Grétar Þór Eyþórsson flytur erindið **„Íbúakosningar. Er málið svona einfalt?"** í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Nánari upplýsingar á www.visindafelag.is.

Fundir

16.00 Aðalfundur **MÍR**, Menningartengsla Íslands og Rússlands fer fram í félagsheimilinu að Hverfisgötu 105.

Tangó

21.00 Tangóævintýrafélagið stendur fyrir Milonga-kvöldi á veitingahúsinu Eldhrími við Borgartún 14, kl. 21-24. Nánari upplýsingar á **www.tangoadventure.com.**

Félagsstarf

14.00 Félag eldri borgara í Kópavogi heldur félags- og fræðslufund í **Gjábakka** við Fannborg 8. Anna Linda Guðmundsdóttir flytur erindi um heyrnarskerðingu og heyrnartæki og Kristmundur Halldórsson kynnir vefsíðu FEBK.

Leiðsögn

14.00 Einar Garibaldi Eiríksson verður með leiðsögn um sýningu sína **Grand Tour** / 1998-2010 sem nú stendur yfir í Gallerí Ágúst við Baldursgötu 12.

15.00 Í Norræna húsinu við Sturlugötu verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna Con-Text: Sýning á norrænum bókverkum. Nánari upplýsingar á **www.nordice.is.**

Sunnudagur 14. mars 2010

Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð við Faxafen 14 kl. 14.

Tangó

16.00 Tangóævintýrafélagið stendur fyrir Milonga síðdegi á Café Rót við Hafnarstræti 17 kl. 16-19. Nánari upplýsingar á **ww.tangoadventure.com.**

Málþing

15.00 Aðalsteinn Ingólfsson, JBK Ransu og Harpa Björnsdóttir flytja erindi á málþingi á Kjarvalsstöðum við Flókagötu sem verður haldið í tengslum við vatnslitasýninguna **„Blæbrigði vatnsins"** sem nú stendur þar yfir.

Tónlist

Bára Grímsdóttir og Chris Foster hafa umsjón með söngdagskránni „Sungið og kveðið" sem fer fram í menningarmiðstöðinni Gerðubergi (**Gerðubergi 3-5**). Íslensk alþýðulög sungin og kveðin í blandi af erlendum þjóðlögum. Nánari upplýsingar á gerduberg.is.

Kvikmyndir

15.00 Kvikmynd **Alexanders Dovzhenko** Jörð (1930) verður sýnd í MÍR-salnum að Hverfisgötu 105. Enginn aðgangseyrir.

Þjóðbúningar

14.00 Í Þjóðminjasafninu við **Suðurgötu** verður ókeypis fyrir þá sem mæta í þjóðbúning á sunnudag þar sem sérstakur þjóðbúningadagur verður haldinn. Á Torgi við Safnbúðina verða sýndar nokkrar af **þjóðbúningabrúðum** Sigríðar Kjaran.

Leiðsögn

14.00 Á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu verður boðið upp á leiðsögn á ungversku um sýninguna „Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár." **Safnið er opið 11-17 alla daga nema mánudaga.**

14.00 Á Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna "Angurværð í minni" sem nú stendur þar yfir. Nánari upplýsingar á www.listasafn.is.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Bandarísk verðlaun gagnrýnenda veitt

Bandarísku gagnrýnendaverðlaunin, National Book Critics Circle Award, voru afhent á fimmtudag, en þau voru sett á stofn vestanhafs 1974 til að örva vandaða gagnrýni í bandarískum fjölmiðlum. Taka nú yfir 600 gagnrýnendur þátt í kjöri verðlaunaverkanna. Joyce Carol Oates var heiðruð sérstaklega. Þótti mörgum súrt í broti að þrír af sex sigurvegurum þetta árið voru Englendingar.

Breska skáldkonan Hilary Mantel var ekki viðstödd til að taka við viðurkenningunni fyrir sögulegu skáldsöguna Wolf Hall, lengi ætla fyrirmenn Elísabetartímans að heilla skáldin.

Richard Holmes vann verðlaun fyrir fræðiritið The Age of Wonder. Diana Athill fékk verðlaun fyrir sjálfævisögu sína Somewhere Towards the End, sem hún sendi frá sér komin vel yfir nírætt. Ævisöguverðlaunin fóru til Blake Bailey fyrir ævisögu um John Cheever. Gagnrýnisverðlaunin fóru til Eula Biss og Rae Armantrout vann verðlaun fyrir ljóðabók sína Versed. - pbb

Nýtt í Skífunni!

PLASTIC BEACH **GORILLAZ**
Damon Albarn og félagar með þriðju hljóðversplötuna sína og er hún að fá hreint afbrags dóma.

NÝTT Á DVD - **2012**
Roland Emmerich, leikstjóri The Day After Tomorrow og Independence Day, er hér með frábæra, nýja spennumynd.

A CURIOUS THING
AMY MCDONALD
Önnur plata Amy Macdonald, sem inniheldur smellinn Don't Tell Me That It's Over.

VALLEYS OF NEPTUNE
JIMI HENDRIX
12 áðuróútgefnar hljóðversupptökur. Inniheldur meðal annars Cream slagarann Sunshine Of Your Love.

RECOLLECTION
KD LANG
Tvöföld safnplata með kanadísku söngkonunni. Öll hennar bestu lög eru hér saman komin.

VINSÆLU BARNALEIKRITIN EFTIR
THORBJÖRN EGNER 4CD
Glæsilegur safnkassi sem inniheldur vinsælustu barnaleikritin.

ÓSKARSVERÐLAUNA DVD

THE HURT LOCKER

INGLOURIOUS BASTERDS

NÝIR TÖLVULEIKIR

FINAL FANTASY
PS3

BATTLEFIELD BAD COMPANY 2
PS3 - PC

Stærsta hljómplötuverslun á Íslandi
LAUGAVEGUR 26 · KRINGLAN · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N

NÝJAR BÆKUR



Það er ekki að spyrja að flækjuhausnum Fíusól, hún lendir í einhverju fjörugu á hverjum degi. Í nýjustu bókinni, Fíasól og litla ljónaránið, segir af ótrúlegri atburðarrás – og litlum apaskottum, búlgörskum farandsöngvurum, úrræðagóðri mömmu og velheppnaðri ferð í skemmtigarð og skriðdýrahús. Bókin hentar lesendum frá fjögra ára aldri og er skreytt fjölda skemmtilegra litmynda. Um helgina frumsýnir Þjóðleikhúsið nýja leiksýningu sem byggir á ævintýrum Fíusólar.

Ég kann víst að hjóla!" æpir Lotta. „Þegar enginn sér mig get ég það sko alveg!" Gallinn er líka sá að hún á ekkert hjól og mamma og pabbi halda að hún geti látið gamla þríhjólið duga í heilt ár í viðbót. Þá grípur Lotta til sinna ráða. Systkinin Lotta, Jónas og Mía María komu fyrst fram í bókum Astridar Lindgren um börnin í Skark-alagötu og hafa heillað lesendur á öllum aldri áratugum saman. Bókin er skreytt fjölda litmynda eftir Ilon Wikland sem þekktur er af skreytingum sínum við fjölda bóka eftir Lindgren. Ásthildur Egilsson þýddi.

Félag íslenskra safna og safnmanna og Íslandsdeild ICOM (Alþjóðaráð safna) standa saman að íslensku safnaverðlaununum sem veitt eru annað hvert ár safni sem með starfsemi sinni þykir skara fram úr.

Óskað er eftir ábendingum frá almenningi, stofnunum og félagasamtökum. Til greina koma söfn og einstök verkefni á sviði safna sem þykja til eftirbreytni og íslensku safnastarfi til framdráttar. Bent er á að tilnefna má sýningar, útgáfur og annað er snýr að þjónustu við safngesti jafnt sem verkefni er lúta að faglegu innra starfi.

Valnefnd velur þrjú söfn eða verkefni sem tilnefnd verða til verðlaunanna á alþjóðadegi safna þann 18. maí en afhending þeirra fer fram á íslenska safnadaginn 11. júlí 2010.

Ábendingum skal skilað til Safnaráðs, Þjóðminjasafninu við Suðurgötu, 101 Reykjavík eða á netfangið safnarad@safnarad.is merkt **Safnaverðlaun** fyrir 19. apríl 2010.

Frumflutt verk hjá Caput

Á morgun kl. 17 verður helsta súpergrúppa landsins, Caput, að spila í Sölvhóli, sal Listaháskóla Íslands við Sölvhólsgötu, og verða sjö ópusar á efnisskránni. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni við tónlistardeild Listaháskólans.

TÓNLIST Caput-hópurinn í einni af sínum mörgu samsetningum, en hann er afkastamikill í hljóðritunum og tónleikahaldi um þessar mundir.

Meðal þeirra verka sem flutt verða í gamla Landsmiðjuhúsinu er Luminous Flux eftir hið margverðlaunaða kóreska tónskáld Sungji Hong. Verk hennar hafa verið flutt um allan heim. Eftir japanska tónskáldið Malika Kishino verður svo leikið verkið Himmelsleiter, eða Himnastiginn. Hvorugt þessara verka hefur áður heyrst hér á landi. Þá verður flutt slagverkssóló eftir gríska tónskáldið Iannis Xenakis sem hér er að góðu kunnugt.

Við þetta tækifæri verður einnig frumflutt glænýtt einleiksverk fyrir óbó eftir Þuríði Jónsdóttur, sem nýlega var tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, sem og verkið Krónan eftir Hafdísi Bjarnadóttur, en það hefur áður verið flutt erlendis. Síðast en ekki síst leikur Caput-hópurinn ný verk eftir tvo nemendur tónsmíðadeildar LHÍ, þá Þorbjörn G. Kolbrúnarson og Junichi Matsumoto.

Starfsárið hjá Caput-hópnum er komið á fullt skrið. Það sem af er ári hafa verið haldnir tvennir umfangsmiklir tónleikar, þeir fyrstu á Myrkum músíkdögum í lok janúar og um síðustu helgi var frumflutningur á Hallgrímspassíu Sigurðar Sævarssonar í Njarðvíkurkirkju. Verður passían endurflutt á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju í byrjun apríl svo þar gefst áhugasömum að heyra hana.

Viku seinna, 21. mars, leikur Caput á vegum Tóneyjar í Gerðubergi, dagskrá byggða á lögum eftir Guðna Franzson við sögu Guðrúnar Helgadóttur, Ástarsögu úr fjöllunum, og verður söngvarinn Egill Ólafsson þar í aðalhlutverki. Þá eru fram undan í maí tónleikar þar sem frumfluttir verða tveir nýir íslenskir einleikskonsertar: píanókonsert eftir Hauk Tómasson (einleikari Víkingur Heiðar Ólafsson) og konsert fyrir kontrabassa eftir Snorra Sigfús Birgisson (einleikari Hávarður Tryggvason) en Snorri verður jafnframt stjórnandi á tónleikunum. Um miðjan maí verður önnur dagskrá Tóneyjar í Gerðubergi, en þá syngur Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzosópran ásamt Caput-hópnum verk Hauks Tómassonar, sönglagaflokkinn Grannmetislög, við texta eftir Þórarin Eldjárn.

Flokkurinn hefur sent frá sér nokkra diska á undanförnum misserum: Verkið Örsögur eftir Hafliða Hallgrímsson sem byggt er á sögum eftir Daniil Kharms kom út nú í desember hjá fyrirtækinu Signum Records. Sögumaður er Simon Callow. Diskurinn Funkhaus-Konzerte, sem gefinn er út af WDR-ríkisútvarpsstöðinni þýsku og inniheldur upptökur frá tónleikum í Köln frá því í apríl 2009 er einnig kominn út. Var Caput-hópnum boðið að koma fram á tónleikunum til að frumflytja verkið Area eftir Günter Steinke, prófessor í tónsmíðum í Essen, en það er samið sérstaklega fyrir Caput.

Flaututónlist Toshio Hosokawa, í flutningi Kolbeins Bjarnasonar og Caput-hópsins undir stjórn Snorra S. Birgissonar, kemur út hjá Naxos í desember á þessu ári og tónverkin Tears of Dionysius eftir danska tónskáldið Lars Graugaard og samnefnd og umdeild kvikmynd koma út saman á næstunni í CD- og DVD-formi. Verkin voru frumflutt í Háskólabíói á Listahátíð árið 2006.

pbb@frettabladid.is

Harry og Heimir hættir - í bili

Þeir félagar Sigurður Sigurjónsson, Karl Ágúst Úlfsson og Örn Árnason kveðja hlutverk sín í Harry og Heimi nú í lok mars eftir sjö mánuði fyrir fullu húsi. Það er hundraðasta sýning í kvöld á þessu vinsæla útvarpsleikriti og hafa hátt í tuttugu þúsund áhorfendur séð það frá í haust.

Þeir voru búnir að lofa sér í önnur verkefni nú í mars og því voru ekki önnur úrræði nú en að hætta sýningum svo næstu verkefni komist á svið. En þeir félagar eru ekki hættir heldur mæta galvaskir næsta haust og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Örn og Sigurður eru komnir á fullt í ný verkefni í Borgarleikhúsinu og frumsýna á stóra og nýja sviði Borgarleikhússins á næstu vikum. Örn í hlutverki skólastjórans í Gauragangi í næstu viku og Sigurður leikur undirförulan sálfræðing í Dúfunum sem frumsýnt verður í apríl á nýja sviðinu.

Enginn átti von á því að Harry og Heimir myndu ganga í sjö mánuði fyrir fullu húsi en sú varð raunin og verður leikritið tekið upp næsta haust svo þeir sem komast ekki að núna fái að hlæja að þeim félögum sem fara á kostum í hlutverkum sínum í verkinu. - pbb

LEIKLIST Útvarpsleikrit liðinna tíma hyllt í Harry og Heimi

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Málverkasýningar 13. – 28. mars

Hallur Karl Hinriksson



Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir

Listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstíg

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 896-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

LISTMUNASALA fold

Opnun 13. mars kl. 15 Allir velkomnir

Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

MARGSLUNGIN

„Ég gat ekki lagt hana frá mér sársaukalaust …

Ótrúlega heillandi bók.“

Jenný Anna Baldursdóttir / eyjan.is

METSÖLUBÓK
á heimsvísu



Alþýðan í Barcelona byggði eina fegurstu kirkju heims í skugga styrjalda, hungurs og drepsótta; Kirkju hafsins.

Saga hennar er saga borgarinnar og fólksins, saga um gleði og harma, líf og dauða – margslungin og viðburðarík bók.

María Rán Guðjónsdóttir þýddi.

★★★★½

Amazon.com

„Ævintýraleg örlagasaga …
María Rán hefur snúið verkinu yfir á afar lipurt og litríkt íslenskt mál.“
Úr umsögn dómnefndar Íslensku þýðingaverðlaunanna

„Æsispennandi og læsileg örlagasaga.“
Independent

„Hörkufín lesning … ein af þessum stóru, víðfeðmu epísku sögum, full af litríkum persónum og dýrðlegum sviðsetningum … grimmd, losti, nornaveiðar og til að auka enn á spennuna – spænski rannsóknarrétturinn.“
Estella's Books

> FATAMARKAÐIR ERU MÁLIÐ

Ekkert lát er á því að konur selji utan af sér spjarirnar en um helgina verða margir flottir fatamarkaðir í boði. Tískuskvísurnar **Krista Hall, Sonja Sól, Heiða Rós og Elín** sem allar starfa í tískuverslunum á Laugaveginum selja merkjavöru og vintage föt í Þjóðleikhúskjallaranum í dag milli kl. 12-15 og **Sóley Kristjánsdóttir** plötusnúður verður í Kolaportinu á sunnudaginn milli kl. 12-18. Að lokum verða svo **Harpa Einarsdóttir** fatahönnuður og **Brynhildur Guðjónsdóttir** leikkona með föt til sölu í Barber Theatre á Hverfisgötu í dag milli 12-18.

stíll

utlit@frettabladid.is

... Nýjasta ilminn frá DKNY sem heitir Pure. Hann angar af mildri vanillu og auk þess styrkir þú konur frá Úganda ef þú kaupir hann.

OKKUR LANGAR Í ...

... Eggaldinbláan augnskugga frá Bobbi Brown sem var notaður til að farða fyrirsæturnar á nýjustu sýningu Marcs Jacobs.

... „Mafa" klút eftir franska hönnuðinn Philippe Clause en næsta föstudag kynnir hann fatalínuna sína með pompi og prakt í Galleríi Auga.

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Húrra fyrir einfaldleikanum

Undanfarin misseri hef ég oft staðið mig að því að andvarpa þegar ég sé yndisfríða konu i sykursætum pastellitum, víðum krínólínupilsum, mynstruðum kjólum, litríkum skóm og með flókna hárgreiðslu. Þetta er voðalega sætt og tískulegt allt saman en var bara aldrei ... ég. En guð sé lofaður, í stað þess að bjóða okkur upp á froðukennda pastelliti, blúndur og skraut eins og í fyrra voru margir þeirra hönnuða sem sýndu nú í París með allt aðra tískuheimspeki í huga. Hönnuðurinn Phoebe Philo sló svo sannarlega í gegn með sýningu sinni fyrir Celine en þar gaf að líta afar naumhyggjulega hönnun sem konur á öllum aldri féllu í stafi yfir. Nýja lúkkið er einhvernveginn svona: einföld kápa í kamellit, svörtu eða dökkbláu, grár eða svartur hnésíður kjóll eða svart leðurpils við hvíta blússu, einfaldar þröngar buxur við einfalda támjóa skó. Hárgreiðslur voru líka einfaldar: slegið hár eða tekið aftur í einfalt tagl. Phoebe Philo er skriðin yfir á fertugsaldurinn og virðist sammála Stellu McCartney um að blóm, blúndur og tjull séu fyrir stelpur, en ekki konur. Celinelínan sló líka rækilega í gegn hjá vinnandi konum sem vilja þægileg, næstum karlmannleg föt sem láta aðra taka þær alvarlega. Allt þetta minnir heilmikið líka á Helmut Lang og jafnvel hinn Helmutinn, hann Helmut Newton og boðar nýjan og klæðilegan mínimalisma. Og litapallettan er ekkert einskorðuð við svart. Drapplitað, grátt, hvítt og dökkblátt á sér fullan tilvistarrétt. Auðvitað var samt fullt af öðrum hlutum í gangi á tískuvikunni í París, meðal annars miðaldaþema hjá McQueen heitnum, nunnuklæði hjá Stefano Pilati og einhverskonar 50's Brigitte Bardot-útlit hjá Vuitton. En það er gaman að sjá tískuhönnuði hanna kynþokkafull og klæðileg föt fyrir sjálfstæðar nútímakonur.

LOGAGYLLT Ævintýralegur kjóll úr gylltum fjöðrum með hvítu pilsi.

KONUNGLEGT Rauður síðkjóll með slá í sama lit.

„Ég kann víst að hjóla!"

Ástsæl saga Astridar Lindgren um Lottu, Jónas og Míu Maríu er loksins fáanleg aftur

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Fjársjóður í bókasafnið sem börnin lesa aftur og aftur

MIÐALDAKJÓLAR SEM SÆMA DROTTNINGUM

Síðustu verk McQueens

Tilfinningaþrungið andrúmsloft einkenndi sýninguna á síðustu línu breska fatahönnuðarins Alexanders McQueen nú í vikunni. Hönnuðarins, sem svipti sig lífi í síðasta mánuði, var minnst með mikilli virðingu á þögulli og fámennri einkasýningu í fallegri höll í París. Klæðin voru ein þau stórfenglegustu sem McQueen hefur nokkurn tímann hannað og einkenndust af ríkulegum efnum og einstöku handverki. Línan var innblásin af listum miðalda og minnti á portrett af konungafólki þess tíma. Háir kragar, bróderingar, korselett, síð pils og há leðurstígvél hefðu sæmt sér vel hjá Hinriki VIII. og hirð hans. Fögur sýning og minning um mikinn meistara. - amb

HÁR KRAGI Bronslitaður stuttur kjóll með bróderuðum kraga.

LEÐUR Há stígvél við stuttan kjól minna á klæði karlmanna á sextándu öld.

MIÐALDAKJÓLL Bróderað korselett með síðum ermum og pilsi.

...70 tegundir af túlipönum og 10 tegundir af liljum

Veldu fallegasta túlipanann og þú gætir unnið veglegt gjafabréf



Túlipanasýning
Blómavali í Skútuvogi

Blómaval og íslenskir garðyrkjubændur sýna 70 mismunandi gerðir af túlípönum og tíu af-brigði af liljum.

Sýning sem enginn má missa af.

Túlipanasýning
um helgina í Blómavali Skútuvogi

Laukblóm í pottum

Hægt að planta út í garð seinna í vor!

Koma upp og gleðja okkur árum saman!

499 kr

Túlipanar í potti
margar tegundir

499 kr

Bridal Crown í potti

399 kr

Tet a Tet
páskaliljur í potti

Blómaval
um land allt

399 kr

Perlulilja í potti
(Muscari)

20% afsláttur
öll fræ

vorlaukar
í miklu úrvali
sjá úrvalið á blomaval.is

10 stk
TÚLIPANAR
799 kr
meðan birgðir endast

Blómaval
um land allt

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

> VÉLMENNI Í NÆSTU MYND

Næsta verkefni **Stevens Spielberg** sem leikstjóra verður hugsanlega vísindaskáldsögumyndin Robopocalypse. Myndin verður byggð á óútgefinni bók eftir Daniel H. Wilson og fjallar um baráttu mannkyns gegn upprisu vélmenna. Síðasta myndin sem Spielberg leikstýrði var um ævintýri teiknimyndahetjunnar Tinna sem kemur í bíó í desember á næsta ári.

fólk

folk@frettabladid.is

Tilraunir í næstu viku

Músíktilraunirnar hefjast á mánudaginn og eru nú haldnar í 28. skipti. Böndin 41 munu spila tvö frumsamin lög á band á fjórum kvöldum, mánudags, þriðjudags, miðvikudags og fimmtudagskvöld - og fara öll þessi undanúrslitakvöld fram í Íslensku óperunni. Úrslitakvöldið sjálft verður síðan haldið í Hafnarhúsinu, Listasafni Reykjavíkur, 27. mars. Hljómsveitirnar sem skráðar eru til keppni bera hin ýmsustu nöfn, má þar á meðal nefna hljómsveitirnar Heimska en samt sexý gospelbandið, Snjólugt, Dólgarnir, Vangaveltur, Silent Shoelace, Íslenska Hljómsveitin, Siðrof og Fimbulþul. Einnig taka hljómsveitirnar Bakkabræður og Lækjarbræður báðar þátt. Árni Matthíasson er formaður dómnefndar að vanda og verðlaunin eru eðalfín. Ber þar hæst 20 hljóðverstíma í hljóðverinu Sundlauginni, ásamt hljóðmanni.

BRÓÐIR SVARTÚLFS Unnu Músíktilraunir í fyrra.

Avatar snýr aftur í bíó

Leikstjórinn James Cameron og framleiðandinn Fox eru í viðræðum um að endursýna stórmyndina Avatar í þrívíddarbíóum í sumar. Í myndinni verða atriði sem komumst ekki í frumútgáfuna. Hugsunin á bak við endursýninguna er að myndin hefði fengið ennþá meiri aðsókn í þrívíddarsölum ef Lísa í Undralandi hefði ekki komið í bíó 5. mars og yfirtekið þá alla. Til eru um fjörutíu mínútur af aukaefni sem lentu á klippiborðinu áður en Avatar var frumsýnd í desember.

Conan með grínsýningu

Spjallþáttastjórnandinn fyrrverandi Conan O´Brien ætlar að ferðast um Norður-Ameríku með nýja grínsýningu þar sem uppistand og tónlistaratriði verða á dagskránni. Með í för verður aðstoðarmaður Conans, Andy Richter, og húshljómsveitin hans fyrrverandi út Tonight Show-þáttunum. Sýningin heitir Bannað að vera fyndinn í sjónvarpi-ferðalagið og er tilvísun í þá staðreynd að hann má ekki koma fram í sjónvarpi fyrr en 1. september. Var það liður í starfslokasamningi hans við NBC-sjónvarpsstöðina sem hljóðaði upp á 32,5 milljónir dollara, eða um fjóra milljarða króna.

CONAN O´BRIEN

Amadou á Listahátíð

Hljómsveitin Amadou & Mariam frá Malí spilar á opnunartónleikum Listahátíðar Reykjavíkur í Laugardalshöll 12. maí. Fréttablaðið hafði áður greint frá því að sveitin kæmi fram hér á landi í vor og nú hefur það verið staðfest. Amadou & Mariam var stofnuð af hjónunum Amadou Bagayoko og Mariam Doumbia sem eru bæði blind. Hljómsveit þeirra hefur vakið heimsathygli fyrir einstakan og líflegan tónlistarbræðing sinn þar sem rafmagnsgítarar, kúbverskir lúðrar, egypskar ney-flautur, sýrlenskar fiðlur og margvísleg ásláttarhljóðfæri koma við sögu. Ferill sveitarinnar spannar yfir þrjá áratugi og á síðustu árum hafa þau unnið með Damon Albarn og David Gilmour úr Pink Floyd og hitað upp fyrir Blur og Coldplay. Þau voru einnig fengin til að semja þemalag HM í fótbolta í Þýskalandi 2006. Miðasala á tónleikana er hafin á Listahatid.is og Midi.is.

AMADOU & MARIAM Hjónin frá Malí spila á opnunartónleikum Listahátíðar Reykjavíkur 12. maí.

NORDICPHOTOS/GETTY

VINSÆLASTIR Dikta er vinsælasta hljómsveit landsins og hefur nánast einokað vinsældalista landsins á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dikta sigrar Ísland

Hljómsveitin Dikta er búin að eiga tvö lög á toppi Lagalistans í ár þrátt fyrir að mars sé aðeins hálfnaður. Hljómsveitin hefur aldrei verið heitari en nú eftir þrjár plötur og mörg ár í harkinu.

„Ég var mjög ánægður með plötuna og bjóst alveg við að það myndi ganga vel - en ekki svona vel," segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari hljómsveitarinnar Diktu. Dikta hefur átt tvö lög á toppi lagalistans í ár og hefur í raun setið á toppnum frá því í byrjun desember á síðasta ári, ef undanskildar eru þrjár vikur sem Páll Óskar, Hera Björk og breska hljómsveitin Muse skiptu með sér. Umrædd lög, From Now On og Thank You, komu út á plötunni Get it Together í fyrra, en hún hefur selst í meira en 3.200 eintökum, setið á toppi tónlistans í tæpan mánuð og er tilnefnd sem poppplata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í kvöld.

„Þetta er að sjálfsögðu mjög gaman. Við erum búnir að vera að harka í 11 ár og það gengur alltaf betur og betur, en nú er þetta farið að ganga svakalega smurt," segir læknirinn Haukur Heiðar, en hann var nývaknaður eftir næturvakt þegar Fréttablaðið náði í hann. „Við bjuggumst ekki við að eiga topplag í níu vikur og að næsta færi beint á toppinn."

Dikta heyrðist fyrst aðallega á útvarpsstöðinni Xið 977, sem er eina rokkútvarpsstöð landsins. Rás 2 hefur einnig spilað tónlist hljómsveitarinnar í gegnum tíðina, en nú er hún farin að heyrast á FM 957 og Bylgjunni. Ekki nóg með það, þá er hún vinsælasta hljómsveitin á FM, sem hlýtur að vekja upp skrýtnar tilfinngar hjá Hauki, eða hvað?

„Ég veit ekki alveg hvernig ég á að svara þessari spurningu," segir hann og hlær. „Er það ekki bara eitthvað til að fagna? Auðvitað vill maður að sem flestir hlusti á músíkina manns."

En eru þið ekkert hræddir um að missa töffstimpilinn?

„Við höfum aldrei haft neinn töffstimpil. Við höfum aldrei verið inni í þessari hipp og kúl-klíku. Það er fullt af klíkum á Íslandi, en við höfum aldrei verið í þessu 101- eða krúttdæmi. Við höfum alltaf verið strákar í Garðabæ að spila músík. Svo eru alltaf fleiri og fleiri sem hlusta á músíkina okkar þannig að ég hef engar áhyggjur af neinum stimpli."

atlifannar@frettabladid.is

Undirbýr brúðkaup

Söng- og leikkonan Hilary Duff er í óða önn að undirbúa brúðkaup sitt sem verður haldið síðar á árinu. Duff trúlofaðist hokkíspilaranum Mike Comrie í síðasta mánuði eftir að hafa verið með honum í tvö ár. „Við viljum að athöfnin verði lítil í sniðum. Mike segir bara: „Hvað sem þú vilt"," sagði Duff yfir sig hamingjusöm. „Ég vil að athöfnin verði hefðbundin. Hún má ekki vera of stór eða yfirþyrmandi vegna þess að ég er svo lítil sjálf. Ef ég verð í stórum kjól lít ég bara út eins og risastór kaka." Mike fór á skeljarnar og bað Hilary í rómantískri ferð til Hawaii og dró á fingur hennar tólf karata hring sem kostaði um 120 milljónir króna.

HILARY DUFF Söng- og leikkonan er að undirbúa brúðkaup sitt og skemmtir sér vel við undirbúninginn.

Frá leikstjóra NÓA ALBINÓA

BRIAN COX PAUL DANO ISILD LE BESCO

THE GOOD HEART

kvikmynd eftir DAG KÁRA

★★★★★

5 stjörnur. (Eina fyrir handrit, eina fyrir höfundareinkenni DKP, eina fyrir Brian Cox, eina fyrir karakterinn hans og eina fyrir ótrúlega leikmynd Hálfdánar Petersen.)
– Hallgrímur Helgason

★★★★½

„Á heildina litið er þetta afskaplega vel heppunð kvikmynd og manneskjuleg. Stjarna Cox stelur senunni, hokinn af reynslu“
- H.S.S, Morgunblaðið

★★★★

„Í þessari afburðagóðu íslensku ræmu samstillir höfundurinn Dagur Kári verkfæri sín - mynd og hljóð – með meistaralegum hætti til að lyfta verkinu í hæðir og dúndra því í myrkrin.
- Ólafur Torfason, Rás 2

„The Good Heart er sterk og falleg saga og eins og ávallt í myndum Dags Kára fer þar saman leiftrandi húmor og angurværð. Myndataka og leikmynd afbragð og leikurinn frábær.“
- Kvika á Rás 1 - 6. mars sl.

„Allir, og ég meina allir (yfir 12 ára aldri kannski :-) eiga að fara að sjá THE GOOD HEART eftir Dag Kára núna um helgina. Frábær mynd, skemmtileg og áhrifarík."
- Ragnar Bragason leikstjóri

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Ég veit hvar bin Laden er

Íslenska heimildarmyndin Feathered Cocaine verður frumsýnd á kvikmyndahátíð Roberts De Niro, Tribeca, í lok apríl í New York. Kvikmyndagerðarmennirnir voru ansi nálægt því að hitta alræmdasta hryðjuverkamann heims.

„Við vorum einu handabandi frá honum," segir Örn Marinó Arnarson kvikmyndagerðarmaður í samtali við Fréttablaðið. Hann segist vita hvar í heiminum Osama Bin Laden er og er sannfærður um að bandarísk yfirvöld hafi ekki nokkurn áhuga á að ná honum. „Þeir hafa sömu upplýsingar og við og ég veit allavega hvar hann hefur haldið sig undanfarin ár," segir Örn en þeir tóku meðal annars viðtal við mann í myndinni sem var að veiða með Bin Laden eftir að hann varð mest eftirlýsti maður heims. Örn ásamt samstarfsfélaga sínum, Þorkatli Harðarsyni, frumsýnir heimildarmyndina Feathered Cocaine á kvikmyndahátíðinni Tribeca í New York sem hefst 21. apríl og stendur til 2. maí. Hátíðin var stofnuð af stórleikaranum Robert De Niro eftir árásirnar á Tvíburaturnanna 2001. Viðeigandi, segir Örn.

Að sögn kvikmyndagerðarmannsins stóð upphaflega til að gera litla rómantíska heimildarmynd um fálkaveiðar og sögu þeirra. „Steingrímur heitinn Eyfjörð hafði sagt okkur helling af fálkasögum og Friðrik Þór líka. En þegar við fórum að leita eftir leyfum og öðru slíku var okkur hafnað undarlega oft og það gaf okkur hugboð um að víða væri pottur brotinn í þessum málum." Örn og Þorkell þeyttust heimshornanna á milli, dvöldust í ríkjum Sovétríkjanna sálugu en lönd á borð við Kasakstan og Tadsjikistan hafa verið vinsæl fálkalönd eftir að járntjaldið hrundi með skelfilegum afleiðingum fyrir fálkastofninn. Þeir fóru auk þess til landanna við Persaflóa, Svíþjóðar, Bandaríkjanna og fjölda annarra landa. „Þetta hefur því verið mikið flakk á okkur."

Aðalpersóna myndarinnar er fálkafíkillinn Alan Howell Parrot sem er hálfgerð goðsögn í þessum bransa. „Þetta er maður sem hafði lifibrauð sitt af því að selja fálka til voldugra manna við Persaflóa, manna eins og keisarans í Írans og olíufursta. Hann sneri síðan baki við þessari iðn og hefur barist hart gegn henni enda er markvisst verið að útrýma þessum stofni með þessum markaði," útskýrir Örn. Hann bætir því við að þetta sé ógnarstór bransi þar sem topparnir, prinsarnir og furstarnir, eru verstir. „Í gamla daga var það þannig að menn notuðu fálkann til að veiða sér til matar. Þetta var fyrir daga olíunnar. Núna er þetta bara elítusport þar sem menn lenda á Boeing 747-þotum úti í miðri eyðimörkinni, keyra um á sérsmíðuðum drekum og láta fálkann veiða."

Örn segir eflaust hafa verið léttara mál að gera mynd um mafíuna en fálkasölu því menn voru þöglir sem gröfin um málið. „Það var enginn reiðubúinn til að tjá sig, enginn vildi í raun tala við okkur og við komumst aldrei nálægt þessum furstum," segir Örn sem verður viðstaddur frumsýninguna í New York ásamt Þorkatli sem búsettur er í Brooklyn. „Annars er rétt að taka fram að við tileinkum þessa mynd Steingrími og minningu hans," segir Örn en Steingrímur samdi tónlistina við myndina.

freyrgigja@frettabladid.is

STÓR BRANSI

Fálkabransinn er ógnarstór en valdamiklir menn fyrir botni Persaflóa eru reiðubúnir til að borga mikinn pening fyrir fálka. **Örn Marinó Arnarson** og Þorkell Harðarson hafa gert heimildarmynd um þennan iðnað og voru hársbreidd frá því að komast í kynni við Osama Bin Laden.

SAMBÍÓIN

VANN ÓSKARINN BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI SANDRA BULLOCK
SANDRA BULLOCK THE BLIND SIDE
TEKJUHÆSTA MYND SÖNDRU BULLOCK FYRR OG SÍÐAR

DISNEY FÆRIR ÖKKUR HIÐ STÓRKOSTLEGA ÆVINTÝRI UM LÍSU Í UNDRALANDI OG NÚ Í STÓRKOSTLEGRI ÞRÍVÍDD
DISNEY ALICE IN WONDERLAND
FRÁBÆR MYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

THE BLIND SIDE	kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 1(3D) - 3:20(3D) - 5:40(3D) - 8(3D) - 10:20(3D)	L
ALICE IN WONDERLAND	kl. 1 - 3:20 - 5:40	L
THE REBOUND	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
BROTHERS	kl. 8	12
BROTHERS	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	
VALENTINE 'S DAY	kl. 8 - 10:40	L
SHERLOCK HOLMES	kl. 10:20	12
PLANET 51 M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
BJARNFREÐARSON	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ísl. Tali	kl. 1	L

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

THE BLIND SIDE	kl. 5:50D - 8:10D - 10:50D	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 1:10(3D) - 3:30(3D) - 5:50(3D) - 8:10(3D) - 10:30(3D)	L
SHUTTER ISLAND	kl. 8 - 10:50	12
INVICTUS	kl. 5:30 Síðasta sýningar helgi	L
TOY STORY 2 M/ísl. Tali	kl. 3:50(3D)	L
BJARNFREÐARSON	kl. 3:30	L
PLANET 51 M/ísl. Tali	kl. 2	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ísl. Tali	kl. 1:30	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

THE BLIND SIDE	kl.5:30 - 8 - 10:30	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	L
AVATAR - 3 D	kl 10:20	10
PLANET 51 M/ísl. Tali	kl 1:30	L
BJARNFREÐARSSON	kl. 3:30	L

NÝTT Í BÍÓ!
HEIMSFRUMSÝNING FRÁ LEIKSTJÓRANUM PAUL GREENGRASS KEMUR EIN BESTA SPENNUMYND ÁRSINS
THE BOURNE SUPREMACY THE BOURNE ULTIMATUM MATT DAMON GREEN ZONE
LÚXUS
FRÁ LEIKSTJÓRA TAKEN TRAVOLTA RHYS MEYERS FROM PARIS WITH LOVE
LEGION ÓHT - Rás 2
THE GOOD HEART
SHUTTER ISLAND
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
BESTA LEIKKONA BESTA LEIKARI AÐALHLUTVERKI HANDRIT precious
115.000 GESTIR!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt sæti 600 kr.

THE GREEN ZONE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
THE GREEN ZONE LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
THE LIGHTNING THIEF	kl. 3 - 5.30	10
LEGION	kl. 8 - 10.15	16
SHUTTER ISLAND	kl. 8 - 11	16
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 5 - 8 - 11	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 1 - 3 íslenskt tal	L
AVATAR 3D	kl. 1 950 kr. - 4.40	10
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D	kl. 1 950 kr. - 3 íslenskt tal	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 1 íslenskt tal	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt sæti 600 kr.

THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.30	12
THE GOOD HEART	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	10
PRECIOUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 3 - 6 - 9	14
MAMMA GÓGÓ	kl. 4 - 6	L

facebook.com/smarabio ADDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt sæti 550 kr.

THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.10 *KRAFTSÝNING	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 8 - 10	16
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 5.20	14
SHUTTER ISLAND	kl. 5.20	16
ARTÚR 2	kl. 3.40	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 3.40	L

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ Merkt sæti 600 kr.

THE GOOD HEART	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	10
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	16
LEGION	kl. 8 - 10.15	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
NIKULÁS LITLI	kl. 4 - 6	L

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
THE BOURNE SUPREMACY THE BOURNE ULTIMATUM MATT DAMON GREEN ZONE POWERSÝNING KL. 10.15
FROM PARIS WITH LOVE
SHUTTER ISLAND
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

GREEN ZONE	kl. 5.45, 8 og 10.15-P	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 4.10, 6, 8 og 10	16
SHUTTER ISLAND	kl. 4, 7 og 10	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 1.50 (600 kr)	10
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM - ísl. tal	kl. 2 (900 kr) og 4 3D	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 2 (600 kr) - ísl. tal	L

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó
PERCY JACKSON & THE OLYMPIANS THE LIGHTNING THIEF ATH! 600 KR. SÝND KL. 1.50
SÝND KL. 2 SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 3D ÍSLENSKT TAL ATH! 900 KR.
SÝND KL. 2 ÍSLENSKT TAL ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 ATH! 600 KR.
LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ SAMBÍÓIN
ALICE IN WONDERLAND KR. 600 Á 2D KR. 950 Á 3D
PRINSESSAN OG FROSKURINN
SPARbíó kl. 1 í álf. 3D og 2D - kl. 1 - í Kringl. 3D kl. 1.30 á Ak. 3D - kl. 1.30 í keffl. 2D - kl. 1.30 á Self. 2D
SPARbíó kl. 1.30 í Álfabakka - kl. 2 í Kringlunni - kl. 1.30 á Akureyri
SPARbíó kl. 1 í Álfabakka og 1.30 í kringlu

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
ARTUR 2 550 kr. KL.3.40 BORGARBÍÓ
AVATAR 950 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ 3D
Nikulás litli 600 kr. KL.4 REGNBOGINN
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 950 kr. 3d KL.1 SMÁRABÍÓ 600 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3.40 BORGARBÍÓ
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 600 kr. KL.1 SMÁRABÍÓ ísl. tal

GAYPRIDE-HÁTÍÐ HALDIN Á GRÆNLANDI Í FYRSTA SINN

Fyrsta Gaypride-hátíðin á Grænlandi verður haldin í Nuuk 15. maí. Nuka Bisgaard, sem skipuleggur hátíðina ásamt Lu Berthelsen, segir að það hafi fyrir löngu verið kominn tími á þetta.

TÍMAMÓT

Nuka Bisgaard einn skipuleggjenda Nuuk Gaypride 2010 segir að samkynhneigð sé búin að vera tabú á Grænlandi. Hann vonast til að hátíðin breyti því. **Heimir Már Pétursson** segir þetta frábært framtak. Samkynhneigðir á Grænlandi hafi löngum leitað til Kaupmannahafnar eins og Íslendingar forðum.

„Samkynhneigð er búin að vera tabú á Grænlandi en við vonumst til að Gaypride breyti því. Fyrir svona fimmtán árum var ekki hægt að koma út úr skápnum hérna, en núna er almenningur opnari," segir Nuka Bisgaard sem skipuleggur fyrstu Gaypride-hátíðina á Grænlandi í maí.

Aðstandendur Nuuk Gaypride 2010 horfa til íslensku gaypride-hátíðarinnar og vilja höfða til sem flestra í þjóðfélaginu. Dagskráin hefst á málfundi í menningarmiðstöðinni Katuaq, þar sem munurinn á að vera samkynhneigður í Danmörku og á Grænlandi verður ræddur. Á milli kl. 5 og 6 verður sjálf gleðigangan farin, en þá verður gengið fylktu liði frá Katuaq um Nuuk. Um kvöldið verður svo partí með dragsýningum og alls konar skemmtiatriðum.

Heimir Már Pétursson, framkvæmdastjóri Hinsegin daga, segir mjög gleðilegt að vakning sé að verða meðal samkynhneigðra Grænlendinga. „Já, þetta er alveg frábært. Samkynhneigðir á Grænlandi hafa löngum leitað til Kaupmannahafnar, eins og íslenskir hommar gerðu á árum áður. Nú er bara vonandi að Grænlendingum haldist betur á sínu fólki í framtíðinni. Þeir þurfa á öllum sínum að halda eins og við."

Heimir segist hafa heyrt mun minna af vandamálum samkynhneigðra á Grænlandi en í Færeyjum.

„Kúlturinn hjá Grænlendingum er öðruvísi en sá vestræni. Þeir eru til dæmis ekki eins snertifælnir og við. Það þykir til dæmis ekkert tiltökumál að karlmenn á sjó sofi í sama bæli til að halda á sér hita."

Heimir býst fastlega við því að einhverjir Íslendingar leggi leið sína á Gaypride í Nuuk til að sýna nágrönnum okkar stuðning í verki. Nuka bendir á að hægt sé að fá „ódýrt" flug á milli Reykjavíkur og Nuuk hjá Air Greenland. „Ég vona innilega að það komi fólk frá Íslandi. Það yrði alveg æðislegt!"

drgunni@frettabladid.is

> Blikar safna peningum

Kaup Blika á Guðmundi Pétursyni leiddu til þess að stuðningsmenn Blika ákváðu að standa fyrir fjársöfnun til handa knattspyrnudeildinni. Blikar urðu á endanum að greiða meira fyrir Guðmund en þeir voru til í að gera í fyrstu. KR hafði tekið tilboðum frá Val og FH en Blikar jöfnuðu það tilboð á elleftu stundu sem var ánægjulegt fyrir Guðmund enda vildi hann spila í Kópavogi. Blikar segja að það hafi verið til peningar fyrir Guðmund en fagna framtakinu. Hægt er að fá frekari upplýsingar um fjársöfnunina á vefsíðunni blikar.is.

sport
sport@frettabladid.is

HELENA SVERRISDÓTTIR: 22 ÁRA AFMÆLISDAGURINN Í MIÐRI ÚRSLITAKEPPNI Í LAS VEGAS

Það er líklegt að sumir gætu ekki haldið einbeitingu

Helena Sverrisdóttir var á dögunum valin besti leikmaður Mountain West deildarinnar og um helgina verður hún í eldlínunni með TCU í úrslitakeppni deildarinnar sem er haldin í Las Vegas, skemmtanahöfuðborg heimsins.

„Það er líklegt að sumir gætu ekki haldið einbeitingu, en þegar þú ert búin að vinna fyrir einhverju svona lengi eins og við höfum gert þá held ég ekkert geti stoppað það. Vegas er flott borg, og það er rosalega gaman að vera þar, vonandi vinnum við þetta allt saman og getum notið þess af alvöru," segir Helena sem átti 22 ára afmæli á fimmtudaginn.

„Ég á alltaf afmæli í miðri úrslitakeppni þannig að ég er orðin svoldið vön að það sé lagt til hliðar þangað til seinna. Ætla mér bara að vinna og halda uppá það á laugardaginn," segir Helena en úrslitaleikurinn fer fram í nótt takist TCU að fara alla leið.

„Við höfum ekki komist lengra en í fjögurra liða úrslitin síðan ég kom hingað. Núna komumst við sjálfkrafa þangað með því að vinna deildina, og þurfum því bara tvo sigra til að vinna þetta," segir Helena en hún var mjög ánægð með vera valin best. „Þetta er náttúrulega alveg svakalegur heiður. Mér finnst ég samt eiga mikið inni þannig að þetta ýtir bara undir sjálfstraustið og kraftinn til þess að halda áfram á hverjum degi að reyna að verða betri," segir Helena sem segir þetta vera stærstu viðurkenninguna á ferlinum til þessa en að hún gera sér betur grein fyrir þýðingu hennar eftir tímabili því nú sé hún að einbeita sér að úrslitakeppninni.

„Með því að vinna úrslitakeppnina, þá komumst við sjálfkrafa inní NCAA og að komast inní NCAA er aðalmarkmið TCU á hverju ári. Við þurfum að spila okkar leik. Þegar við spilum eins og við getum, erum einbeittar, spilum af hörku og saman þá getur ekkert lið í þessari deild stöðvað okkur," segir Helena að lokum.

ÚRSLIT

IE-deild karla:

Stjarnan-KR	87-88 (49-30)

Stig Stjörnunnar: Jovan Zdravevski 22, Justin Shouse 18, Djorde Pantelic 17, Magnús Helgason 10, Kjartan Atli Kjartansson 9, Fannar Freyr Helgason 5, Birkir Guðlaugsson 3, Ólafur Sigurðsson 3.
Stig KR: Brynjar Björnsson 32, Fannar Ólafsson 17, Morgan Lewis 13. Tommy Johnson 9, Jón Orri Kristjánsson 5, Pavel Ermolinskij 5, Skarphéðinn Ingason 4, Darri Hilmarsson 2, Steinar Kaldal 1.

Snæfell-Grindavík	88-98 (41-32)

Stigahæstir hjá Snæfelli: Sean Burton 24, Sigurður Þorvaldsson 19, Jón Ólafur Jónsson 17, Hlynur Bæringsson 16.
Stigahæstir hjá Grindavík: Páll Axel Vilbergsson 24, Arnar Freyr Jónsson 20, Darrell Flake 16.

Fjölnir-ÍR	89-90 (42-40)

Stig Fjölnis: Christopher Smith 27, Magni Hafsteinsson 18, Tómas Heiðar Tómasson 12, Ægir Þór Steinarsson 12, Sindri Kárason 6, Níels Dungal 5, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Jón Sverrisson 4.
Stig ÍR: Nemanja Sovic 23, Steinar Arason 20, Robert Jarvis 17, Hreggviður Magnússon 16, Kristinn Jónasson 10, Eiríkur Önundarson 4.

STAÐAN:

KR	20	17	3	1875-1617	34
Keflavík	20	15	5	1862-1582	30
Grindavík	20	15	6	1868-1612	30
Njarðvík	20	14	6	1770-1554	28
Snæfell	20	13	7	1888-1682	26
Stjarnan	20	13	7	1696-1614	26
ÍR	20	7	13	1679-1822	14
Hamar	20	7	13	1686-1771	14
Tindastóll	20	7	13	1654-1789	14
Fjölnir	20	6	13	1506-1658	12
Breiðablik	20	5	15	1555-1816	10
FSu	20	1	19	1502-2023	2

N1-deild karla:

Akureyri-Stjarnan	36-21 (21-12)

Mörk Akureyrar (skot): Oddur Gretarsson 12/5 (14), Geir Guðmundsson 6 (10), Heimir Örn Árnason 5 (7), Bergvin Gíslason 5 (7), Hörður F. Sigþórsson 4 (8), Halldór Logi Árnason 1 (1), Hreinn Þór Hauksson 1 (1), Guðmundur H. Helgason 1 (2), Árni Þór Sigtryggsson 1 (7).
Varin skot: Hörður Flóki Ólafsson 12/1 (28) 43%, Hafþór Einarsson 6/1 (11) 55%.
Hraðaupphlaup: 12 (Oddur 3, Hörður 3, Bergvin 2, Geir 2, Hreinn, Heimir).
Fiskuð víti: 4 (Hörður 2, Jónatan, Hreinn).
Utan vallar: 14 mín.
Mörk Stjörnunnar (skot): Tandri Konráðsson 4 (7), Víglundur Þórsson 3/3 (10/4), Þórólfur Nielsen 3/2 (12/3), Daníel Einarsson 3 (5), Sverrir Eyjólfsson 2 (4), Kristján Kristjánsson 2 (5), Jón Arnar Jónsson 2 (6), Sigurður Helgason 1 (1).
Varin skot: Svavar Már Ólafsson 20 (50) 40%, Viktor Alex 1 (7) 14%
Hraðaupphlaup: 3 (Kristján, Sigurður, Daníel).
Fiskuð víti: 6 (Þórólfur 2, Víglundur 2, Sigurður, Daníel).
Utan vallar: 8 mín.

Lygileg endurkoma hjá KR

Allir í Ásgarði voru búnir að afskrifa leikmenn KR í gær nema þeir sjálfir. Fyrir síðasta leikhlutann var Stjarnan 20 stigum yfir en þá hófst ótrúleg atburðarás.

KÖRFUBOLTI Það ætlaði allt um koll að keyra meðal KR-inga í Ásgarði í gær eftir að þeir unnu ævintýralegan sigur á þessum erfiða útivelli. Stærstan hluta leiksins leit þetta vægast sagt vandræðalega út fyrir þá. Þeir voru kafsigldir af heimamönnum en gáfust þó ekki upp. Tuttugu stigum undir fyrir síðasta leikhluta náðu þeir einum ótrúlegasta endaspretti sem undirritaður hefur séð.

Á síðustu tveimur og hálfri mínútu leiksins skoraði KR 14-0 og vann á endanum sigur með einu stigi, úrslitin 87-88. „Við tókum bara áhættu og hleyptum leiknum upp," sagði Páll Kolbeinsson, þjálfari KR, í leikslok. „Þetta er með sætustu sigrum sem ég hef unnið. Við vorum nánast niðurlægðir í fyrri hálfleik og það fór í skapið á mér og öðrum. En við komum til baka og sýndum úr hverju við erum gerðir."

Stjörnumenn mættu gríðarlega kraftmiklir til leiks og KR-ingar áttu engin svör í vörninni. Staðan var 22-16 eftir fyrsta leikhluta en Stjörnumenn áttu þann annan með húð og hári og staðan 49-30 í hálfleik. Garðbæingar voru að leika frábærlega, sýndu sínar bestu hliðar.

Á móti var mikil deyfð yfir gestunum, boltinn gekk ekki milli þeirra og stemningin var algjörlega á hlið Stjörnunnar. „Hvaða aumingjaskapur er í gangi?" öskraði Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, bálreiður að varamannabekk Vesturbæinga.

Mesta lífið í KR-ingum áður en þeir héldu til búningsherbergja í hálfleik var þegar leiktíminn var runninn út og ganga þurfti á milli Jovan Zdravevski og Tommy Johnson. Mikill hiti var í mönnum og lá við slagsmálum eftir að Jovan klappaði Tommy létt á kollinn eftir að hafa sett niður þrist.

KR-ingar náðu ekki að saxa á forskotið í þriðja leikhlutanum og Stjarnan náði mest 23 stiga forystu. Leikhlutanum lauk með magnaðri þriggja stiga flautukörfu frá Stjörnumanninum Ólafi Sigurðssyni. Brekkan var þó ekki orðin of brött fyrir KR og Garðbæingar misstu boltann oft klaufalega. Brynjar Björnsson skoraði fallega þriggja stiga körfu og jafnaði leikinn 87-87 og sigurkarfan kom frá Fannari Ólafssyni á vítalínunni.

FLOTTUR MEÐ MOTTUNA Brynjar Björnsson var stigahæstur í gær með 32 stig en hann tekur virkan þátt í krabbameinsátakinu og skartar myndarlegri mottu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Maður er alveg búinn eftir þetta. Ég var brjálaður út í mitt lið í hálfleik en það sýndi svo karakter. Þetta var yndislegt og ég er í sigurvímu. Þetta er góður undirbúningur fyrir úrslitakeppnina" sagði Páll eftir leikinn.

En hvað breyttist hjá liðinu undir lokin? „Við jukum hraðann í leiknum og fórum að pressa miklu meira en við gerðum áður. Við töluðum um þetta fyrir leikinn en náðum ekki að koma því í gang. Okkur tókst svo að koma boltanum úr höndunum á Justin (Shouse) og við fórum þar með að stjórna leiknum," sagði Páll.

Brynjar Þór Björnsson skoraði 32 stig fyrir KR og Fannar Ólafsson 17 auk þess sem sá síðarnefndi tók 11 fráköst. Zdravevski var stigahæstur heimamanna með 22 stig og tók að auki 10 fráköst.

Garðbæingar hljóta að velta því fyrir sér hvað gerðist eiginlega í síðasta leikhlutanum en þeir misstu frá sér unnin leik á ótrúlegan hátt. Það hefði þurft ansi færan rithöfund til að skrifa handritið að því sem átti sér stað í Garðabænum í gær.

elvargeir@frettabladid.is

VEIGAR Í landsleik. NORDICPHOTOS/GETTY

Veigar Páll Gunnarsson:

Ætla að sýna að ég get þetta

FÓTBOLTI Keppni í norsku úrvalsdeildinni fer af stað um helgina. Veigar Páll Gunnarsson er kominn aftur til Stabæk eftir dvölina í franska fótboltanum.

„Ég ætla að sýna það og sanna að Nancy hafði rangt fyrir sér," sagði Veigar Páll í viðtali við norska fjölmiðla. Hann fékk fá tækifæri hjá Nancy. Veigar varð hinsvegar meistari með Stabæk þegar hann lék síðast með liðinu.

„Ég hafði ekkert sjálfstraust þegar ég var í Frakklandi en ég ætla að sýna það að ég get þetta ennþá og vonandi hefur fólk ekki misst trúna á mig. Ég hef lagt mikið á mig til að koma sterkur til baka," segir Veigar Páll en hann segist vera ánægður ef að Stabæk nær fjórða sætinu á þessu tímabili. - óój

Arftaki Arons er fundinn:

Halldór næsti þjálfari Hauka

HANDBOLTI Halldór Ingólfsson, þjálfari Gróttu, verður næsti þjálfari Hauka. Halldór þekkir vel til hjá Haukum enda vann hann sex Íslandsmeistaratitla með félaginu sem leikmaður og var fyrirliði liðsins í mörg ár.

Halldór mun taka við Haukaliðinu af Aroni Kristjánssyni sem tekur við þýska liðinu Hannover Burgdorf næsta sumar. Hafnarfjarðarliðið trónir á toppi N1-deildarinnar og varð á dögunum bikarmeistari.

Samningur Halldórs við Hauka er til þriggja ára. - egm

N1 Deildin
2009 - 2010

KONUR

Laugardagur

KA heimili	KA/Þór - FH	15:00
Digranes	HK - Haukar	16:00
Víkin	Víkingur - Stjarnan	16:00

Akureyri valtaði yfir slaka Stjörnumenn í N-1 deild karla í gær:

Var bara eins og létt æfing

HANDBOLTI Gríðarlegur styrkleikamunur var á Akureyri og Stjörnunni í leik liðanna í N-1 deild karla í handbolta í gær. Stjörnumenn litu út eins og smástrákar við hliðina á Akureyringum sem niðurlægðu Garðbæinga. Lokatölur 36-15. „Þetta var eins og létt æfing," sagði Oddur Gretarsson í leikslok, besti maður vallarins.

Stjörnumenn byrjuðu leikinn reyndar vel, voru yfir 4-6 og staðan var jöfn í 10-10. Þá gerðist eitthvað hjá gestunum. Þeir köstuðu boltanum frá sér trekk í trekk og misstu boltann ítrekað í sókninni. Akureyringar gengu á lagið og náðu upp átta marka forystu sem lagði grunninn að öruggum sigri. Ótrúlegur kafli sem stóð yfir í rúmar tíu mínútur. Staðan var 20-12 í hálfleik.

Akureyringar náðu strax tíu marka forystu í upphafi seinni hálfleiks. Maður hafði það á tilfinningunni að leikmenn vildu bara klára leikinn og komast í helgarfrí. Stjörnumenn gerðu aldrei atlögu að Akureyringum. Enda engin ástæða til, sigur þeirra var aldrei í hættu. Það segir margt um að liðið átti mikið inni en vann samt með 15 marka mun, 36-21.

Akureyri er í öðru sæti deildarinnar eftir leikinn. Ungir strákar spreyttu sig mikið í gær og stóðu sig vel. Stöðugleika skortir þó í lykilmenn liðsins en það getur vel gert góða hluti eins og það hefur þegar sýnt.

Góður leikur Svavars í marki Stjörnunnar kom í veg fyrir frekari niðurlægingu þeirra.

„Við gerðum alltof mörg mistök og stóðum ekki vörnina. Við hentum þessu frá okkur í fyrri hálfleik," sagði Tandri Konráðsson, Stjörnumaður. - hþh

Chevrolet toppar með CRUZE

Réttur tími til að velja Chevrolet

★★★★★

Chevrolet Cruze LS, bsk, 1.8 vél, 141 hestöfl.
Ríkulega hlaðinn staðalbúnaði, sjá heimasíðu.
Kr. 3.190 þús.

Opið í dag
Höfum opið í dag og alla laugardaga til vors, frá kl. 12-16 í sýningarsal Chevrolet, Tangarhöfða 8.
Komdu og reynsluaktu.

Chevrolet Cruze LT, bsk.,
1.8 vél, 141 hestöfl. **Verð kr. 3.490 þús.**

Enginn gerir meiri kröfur til Chevrolet en Chevrolet

Samkvæmt nýjustu niðurstöðum frá EURO NCAP*, hafa vörumerki, sem áður þóttu standa fyrir öryggi, misst forustuna.
Í síðustu prófunum stofnunarinnar **hlaut Chevrolet Cruze fimm stjörnur og hæstu alhliða einkunn 96% skor í atriðum sem snúa að öryggisvörn fyrir farþega.**

FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★
TEST 2009

Til hamingju neytendur

Dr. Michiel van Ratingen, framkvæmdastjóri Euro NCAP* sagði m.a. við það tækifæri: „ Við óskum Chevrolet til hamingju. Fyrirtækið er að toppa eftir gífurlegar fjárfestingar í öryggismálum undanfarin ár. Chevrolet setur ný viðmið í mörgum flokkum sem munu verða öðrum bílaframleiðendum hvatning og fyrirmynd.
Nú er rétti tíminn fyrir neytendur til að endurmeta væntingar sínar til vörumerkja á bílamarkaðnum.“

Við hjá Bílabúð Benna hvetjum þig til að gera samanburð á verði og gæðum og kynna þér tímamóta niðurstöður í árekstraprófunum á www.euroncap.com.

Gerðu Chevrolet gæðin að þínum.

Besti bíll í heimi ?

World Car of the Year Award 2010
2. febrúar sl. var tilkynnt að Chevrolet Cruze væri kominn í úrslit í keppninni um val á bíl ársins 2010; World Car of the Year Award 2010.

CHEVROLET
Chevrolet **gæði - frábært** verð

*EURO NCAP er sjálfstæð stofnun sem metur árekstravarnir nýrra fólksbifreiða í Evrópu.

Chevrolet á Íslandi - Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.chevrolet.is
Opið alla virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

Spesbílar - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300 - www.spesbilar.is
Opið alla virka daga frá kl. 9 - 18.

Bílabúð Benna
www.benni.is

FABREGAS Á við meiðsli að stríða en vill samt spila. NORDICPHOTOS/GETTY

Cesc Fabregas hjá Arsenal:

Vill spila þrátt fyrir meiðslin

FÓTBOLTI „Ég bað aldrei um að vera hvíldur, mér finnst ekkert skemmtilegra en að spila fótbolta," segir Cesc Fabregas, fyrirliði Arsenal, sem er tilbúinn til að fórna sér fyrir liðið þrátt fyrir að eiga við meiðsli að stríða.

Hann missti af 5-0 sigrinum gegn Porto í Meistaradeildinni og leikur væntanlega ekki í dag gegn Hull City. Hann segir meiðsli sín smávægileg og orsakast af miklu álagi. Fabregas fann fyrir meiðslunum í leik gegn Burnley.

„Ég fann fyrir einhverju tíu mínútum áður en við komumst yfir. Ég vildi bara ekki yfirgefa völlinn fyrr en við næðum að skora. Ég reyndi svo að halda eitthvað áfram en taldi best að ég færi af velli," segir Fabregas.

Nú þegar líklegt er að dagar Manuels Pellegrini hjá Real Madrid séu brátt taldir er knattspyrnustjóri Arsenal, Arsene Wenger, orðaður við starfið. „Ekki hringja í mig og látið mig bara í friði," sagði Arsene Wenger glottandi á blaðamannafundi í vikunni og bætti síðan við: „Ég klára alltaf mína samninga og ég er með samning til ársins 2011,"

- egm

Leggur Zola stein í götu Chelsea?

West Ham á ansi erfitt verkefni fyrir höndum á Stamford Bridge í dag. Knattspyrnustjóri Hamranna, Gianfranco Zola, er lifandi goðsögn hjá Chelsea en getur heldur betur gert sínum gömlu félögum grikk.

FÓTBOLTI Árið 1996 var Carlo Ancelotti ráðinn þjálfari Parma á Ítalíu. Hann sagði að hæfileikamaðurinn Gianfranco Zola passaði ekki í áætlanir sínar með liðið og setti hann á sölulista. Þá fór af stað ferli sem gerði það að verkum að Zola er nú lifandi goðsögn í augum stuðningsmanna Chelsea.

Zola lék með Chelsea í sjö ár og mætir á kunnuglegar slóðir í dag sem knattspyrnustjóri West Ham. Hann getur heldur betur dempað titilmöguleika síns gamla félags ef hann nær í öll stigin þrjú á Stamford Bridge. Um leið myndi West Ham vinna mikilvægan sigur í baráttunni fyrir lífi sínu í deildinni en liðið er nú þremur stigum fyrir ofan fallsæti.

Ancelotti þjálfar Chelsea í dag eins og allir vita en hans menn geta með sigri endurheimt toppsæti deildarinnar af Manchester United. „Skipulag er það sem við þurfum til að eiga möguleika," segir Zola í viðtali á heimasíðu West Ham. Liðið hefur ekki náð að vinna útileik í deildinni síðan í fyrstu umferð.

„Við eigum tvo erfiða Lundaleiki fram undan, fyrst gegn Chelsea og svo mætum við Arsenal. Tvö lið sem eru að berjast um toppsætið. Við þurfum að spila meira eins og lið ef við ætlum að fá eitthvað úr þessum leikjum. Við vorum ekki eins og ein heild gegn Bolton," segir Zola.

„Við höfum sýnt mikinn óstöðugleika og ég hef í raun engar afsakanir. En það tilheyrir fortíðinni, það eru tíu leikir eftir og við þurfum nauðsynlega að ná í fleiri stig. Það yrði algjör draumur að ná að vinna Chelsea."

Tveir tapleikir af síðustu þremur deildarleikjum hafa ekki kætt stuðningsmenn Chelsea sem vonast eftir því að endurtaka leikinn frá 2006 og hirða meistaratitilinn. Liðið hefur ekki tapað fyrir West Ham í síðustu tíu viðureignum liðanna.

Meiðsli markvarðarins Petrs Cech hafa sett strik í reikninginn hjá Chelsea og svo varð varamarkvörðurinn Hilario fyrir meiðslum fyrir viku. Ross Turnbull mun því standa í markinu í dag í sínum fyrsta deildarleik fyrir félagið síðan hann kom frá Middlesbrough.

Keppinautar Chelsea um enska meistaratitilinn, Manchester United og Arsenal, fóru á kostum í Meistaradeildinni í vikunni. Arsenal leikur gegn Hull í dag en United leikur á morgun gegn Fulham. Einn leikur verður síðan í deildinni á mánudaginn, Liverpool tekur á móti botnliði Portsmouth. Liverpool hefur aldrei unnið mánudagsleik síðan Rafael Benítez tók við liðinu.

elvargeir@frettabladid.is

Í BÚNINGI CHELSEA Gianfranco Zola átti sjö frábær ár í búningi Chelsea. Hér leiðir hann fyrrverandi félaga sína og fagnar um leið sæti í Meistaradeildinni með félaginu árið 2003. NORDICPHOTOS/GETTY

LEIKIR HELGARINNAR

Laugardagur:

Birmingham - Everton
Bolton - Wigan
Burnley - Wolves
Chelsea - West Ham
Hull - Arsenal
Stoke - Aston Villa
Tottenham - Blackburn

Sunnudagur:

Man. Utd - Fulham
Sunderland - Man. City

Margar hendur vinna létt verk

Umsóknarfrestur rennur út 16. apríl
Umsóknareyðublöð er að finna á www.lv.is

Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu Margar hendur vinna létt verk

Landsvirkjun hefur um áratugi starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og snyrtingu í starfsstöðvum Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og fjölmörgum dæmum um bætta aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnin lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt stígagerð og stikun gönguleiða.
Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, **www.lv.is**.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri Landsvirkjunar, í síma **515 9000** – **ragnheidur@lv.is**.

Landsvirkjun

Landsvirkjun | Háaleitisbraut 68 | sími 515 9000 | www.lv.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 100708

FULLTINGI
sýsla- og skaðabótamál
Cheerios
skemmtilegri
RÉTTUR
HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI
HEFST Á MORGUN KL. 20:20
ÍSLAND HEFUR GLATAÐ SAKLEYSI SÍNU
MYRKRIÐ ER SKOLLIÐ Á
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA Í STÖÐ 2 VILD: • LÆGRA ÁSKRIFTARVERÐ • MINNI FYRIRHÖFN • TILBOÐ Á VÖRUM OG ÞJÓNUSTU • FLEIRI STÖÐVAR
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

dagskrá sunnudagur

> Jeff Goldblum

„Ef maður hefði skilning á því hvað maður á að vera að gera í þessu jarðlífi og hver tilgangur lífsins er – þá væri líklegast ekki mikið eftir til að lifa fyrir."

Goldblum fer með hlutverk í myndinni The Big Chill sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl.

SUNNUDAGSKVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Réttur

Í kvöld hefst önnur þáttaröðin af íslenska lögfræðidramanu Rétti þar sem við fylgjumst með lögfræðingum á lögmannastofunni Lög og rétti. Nú standa öll spjót á Loga er hann tekur að sér vörn fyrir handrukkarann Stíg Andersen sem er stórhættulegur glæpamaður.

Með helstu hlutverk fara sem fyrr Magnús Jónsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Víkingur Kristjánsson.

▸ VIÐ MÆLUM MEÐ

Top Gear

Skjár einn kl. 20.05

Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun. Að þessu sinni freista þeir félagar þess að kaupa besta ódýra litla bílinn sem í boði er í Bretlandi til að lífga upp á tilveruna í kreppunni. Jeremy prufukeyrir nýjan Mercedes-Benz SL Black og Michael McIntyre tekur hringinn í besta litla bílnum.

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Húrra fyrir Kela!, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Fínni kostur, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix og Hanna Montana.

10.15 Gettu betur (e)

11.25 Hvað veistu? - Svefninn

12.00 Leiðin á HM

12.30 Silfur Egils

13.50 Bikarúrslit í blaki

15.30 Bikarúrslit í blaki

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Í fyrsta sæti

17.50 Elli eldfluga (11:12)

17.55 Leirkarlinn með galdrahattinn (2:6)

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Grípur ég því hatt minn og staf Heimildamynd eftir Hjálmtý Heiðdal um Svein Bergsveinsson sem bjó í Austur-Berlín í 36 ár.

20.35 Glæpurinn II (Forbrydelsen II) (4:10) Dönsk sakamálaþáttaröð. Aðalhlutverk: Sofie Gråbøl, Mikael Birkkjær, Nicolas Bro, Ken Vedsegaard og Stine Prætorius.

21.35 Bara saman (Ensemble, c'est tout) Frönsk bíómynd frá 2007. Ung ræstingakona í París veikist og þiggur boð um að flytjast inn til tveggja afar ólíkra karlmanna.

23.10 Silfur Egils (e)

00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BBC entertainment

10.00 Waterloo Road **10.50** Waterloo Road **11.40** The Green Green Grass **12.10** The Green Green Grass **12.40** The Weakest Link **13.25** Monarch of the Glen **14.15** Waterloo Road **15.05** Waterloo Road **15.55** Only Fools and Horses **16.45** My Family **17.15** The Weakest Link **18.00** Strictly Come Dancing **19.25** Strictly Come Dancing **20.10** The Chase **21.00** The Mighty Boosh **21.30** Marc Wootton Exposed **22.00** This Is Dom Joly **22.30** My Family **23.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.30** Holby Blue

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.00 Algjör Sveppi

09.15 Barnatími Stöðvar 2

10.30 Barnyard Bráðskemmtileg talsett teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um húsdýr sem fara að hegða sér eins og mannfólkið um leið og eigendur þeirra sjá ekki til.

12.00 Nágrannar

12.20 Nágrannar

12.40 Nágrannar

13.00 Nágrannar

13.20 Nágrannar

13.45 The Big Bang Theory (12:23)

14.10 The New Adventures of Old Christine (9:10)

14.35 Grey's Anatomy (12:24)

15.20 Monk (9:16)

16.05 Mad Men (4:13)

16.55 Oprah

17.40 60 mínútur

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.15 Fraiser (8:24) Sígildir og margverðlaunaðir gamanþættir um útvarpsmanninn Dr. Frasier Crane.

19.40 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum.

20.20 Réttur (1:6) Það standa öll spjót á Loga Traustasyni nú þegar við siglum inn í seríu tvö af þessu frábæra íslenska réttardrama.

21.10 Cold Case (11:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál.

22.00 Twenty Four (8:24) Áttunda serían af um leyniþjónustumanninum Jack Bauer.

22.50 60 mínútur Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi.

23.35 Daily Show: Global Edition

00.00 NCIS (10:25)

00.45 Breaking Bad (5:7)

01.35 Flags of Our Fathers

03.40 Fatal Contact: Bird Flu in America

05.05 Fraiser (8:24)

05.30 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.40 Mónakó - Bordeaux Útsending frá leik í franska boltanum.

09.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

11.15 F1 föstudagur Hitað upp fyrir Formúlu 1 keppni helgarinnar. Skyggnst á bak við tjöldin og rýnt í komandi keppni.

14.50 World Golf Championship 2010 Útsending frá CA Championship mótinu í golfi.

17.50 Barcelona - Valencia Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

19.50 Valladolid - Real Madrid Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

21.50 World Golf Championship 2010 Útsending frá lokadegi CA Championship mótsins í golfi en mættir eru til leiks flestir af bestu kylfingum heims. Mótið er sýnt beint á Sport 3 kl 19.00.

SPORT 2 *enski boltinn*

08.55 Mörk dagsins Leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

09.35 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

10.30 Birmingham - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

12.10 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð.

12.40 Mörk dagsins Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

13.20 Man. Utd. - Fulham Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

15.45 Sunderland - Man. City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.00 Tottenham - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

19.40 Hull - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

21.20 Chelsea - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

23.00 Man. Utd. - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

EXTRA

12.00 Íslensku tónlistarverðlaunin 2010

13.45 American Idol (16:43)

15.00 American Idol (17:43)

16.20 American Idol (18:43)

17.05 The Doctors Spjallþættir þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.50 Wipeout USA Bandaríska útgáfan af skemmtiþætti þar sem buslgangurinn er botnlaus.

18.35 Seinfeld (8:24)

18.55 Seinfeld (9:24)

19.20 Seinfeld (10:24)

19.45 Seinfeld (11:24)

20.10 Ísland í dag - helgarúrval

20.35 Svínasúpan (2:8).

21.00 Supernatural (2:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

21.40 ET Weekend

22.25 Seinfeld (8:24)

22.50 Seinfeld (9:24)

23.15 Seinfeld (10:24)

23.40 Seinfeld (11:24)

00.05 Íslensku tónlistarverðlaunin 2010

01.35 Auddi og Sveppi

02.10 Logi í beinni

02.55 Sjáðu

03.20 Fréttir Stöðvar 2

04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

17.00 Græðlingur

17.30 Mannamál

18.00 Kokkalíf

18.30 Heim og saman

19.00 Alkemistinn

19.30 Björn Bjarna

20.00 Hrafnaþing

21.00 Í kallfæri

21.30 Grasrótin

22.00 Hrafnaþing

23.00 Eldhús meistaranna

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

11.20 7th Heaven (16:22) (e)

12.00 7th Heaven (17:22) (e)

12.40 7th Heaven (18:22) (e)

13.25 Dr. Phil (e)

14.10 Dr. Phil (e)

14.50 Spjallið með Sölva (4:14) (e)

15.40 Innlit/ útlit (7:10) (e)

16.10 Nýtt útlit (2:11) (e)

17.00 Djúpa laugin (5:10) (e)

18.00 Vitundarvika (2:5) (e)

18.30 The Office (19:28) (e)

18.55 30 Rock (21:22) Liz og Tracy sannfæra Jack um að leita að pabba sínum. Tracy kynnir „nýjan" son sinn fyrir samstarfsfólkinu en Liz og Pete eru sannfærð um að hann sé svikahrappur. (e)

19.20 Girlfriends (1:22) skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.

19.40 Fyndnar fjölskyldumyndir Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap.

20.05 Top Gear (3:7) Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun.

21.00 Leverage (8:15) Spennandi þáttaröð í anda Ocean's Eleven um þjófahóp sem rænir þá sem misnota vald sitt og ríkidæmi.

21.45 Dexter (11:12) Fjórða þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Dexter verður að hindra að Debra komist að því hver Trinity-morðinginn er því annars gæti það komið upp um hann sjálfan.

22.45 House (19:24) (e)

23.35 Saturday Night Live (10:24) (e)

00.25 Worlds Most Amazing Videos (5:13) (e)

01.10 Jay Leno (e)

01.55 Pepsi MAX tónlist

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

06.20 The Big Chill

08.00 Prime

10.00 The Chronicles of Narnia: Prince Caspian

12.25 Happy Gilmore

14.00 Prime

16.00 The Chronicles of Narnia: Prince Caspian

18.25 Happy Gilmore

20.00 The Big Chill

22.00 The Man With the Golden Gun

00.05 Good Luck Chuck

02.00 Public Enemy

04.20 The Man With the Golden Gun

DR 1

10.00 Migranterne **10.30** Til Tasterne - de digitale danskere **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Mit yndlingsmotiv **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Kroniken **14.45** HåndboldSondag **16.30** Bamses Lillebitte Billedbog **16.45** Humf **16.50** Blomster til et stjernebarn **17.00** Kender du typen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.05** Attenborough - koldblodigt eventyr **19.00** Arn **20.00** 21 Sondag **20.40** SportNyt med SAS liga **21.10** Hercule Poirot **22.55** Mænd i høje hæle

NRK 1

10.15 Sport i dag **10.50** V-cup kombinert **11.40** V-cup hopp **11.55** V-cup skiskyting **12.40** V-cup hopp **14.30** V-cup langrenn **16.15** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Fugleveien 3 **17.10** Med bestefar i lomma **17.20** Pingu **17.30** Newton **18.00** Sondagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.10** Himmelblå **19.55** Ingen grenser **20.45** Lille Dorrit **21.40** Finnmarkslopet **22.10** Kveldsnytt **22.25** Kaldt kapplop **23.20** Lyngbo og Hærlands Big Bang

SVT 1

10.15 Vinterstudion **10.25** Alpint. Världscupen Garmisch-Partenkirchen **11.30** Vinterstudion **11.55** Skidskytte. Världscupen Kontiolahti **12.45** Vinterstudion **13.00** Paralympics 2010 **13.30** Vinterstudion **14.40** Bandy. Elitserien **16.50** Anslagstavlan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Melodifestivalen 2010 **19.30** Sportspegeln **20.15** Livet på Laerkevej **21.00** Absolut beroende **21.30** Välkommen till Nanovärlden **22.00** Andra Avenyn **22.45** Brottskod. Försvunnen

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> John Travolta

„Auðvitað kom mér á óvart að vera boðið hlutverk húsfreyjunnar Ednu Tumblad í Hairspray. Annað er ekki hægt þegar maður er búinn að vera að leika karlmannsaðalhlutverk í 32 ár."

Stöð 2 sýnir kvikmyndina Hairspray í kvöld kl. 21.40.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON VELTIR FYRIR SÉR ÚLFUM, SAUÐAGÆRUM OG DERRICK

Sax and violence

Alla jafna geng ég ekki í Facebook-hópa sem hafa það að markmiði að þrýsta á mann og annan að gera hitt og þetta. Þó gat ég ekki setið á mér í vikunni að „djoína" þegar mér var boðið að gerast meðlimur í „grúppu" sem er ætlað að skora á RÚV að endursýna þættina um leynilögreglumanninn Derrick á föstudagskvöldum. Vandfundið er þarfara þjóðþrifaverk.

Sem minnti mig á skjálftann sem reið yfir stóran hluta hins vestræna heims þegar fréttir bárust af gjálífi Fritz Wepper, germanska leikarans sem fór með hlutverk hins hundtrygga aðstoðarmanns Harry Klein, í lok níunda áratugar síðustu aldar. Sú uppgötvun að Fritz, sjálf ímynd áreiðanleikans, hefði kastað lögum og reglu fyrir róða og neytt ólöglegra og örvandi vímuefna í ótæpilegu magni reyndist hið mesta sjokk. Hverju var eiginlega treystandi ef ekki sjálfum Harry Klein?

KENNY G

Sem aftur minnti mig á það þegar ég sótti tónleika með hljómsveit sem hafði á að skipa einum færasta saxófónleikara þjóðarinnar ásamt vini mínum fyrir nokkrum árum. Vinurinn og saxófónleikarinn ólust upp í sama hverfi og að hljómleikunum loknum fræddi vinurinn mig um það að saxófónleikarinn hefði verið einn ötulasti ofbeldismaður bæjarins á unglingsárum. Hljóðfæraleikarinn góðkunni hafði víst yndi af því að rölta stóran hring um hverfið sitt og lúskra á hverjum þeim sem á vegi hans varð. Þessi tilhugsun, um ungan mann sem tekur hringspörk og skallar saklausa vegfarendur í andlitið milli þess sem hann situr heima hjá sér og æfir skala á saxófóninn, meikar afspyrnu lítinn sens í mínum huga.

Einhverra hluta vegna á ég erfitt með að ímynda mér að silkimjúki saxófónsjarmörinn Kenny G stundi það að berja fólk í tíma og ótíma. En maður veit svo sem aldrei. Ekki frekar en með Fritz.

LAUGARDAGUR

▶ **14.45 Chelsea - West Ham, beint** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **19.10 Wipeout USA** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **19.30 Spy Kids 3-D: Game Over** SKJÁREINN

▶ **19.35 Two and a Half Men** STÖÐ 2

▶ **20.10 Gettu betur** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pálína, Teitur, Sögustund með Mömmu Marsibil, Tóta trúður, Tóti og Patti, Ólivía, Úganda, Elías Knár, Kobbi gegn kisa, Millý og Mollý og Hrúturinn Hreinn.
10.20 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2010 (e)
10.50 Leiðarljós (e)
11.35 Leiðarljós (e)
12.25 Kastljós (e)
13.00 Kiljan (e)
13.50 Draumalandið (e)
15.20 Frank Gehry og verk hans (e)
16.50 Lincolnshæðir
17.35 Táknmálsfréttir
17.45 Útsvar (e)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Spaugstofan
▶**20.10 Gettu betur** (Undanúrslit, ME - MR)
21.20 Sydney White (Sydney White) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2007. Hér segir frá stúlku á fyrsta ári í háskóla. Hún gengur í systrafélag með stúlkum sem eiga undir högg að sækja og gerir uppreisn í skólanum. Aðalhlutverk: Amanda Bynes og Sara Paxton.
23.05 Myrkraöfl að austan (Eastern Promises) Bresk bíómynd frá 2007. Rússnesk unglingsstúlka í London deyr af barnsförum og ljósmóðir finnur dagbók hennar. Aðalhlutverk: Viggo Mortensen, Vincent Cassel, Armin Mueller-Stahl, Naomi Watts og Sinéad Cusack.
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2 BÍÓ

08.00 10 Things I Hate About You
10.00 The Queen
12.00 Mermaids
14.00 10 Things I Hate About You
16.00 The Queen
18.00 Mermaids
20.00 Wayne's World
22.00 Live and Let Die
00.00 Legend of Zorro
02.10 Happy Endings
04.20 Live and Let Die

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Algjör Sveppi
09.15 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Wipeout USA
14.35 Logi í beinni
15.25 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum, tekur hús á áhugaverðu fólki og kynnist því eins og honum einum er lagið.
16.05 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir með gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
16.45 The Big Bang Theory (11:23) Gamanþáttur um eðlisfræðingana Leonard og Sheldon.
17.15 ET Weekend Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins tíundað á hressilegan hátt.
18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.56 Lottó
19.04 Veður
19.10 Ísland í dag - helgarúrval
▶**19.35 Two and a Half Men** (1:24) gamanþáttaröð um bræðurna Charlie og Alan Harper.
20.05 Íslensku tónlistarverðlaunin 2010 Bein útsending frá veitingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Íslensku Óperunni.
21.40 Hairspray Dans- og söngvamynd. Tracy Turnblad kemst að í vinsælum dansþætti í sjónvarpinu og kennir samborgurum sínum ærlega lexíu um umburðarlyndi gagnvart fólki sem er öðruvísi, af öðrum kynþætti eða feitlagið.
23.35 The Constant Gardener Vönduð og vel leikin verðlaunamynd um ekkjumann sem er staðráðinn í að komast að hvers vegna ástkær eiginkona hans var myrt í Kenía. Hún var baráttukona og útlit fyrir að um hættulegt samsæri hafi verið að ræða.
01.40 Dreamgirls
03.45 Jackass Number Two
05.15 The Big Bang Theory (11:23)
05.40 Fréttir

2 SPORT *besta sætið*

07.55 F1: Æfingar
09.00 Honda Classic
09.50 Inside the PGA Tour 2010
10.30 F1 föstudagur
10.45 F1. Tímataka/Barein
12.20 Arsenal - Porto Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
14.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
14.25 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur
14.55 Phoenix - L A Lakers Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
16.55 Timeless
17.20 La Liga Report
17.50 Mónakó - Bordeaux Bein útsending frá leik í franska boltanum.
20.00 World Golf Championship 2010 Bein útsending frá CA Championship mótinu í golfi.
23.00 Ultimate Fighter - Sería 10
23.50 Manny Pacquiao - Miguel Cotto
00.55 Manny Pacquiao - Ricky Hatton
02.00 Manny Pacquiao - Joshua Clottey Bein útsending frá bardaga.

2 SPORT 2 *enski boltinn*

09.00 Wigan - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
10.40 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.
11.35 Premier League World
12.05 Premier League Preview 2009/10
12.35 Tottenham - Blackburn Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
▶**14.45 Chelsea - West Ham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Birmingham - Everton Sport 4. Stoke - Aston Villa Sport 5. Bolton - Wigan Sport 6. Burnley - Wolves
17.15 Hull - Arsenal Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.30 Mörk dagsins
20.10 Leikur dagsins
21.55 Mörk dagsins
22.35 Mörk dagsins
23.15 Mörk dagsins
23.55 Mörk dagsins

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
10.40 7th Heaven (14:22) (e)
11.20 7th Heaven (15:22) (e)
12.05 Dr. Phil (e)
14.10 Still Standing (14:20) (e)
14.30 What I Like About You (e)
14.50 Rules of Engagement (5:13) (e)
15.15 Britain's Next Top Model (e)
16.00 How To Look Good Naked - Revisited (6:6) (e)
16.50 Top Gear (2:7) (e)
17.45 Vitundarvika (1:5) (e)
18.15 Girlfriends (24:24)
18.35 Game Tíví (7:17) (e)
19.05 Accidentally on Purpose (e)
▶**19.30 Spy Kids 3-D. Game Over** Fjölskyldu- og ævintýramynd frá árinu 2003 um njósnakrakkana Cameron og Juni Cortez. Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Carla Gugino og Sylvester Stallone. (e)
21.00 Saturday Night Live (10:24) Grínþáttur sem hefur kitlað hláturtaugar áhorfenda í meira en þrjá áratugi.
21.50 Eulogy Gamanmynd frá árinu 2004. Þegar Edmund Collins deyr safnast afkomendur hans saman til að sjá um jarðarförina. Aðalhlutverk: Ray Romano, Hank Azaria, Jesse Bradford, Zooey Deschanel og Famke Janssen.
23.20 Djúpa laugin (5:10) (e)
00.20 Spjallið með Sölva (4:14) (e)
01.10 Premier League Poker (e)
02.50 Girlfriends (23:24) (e)
03.10 Jay Leno (e)
04.45 Pepsi MAX tónlist

iNN

18.00 Hrafnaþing
19.00 Eldhús meistaranna
19.30 Grínland
20.00 Hrafnaþing
21.00 Græðlingur
21.30 Mannamál
22.00 Kokkalíf
22.30 Heim og saman
23.00 Alkemistinn

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

※ Ekki missa af Mömmu Gógó í Háskólabíói! ※

2010 EDDAN

3 EDDUVERÐLAUN
LEIKKONA ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI – KRISTBJÖRG KJELD
TÓNLIST ÁRSINS – HILMAR ÖRN HILMARSSON
LEIKMYND ÁRSINS – ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON

„Gunnar og Kristbjörg eru á heimsmælikvarða"
– HERRA ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, ÍSLAND Í DAG, STÖÐ 2

★★★★★
„Kristbjörg sýnir stjörnuleik…myndin er fyndin og hlý. Ég gef henni fullt hús, fimm stjörnur."
– HULDA G. GEIRSDÓTTIR, POPPLAND, RÁS 2

★★★★½
„Persónusköpun og leikur eru framúrskarandi, sjónræn umgjörð frábær og sagan áhugaverð."
– HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR, MBL

★★★★
„Vel heppnuð og grátbrosleg, frábærlega leikin og mjög „Friðriks Þórsleg".
– DR. GUNNI, FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★
„Svona á að gera þetta, leggja sjálfan sig undir og bingó, Frikki er kominn til baka."
– ERPUR EYVINDARSON, DV

★★★★
„Hárfínn húmorinn kemst vel til skila."
– HILMAR KARLSSON, FRJÁLS VERSLUN

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Íslensku tónlistarverðlaunin

Stöð 2 verður með beina útsendingu frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í kvöld. Kynnar hátíðarinnar eru Sigtryggur „Bogomil Font" Baldursson og Margrét Örnólfsdóttir úr Sykurmolunum. Meðal þeirra sem fram koma eru: Hjaltalín, Feldberg, Sykur, Dikta, Daníel Bjarnason og Víkingur Heiðar Ólafsson, Bryndís Halla Gylfadóttir og Steinunn Birna Ragnarsdóttir ásamt Hundi í óskilum. Tónlistarverðlaunin verða í opinni dagskrá.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Eulogy
SkjárEinn kl. 21.50

Eulogy er gamanmynd frá árinu 2004. Þegar Edmund Collins deyr safnast afkomendur hans saman til að sjá um jarðarförina en þeir hafa lítið sem ekkert sést síðustu árin og virðast ekki eiga neitt sameiginlegt. Aðalhlutverk: Ray Romano, Hank Azaria, Jesse Bradford, Zooey Deschanel og Famke Janssen.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Gatan mín
09.03 Út um græna grundu
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Ellismellir
14.00 Til allra átta
14.40 Lostafulli listræninginn
15.15 Vítt og breitt
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.17 Bláar nótur í bland
18.53 Dánarfregnir
19.00 Tónar að nóni
20.00 Sagnaslóð
20.40 Mánafjöll
21.10 Á tónsviðinu
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Hvað er að heyra?
23.15 Stefnumót
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

15.00 Nágrannar
15.20 Nágrannar
15.40 Nágrannar
16.05 Nágrannar
16.30 Nágrannar
16.55 Gilmore Girls (9:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
17.40 Ally McBeal (20:23) Það er komið að 31 árs afmæli Ally. Hún þráir ekkert fremur en að liggja undir sæng allan daginn og til að bæta gráu ofan á svart er dansandi barnið mætt aftur.
18.25 E.R. (10:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶**19.10 Wipeout USA** Bandaríska útgáfan af skemmtiþætti þar sem buslugangurinn er botnlaus. Hér er á ferð ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist og er því sannkallaður fjölskylduþáttur.
20.00 American Idol (16:43) Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar.
21.15 American Idol (17:43)
22.35 American Idol (18:43)
23.15 Logi í beinni
00.00 Auddi og Sveppi
00.40 Gilmore Girls (9:22)
01.25 Ally McBeal (20:23)
02.10 E.R. (10:22)
02.55 Sjáðu
03.20 Fréttir Stöðvar 2
04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.40 The Weakest Link **13.25** Monarch of the Glen **14.15** Sensitive Skin **14.45** Absolutely Fabulous **15.15** Only Fools and Horses **16.05** Strictly Come Dancing **17.20** Strictly Come Dancing **18.10** Torchwood **19.00** Holby Blue **19.50** My Family **20.20** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **20.50** The Jonathan Ross Show **21.40** Primeval **22.30** The Mighty Boosh **23.00** Marc Wootton Exposed **23.30** This Is Dom Joly

DR 1

10.00 Sign up **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** Boogie **12.30** Teenageliv **13.00** X Factor **14.00** X Factor Afgørelsen **14.25** Hercule Poirot **16.10** For søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Carsten og Gittes Vennevilla **16.50** Sallies historier **17.05** Geniale dyr **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Min Sport **18.30** De store katte **19.00** Kroniken **20.00** Kriminalkommissær Barnaby **21.40** Philadelphia **23.35** Boogie

NRK 1

11.35 V-cup langrenn **14.05** V-cup skiskyting **14.45** V-cup kombinert **15.15** V-cup skøyter **15.45** 4-4-2. Tippekampen **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Mesternes mester **19.55** Topp ti - Melodi Grand Prix **20.25** Med hjertet på rette staden **21.10** Finnmarkslopet **21.40** Viggo på lørdag **22.10** Kveldsnytt **22.25** Panic Room

SVT 1

12.45 Vinterstudion **12.50** Skidor. Världscupen Oslo **14.00** Vinterstudion **14.40** Bandy. Elitserien **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Merlin **18.00** Vid Vintergatans slut **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2010 **21.00** Melodifestivalen 2010 **21.15** Rapport **21.20** Brottskod. Försvunnen **22.05** Hitlåtens historia **22.35** Teatersupén **23.05** Mr. Deeds

NÝYRÐIÐ

„Negrunarárátta“

Orðið tanorexía tröllreið öllu í íslenskum fjölmiðlum í vikunni. Formaður Tanorexíufélags Íslands segir algjöra sprengingu hafa orðið í skráðum félögum í kjölfar frétta af víðtæku vandmáli brúnku-fíkla og hætturnar sem steðja að þeim.

Bræður í norðlenskum gamanþáttum

Ný íslensk gamanþáttasería verður tekin til sýninga á Skjá einum í haust. Um er að ræða sex þætti sem teknir verða upp á Akureyri. Framleiðandi þáttanna er Baldvin Z og leikstjóri þeirra verður Arnór Pálmi en hann skrifaði handritið ásamt þeim Heiðari Mar og Katrínu Björgvinsdóttur. „Þetta er þáttaröð sem skartar bæði ungu fólki og þaulreyndu og okkur líst alveg ótrúlega vel á þetta,“ segir Kristjana Thors Brynjólfsdóttir, dagskrárstjóri Skjás eins. „Ég er búin að lesa handritið og sjá prufuþátt og þetta lítur alveg ótrúlega vel út,“ bætir hún við.

Baldvin Z vildi ekki gefa of mikið upp um innihald þáttana í samtali við Fréttablaðið. Hann segir þó að sögusviðið verði á Akureyri og við sögu komi bæði persónur frá höfuðstað norðurlands sem og færeyskar. „En ég ætla ekkert að fara nánar útí þá sálma,“ segir Baldvin. Stóru tíðindin eru þó eflaust þau að í aðalhlutverkum verða bræðurnir Árni Pétur og Kjartan Guðjónssynir. Árni Pétur leikur ramm-gagnkynhneigðan einkstaling sem er meinilla við homma. „Þetta er Eddu-verðlaunahlutverkið hans Kjartans,“ segir Baldvin og hlær en Kjartan impraði á því á síðustu Eddu-verðlaunum að hann hefði enn ekki fengið slíka styttu.

Enn á eftir að ganga frá skipan í minni hlutverk en Baldvin staðfestir þó að Þórhallur Sigurðsson leiki föður þeirra bræðra. -fgg

BRÆÐURNIR SAMAN Þeir Árni Pétur og Kjartan Guðjónssynir leika aðalhlutverkin í nýrri gamanþáttaseríu sem Skjár einn hyggst taka til sýningar í haust. Þórhallur Sigurðsson leikur pabba þeirra en tökur verða á Akureyri.



LÁRÉTT
2. fangi, **6.** utan, **8.** fyrirboði, **9.** hlemmur, **11.** ólæti, **12.** bolur, **14.** fáni, **16.** sjó, **17.** sunna, **18.** geislahjúpur, **20.** kusk, **21.** glufa.

LÓÐRÉTT
1. elds, **3.** klaki, **4.** ámáttlegt ýlfur, **5.** rénun, **7.** nýta, **10.** eldsneyti, **13.** viðmót, **15.** eldur, **16.** áverki, **19.** tvíhljóði.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. gísl, **6.** án, **8.** spá, **9.** lok, **11.** at, **12.** stofn, **14.** flagg, **16.** sæ, **17.** sól, **18.** ára, **20.** ló, **21.** raut.

LÓÐRÉTT: 1. báls, **3.** ís, **4.** spangól, **5.** lát, **7.** notfæra, **10.** kol, **13.** fas, **15.** glóð, **16.** sár, **19.** au.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Slysavarnafélagið Landsbjörg.
2. Katrín Anna Guðmundsdóttir.
3. Fóstbræður.

TÓMAS ÓSKAR: HÚSDÝRAGARÐURINN FÆR VEGLEGA GJÖF

Eðlur og slöngur í Húsdýragarðinum í sumar

„Hvað mig persónulega varðar þá dreymdi mig aldrei um að fá svona safn. Þetta er þvílíkur happafengur fyrir gesti garðsins,“ segir Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Garðinum áskotnaðist nýlega eitt stærsta safn uppstoppaðra fugla og spendýra sem um getur á landinu. Í því er að finna margs konar spendýr, leðurskjaldböku og ótalmargar fuglategundir. „Það var þekktur endurskoðandi í bænum sem dó nýlega og skildi eftir sig þetta safn. Fjölskyldan áttaði sig á því hvað það var stórt og umfangsmikið og ákvað að fela Húsdýragarðinum að gæta þess,“ útskýrir Tómas.

Garðurinn verður tuttugu ára í ár en hann var opnaður þann 19. maí árið 1990. Tómas á von á því að gestir garðsins eigi eftir að njóta afmælisins og búast má við nýjum gestum. „Við eigum von á einhverjum afmælisgjöfum,“ segir Tómas. Fyrir utan uppstoppaða safnið má þar kannski helst nefna að tvær slöngur og tvær eðlur verða meðal íbúa safnsins á afmælisárinu. Búið er að setja upp sérstök búr og starfsfólk garðsins hefur verið þjálfað í meðferð slíkra tegunda en þær hafa ekki áður verið til sýnis á Íslandi. „Þetta er annars vegar bóaslanga sem er kyrkislanga og svo svokallaður kornsnákur sem er svartur og rauður og er því alveg eins á litinn og önnur tegund eitraðra snáka,“ útskýrir Tómas og tekur fram að hvorug þessara tegunda sé þó hættuleg. Eðlurnar eru líka tvær; önnur er iguana-eðla og hin skeggdreki. Rétt er að taka fram að þær tvær eru heldur ekki hættulegar.

Tómas segir starfsfólk garðsins viðbúið miklu fjölmenni í sumar því búast má við að enn fleiri ferðist um landið á þessu ári heldur en hefur verið undanfarin ár. „Aðsóknin í garðinn hefur verið í svona fimm ára sveiflum og okkur finnst við vera í mikilli uppsveiflu núna.“

freyrgigja@frettabladid.is

AFP/NORDIC IMAGES

LOKSINS SLÖNGUR OG EÐLUR

Gestir húsdýragarðsins ættu ekki að láta sér bregða í sumar því á afmælisári safnsins verða til sýnis iguana-eðla og skeggdreki. Auk þeirra verða bóa-kyrkislanga af smærri gerðinni og kornsnákur. **Tómas Óskar Guðjónsson** er forstöðumaður Húsdýragarðsins.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Félagarnir Erpur Eyvindarson og Atli skemmtanalögga höfðu fengið **Haffa Haff** til að skemmta með sér á Akureyri á laugardagskvöld. Haffi varð hins vegar að hætta við það þegar hann komst að því að íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent í kvöld. Haffi lætur sig að sjálfsögðu ekki vanta á hátíðina og hefur lýst því yfir að hann ætli að mæta í „flottasta dressi ever“… Við spyrjum að leikslokum.

Átakið Öðlingurinn 2010 hófst á bóndadag og lýkur með uppboði á miðvikudaginn í næstu viku. Allur ágóði átaksins og uppboðsins rennur til Neyðarmóttöku vegna nauðgana. Á meðal þess sem boðið verður upp er tónlistarflutningur Baggalúts og treyja fótboltamannsins Rúnars Kristinssonar. Þá ætlar leikarinn **Víðir Guðmundsson** að bjóða sjálfan sig upp í „hefðbundið kvennastarf“ - hann ætlar sem sagt að skúra heima hjá viðkomandi, eða í því fyrirtæki, sem býður best.

Fréttir Fréttablaðsins af framtíð tónleikastaðarins Græna hattsins vöktu mikla athygli. **Haukur Tryggvason**, sem rekur staðinn, taldi framtíðina vera í óvissu, en eigandinn Sigmundur Rafn Einarsson vísaði því á bug og sagði staðinn vera að stækka og að hann yrði rekinn með eða án Hauks. Tónleikaþyrstir Akureyringar og landsmenn höfðu miklar áhyggjur af ástandinu, en að ástæðulausu, þar sem allt er nú fallið í ljúfa löð fyrir norðan. Ennþá er áformað að stækka staðinn, en Haukur fer ekki neitt og heldur áfram að bóka hljómsveitir á einn vinsælasta tónleikastað landsins. - afb

VELJUM LÍFIÐ



Dyah vill vera dagskrárstjóri

„Ég hef nýtt menntun mína á vinnumarkaðinum, en ég hef alltaf haft áhuga á því,“ segir hin 29 ára gamla Dyah Anggraini, sem er ein af 37 umsækjendum um starf dagskrárstjóra Sjónvarpsins.

Dyah er frá Indónesíu, en flutti til Íslands árið 2008 og er gift íslenskum manni. Hún er vel menntuð í fjölmiðlafræðum og keppir við margar kanónur um starfið, en Egill Helgason, Maríanna Friðjónsdóttir, Felix Bergsson og Sigurjón Kjartansson eru á meðal umsækjenda.

„Ég hef alltaf haft áhuga á fjölmiðlum og er með mastersþróf í blaðamennsku frá háskólanum í Westminster á Englandi,“ segir Dyah. Hún var að stíga út úr tíma í Háskóla Íslands þegar Fréttablaðið náði í hana, en þar er hún í MBA-námi í viðskiptafræði. Sérsvið hennar á Englandi var fjölmiðlun með áherslu á sjónvarp og útvarp. „Ég lærði allt í sambandi við dagskrárgerð, frá því að þáttur er skrifaður þangað til hann er sendur út.“

Dyah sækir íslenskunámskeið í HÍ og hefur náð fínum tökum á tungunni, þó hún geri lítið úr því sjálf. „Mér finnst tungumálið erfitt, þannig að ég læri hægt,“ segir hún og hlær.

Dyah er búin að vera í atvinnuleit síðastliðið ár og segir leitina ganga hægt. Hún segist vissulega hafa getið valið betri tímasetningu en árið 2008 til að koma til Íslands í atvinnuleit. „Ég vann í banka og það er ekki hjálplegt að vera með það á ferilskránni,“ segir hún og hlær. „En ég elska Ísland, það er svo fallegt land. Ég gefst ekki upp á því strax.“ - afb

SÆKIR UM HJÁ RÚV Dyah sækir um starf dagskrárstjóra Sjónvarpsins ásamt 36 öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Höfum opnað nýja deild með hinum vinsælu House Doctor-vörum

Nýjar verslanir fyrir nýja tíma

TEKK COMPANY

Tekk Company – Holtagörðum og Kringlunni – Sími 564 4400 – www.tekk.is
Opið laugardögum 10 – 17 og sunnudögum 13 – 17

FABRIKAN

habitat

Úrval fermingargjafa

Úrval af
fallegum púðum
Verð frá 3.300 kr.

Notalegar ábreiður
Verð frá 7.800 kr.



ACRYLIC blómavasi
h. 26cm 2.200 kr /19cm 1.760 kr.

LED vekjaraklukka
Bleik - Græn 5.500 kr.

BOBBY
standlampi
15.180 kr.

HALL kertastjakar
h. 24cm
4.400 kr.

KILO hliðar/náttborð
Margir litir
5.900 kr.

SKITTLE
kollur/hliðarborð
fuchsia-svart-hvítt
20.790 kr.

habitat Holtagörðum | S. 566 7070 | www.habitat.net

FABRIKAN

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

FRÉTTIR AF FÓLKI

„Stattu upp, Helgi"

„Hár og myndarlegur maður sem ætti stundum að gæta orða sinna", þrumaði Steingrímur fjármálaráðherra úr pontu á fundi Samtaka atvinnulífsins í gær þegar **Helgi Magnússon**, formaður Samtaka iðnaðarins, tók áskorun ráðherra um að sýna sig sem einn aðalgagnrýnanda á stjórn landsmála. Steingrímur bað Helga um að fara varlega í gagnrýni sinni því þótt að lítið færi fyrir Vinstri grænum í stjórn Samtaka iðnaðarins væru flokksmenn fjölmennir í þeim fyrirtækjum sem hann væri í forsvari fyrir.

Tvíhöfði kveður

Laugardagsmorgunþáttur Tvíhöfða á Kananum virðist heyra sögunni til. Einar Bárðarson hefur að minnsta kosti sent **Jón Gnarr** og **Sigurjón Kjartansson** í frí og mun einungis bjóða upp á endurflutning á Tvíhöfðaþáttum næstu vikurnar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins vill Einar endurskoða samstarfið í maí. Ekki er víst að fríið sé þeim Tvíhöfðamönnum að skapi enda hafa þeir lýst yfir áhuga á að helga útvarpinu stóran hluta starfskrafta sinna.

Flugfólk skemmtir sér

Árshátíð Icelandair verður haldin með pompi og prakt á Hilton Nordica-hótelinu í kvöld. **Stefán Hilmarsson** og hljómsveitin Reykjavík Beat Generation munu leika fyrir dansi en ekki verður borðhald í ár frekar en í fyrra. Veislustjórar verða leikararnir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir og Kjartan Guðjónsson. Búist er við hátt í 1.200 manns á hátíðina og verður þema kvöldsins bling, þ.e. allir þurfa að bera skartgripi eins og erlendra rappara er siður. **- shá, hdm, fb**

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Geymdi 60 hunda í kössum heima hjá sér
2. Eldsvoði reyndist vera pítsubakarar
3. Egill vill verða dagskrástjóri RÚV
4. Brown huggaði Sarkozy
5. Greining spáir 8,5% verðbólgu í mars



Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

SNUDDA snúningsdiskur
Ø39cm. Gegnheilt birki **1.490,-**

SLUKA hitakanna
0,9L. Dökkbrúnt **2.990,-**

250,-/6 í pk.
REKO glös 17cl. Gler

BLANDA BLANK skálar
Ø12, H6cm
Ryðfrítt stál **595,-/stk.**

Tímamót á heimilinu?

IKEA 365+ skál m/loki
Ø25cm. Hvítt/ryðfrítt stál
2.390,-
DELIKAT áhöld
L24cm. Ryðfrítt stál
1.290,-/2 í setti

IKEA 365+ diskur
B20×L36cm. Hvítt **1.990,-**
IKEA 365+ diskur
B22×L42cm. Gegnheilt birki **1.990,-**

IDEAL diskur
B11×L43cm. Svart **795,-**

DRÖMMAR tertuspjöld
Ýmsir litir. Ýmsar tegundir
595,-/4 í pk.

995,-
SMARTA diskur Ø30cm. Hvítt

FÖRNUFT hnífaparasett
Inniheldur: Gaffla, hnífa, matskeiðar og teskeiðar, 6 af hverju. Ryðfrítt stál
1.690,-/24 í setti

ENVIS tertuspaði og tertuhnífur. Hvítt **695,-**

IKEA 365+ bolli m/undirskál
20cl. Hvítt **450,-**

2.990,-
IKEA 365+ 3ja hæða kökudiskur
H34cm. Gler/ryðfrítt stál

DRAGON teskeiðar
L13cm. Ryðfrítt stál
795,-

IKEA PS BUNKE skál
Ø34, H18cm. Gler **4.490,-**

DRAGON desertgafflar
L16cm. Ryðfrítt stál
895,-/6 í pk.

FANTASTISK
servíettustandur
Gegnsætt **395,-**
FANTASTISK
servíettur
L40×B40cm
Ýmsir litir
395,-/50 í pk.

595,-
TRYGG skál
Ø28, H15 cm. Gler

Tilboð
Frosnar kjötbollur 1 kg
týtuberjasulta og rjómasósa

1.690,-

Fermingarveislan

Um helgina á milli kl. 12 og 17 sýna kokkur og bakari úr íslenska kokkalandsliðinu hvernig þú getur haldið dýrindis fermingarveislu á verði sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

IKEA®
www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2010